www.ssf.is

Í þessari samantekt má finna allar þær fréttir sem birtar voru á heimasíðu SSF frá febrúar 2002 til mars 2013

Fyrri hluti: Fréttasíða www.ssf.is
Seinni hluti: Breyttar aðstæður

TRAUST ÞEKKING METNAÐUR

Fyrri hluti

Fréttasíða www.ssf.is

allar fréttir af heimasíðu SSF,
frá febrúar 2002 til mars 2013

Efnisyfirlit

Fyrri hluti 1
2002 4
2002 - Febrúar 5
2002 - mars 5
2002 - Apríl 6
2002 - maí 7
2002 - Júní 7
2002 - Júlí 8
2002 - Ágúst 8
2002 - September 9
2002 - Október 10
2002 - Nóvember 10
2002 - Desember 11
2003 12
2003 - Janúar 13
2003 - Febrúar 14
2004 15
2004 - Mars 16
2004 - Apríl 16
2004 - Maí 18
2004 - Júní 19
2004 - Júlí 19
2004 - Ágúst 20
2004 - September 20
2004 - Október 21
2004 - Nóvember 21
2004 - Desember 22
2005 24
2005 - Janúar 25
2005 - Febrúar 25
2005 - Mars 26
2005 - apríl 26
2005 - Maí 27
2005 - Júní 28
2005 - Júlí 28
2005 - Ágúst 29
2005 - September 29
2005 - Október 30
2005 - Nóvember 33
2005 - Desember 35
2006 36
2006 - Janúar 37
2006 - Febrúar 37
2006 - Mars 38
2006 - Apríl 38
2006 - maí 39
2006 - Júní 39
2006 - Júlí 41
2006 - Ágúst 41
2006 - September 42
2006 - Október 42
2006 - Nóvember 43
2006 - Desember 44
2007 45
2007 - Janúar 46
2007 - Febrúar 47
2007 - Mars 47
2007 - Apríl 48
2007 - Maí 48
2007 - Júní 49
2007 - Júlí 49
2007 - Ágúst 50
2007 - September 50
2007 - Október 51
2007 - Nóvember 51
2007 - Desember 52
2008 53
2008 - Janúar 54
2008 - Febrúar 54
2008 - Mars 55
2008 - Apríl 57
2008 - Maí 57
2008 - Júní 58
2008 - Júlí 59
2008 - Ágúst 59
2008 - September 60
2008 - Október 60
2008 - Nóvember 63
2008 - Desember 65
2009 67
2009 - Janúar 68
2009 - Febrúar 69
2009 - Mars 70

2009 - Apríl 71
2009 - Maí 72
2009 - Júní 73
2009 - Júlí 74
2009 - Ágúst 74
2009 - September 75
2009 - Október 75
2009 - Desember 76
2010 77
2010 - Janúar 78
2010 - Mars 80
2010 - Apríl 81
2010 - Maí 81
2010 - Júní 82
2010 - Júlí 82
2010 - Ágúst 83
2010 - September 84
2010 - Október 85
2010 - Nóvember 86
2010 - Desember 87
2011 88
2011 - Janúar 89
2011 - Febrúar 89
2011 - Mars 90
2011 - Apríl 90
2011 - Maí 92
2011 - Júní 93
2011 - Ágúst 93
2011 - September 94
2011 - Október 95
2011 - Nóvember 96
2012 97
2012 - Janúar 98
2012 - Mars 98
2012 - Apríl 99
2012 - Júní 100
2012 - Júlí 100
2012 - September 101
2012 - Desember 101
2013 102
2013 - Janúar 103
2013 - Febrúar 103
2013 - Mars 104
Fylgiskjöl 105
Seinni hluti 110
2008 111
2008 - Október 112
2008 - Nóvember 114
2008 - Desember 116
2009 120
2009 - Janúar 121
2009 - Febrúar 123
2009 - Mars 124
2009 - Apríl 126
2009 - Maí 127
2009 - Júní 128
2009 - Ágúst 129
2009 - September 129
2009 - Október 131
2009 - Nóvember 131
2011 134
2011 - Apríl 135

2002

2002 - Febrúar

24. feb.

Langar þig á námskeið?

Ný námsskrá Tómstundaskólans er kominn á vef sjá www.mimir.is Þar er að vanda fjölmargt áhugaverðra námskeiða.

24. feb.

Umsóknir í menntunarsjóð

Stjórn menntunarsjóðs SÍB hefur fundað um umsóknir í sjóðinn. Nokkuð er um að fylgigögn vanti með umsóknum. Haft verður samband við þá sem eiga eftir að skila inn gögnum. 25. jan verða fyrstu styrkir úr sjóðnum greiddir út.

24. feb.

Aðildarfélögum SÍB fjölgar um eitt

Aðildarfélögum SÍB fjölgar um eitt. Á fundi stjórnar SÍB þann 29. nóvember var samþykkt innganga starfsmannafélags Sparisjóðabankans og Sambands íslenskra sparisjóða í samtökin. Þar með eru aðildarfélög SÍB orðin 21.

24. feb.

3% hækkun 1. jan 2002

Frá og með 1. janúar 2002 hækka launataxtar skv. kjarasamningum SÍB og Bankanna um 3%- sjá nánar undir Kjarasamningar. Nýjustu launatöflur eru alltaf á vefnum.

24. feb.

Þekkir þú lífeyrisrétt þinn?

Þekkir þú lífeyrisrétt þinn? Ef ekki - þá ættir þú að kynna þér hann sem fyrst. Landssamband lífeyrissjóða hefur gefið út bækling sem er aðgengilegur á vef sjá www.ll.is

27. feb.

Golfmót SÍB 2002

Golfmót SÍB 2002

Verður haldið á golfvelli Leynis á Akranesi 6. júlí í sumar. Ræst verður út á öllum teigum kl 10.00

Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 15 – 16. Veitingar í mótslok

Skráning tilkynnist á faxi til SÍB í 540 6108

27. feb.

Áríðandi fundur aðaltrúnaðarmanna

Áríðandi fundur trúnaðarmanna SÍB

Allir aðaltrúnaðarmenn SÍB eru boðaðir á fund á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún þriðjudaginn 26. febrúar kl. 15.30 – 17.00.

Fundarefni:

Afhending nýrra gagna fyrir trúnaðarmenn.

Veitingar í fundarlok.

Mætum stundvíslega. Trúnaðarmenn utan höfuðborgarsvæðis eru beðnir að hafa samband við skrifstofu SÍB vegna ferðakostnaðar.

Stjórn SÍB

2002 - mars

7. mars

Ávarp baráttudags kvenna

Framlag kvenna gerir gæfumuninn

Ávarp á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2002

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars gefur sérstakt tilefni til að leggja áherslu á framlag kvenna á vinnumarkaði til framþróunar og hagsældar í samfélaginu. Um leið er mikilvægt að benda á kynjamisréttið sem enn viðgengst og árétta kröfuna um launajafnrétti á vinnumarkaði og nauðsynlegar úrbætur á starfsskilyrðum kvenna og launafólks almennt.

Aukning þjóðartekna og efnahagslegar framfarir á Íslandi síðustu áratugi verða ekki skýrð nema með útrás kvenna á vinnumarkaðinn síðustu áratugi og mikilvægu framlagi þeirra á öllum sviðum atvinnulífsins. Hvergi í Evrópu er jafn hátt hlutfall kvenna á vinnumarkaði og hvergi skiptir framlag kvenna jafn miklu fyrir þjóðarhag. Virk þátttaka íslenskra kvenna á vinnumarkaði hefur skipað Íslandi í röð ríkustu þjóða heims. Framlag kvenna á vinnumarkaði er jafnframt forsenda fyrir áframhaldandi sókn og framtíðarvelferð íslensku þjóðarinnar.

Margt hefur áunnist í jafnréttisbaráttunni á síðustu árum og áratugum. Mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir samfélagið er óumdeilt. Konur hafa sótt fram á stöðugt fleiri sviðum samfélagsins, með aukinni menntun og úti á vinnumarkaðnum. Þrátt fyrir mikilvæga sigra eru mörg mikilvæg verkefni enn óleyst.

Kynbundið launamisrétti er einkenni á íslenskum vinnumarkaði. Konur njóta mun lakari kjara en karlar, þar sem verulegur hluti launamunarins verður eingöngu skýrður með misrétti kynjanna, óháð félagslegum þáttum eins og ólíku vinnuframlagi, mismunandi verðmæti vinnunnar og öðrum ástæðum.

Launamisrétti kynjanna er svartur blettur á íslensku samfélagi sem verður að uppræta. Það er krafa um grundvallarmannréttindi. Jafnréttislögin eru mikilvægt verkfæri í þessari baráttu. Þau setja skýr markmið um launajafnrétti. Þar er jafnframt að finna tæki í baráttunni gegn launamisrétti og kynjamisrétti á vinnumarkaði almennt. Fylgja verður fast eftir skyldu fyrirtækja til að gera jafnréttisáætlanir og síðan að þeim sé hrint í framkvæmd.

Langur vinnutími og óhóflegt álag er annað einkenni á vinnumarkaði og íslensku samfélagi. Tvöfalt hlutverk og skyldur, á vinnumarkaði og heimili, skapa oft andlegt og líkamlegt álag sem ekki er ásættanlegt. Þar við bætist að rannsóknir sýna að mörg störf á vinnumarkaði sem einkum eru bundin við konur fela í sér sérstaka áhættuþætti varðandi öryggi starfsskilyrði og aðbúnað á vinnustað.

Krefjast verður þess að vinnan og starfsumhverfi kvenna jafnt og karla uppfylli kröfur um góðan aðbúnað og vinnuvernd. Einnig verður að vinna að því að samfélagsleg skipulagning vinnunnar, úti á vinnumarkaðnum og inni á heimilunum, taki mið að kröfunni um jafnan rétt og jafna möguleika kynjanna.

Þau skilyrði og umhverfi sem samfélagið býr fjölskyldunni, foreldrum og börnum þeirra, skipta miklu fyrir velferð þeirra og jafnréttisbaráttuna. Fjárhagslegur stuðningur við barnafjölskyldur, öruggt húsnæði, næg og góð dagvistun og heilsdagsskóli eru allt þættir sem skipta miklu fyrir jafnréttisbaráttuna.

Jafnréttisbaráttan hefur skilað mikilvægum áföngum en það er enn mikið verk að vinna. Samstaðan mun skila árangri.

Baráttukveðjur,

ASÍ - BSRB – Jafnréttisstofa - Kvenréttindafélag Íslands – Reykjavíkurborg - SÍB

14. mars

Námskeiði 1 fyrir trúnaðarmenn lokið

Námskeið 1 fyrir nýkjörna trúnaðarmenn var haldið dagana 12. og 13. mars. Þar kom saman öflugur hópur nýkjörinna trúnaðarmanna sem hafa að baki samtals 386 ára starf í fjármálafyrirtækjum. Nánar verður greint frá námskeiðinu í næsta SÍB blaði

21. mars

Tilkynning til trúnaðarmanna SÍB

Tilkynning til Trúnaðarmanna
Eftirfarandi bréf fylgir með gögnum til þeirra sem ætlast er til að dreifi könnuninni til starfsmanna í útibúum:

Ágætu trúnaðarmenn SÍB.
Að undanförnu hefur Vinnueftirlitið unnið að því að kanna líðan, vinnuumhverfi og heilsufar ýmissa starfsstétta, m.a. meðal starfsmanna verðbréfafyrirtækja, leikskóla, öldrunarstofnana, fiskvinnslu o. fl.
Að þessu sinni vill Vinnueftirlitið kanna þessa þætti hjá starfsmönnum í útibúum og útibúaþjónustu banka og sparisjóða um allt land, með það í huga að kanna hvað hægt er að gera til úrbóta ef einhverjir þættir eru í ólagi.
Mjög mikilvægt er að allir félagsmenn svari spurningalistanum, sem allra fyrst, og setji í meðfylgjandi umslag, sem setja má ófrímerkt í næsta póstkassa eða pósthús.
Eins og fram kemur í leiðbeiningum frá Vinnueftirlitinu á titilblaði könnunarinnar er spurningalistinn nafnlaus og án allrar merkingar um frá hvaða útibúi þátttakendur koma.
Það er mjög mikilvægt að fá sem besta svörun úr þessari könnun til þess að markmið rannsóknarinnar náist. Þess vegna biðjum við ykkur kæru trúnaðarmenn að dreifa þessum listum af samviskusemi og ýta á samstarfsmenn ykkar að svara könnuninni sem allra fyrst og setja í póst.
Þessi könnun er eingöngu fyrir starfsmenn í útibúum og útibúaþjónustu/ miðvinnslu. Þess vegna eru það eingöngu trúnaðarmenn á framangreindum vinnustöðum banka og sparisjóða sem fá gögnin send og beiðni um að dreifa þeim á meðal sinna félaga.
Það er ákvörðun Vinnueftirlitsins að kanna þenna hóp sérstaklega að þessu sinni.
Það er von okkar hjá SÍB að könnunin mælist vel fyrir hjá þátttakendum og að svörun verði mjög góð. Vinnueftirlitið mun kynna niðurstöður strax og þær liggja fyrir.
Ágætu trúnaðarmenn hvetjið félagsmenn til að svara sem allra fyrst og setja í póst.
Með bestu félagskveðjum,
Friðbert Traustason, formaður SÍB.

21. mars

Námskeiðum trúnaðarmanna lokið

Nú er lokið námskeiði 3 fyrir trúnaðarmenn. Námskeiðið var haldið í sal IOGT við Stangarhyl Reykjavík. Þátttakendur á námskeiðinu voru 17. Nánar verður greint frá námskeiðinu í næsta SÍB blaði.

2002 - Apríl

15. apr.

SÍB mótið í Keilu

SÍB mótið í keilu 2002
SÍB mótið í keilu verður haldið í Keilu í Mjódd
dagana 13. til 15. maí, kl. 18:00 – 23:00
Karlar leika 13. maí
Konur leika 14. maí
Bæði kynin leika 15. maí
Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf.
Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.
Ef þátttaka verður það mikil að spilað verði í riðlum þá verða spiluð úrslit milli riðla.
Þátttökutilkynningum skal skilað á faxi (540-6108) til SÍB fyrir kl. 12:00 á hádegi þann 8. maí n.k.
Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin og hvar er hægt að ná í viðkomandi.
Munið að taka fram netfang fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin

2002 - maí

13. maí

Orlofsframlag

Til upprifjunar um orlofsframlag sem kemur til greiðslu með launum 1. júní nk:.
Í kjarasamningum SÍB segir um orlofsframlag:

4.2.2 Greiða skal hverjum starfsmanni sem tekur laun samkvæmt 2. Grein hér að framan orlofsframlag hinn 1. Júní ár hvert. Í júní 2002 skal fjárhæðin vera 98.365 kr Starfsmaður, sem unnið hefur hluta úr ári eða hluta úr fullu starfi, skal fá greitt orlofsframlag hlutfallslega.
- Athugið að þetta gildir um þá félagsmenn SÍB sem fá greitt eftir launatöflu 141 A (13 mánaða tafla)
- Athugið einnig að: Þeir starfsmenn sem fá greidd laun eftir launatöflu 141 B (12 mánaða tafla) fá þessa greiðslu útjafnað á allt árið (þ.e. hlutfall af orlofsframlagi og 13. mánuði greitt mánaðarlega) þannig að þessi upphæð kemur ekki hjá þeim nú um mánaðamótin.

14. maí

Umsóknarfrestur í Menntunarsjóð

Umsóknarfrestur um styrki úr Menntunarsjóði SÍB vegna náms á vormisseri 2002 er til 15. júní. Þá verða umsóknir yfirfarnar og metnar. Umsókn skal vera á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er á vefnum www.ssf.is undir sjóðir - Menntunarsjóður. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um fylgigögn og úthlutunarreglur.

15. maí

Ferðanefnd Stéttarfélaganna

Umhverfið á ferðamarkaði hefur breyst mjög frá því sem var á síðasta ári. Ekki er tryggt að þau tilboð sem eru í gangi á vegum ferðanefndar séu þau lægstu á markaðnum. Því eru félagsmenn SÍB hvattir til að kynna sér alla valkosti vel.

2002 - Júní

24. júní

Úthlutun úr Menntunarsjóði SÍB

Umsóknarfrestur um styrki úr Menntunarsjóði SÍB var til 15. júní sl.
Nú er verið að vinna úr umsóknum og stefnt er að því að ljúka úthlutun fyrir 1. júlí nk.

25. júní

Golfmót SÍB !!!

Golfmót SÍB 2002
Verður haldið á golfvelli Leynis á Akranesi 6. júlí. Ræst verður út á öllum teigum kl 10.00
Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 15 – 16. Veitingar í mótslok
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, með og án forgjafar,
- Sveitakeppni með og án forgjafar. Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 9 holur. (fyrstu 9)
- Makakeppni, besta skor og með forgjöf.,
- Unglingakeppni – börn félagsmanna 15 ára og yngri verðlaun fyrir besta skor.
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor.

Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum.
Verðlaun eru fyrir lengsta upphafshögg á 9. braut í flokki karla og kvenna.
Skráning tilkynnist á faxi til SÍB í 540 6108 fyrir kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 28. júní.
Þátttökugjald er kr. 2000 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679
Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda.
Sýna þarf kvittun á mótsstað.

27. júní

Afgreiðslu umsókna lokið!!

Afgreiðslu umsókna lokið !!
Stjórn Menntunarsjóðs hefur fundað um þær umsóknir sem bárust vegna náms á vormisseri 2002. Fjöldi samþykktra umsókna jókst um 50% frá því sem var á haustmisseri. Af þeim umsóknum sem stjórnin samþykkti var ákveðið að greiða 80% af umbeðinni upphæð. Þegar hafa verið greiddir út styrkir þar sem öll gögn voru til staðar. Haft verður samband við þá aðila sem enn vantar gögn með umsóknum frá. Athugið að til að spara fé sjóðsins er ekki send út tilkynning vegna útgreiðslu úr sjóðnum og því eru umsækjendur beðnir að sýna biðlund og fylgjast með stöðu reikninga sinna frekar en að hringja á skrifstofuna. Nánar verður fjallað um úthlutun úr sjóðum í næsta SÍB blaði í ágúst.

2002 - Júlí

12. júlí

Sumarleyfi á skrifstofu SÍB

Skrifstofa SÍB er lokuð vegna sumarleyfa en...
ef þú þarft að koma skilaboðum til starfsmanna á meðan á sumarlokun stendur þá verður tölvupósti svarað með reglulegum hætti. Netföng starfsmanna er að finna undir SÍB - starfsmenn

2002 - Ágúst

14. ágúst

Ný námsleið fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja !!!

Ný leið til náms !!
Nú er tímasetning kennslunnar ekki lengur vandamál fyrir starfsfólk fjármálafyrirtækja því MK lagar hana að vinnutíma nemenda.

Í haust býður Menntaskólinn í Kópavogi, í fyrsta sinn, starfsmönnum fjármálafyrirtækja nýja, spennandi námsleið. Um er að ræða 36 eininga, fjögurra anna almennt nám í greinum sem tengjast starfinu. Flestir kannast við að eiga í fórum sínum náms-einingar sem enn eru ekki nægilega margar til þess að hægt sé að skipta á þeim og lokaskírteini og flest allir hafa setið náms-keið og öðlast góða starfsreynslu. Þetta kemur nú að góðum notum þar sem námið sem MK býður hentar einmitt þeim sem hafa hlotið ákveðna námsþjálfun og starfsreynslu. Að viðbættu náminu í Menntaskólanum í Kópavogi eiga nemendur að vera vel undirbúnir til að hefja viðskiptatengt nám á háskólastigi.

Nú er tíminn ekki vandamálið
Námið er sérsniðið að þörfum starfsmanna fjármálafyrirtækja. þ.e. tilhögun og tímasetningar kennslustunda eru skipulagðar með hliðsjón af álagstoppum í vinnu í fjármálafyrirtækjum. Ekki er kennt fyrstu 5 virka daga hvers mánaðar og heldur ekki þann 15. hvers mánaðar. Kennslutími er frá klukkan 17:20 – 21:00, mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá september til og með nóvember og janúar til og með apríl.

Í góðum félagsskap
Kennslugreinar eru upplýsingatækni I og II – bóhald I og II -. starfsmannamál/stjórnun – viðskiptaenska I og II – íslenska/tjáning – stærðfræði – þjónustusamskipti – fjárfestingamarkaðurinn – lögfræði og hagfræði.
Að meðaltali eru kenndar þrjár til fjórar greinar á hverri önn. Nemendur einbeita sér að einni kennslugrein í einu, ljúka henni og taka síðan til við þá næstu. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða til náms er hin besta. Hópurinn fylgist að á námstímanum undir stjórn vel menntaðara kennara sem leggja áherslu á lifandi kennsluaðferðir þar sem verkefnatengd samvinna nemenda er í hávegum höfð. Ennfremur er lagt kapp á að nemendur tileinki sér þá námstækni sem hæfir upplýsingasamfélagi nútímans.

Góð þjónusta við nemendur
Innan veggja skólans er að finna gott bókasafn, kaffibar, mötuneyti og hraðbanka svo eitthvað sé nefnt. Nemendahópar eru ekki stærri en svo að kennurum er mögulegt að veita hverjum og einum góða persónulega þjónustu og auk þess er umsjónarmaður námsins með sérstaka viðtalstíma í hverri viku.

Byggt á langri reynslu
Menntaskólinn í Kópavogi hefur mikla reynslu af fullorðinsfræðslu. Hann hefur um árabil boðið upp á nám á skrifstofubraut I fyrir þá sem hafa ekki langa skólagöngu að baki og síðustu fjögur ár einnig framhaldsnám á skrifstofubraut II. Námið hefur verið skipulagt í sérstaklega góðri samvinnu við atvinnulífið en nú er hægt að stunda nám á skrifstofubraut bæði á daginn og kvöldin. Hámarksnemendafjöldi er 16 manns í hverjum hópi. Þessu námstilboði hefur verið sérstaklega vel þegið og færri komist að en viljað hafa. Einnig er að finna innan veggja Menntaskólans í Kópavogi öldungadeild í ferðafræðum, meistaraskóla í matvælagreinum og nám fyrir matsveina auk fjölda annarra styttri og lengri námsbrauta.

Kostnaður
Námsgjöld fyrir fjögur misseri kr. 228.000. (þ.e. 57 þús. pr. misseri)
Gera má ráð fyrir lítilsháttar bókakostnaði að auki.

Styrkmöguleikar
Mörg stéttarfélög hafa staðið sérlega vel við bakið á félagsmönnum sínum og um að gera að sækja um starfsmenntunarstyrki úr sjóðum viðkomandi stéttarfélaga og /eða starfsmannafélaga. (Sjá nánar í úthlutunarreglum starfsmenntunarsjóðanna á heimasíðu viðkomandi stéttarfélags).

Umsóknarfrestur
Umsóknarfrestur er til 02. september. Til að fá nánari upplýsingar er best að hafa samband við Ingu Karlsdóttur, fagstjóra viðskipta- og skrifstofugreina, netfang ik@ismennt.is og í síma 594 4000 frá og með 12. ágúst.

2002 - September

11. sept.

Tökum öll virkan þátt í viku símenntunar!!

Tökum öll virkan þátt í viku símenntunar
Þessa dagana stendur yfir vika símenntunar. Ástæða er til fyrir okkur öll sem erum félagsmenn í SÍB að fylgjast með þeirri umræðu sem er í gangi og mæta á einhverjar af þeim kynningum sem boðið er upp á. Einnig að ræða á vinnustöðunum það sem er í gangi tengt tengt þeim. Fjölmargir aðilar hafa lagt mikið á sig til að framreiða ýmiskonar kynningu á menntunarkostum sem í boði eru og ástæða er til að notfæra sér tækifærið að skoða þá.

11. sept.

Kennsla hafin á nýrri námsbraut

Kennsla hafin á nýrri námsbraut fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja
Þann 10. sept hófst kennsla í Menntaskólanum í Kópavogi á nýrri námsbraut sem MK hefur sett af stað í samvinnu við SÍB. Fullskipað er í fyrsta hópinn og þegar nokkrir komnir á lista í næsta hóp sem fer af stað eftir áramót. Sjá nánar í næsta SÍB blaði.

2002 - Október

8. okt.

Vinnufundur stjórnar og formanna

Vinnufundur formanna aðildarfélaga og stjórnar SÍB verður haldinn í Reykholti í Borgarfirði 10. og 11. október.
Á fundinum verður fjallað um ýmsar hliðar starfsins og þar verða einnig kynntar niðurstöður af könnun sem gerð var meðal starfsmanna útibúa í vor. Í framhaldi af þeirri kynningu verður skýrslan í heild birt hér á vefnum.

8. okt.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn SÍB

Námskeið fyrir trúnaðarmenn SÍB verða í október sem hér segir:
8. - 9. oktnámskeið II
16. - 17. okt. námskeið I
24. okt. námskeið IV
Öll þessi námskeið verða boðuð í tölvupósti til þeirra sem ætlast er til að sæki þau að þessu sinni.

15. okt.

Niðurstöður könnunar vinnueftirlits

Vinnueftirlitið birtir niðurstöður könnunar
Niðurstöður könnunar meðal starfsmanna útibúa banka og sparisjóða sem framkvæmd var í vor hefur nú verið sett hér á vefinn.
Í ljós koma margir forvitnilegir þættir sem vert er að skoða.
Styttri útgáfa af skýrslunni - glærur með helstu niðurstöðum glærur úr skýrslu vinnueftirlits
Sjá einnig skýrsluna í heild hér á vefnum undir Útgáfa

31. okt.

Breytt akstursgj. og dagp. innanl.

Frá og með 1. nóv 2002 tekur gildi ný gjaldskrá fyrir akstursgjald og dagpeninga innanlands. Sjá nánar undir Dagpeningar og Ferðakostnaður á forsíðu vefsins.

2002 - Nóvember

4. nóv.

Þróun kjara félagsmanna 2002

Í Morgunblaðinu þann 31. október 2002 er frétt um launakönnun kjararannsóknarnefndar (KRN). Þar kemur m.a. fram að laun hafi að meðaltali hækkað um 5,6% frá apríl – júní 2001 til apríl – júní 2002.
Laun félagsmanna SÍB hafa hækkað ívið meira því taxtar launatöflu hækkuðu um 3% þann 1. janúar 2002 og síðan fengu flestallir starfsmenn eins launaflokks hækkun í upphafi árs 2002, sem gefur 3,4% hækkun ofaná. Þannig hafa grunnlaun flest allra félagsmanna hækkað um a.m.k. 6,5% (þ.e. 1,03x1,034).
Á þessu tímabili hefur launaskrið, sem skýrist m.a. með tilfærslu í starfsaldursálagi þeirra sem starfað hafa skemur en 15 ár, hækkun í launaflokkum og stöðubreytingum skilað 0,5% viðbótarhækkun meðallauna.
Meðallaun félagsmanna SÍB hafa því hækkað um 7% á því tímabili sem meðallaun landsmanna allra hafa hækkað um 5,6%
Þegar laun einstakra hópa eru skoðuð verður að gera skýran greinarmun á föstum mánaðarlaunum (regluleg laun í Mbl.) og heildarlaunum með yfirvinnu.
Að baki meðaltali heildarlauna allra stétta skv. könnun KRN liggja 45,1 vinnustund á viku. Matartími telst almennt ekki til vinnustunda og því eru dagvinnustundir félagsmanna SÍB 37,5.
Að baki heildarlauna í könnun kjararannsóknarnefndar eru því 7,6 yfirvinnustundir á viku eða rúmlega 30 yfirvinnustundir á mánuði.
Útreiknuð mánaðarlaun eru alltaf miðuð við árslaun deilt út á 12 almanaksmánuði ársins. Þannig er desember- og orlofsuppbótum dreift á 12 mánuði eins og gert er í launatöflu B hjá SÍB.
Sjá nánar könnun kjararannsóknanefndar á www.krn.is
Friðbert Traustason formaður SÍB

22. nóv.

Nýtt SÍB blað á leið í dreifingu!

4. tölublað SÍB blaðsins fer í dreifingu á mánudagsmorgun 25. nóv
Í þessu blaði er meðal annars:
- Fjallað um niðurstöður af könnun vinnueftirlits meðal félagsmanna
- Viðtöl við félagsmenn sem stunda nám á námsbraut fyrir starfsfólk fjármálafyrirtækja í MK
- Grein um áreitni sem starfsfólk fjármálafyrirtækja verður fyrir í starfi - dæmi frá Danmörku
- Umfjöllun um Starfsmannafélag Búnaðarbankans og viðfangsefni þess
- Um eignarhald á fjármálafyrirtækjum

ýmislegt annað fróðlegt fyrir félagsmenn
SÍB blaðið nóvember 2002

26. nóv.

Vísnakeppni SÍB blaðsins

Hefur þú lokið við að botna fyrripartana tvo sem eru á bls. 23 í síðasta SÍB blaðinu?
Ekki dunda of lengi við þetta. Láttu ekki verðlaunin renna þér úr greipum.
Sendu inn þína vísubotna. Brot af því besta verður svo birt á vefnum sjá Sjá í lok skilafrests

29. nóv.

Umsóknarfrestur í MK og fjarnám

Senn líður að lokum umsóknarfrests í hagnýtt viðskipta og fjármálanám MK þessu sinni. Þeim sem ætla að sækja um en hafa ekki enn skilað inn umsókn er bent á að drífa í því að þannig að ekki verði of seint. Sjá tengil hér: www.mk.ismennt.is/hagnytt.htm . Umsóknir má senda áik@ismennt.is
Fyrir þá sem búa utan hæfilegrar akstursfjarlægðar frá MK er einnig von um aðgang, því nú er komin á vef MK tilkynning um að frá og með hausti 2003 verður þessi námsbraut væntanlega einnig í boði sem fjarnám sjá: www.mk.ismennt.is/Fjarvf.htm

2002 - Desember

16. des.

Umsóknarfrestur í Menntunarsjóð SÍB

Þeir félagsmenn SÍB sem ætla að sækja um endurgreiðslu vegna námskostnaðar á haustmisseri 2002 verða að skila inn umsóknum til Menntunarsjóðsins fyrir 15. janúar 2003. Úthlutunarreglur og umsóknareyðublað er hægt að nálgast hér

2003

2003 - Janúar

14. jan.

Þekkir þú einhvern sem hefur misst vinnuna?

Fréttatilkynning frá Biskupsstofu
Áhrif atvinnumissis á líðan fólks

Miðvikudaginn 15. janúar kl. 13:30 verður haldinn umræðufundur um atvinnumissi í safnaðarheimiliDómkirkjunnar, Lækjargötu 14a (gengið inn frá horni Vonarstrætis og Lækjargötu).

Á undanförnum mánuðum hefur nokkur fjöldi fólks sem orðið hefur fyrir því að missa vinnuna komið saman, hlustað á fyrirlestra og hugleiðingar, sem hafa skapað vettvang til að glíma við erfiðleikana, sem geta fylgt í kjölfar atvinnumissis. Þessir fundir hafa skipt marga miklu máli bæði andlega og félagslega, út frá því ætlum við að ræða saman um hvernig best verður að hafa þessar samverustundir á næstu mánuðum.

Kærleiksþjónustusvið biskupsstofu stendur fyrir fundinum og býður alla velkomna.

Þess skal getið að kyrrðar- og bænastund er í Dómkirkjunni kl. 12.10. Á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð. Tilvalið er að byrja á því að eiga samverustund í Dómkirkjunni og koma síðan út í safnaðarheimili á fundinn.

Fundarstjóri er Bryndís Valbjarnardóttir guðfræðingur.

16. jan.

Nýtt aðildarfélag SÍB

Á fundi stjórnar SÍB þann 14. janúar sl. var samþykkt innganga Starfsmannafélags Sparisjóðs Siglufjarðar í samtökin. Þar með eru aðildarfélög SÍB orðin 21 alls.

20. jan.

Úthlutun úr Menntunarsjóði SÍB jan 2003

Úthlutun úr Menntunarsjóði SÍB

Stjórn Menntunarsjóðs SÍB hefur fundað um umsóknir vegna náms á haustmisseri 2002. Niðurstaðan er sú að greiddir verða styrkir sem nemur 75% af upphæð hverrar samþykktrar umsóknar.

Stefnt er að því að greiða út alla styrki fyrir lok janúar inn á þá reikninga sem umsækjendur tilgreindu í umsókn. Til að halda niðri rekstrarkostnaði sjóðsins eru ekki sendar út tilkynningar um greiðslur.

Haft verður samband við þá sem enn eiga eftir að skila inn fylgigögnum.

Nánar verður fjallað um úthlutun úr sjóðnum í næsta SÍB blaði.

21. jan.

Breyting á kjarasamningum SÍB 2003

Breyting á kjarasamningum SÍB 2003

Þann 1. janúar 2003 hækkuðu öll laun skv. kjarasamningum SÍB um 3% í samræmi við samningana sem gerðir voru í febrúar 2001. Allir félagsmenn SÍB eiga að hafa fengið janúarlaun greidd skv. nýrri launatöflu, 142 A og 142 B, sem er á vefnum.

Að auki gerðu Samninganefnd Bankanna og Samninganefnd SÍB með sér samkomulag um eftirfarandi breytingu á grein 12.6.3. í kjarasamningi:

Grein 12.6.3 sem nú hljóðar svo: “Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir banki frá og með 1.1.2001 mótframlag að jöfnu, allt að 1% á móti 1% framlagi starfsmanns”.

breytist frá og með 1.2.2003 í: “Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir banki frá og með 1.2.2003 mótframlag að jöfnu, allt að 2% á móti 2% framlagi starfsmanns”.

Þessi breyting felur í sér 1% kjarabót fyrir alla félagsmenn sem spara 2% eða meira í frjálsan séreignarlífeyri.

Með þessu eru kjarabætur ársins frá og með 1. febrúar 2003 orðnar allt að 4% hjá félagsmönnum SÍB.

Orlofsframlag 1. júní verður kr. 101.316.

2003 - Febrúar

3. feb.

Taktu frá 12. júlí fyrir golfmót

Hið árlega og sívinsæla golfmót SÍB verður haldið undir árvökulli stjórn Kalla Jó og félaga á Strandarvelli við Hellu þann 12. júlí n.k. Skráningarfrestur og nánara fyrirkomulag verður kynnt síðar, bæði hér á vefnum og í SÍB blaðinu.

10. feb.

Samkeppni eða samruni viðskiptabanka?

Morgunblaðið Mánudaginn 10. febrúar, 2003 - Aðsendar greinar

Samkeppni eða samruni viðskiptabanka?
"Íslenskir bankar og sparisjóðir veita okkur góða þjónustu um allt land, bæði einstaklingum og fyrirtækjum."

Í ÁGÆTRI grein í 4. tbl. Vísbendingar, 24. janúar 2003, ræðir Guðmundur Magnússon, hagfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, m.a. áhrifin af hugsanlegum samruna banka og samkeppni á fjármálamarkaði. Hann segir: "Það er þó erfitt að skilja að fækkun banka verði til þess að auka samkeppni, eins og stundum heyrist haldið fram." Flestir bankasamrunar síðustu ára í Evrópu voru gerðir í nafni hagræðingar, til að mæta samkeppni og bæta hag viðskiptavina og hluthafa. Fjölmargir starfsmenn misstu vinnuna en misjafnt var eftir löndum hvernig var farið með starfslok þeirra og réttindi. Í flestum löndum Norður-Evrópu var eðlileg starfsmannavelta látin stýra fækkun starfsmanna, sem eigendur vildu ná fram, en vinnulöggjöf og atvinnulýðræði verndar starfsmenn betur þar en við þekkjum hér á landi.

Misheppnaðir samrunar
Í ítarlegri úttekt sem Hans Schenk, prófessor við Erasmus University í Rotterdam, gerði árið 2000 kemur í ljós að af 50 stærstu samrunum banka á árunum 1990 til 1999 hafi 33 skilað neikvæðum eða engum árangri í hagræðingu, betri afkomu eða betri hag hluthafa. Kostnaðurinn við samrunann, samkeyrsla og samræming upplýsingakerfa, samhæfing á mismunandi fyrirtækjabrag og vinnuaðferðum, kostnaður við ýmsar innanhússbreytingar og uppgjör er snýr að starfsmönnum hafi í öllum tilfellum farið svo óralangt fram úr áætlunum að 10-20 ár þurfi til að vinna hann upp. Hlutabréf allra þessara banka féllu verulega í verði og í flestum tilfellum misstu þeir einnig fjölmarga viðskiptavini, sem töldu sér betur borgið hjá minni bönkum. Í skýrslu Samkeppnisráðs (8/2000) um fyrirhugaðan samruna Búnaðarbanka og Landsbanka segir: "... ekki er hægt að líta framhjá því að flestar hagrannsóknir virðast gefa til kynna að samruni skili oft mjög lítilli eða engri hagræðingu".

Heimamarkaðurinn er Ísland
Íslenska bankakerfið er örsmátt á alheimsvísu, aðeins um 2% af norræna bankakerfinu, sem aftur er innan við 5% af því evrópska. Við munum því varla vinna mikla sigra eða ná undir okkur stórum hluta af bankaviðskiptum í útlöndum. Útrás íslenskra banka er samt ánægjuleg og eflaust getum við kennt nágrönnum okkar ýmislegt í viðskiptum, t.d. sem snýr að sjávarútvegi, enda starfsmenn íslenskra banka vel menntaðir fagmenn á flestum sviðum fjármála. En að skýra nauðsyn stórra samruna í íslenska bankakerfinu með þeim rökum að einungis þannig getum við keppt við erlenda banka er ótrúverðug, enda allt íslenska bankakerfið á stærð við einn lítinn danskan banka. Íslenskir bankar og sparisjóðir eiga fyrst og fremst að þjóna Íslendingum og vera stoltir af því að sinna því hlutverki svo vel að enginn erlendur banki hefur enn séð tækifæri í því að koma inn á markaðinn. Vaxtamunur er enn of mikill og vaxtastig á Íslandi er hærra en í nágrannalöndunum, en ástæðan er tilraun yfirvalda til að slá á eyðslu og þenslu. Það virðist samt ekki duga til.

Nauðsynleg samkeppni
Íslenskir bankar og sparisjóðir veita okkur góða þjónustu um allt land, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Einungis allra stærstu fyrirtækin leita með viðskipti sín til erlendra banka og þá oftast með milligöngu íslenskra fjármálafyrirtækja.
Árið 1989 voru 7 viðskiptabankar á Íslandi, en eftir samruna eru þeir nú einungis 3 og sparisjóðum hefur einnig fækkað. Ef einhverjir tveir af viðskiptabönkunum, Búnaðarbanki, Íslandsbanki eða Landsbanki, eru sameinaðir leiðir það óhjákvæmilega til fákeppni á fjármálamarkaði. Samkvæmt skýrslu Samkeppnisráðs (8/2000) myndu tveir bankar, ef af samruna verður, ráða 75 til 80% af innlánamarkaði, skuldabréfamarkaði, gjaldeyrismarkaði og greiðslumiðlun debet- og kreditkorta, svo dæmi séu tekin. Samkeppnisyfirvöld geta aldrei samþykkt slíkan samruna.
Það er einmitt þessi staða sem prófessor Guðmundur Magnússon hefur í huga þegar hann bendir á að samruni stóru bankanna geti ekki leitt til aukinnar samkeppni á markaðnum.
Eftir Friðbert Traustason
Höfundur er hagfræðingur og formaður SÍB.

13. feb.

Verkalýðsfélög lækka verðbólgu!

Viðskipti | Morgunblaðið | 13.2.2003 | 5:30
Hagkerfi farnast betur ef stór hluti vinnuafls þess er skráður í verkalýðsfélag, segir í skýrslu Alþjóðabankans sem birt var í gær. Niðurstöður skýrslunnar benda til þess að í ríkjum þar sem margir eru í verkalýðsfélagi sé lægra atvinnuleysi, lægri verðbólga, meiri framleiðni og hraðari aðlögun að sveiflum í hagkerfinu.
Einnig kemur fram að aukin þátttaka í verkalýðsfélögum er líkleg til að minnka launamun milli ómenntaðra og menntaðra, og milli karla og kvenna. Einn af höfundum skýrslunnar, Robert Holzmann, segir að bankinn sé í raun með þessu að breyta viðhorfi sínu til verkalýðsfélaga sem áður hafi verið nokkuð neikvætt.
Sjá nánar skýrslu Alþjóðabankans á vefur alþjóðabankans

2004

2004 - Mars

25. mars

Launakönnun SÍB

Stjórn SÍB hefur ákveðið að gera launakönnun á meðal félagsmanna sinna. Könnunin er liður í undirbúningi næstu kjarasamninga SÍB.
Framkvæmd könnunarinnar verður í höndum IMG Gallup. Um er að ræða könnun sem unnin er rafrænt.
Á vef IMG Gallup www.gallup.is er hnappur, merktur "Launakönnun SÍB", sem þú smellir á. Aðgangsorð þitt og lykilorð sem þú notar til að komast inn í könnunina fylgja með neðst í þessu bréfi. Það verður á engan hátt hægt að rekja svör til einstaka þátttakenda enda hvorki nöfn né kennitölur gefin upp.
Þeir sem svara fyrir 5. apríl eru þátttakendur í happdrætti. Aðgangsorð gilda sem happdrættisnúmer og verða dregnir út fimm vinningar, hver að fjárhæð 100.000 kr. Vinningsnúmerin verða birt á vef SÍB www.ssf.is ásamt nánari upplýsingum um hvar vinningshafar geta vitjað vinninga.
Spurningarnar í launakönnuninni eru hliðstæðar spurningum í launakönnun SÍB 1996. Spurt er um launaflokk og álag, starfsaldur, laun og skiptingu þeirra, menntun, fjölda unninna stunda, búsetu, kyn og fleira. Ekki er spurt um vinnustað viðkomandi enda er það ekki tilgangurinn með könnuninni að bera saman laun á milli vinnustaða.

2004 - Apríl

5. apríl

Launakönnun - skilafrestur vegna happadrættis framlengdur

Í ljós hefur komið að dreifing lykilorða vegna launakönnunar á einhverja staði hefur gengið hægar en ætlað var. Til að koma til móts við þá sem síðast fá sín gögn hefur verið ákveðið að framlengja frest vegna þátttöku í happadrætti til og með 7. apríl kl 19.00. Svo er bara að hnippa í þessa sárafáu sem eiga eftir að svara – að gera það núna - og eiga kost á vinningi JJ

7. apríl

Tillögur að breytingum á lögum SÍB

Fyrir liggur að nokkrar tillögur um breytingar á lögum SÍB hafa komið fram. Í samræmi við 44. grein laga SÍB liggja tillögur að lagabreytingum frammi á skrifstofu SÍB að Nethyl 2E

13. apríl

Happadrætti vegna launakönnunar

Hér munu bráðlega birtast niðurstöður af útdrætti úr lykilorðum launakönnunar SÍB ásamt leiðbeiningum um hvernig lukkulegir þátttakendur geta vitjað vinnings

16. apríl

SÍB mótið í Keilu 2004

SÍB-mótið í keilu 2004
Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf.
Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.
Árið 2003 var skipt í riðla í báðum flokkum, og tók riðlakeppnin fjögur kvöld 12-15/5 frá kl 18:00 til 22:30 og lauk hver riðill keppni á einu kvöldi. Tvö efstu liðin úr hvorum riðli kepptu síðan til úrslita 19/5 á fimmta degi keppninnar.
Mótið verður haldið í Keilu í Mjódd 03. til 06. maí kl. 18:00.
Nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er orðin þekkt.
Ef þátttaka verður það mikil að spilað verði í riðlum þá verða spiluð úrslit milli riðla.
Þátttökutilkynningum skal skilað í tölvupósti til SÍB fyrir kl. 12:00 á hádegi 26.apríl n.k. Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin
NETbréf subject: "SÍB_keila_2004 - heiti liðs".
NET-fang: sigurdur@sib.is
heimasíða SÍB: www.ssf.is/
Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin
Sigurður Albert Fræðslu og kynningarfulltrúi SÍB

23. apríl

Loksins !!! útdregin happalykilorð vegna launakönnunar SÍB

Reykjavík 23. apríl 2004
Dregið hefur verið úr lykilorðum þeirra sem svöruðu launakönnun SÍB á dögunum. Eingöngu var dregið úr lykilorðum þeirra sem luku við að svara könnun. Dregnir voru út fimm vinningar, hver krónur 100.000.-
Þau lykilorð sem hljóta vinning eru:
adg2053
adg2750
adg3384
adga175
adg3553

Vinningshafar þurfa að skrifa nafn sitt, kennitölu og bankanúmer á blaðið sem lykilorðið er á, og síðan þarf trúnaðarmaður að árita og staðfesta að nafn og kennitala sé rétt.
Þegar þessu er lokið á að senda blaðið í faxnr. 540 6108 og senda svo frumrit til skrifstofu SÍB eða mæta með það á skrifstofuna eftir 1. maí n.k.

26. apríl

Jan Erik Lidström afhent heiðursmerki SÍB á 42. þingi 26. apríl 2004.

Við setningu 42. þings SÍB 26. apríl 2004 var Jan Eril Lidström framkvæmdastjóri NFU, norrænna samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja sérstaklega heiðraður fyrir störf í þágu SÍB.
Stjórn SÍB hafði áður samþykkt einróma að veita honum gullmerki SÍB, en það er eingöngu veitt þeim sem unnið hafa sérlega mikið starf í þágu SÍB. Fram til þessa hefur gullmerki SÍB eingöngu verið veitt fyrrum formönnum SÍB.
Við afhendinguna þakkaði Friðbert Traustason formaður SÍB Jan Erik sérstaklega fyrir ötult starf og hjálpsemi við SÍB í þau fjölmörgu ár sem Jan Erik hefur verið í forsvari fyrir samtök norrænna starfsmanna fjármálafyrirtækja eða alls um 30 ár. Hann hefur frá upphafi verið ötull talsmaður samstarfs og samvinnu þessa hóps. Nú síðast hefur þetta samstarf einnig náð til Eystrasaltslandanna með yfirtöku norrænna banka á þarlendum fyrirtækjum.

29. apríl

42. þing SÍB - niðurstöður kosninga

Niðurstöður kosninga á þingi SÍB 26. – 26. apríl 2004
Kosið var í embætti til næstu þriggja ára. Eftirfarandi hlutu kosningu:

Formaður:	Friðbert Traustason, SRB
1. varaformaður:	Helga Jónsdóttir, FSLÍ
2. varaformaður:	Gréta Kjartansdóttir, SSPRON
Meðstjórnendur:	Anna Karen Hauksdóttir, SÍ
	Björn Tryggvason, SBÍ
	Heiðrún Hauksdóttir, SSPH
	Oddgeir Gunnarsson, SSÍ
Varastjórnendur:	Þorvaldur Egilsson, SÍ
	Hafdís Harðardóttir, SBÍ
	Linda Björk Halldórsdóttir, FSLÍ
	Guðrún Ó. Sigmundsdóttir, SVISA

Skoðunarmenn: Garðar Ólafsson, FSLÍ, og Jón Ívarsson, SÍ
Til vara: Anna Kjartansdóttir, FSLÍ, og Sigríður Einarsdóttir, SSPRON
Stjórn vinnudeilusjóðs: Bárður Helgason, SSPRON, og Matthías H. Matthíasson, SRB
Til vara: Helga Jónsdóttir, FSLÍ, og Oddgeir Gunnarsson, SSÍ
Stjórn styrktarsjóðs: Friðbert Traustason, SRB, og Helga Jónsdóttir, FSLÍ
Gjaldkeri SÍB, sjálfkjörinn
Til vara: Anna Karen Hauksdóttir, SÍ, og Sigríður Friðgeirsdóttir, FSLÍ

30. apríl

Keilumót SÍB 3. - 5. maí í keilusalnum í Mjódd

Keilumót SÍB
Skráningu í keilumót SÍB er lokið, alls skráðu sig 10 kvennalið og 6 karlalið.
Ekki þarf að skipta keppninni í riðla, og verður dagskráin eftirfarandi:
Mánudagur 03.maí klukkan 18:00 leiknir verða 3 leikir í karlaflokki
Þriðjudagur 04.maí klukkan 18:00 leiknir verða 3 leikir í kvennaflokki
Miðvikudagur 05.maí klukkan 18:00 leiknir verð 2 leikir í hvorum flokki
- Hóparnir leika þá til skiptis þ.a. karlar byrja fyrri leik sinn klukkan 18:00 og síðan spila konurnar fyrri leik sinn strax á eftir þeim leik.
- Veitingar í boði SÍB verða bornar fram eftir 1-leik í hvorum flokki á meðan beðið er eftir síðari leiknum.
- Í mótslok verður verðlaunaafhending.

karlar	**mánud.03/5/2004 18:oo 3 leikir**	
	miðvikud.05/5/2004 18:oo 2 leikir	
1	LÍ_A	Sigurjón Gunnarsson
2	LÍ_B	Halldór K. Björnsson
3	RB_A	Jón K Sveinsson
4	RB_B	Sigurður Jónsson
5	RB_G	G.Birgir Aðalsteinsson
6	SPKEF	Kjartan Ingvarsson

karlar	**þriðjud.04/5/2004 18:oo 3 leikir**	
	miðvikud.05/5/2004 18:oo 2 leikir	
1	LÍ	Bára Ágústsdóttir
2	RB_A	Sigurlaug Íris Hjaltested
3	RB_B	Sigríður Þorsteinsdóttir
4	SÍ	Kristíana Baldursdóttir
5	SPKEF	Guðrún Einarsdóttir
6	SPRON_A	Regína Vilhjálmsdóttir
7	SPRON_B	Helga Þóra Þórarinsdóttir
8	SPV_A	Freydís Ármannsdóttir
9	SPV_B	"Anna Guðrún Jónsdóttir"
10	TS	Erna V.Ingólfsdóttir

Kveðja,
Framkvæmdanefnd um SÍB keilumót 2004
Jón Sveinsson jks@rb.is
Sigurður Jóhannsson sjoi@rb.is
Skúli Finnbogason skuli@rb.is

2004 - Maí

6. maí

Happadrætti vegna launakönnunar - enn tveir vinningar á lausu!!

Enn hafa aðeins þrír heppnir svarendur tilkynnt sig til skrifstofu SÍB. Það þýðir að enn eru tveir heppnir svarendur sem ekki vita að þeirra bíður myndarlegur vinningur á skrifstofu SÍB

6. maí

Úrslit úr Keilumóti SÍB 2004

Góðan daginn keilu- og banka-félagar. Nú er SÍB-keilumóti 2004 lokið. Alls skráðu sig 10 kvennalið og 6 karlalið. Eitt lið í karlaflokki mætti ekki til keppni. Leiknir voru fimm leikir 4-manna liða í flokki kvenna og karla.
Mánudagur 03.maí 3 leikir í karlaflokki
Þriðjudagur 04.maí 3 leikir í kvennaflokki
Miðvikudagur 05.maí 2 leikir í hvorum flokki
Verðlaunaafhending fór fram að lokinni 5-umferð.
Einstaklingskeppni: besti árangur.
Karlar Hæsti leikur: 207 Björn Kristinsson SPKef
Flestar fellur: 16 Jón K Sveinsson RB_A
Konur Hæsti leikur: 186 Svava Rafnsdóttir TS
Flestar fellur: 13 Laufey Sigurðardóttir SPRON_A
Liðakeppni 4-manna liða: úrslit
Konur: röð liða
1 SPV_A Sparisj.Vélstjóra
2 SÍ Seðlabanki Íslands
3 SPRON_B Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
Karlar: röð liða
1 LÍ_A Landsbanki Íslands
2 RB_A Reiknistofa bankanna
3 RB_G Reiknistofa bankanna

- Meðalskor í keppni 2004 var:
Karlar: 134,36 (*4 = 537,44).
Konur: 107,49 (*4 = 429,94).
Að lokum viljum við þakka ánægjuleg samskipti og góða viðkynningu, og biðjum ykkur fyrirliðana að bera liðsmönnum ykkar þær kveðjur.- Sjáumst að ári. Kveðja,
Framkvæmdanefnd um SÍB keilumót 2004
Jón Sveinsson
Sigurður Jóhannsson
Skúli Finnbogason

7. maí

Leit að upplýsingum á netinu - langar þig að læra það betur?

Á vefsíðunni www.hvar.is er ókeypis aðgangur fyrir alla landsmenn að mörgum mjög áhugaverðum gagnabönkum. Til að auðvelda okkur enn frekar að nýta þær upplýsingar sem er að finna á þessum vefjum verður boðið upp á námskeið í gagnaleit þann 19. maí.
Fyrir þá sem aldrei hafa reynt en vilja prófa sjálfir er tilvalið að fara inn á www.hvar.is og þar í dálki vinstra megin stendur proquest 5000. Smella á það og fá upp glugga sem segir "basic search".
Svona til að prófa eitthvað slá þá inn: iceland and banks and fishing
Sjáið svo hvað kemur upp og hvaða umfjöllun birtist.

28. maí

Golfmót SÍB 10.júlí 2004

Golfmót SÍB 10. júlí 2004
Að þessu sinni verður golfmótið haldið á vellinum við Korpu laugardaginn 10. júlí og mæting er kl 8.01 stundvíslega !!!!
Ræst verður út á öllum teigum kl. 8.30.
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
Einstaklingskeppni félagsmanna, karla og kvennaflokkur, með og án forgjafar.
Sveitakeppni félagsmanna, með og án forgjafar, þrír í sveit, tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
Nýliðakeppni félagsmanna, félagsmenn á 1. og 2. ári í golfi, 9 holur. (fyrstu 9)
Makakeppni, makar félagsmanna, besta skor, 1., 2. og 3. verðlaun með forgjöf.
Unglingakeppni, börn félagsmanna 15 ára og yngri, verðlaun fyrir besta skor.
Gestakeppni, aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor.
Nándarverðlaun á öllum par 3 brautum.
Verðlaun fyrir lengsta upphafshögg á 18. braut.
Þátttöku í mótinu ber að tilkynna í faxnúmer 5406108 á skrifstofu SÍB í síðasta lagi fyrir hádegi 7. júlí. Ekki verður tekið við skráningum eftir þann tíma. Tilkynna skal flokk, forgjöf, og skipan sveita.
Þátttökugjald verður kr. 2000.- fyrir 18 holu leik og 1000 fyrir 9 holu leik.
Gjaldið greiðist fyrirfram inn á reikning SÍB 113- 26-1544 kt. 550269-7679.
Þeir sem greiða í heimabanka geta sent kvittun í tölvupósti á sigurdur@sib.is
Sýna þarf kvittun á mótsstað.
Nánari upplýsingar veitir skrifstofa SÍB eða golfnefndin – Karl Jóhannsson s.867 4430, Þórarinn Þorbjörnsson s.560 6000, Hanna Garðarsdóttir 440 8528

28. maí

Um launakönnun SÍB

Ágætu félagsmenn SÍB
Við þökkum ykkur kærlega fyrir góða þátttöku í launakönnun SÍB í apríl sl. Tæplega 2700 félagar sendu inn svör og er dreifing eftir starfsheitum, menntun og starfsvettvangi mjög góð og gefur skýra mynd af raunverulegri stöðu.
Núna er unnið að því að greina svörin enn betur, sérstaklega með tilliti til menntunar, starfsvettvangs og hugsanlegs kynbundins launamunar.
Niðurstöður verða birtar á heimasíðu SÍB www.ssf.is þann 18. júní nk.
F.h. stjórnar SÍB
Friðbert Traustason

.

2004 - Júní

23. júní

Niðurstöður launakönnunar SÍB

Launakönnun meðal félagsmanna SÍB í apríl 2004

Í stuttu máli:
Þegar einungis er litið á heildarlaun eins og þau eru birt á blaðsíðum 23 og 28 þá er launamunur kynjanna sláandi, karlar að meðaltali með 390.299 krónur í heildarlaun fyrir fullt starf og konurnar með 243.929 krónur fyrir fullt starf eða 63% af launum karla. En ýmsar skýringar eru á þessum mun sem nauðsynlegt er að skoða nánar áður en endanlegur dómur er felldur, meðal annars starfsval eða vettvang innan fyrirtækis, menntun starfsmanna, starfsaldur og heildar vinnutíma, þ.m.t. yfirvinnu. Karlarnir eru almennt með meiri menntun, t.d. háskólamenntun, þeir velja sér störf á verðbréfasviði, í tölvudeildum og öðrum stoðdeildum innan höfuðstöðva, og virðast eiga greiðari aðgang í störf yfirmanna fyrir vikið. Konurnar vinna í miklum meirihluta í útibúum banka og sparisjóða í störfum gjaldkera, fulltrúa og millistjórnenda þar sem launin eru lægri. Þetta á líka við um konur sem koma inn í bankann með meiri menntun en áður var, þær sækjast ekki eins og karlar í störf t.d. innan tölvu- og verðbréfasviðs, hverju sem um er að kenna.

Gjaldkerar og bankaritarar fá lægstu launin samkvæmt þessari könnun, að meðaltali 170.000 krónur í dagvinnulaun og 182.500 í heildarlaun í apríl 2004. Í þessum störfum eru nær eingöngu konur eða 98% og því útilokað að meta þar kynbundin launamun. Menntun starfsmanna í þessum störfum er minnst þar sem meirihlutinn hefur ekki lokið námi eftir grunnskólapróf, en þeim fjölgar þó sem hafa starfstengt nám og framhaldsskólamenntun. Fulltrúar og ráðgjafar hafa að meðaltali 209.000 krónur í dagvinnulaun og 243.000 í heildarlaun í apríl 2004. Í þessum störfum eru um 90% konur og því erfitt að skoða hvort um kynbundin launamun er að ræða. Dagvinnulaun kynjanna eru mjög svipuð en karlarnir virðast fá hærri heildarlaun þegar menntun eykst eða um 14% hærri.

Karlar í störfum millistjórnenda hafa hærri laun en konur í sambærilegum störfum, sérstaklega hafa karlar með stuttan starfsaldur hærri laun en konur með sama starfsaldur. Þetta bendir til þess að ungir, oftast háskólamenntaðir karlar virðast geta selt sína vinnu fyrir hærra verð en ungar háskólamenntaðar konur. Þetta er þáttur sem krefst nánari skoðunar. Getur verið að barneignaaldurinn komi enn niður á konum þrátt fyrir ný fæðingarorlofslög?

Menntun marg borgar sig því sérfræðingar, sem lang flestir eru með framhaldsskóla og háskólamenntun að baki eru með 389.387 krónur að meðaltali fyrir apríl mánuð. Í þessum hópi hafa karlarnir 12% hærri dagvinnulaun en konur, en 18% hærri heildarlaun þar sem þeir vinna mun meiri yfirvinnu en konurnar. Þessi munur skýrist að hluta með mismunandi starfsvettvangi sérfræðinga eins og áður sagði.

Það gleðilega er að mismunur á launum kynjanna hefur minnkað á síðast liðnum 8 árum þegar borin eru saman sambærileg störf, sambærilegur vinnutími og sambærilegur bakgrunnur starfsmanna, var 1996 14,6% en er núna rúmlega 10%. En þessum mun þarf að eyða og einnig er nauðsynlegt að hvetja konur til að sækja meira inn í þau störf sem gefa bestu kjörin.

2004 - Júlí

9. júlí

Sumarlokun á skrifstofu SÍB

Skrifstofa SÍB verður lokuð vegna sumarleyfa frá 12. júlí til 3. ágúst. Á heimasíðunni www.ssf.is er að finna upplýsingar um helstu þætti kjarasamninga og niðurstöður nýlegrar launakönnunar. Ef knýjandi mál þurfa úrlausnar geta félagsmenn sent tölvupóst á starfsmenn og mun tölvupósti verða svarað reglulega. Netföng starfsmanna er að finna á heimasíðunni.

13. júlí

Úrslit af golfmóti SÍB 2004

Golfmót SÍB 2004 fór fram 10. júli - sjá úrslit hér.

2004 - Ágúst

25. ágúst

Nýtt útlit heimasíðu

Samhliða nýju útliti heimasíðunnar hefur vefforrit verið uppfært. Af þeim sökum eru einhverjir tenglar óvirkir en vinna við lagfæringar stendur yfir.
Ef þú hefur ábendingar eða tillögur um efni sem þú vilt sjá á síðunni þá endilega sendu þær í tölvupósti á sigurdur@sib.is

25. ágúst

Vika símenntunar 12. - 18. september

Vika símenntunar 2004
Vika símenntunar verður haldin dagana 12.-18. september en hún er nú haldin í fimmta sinn hér á landi. Vika símenntunar er á vegum menntamálaráðuneytisins en Mennt - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla sér um skipulagningu og framkvæmd hennar í samvinnu við símenntunarmiðstöðvarnar níu á landsbyggðinni.
Um er að ræða kynningarátak þar sem athyglinni er að þessu sinni beint að **ungu fólki undir slagorðinu EKKI BARA HUGSA UM ÞAÐ!** Mikilvægt er að ungt fólk geti auðveldlega aflað sér upplýsinga um hvert það getur snúið sér í leit að möguleikum til náms, bæði hvað varðar styrki og námsleiðir og munu upplýsingar verða aðgengilegar á heimasíðu Viku símenntunar á www.mennt.net , náms-og starfsráðgjafar munu bjóða ungu fólki upp á ráðgjöf um allt land og samstarf verður við stéttarfélög, bókasöfn og fjölmiðla um kynningu. Áhersla verður einnig lögð á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar fyrir almenning.

Símenntunardagur í fyrirtækjum
Fimmtudagurinn 16. september er símenntunardagur í fyrirtækjum. Fyrirtæki eru hvött til þess að tileinka þann dag fræðslumálum starfsmanna sinna. Daginn geta fyrirtæki notað t.d. til að kynna starfsmönnum fræðslustefnu sína, haldið námskeið fyrir starfsmenn eða fengið námskeiðshaldara til að vera með kynningar í hádeginu eða kaffitímum. Einnig er þetta kjörið tækifæri til að fá fulltrúa stéttarfélaga til að heimsækja fyrirtæki og kynna með hvaða hætti þau styðja og stuðla að símenntun félagsmanna sinna.

Sérblað um símenntun
Sunnudaginn 12. september verður sérblaði um símenntun dreift með Morgunblaðinu í tilefni Viku símenntunar. Í blaðinu verður m.a. að finna upplýsingar um námskeiðaframboð á landinu, viðtöl verða við fræðsluaðila jafnt sem nemendur, auk þess sem almenn umfjöllun verður um símenntun.

Starfsmenntaverðlaunin 2004
Þriðjudaginn 14. september verða Starfsmenntaverðlaunin 2004 afhent. Starfsmenntaráð og Mennt standa að afhendingu verðlaunanna og eru þau hugsuð sem hvatning fyrir aðila sem eru vinna gott starf á sviði starfsmenntunar. Frestur til að senda inn tilnefningar hefur verið framlengdur til 1. september nk.

Ráðgjöf fyrir almenning
Laugardaginn 18. september munu náms- og starfsráðgjafar bjóða upp á fría ráðgjöf fyrir almenning frá kl. 13-16 á bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsinar er að finna á www.mennt.net
Vika símenntunar er stórt verkefni þar sem fjölmargir eru kallaðir til samstarfs; ráðuneyti, aðilar vinnumarkaðarins, fyrirtæki og menntastofnanir. Verkefninu til stuðnings er efnt til kynningarherferðar til að auka slagkraft þess.

2004 - September

14. sept.

Landsbankinn hlýtur starfsmenntaverðlaunin 2004

Þann 14. september afhenti forseti Íslands árleg starfsmenntaverðlaun Starfsmenntaráðs. Þessu sinni voru þau veitt Landsbanka Íslands í flokki fyrirtækja. Stjórn SÍB óskar öllum hlutaðeigandi og þar með ekki síst starfsmönnum Landsbankans til hamingju með þessa viðurkenningu.

24. sept.

Staðan í samningamálum SÍB

Staðan í samningamálum félagsmanna SÍB
Eins og félagsmenn vita eru kjarasamningar SÍB og bankanna lausir frá og með 1. október 2004. Í heftinu með kjarasamningunum – (bláa bókin á bls 51 – 55) er samkomulag um kjarasamninga, þ.e. með hvaða hætti staðið er að gerð og eftirfylgni þeirra. Síðast liðið vor (2004) sögðu KB banki, Íslandsbanki og Sparisjóðirnir upp þessu samkomulagi. Sú uppsögn leiðir af sér að gera þarf nýtt samkomulag í stað þess gamla og stendur sú vinna yfir. Þegar það samkomulag liggur fyrir er hægt að byrja hið eiginlega kjarasamningaferli. Að sjálfsögðu setja síðan verkföll annarra stéttarfélaga alltaf strik í reikninginn í kjaraviðræðum
Stjórn SÍB hefur frá því í lok 42. þings SÍB vorið 2004 unnið úr hugmyndum sem fram komu í þingsamþykktum og hefur undirbúið fyrstu drög að tillögum um efnisatriði til að leggja fram í væntanlegum samningaviðræðum. Þær hugmyndir er hinsvegar ekki tímabært að kynna fyrir samninganefnd bankanna fyrr en nýtt samkomulag um gerð kjarasamninga liggur fyrir.
Hér á vefnum verður gerð grein fyrir stöðu mála í samningaviðræðum jafnóðum og eitthvað gerist.
með félagskveðju
Friðbert Traustason formaður SÍB

2004 - Október

12. okt.

Enn og aftur - staðan í samningamálum

Staðan í samningamálum SÍB

Samkomulag um kjarasamninga SÍB er á lokaspretti – líklega verður skrifað undir það í þessari eða næstu viku. Þegar því er lokið mun samninganefnd SÍB óska formlega eftir fundi með viðsemjendum sínum um gerð kjarasamninga.

Jafnskjótt og eitthvað gerist í samningamálum verður greint frá því hér.

Með félagskveðju

Friðbert Traustason formaður SÍB.

15. okt.

Samkomulag um kjarasamninga undirritað í dag

Í dag föstudaginn 15. október 2004 undirrituðu stjórn SÍB og forstjórar /framkvæmdastjórar aðildarfyrirtækja kjarasamnings bankamanna nýtt samkomulag um gerð kjarasamnings fyrir félagsmenn SÍB, sem byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeildur nr 80/1938. Samkomulagið tryggir félagsmönnum SÍB forgang til þeirra starfa sem félagsmenn SÍB hafa sinnt innan eftirtaldra fyrirtækja:

Íslandsbanka hf., KB banka hf., Landsbanka Íslands hf., Sparisjóðum innan Sambands íslenskra sparisjóða, Sparisjóðabanka Íslands, Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Reiknistofu bankanna og greiðslumiðlun hf.

Byggðastofnun, Lánasýsla ríkisins og Nýsköpunarsjóður eru einnig aðilar að kjarasamningi félagsmanna SÍB. Seðlabanki Íslands og starfsmenn hans heyra áfram undir lög nr.34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, meðan þau eru í gildi.

Í næstu viku munu formlegar viðræður um kjarasamninga hefjast og verður skýrt frá gangi þeirra hér á síðunni.

Með félagskveðju

Friðbert Traustason formaður SÍB

25. okt.

Staðan í samningamálum SÍB

Samninganefndir eru hvor í sínu lagi að fara yfir samningsforsendur og formenn samninganefnda munu hittast eftir hádegi á föstudag 29. okt.

2004 - Nóvember

1. nóv.

Staðan í kjaraviðræðum SÍB

Staðan í kjaraviðræðum SÍB

Frá því gengið var frá samkomulagi um gerð kjarasamnings SÍB og bankanna þann 23. október hafa formenn samninganefndanna rætt saman um með hvaða hætti og um hvaða atriði skuli samið nú. Af hálfu SÍB er lagt upp með þau áhersluatriði sem fram komu á þingi SÍB vorið 2004. Fyrsta skref viðræðnanna er að semja um heildarkostnað kjarasamninga frá upphafi til loka samningstímans.

Stjórn SÍB sat á fundi í dag mánudag 1. nóvember og forgangsraðaði þeim áherslum sem SÍB þingið lagði, ásamt því að leggja mat á kostnað einstakra liða.

Í þessari viku verður unnið nánar við útreikninga og stefna beggja aðila er að klára samningagerð í nóvember 2004.

10. nóv.

Staðan á samningamálum 10. nóv

Staðan í samningamálum SÍB

Nokkurt hlé hefur verið á kjaraviðræðum samninganefnda SÍB og bankanna, m.a. vegna þess að beðið var eftir niðurstöðu atkvæðagrgeiðslu um miðlunartillögu sáttasemjara í deilu kennara.

Kjaraviðræðurnar snúast fyrst og fremst um hækkun launa á samningstímanum, lengd kjarasamnings og uppsagnarákvæði,en ekki um vinnutíma og lífeyrismál.

Næsti fundur verður laugardaginn 13. nóvember og fréttir ættu að liggja fyrir í næstu viku.

Friðbert Traustason formaður SÍB

23. nóv.

Aftur og enn: staðan í samningamálum SÍB

Staðan í samningamálum SÍB

Nú er verið að skoða hvort og að hve miklu leyti nýgerðir kjarasamningar kennara hafa áhrif á samningaviðræður SÍB og bankanna. Ljóst er að fréttir af hækkunum sem þar var samið um eru mjög misvísandi og eftir er að greina nánar hvaða tölur er raunsætt að tala um í því sambandi. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi grunnskólakennara eru launahækkanir kennara á samningstímanum á bilinu 15 – 20%. Allra yngstu kennararnir fá ívið meiri hækkun, en þeirra laun eru í dag á bilinu 140 – 168 þúsund, eftir ábyrgð og fjölda nemenda í bekk.

Allt tal um að launahækkun til kennara sé á bilinu 25 – 30% er því óábyrgt og í raun staðlausir stafir. Áhugasömum félagsmönnun er bent á að skoða kjarasamning kennara á heimasíðu KÍ www.ki.is

Fulltrúar úr samninganefndum SÍB og bankanna halda áfram viðræðum um kjarasamninginn í dag, þriðjudaginn 23. nóvember. Þar er enn tekist á um almennar launahækkanir til allra félagsmanna ásamt sérstakri hækkun launa til þeirra sem taka laun samkvæmt neðri helmingi launatöflu SÍB.

Með félagskveðju,

Friðbert Traustason formaður SÍB

2004 - Desember

9. des.

Skrifað undir kjarasamninga 8. des

Samninganefndir SÍB og Samtaka atvinnulífsins skrifuðu í gærkvöldi undir kjarasamning
Samningstími er frá 1. október 2004 - 1. október 2008 frá formanni SÍB um samninginn. Kynningarfundur um samninginn verður haldinn í Grand hótel við Sigtún þann 9. desember kl. 17.30.
Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn fer fram á vinnustöðum félagsmanna miðvikudaginn 15. desember.

Ágætu félagsmenn SÍB.

Í dag, miðvikudaginn 8. desember, klukkan 19:30 skrifuðu Samninganefnd SÍB og Samtök atvinnulífsins undir kjarasamning fyrir félagsmenn SÍB. Samningaviðræður hafa staðið yfir frá því að nýtt "Samkomulag um kjarasamninga bankamanna" var undirritað 14. október 2004.

Þegar viðræður aðila hófust höfðu 85 þúsund launamenn innan ASÍ gert kjarasamninga, sem gilda fram á mitt ár 2007. Launahækkanir samkvæmt þeim samningum eru eftirfarandi:
10. apríl 2004 - 3,25%
1. janúar 2005 - 3,00%
1. janúar 2006 - 2,50%
1. janúar 2007 – 2,25%.
Þetta gerir samtals uppreiknað 11,46% launahækkun fyrir alla á samningstímanum. Til viðbótar þessu sömdu ASÍ félögin um tilfærslur í lægri launaflokkum og viðbótarframlag í lífeyrissjóð, sem metið var á 3,5 – 4,0% kostnaðarauka.

Í byrjun þessarar viku samþykktu kennarar síðan kjarsamning eftir langvinnt og oft á tíðum hatrammt verkfall. Launahækkanir samkvæmt þeirra samningum eru:
1. október 2004 – 5,50%
1. janúar 2005 – 3,00%
1. janúar 2006 – 2,50%
1. janúar 2007 – 2,25%
1. janúar 2008 – 2,25%.
Þetta gerir samtals uppreiknað 16,45% launahækkun á samningstímanum. Þessu til viðbótar var samið um sérstaka hækkun fyrir yngstu kennarana, breytingar á kennsluskyldu og launapotta inn í launatöflu (sem aðallega hefur áhrif á eftirlaun). Í báðum framangreindum kjarasamningum er best fyrir alla að skoða þessa samninga á heimasíðum viðkomandi stéttarfélaga og kynna sér hvað þeir gáfu af sér og er þetta eingöngu sett hér fram til að auðvelda félagsmönnum samanburð, sem alltaf er til staðar.

Kjarasamningur SÍB gefur eftirfarandi launahækkanir á samningstímanum:
1. október 2004 – 5,25%
1. janúar 2005 hækka allir í launaflokki 163 og neðar um einn launaflokk, sem er 3,4% hækkun. Í þessum hópi eru 2400 félagsmenn SÍB.
1. janúar 2006 – 3,75%
1. janúar 2007 - 3,00%
1. janúar 2008 – 2,25%
Þessi samningur gefur öllum í launaflokkum 163 og neðar 18,91% launahækkun á samningstímanum, en aðrir fá 15% launahækkun. Það sem er best er að kjarasamningurinn er afturvirkur til 1. október 2004 og að mestu launahækkanirnar eru á fyrstu 13 mánuðum samningsins, frá undirskriftardegi að telja. Launin verða 9,2 til 12,9% hærri frá og með 1. janúar 2006, en þau eru fyrir undirskrift samnings þessa.

Ýmsilegt fleira er í kjarasamningi SÍB, m.a.:

Lágmarkslaun við fastráðningu og eftir 4 ára starf eru hækkuð um 3,4 – 7,0%. Tveir nýir launaflokkar, 202 og 203, bætast ofan á launatöflu. Orlofsframlagið hækkar í krónur 110.000 frá 1. júní 2005. Framlög atvinnurekenda í Styrktar- og Menntunarsjóð eru aukin verulega.

Og síðast en ekki síst eru öllum félagsmönnum SÍB tryggð full laun (upp að 600.000 kr. mánaðarlaunum) í fæðingarorlofi. Einnig eru öll starfstengd réttindi tryggð í fæðingarorlofi, þar með talið orlof og öll lífeyrisréttindi, þar sem bankinn mun greiða mismun greiðslna frá Tryggingastofnun og launa og iðgjalda starfsmanns.

Í kjarasamningnum eru endurskoðunarákvæði ("rauð strik" í nóvember 2005 og nóvember 2006), sem tryggja félagsmönnum SÍB sömu hækkanir á launalið og félagsmenn ASÍ kunna að semja um, ef samningar þeirra losna vegna viðmiðana við verðbólgumarkmið eða annarra kjarasamninga sem eftir á að gera.

Kostnaður við launalið samningsins er rúmlega 17% og því til viðbótar kemur kostnaður við aðra liði svo sem fæðingarorlofs, hækkun lágmarkslauna, framlög atvinnurekenda í Styrktarsjóð og Menntunarsjóð, orlofsframlag o. fl.

Það er eindregin skoðun og mat Samninganefndar SÍB, stjórnar SÍB og formanna aðildarfélaga SÍB að samningur þessi sé ásættanlegur í ljósi aðstæðna á vinnumarkaði. Í samningnum eru laun 2400 félagsmanna sem eru með laun allt að 250.000 krónur á mánuði (12 mánaða tafla, lflk. 163 með 17% álagi) hækkuð sérstaklega um 3,4% umfram þá sem hærri launin hafa. Formannafundur SÍB taldi víst að um þessa leið ríkti sátt og leggur því til við ykkur félagsmenn að samþykkja þennan samning í atkvæðagreiðslu miðvikudaginn 15. desember 2004.

Með félagskveðju og fyrir hönd formannafundar SÍB, Friðbert Traustason, formaður SÍB.

10. des.

Fleiri kynningarfundir um kjarasamninga SÍB

Kynningarfundir um kjarasamninga SÍB verða haldnir sem hér segir:
Mánudag 13. desember í sal Landsbankans við Strandgötu 1 Akureyri kl. 18.30
Mánudag 13. desember í Grand hótel við Sigtún kl. 20.00
Atkvæðagreiðsla um samninginn fer síðan fram 15. desember á vinnustöðum félagsmanna.

13. des.

Kynning samninga og atkvæðagreiðsla

Í dag mánudag verða haldnir tveir kynningarfundir um nýgerðan kjarasamning SÍB.
Á Akureyri mánudag 13. desember í sal Landsbankans við Strandgötu 1 Akureyri kl. 18.30
Mánudag 13. desember í Grand hótel við Sigtún kl. 20.00
Á mánudagskvöld að loknum kynningarfundum verður sett hér á vefinn samantekt á svörum við öllum helstu spurningum sem fram hafa komið á fundunum.
Búið er að senda út kjörgögn vegna atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn og eiga þau að berast trúnaðarmönnum í dag og á morgun þriðjudag. Á miðvikudag verða greidd atkvæði um samninginn.

14. des.

Kynningarefni um kjarasamninga 2004

Hér er komið á vefinn yfirlit yfir helstu atriði sem tengjast undirbúningi og gerð kjarasamninga 8. des 2004. Félagsmenn SÍB greiða atkvæði um samninginn í allsherjaratkvæðagreiðslu 15. desember.
Kynningarefni um samning.
Kjarasamningur 2004.
Útskýringar sem sendar voru með kjarasamningi.

17. des.

Atkvæðagreiðsla um kjarasamning SÍB

Lokið er atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn sem undirritaður var þann 8. desember sl. Þar sem kjörgögn hafa ekki borist frá öllum vinnustöðum verður ekki hægt að ljúka talningu fyrr en mánudag 20. desember. Úrslit verða birt hér á vefnum jafnskjótt og talningu er lokið og úrslit liggja fyrir.

20. des.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu um kjarasamning SÍB!!!

Yfirkjörstjórn Sambands íslenskra bankamanna hefur lokið talningu atkvæða úr atkvæðagreiðslu félagsmanna um nýjan kjarasamning frá 15. desember 2004

ÚRSLIT ATKVÆÐAGREIÐSLUNNAR

Á kjörskrá voru	3936		
Atkvæði greiddu	3251	eða	82,6 %
Samþykktu samninginn	2027	eða	62,35%
Höfnuðu samningnum	1129	eða	34,73 %
Auðir og ógildir seðlar	95	eða	2,92%

Nýjar launatöflur eru komnar á vefinn – vinsamlega látið launadeildir vita.

2005

2005 - Janúar

6. jan.

SÍB hættir við afmælishátið - gefur andvirði til hjálparstarfs í Asíu

Reykjavík 5.janúar 2005
Fréttatilkynning
SÍB hættir við að halda afmælishátíð vegna 70 ára afmælis samtakanna og gefur andvirði hátíðar í söfnun Rauða krossins til styrktar förnarlömbum hamfara í Asíu.

Þann 30. janúar 2005 verður Samband íslenskra bankamanna 70 ára. Stjórn SÍB hafði áform um að fagna þeim tímamótum með því að bjóða félagsmönnum og öðrum velunnurum stéttarfélagsins til afmælisfagnaðar föstudaginn 28. janúar n.k. Til að mæta kostnaði vegna þess hafði stjórn SÍBlagt til hliðar fjármuni undanfarin misseri.
Hörmungarnar sem riðu yfir Suður Asíu og hluta Afríku hafa hins vegar, enn og aftur, sýnt okkur að ógnarkraftar náttúrunnar geta tekið líf þúsunda einstaklinga og kollvarpað lífsviðurværi og lífi þeirra sem lifa hörmungarnar af.
Til þess að hjálparstarfsmenn geti veitt fólkinu í Asíu og Afríku nauðsynlega aðstoð þarf bæði mannskap og peninga. Þess vegna hefur stjórn SÍB ákveðið að hætta við afmælisfagnaðinn en afhenda Rauða krossinum fyrir hönd félagsmanna áætlað andvirði hans kr. 3 milljónir í aðstoð og uppbyggingu á flóðasvæðunum. Stjórn SÍB mun afhenda fulltrúum Rauða krossins þetta framlag á morgun föstudaginn 7. janúar kl. 11:45 í húsakynnum SÍB að Nethyl 2E, Reykjavík.
Einnig mun stjórn SÍB beina því til velunnara stéttarfélagsins, innlendra sem erlendra, að þeir sem hafi hugsað sér að færa samtökunum gjafir geri það í formi peninga, sem verða lagðar inn á sérstakan söfnunarreikning vegna flóðanna. Sú upphæð, sem þannig safnast, verður einnig afhent Rauða krossinum á afmælisdag SÍB þann 30. janúar n.k.

12. jan.

Breyttar úthlutunareglur styrktarsjóðs SÍB

Frá og með 1. janúar 2005 taka gildi endurskoðaðar úthlutunarreglur Styrktarsjóðs SÍB. Helstu atriði sem breytast eru sem hér segir:
- Sjúkraþjálfun – endurgreiðsla vegna hvers tíma hækkar
- Sálfræðiaðstoð – endurgreiðsla vegna hvers tíma hækkar
- Foreldranámskeið - fást endurgreidd að hluta
- Hjartavernd og hjartaskoðun endurgreiðsla allt að kr. 7.000
- Sjóngler, styrkur ef verð glerja fer yfir kr. 40.000
- Laseraðgerð á augum, styrkur allt að kr. 50.000,- á hvort auga.
- Hjálpartæki, s.s. göngugreining, allt að kr. 12.000

Vinsamlega kynnið ykkur endurskoðaðar úthlutunarreglur á www.ssf.is undir sjóðir styrktarsjóður-úthlutunarreglur

18. jan.

Útgreiðsla styrkja úr Menntunarsjóði SÍB

Frestur til að sækja um styrki vegna náms á árinu 2004 rann út 15. janúar sl. Nú er verið að vinna úr umsóknum.
Útgreiðsla styrkja hefst 28.janúar
Umsækjendur eru beðnir að sýna biðlund fram að þeim tíma.
Breyttar úthlutunarreglur Styrktarsjóðs SÍB.

2005 - Febrúar

18. febr.

Aðstoð við foreldra langveikra barna

Í tilefni af umfjöllun fjölmiðla um aðstoð við foreldra langveikra barna er rétt að vísa í úthlutunarreglur Styrktarsjóðs SÍB en þar segir: Sjúkradagpeningar greiðast í allt að 12 mánuði vegna veikinda félagsmanna, maka þeirra eða barna. Sjá nánar úthlutunarreglur Styrktarsjóðs.

2005 - Mars

9. mars

Nýr kjarasamningur í heild kominn á vefinn

Ný útgáfa kjarasamnings SÍB hefur verið sett á vefinn. Í þessari útgáfu er búið að setja inn þau atriði sem samið var um í desember 2004.

31. mars

SÍB-mótið í keilu 2005

Á þessu afmælisári SÍB halda keiluspilarar ótrauðir áfram sinni íþrótt og enn á ný er blásið til keilumóts SÍB.
Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf.
Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.
Stefnt er á að mótið verði haldið í Keilu í Mjódd kl. 18:00 í viku 17, 18 eða 19.
Nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er orðin þekkt. Ef þátttaka verður það mikil að spilað verði í riðlum þá verða spiluð úrslit milli riðla.

Þátttökutilkynningum skal skilað til SÍB fyrir kl. 12:00 á hádegi **19.apríl n.k.**
Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin
NETbréf subject: "SÍB_keila_2005 - heiti liðs".
NET-fang: sigurdur@sib.is
heimasíða SÍB: www.ssf.is
Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin

2005 - apríl

11. apríl

Aðstoð við veika félagsmenn SÍB og fjölskyldur þeirra

Á þingi SÍB 2001 var samþykkt að Styrktarsjóður SÍB myndi kaupa íbúð í grennd við Landsspítalann í Reykjavík til afnota fyrir þá félagsmenn sem þyrftu að dvelja fjarri heimili sínu vegna alvarlegra læknisaðgerða. Stjórn Styrktarsjóðs gerði samning við Krabbameinsfélag Íslands um að félagið annist rekstur íbúðarinnar og sjái alfarið um úthlutun og allt utanumhald vegna hennar. Á árinu 2004 fannst loks íbúð sem Krabbameinsfélagið taldi henta og er í sama húsi og aðrar íbúðir í umsjón þess.

Þann 17. janúar 2005 var íbúðin loks fullbúin til notkunar og af því tilefni mættu stjórnarmenn SÍB og forystumenn Krabbameinsfélagsins til látlausrar athafnar þar sem m.a. Guðrún Agnarsdóttir framkvæmdastjóri KÍ rakti aðdraganda og málsins og hrósaði félagsmönnum SÍB fyrir þámyndarlegu aðstoð við langveika félagsmenn sem birtist í því að þessi íbúð er keypt. Að því loknu flutti prestur Háteigssafnaðar hugvekju og blessaði íbúðina og þá sem þar munu búa.

Íbúðin er ætluð félagsmönnun SÍB og fjölskyldum þeirra, sem þurfa að leita læknishjálpar á spítala og/eða þurfa að mæta á göngudeildir eða í endurhæfingu spítalanna. Sólarhringsgjald íbúðar er kr. 700. Innifalið er þrif, rúmföt og handklæði.
Þeim félagsmönnum sem vegna alvarlegra veikinda gætu þurft að notfæra sér þessa íbúð er bent á að hafa samband við Geislameðferð Krabbameinsdeildar í síma 543 6800.

20. apríl

Skráningu lokið í keilumót SÍB

Skráningu í keilumót SÍB er lokið, alls skráðu sig 10 kvennalið og 9 karlalið.
Ekki þarf að skipta keppninni í riðla.
Keppt verður í 19_viku ársins á öllum brautum í keilusal "Keilu í Mjódd".
Dagskráin verður eftirfarandi:
Mánudagur 09.maí klukkan 18:00 leiknir verða 3 leikir í kvennaflokki
Þriðjudagur 10.maí klukkan 18:00 leiknir verða 3 leikir í karlaflokki
Fimmtudagur 12.maí klukkan 18:00 leiknir verða 2 leikir í hvorum flokki
Hóparnir leika þá til skiptis þ.a. karlar byrja fyrri leik sinn klukkan 18:00 og síðan spila konurnar fyrri leik sinn strax á eftir þeim leik.
Veitingar í boði SÍB verða bornar fram eftir 1-leik í hvorum flokki á meðan beðið er eftir síðari leiknum.
Í mótslok verður verðlaunaafhending.

	lið	fyrirliði/tengiliður
karlar	**þriðjud.10/5/2004 18:oo 3 leikir**	
	fimmtud.12/5/2004 18:oo 2 leikir	
1	KB	Ingi Már Gunnarsson
2	LÍ_A	Sigurjón Gunnarsson
3	LÍ_B	Halldór K. Björnsson
4	LS	Jóna Guðrún Ísaksdóttir
5	RB_A	Jón K Sveinsson
6	RB_B	Sigurður Jónsson
7	RB_G	G.Birgir Aðalsteinsson
8	SPV_A	Sighvatur Sigfússon
9	SPV_B	Gunnar Árnason
10	zzz	blindur

konur	**mánud.09/5/2004 18:oo 3 leikir**	
	fimmtud.12/5/2004 18:oo 2 leikir	
1	LÍ	Bára Ágústsdóttir
2	RB	Sigurlaug Íris Hjaltested
3	SÍ	Guðrún Sigmarsdóttir
4	SÍB	Gréta Kjartansdóttir
5	SPKEF	Guðrún Einarsdóttir
6	SPKOP	Tinna Björk Bryde
7	SPRON_A	Regína Vilhjálmsdóttir
8	SPRON_B	Laufey Sigurðardóttir
9	SPV	Ásdís Ósk Smáradóttir
10	TS	Alda Þórunn Jónsdóttir

2005 - Maí

2. maí

Golfmót SÍB 23. júlí 2005

Verður haldið á Grafarholtsvelli. Munið að taka frá daginn.
Nánari kynning verður birt bráðlega.

17. maí

Keilumót SÍB árið 2005

Keilumót SÍB árið 2005 var haldið dagana 9.-12. maí. Mótið var haldið í samvinnu við 70 ára-afmælisnefnd SÍB.
Alls skráðu sig 10 kvennalið og 10 karlalið, en eitt lið í karlaflokki dró sig úr keppni. Leiknir voru fimm leikir fjögurra manna liða í flokki kvenna og karla og fór verðlaunaafhending fram að loknum fimm umferðum. Bestum árangri í einstaklingskeppni í karlaflokki náði Þórarinn M. Þorbjörnsson, Landsbanka Íslands og í flokki kvenna Ásdís Ósk Smáradóttir, Sparisjóði vélstjóra. Hún náði einnig flestum fellum
í kvennaflokki, en í karlaflokki náði Örnólfur Oddsson, Reiknstofu bankanna (G) flestum fellum.
Í fjögurra manna liðakeppni kvenna urðu úrslit þau að Sparisjóður vélstjóra hafnaði í fyrsta sæti, Landsbanki Íslands varð í öðru sæti og Sparisjóður Reykjavíður og nágrennis í því þriðja. Í liðakeppni karla bar Reiknistofa bankanna (G) sigur úr býtum, í öðru sæti varð Reiknistofa bankanna (A) og í þriðja sæti Landsbanki Íslands (B).
Meðalskor í keilumótinu árið 2005 var 127,51 hjá körlum og 101,83 hjá konum. Framkvæmdanefnd um SÍB keilumót 2005 skipuðu Jón Sveinsson, Sigurður Jóhannsson og Skúli Finnbogason.

23. maí

Nýtt viðmót og útlit vefsíðu

Í tilefni af 70 ára afmæli SÍB hefur viðmót vefsíðu samtakanna verið uppfært og útliti hennar breytt. Vonandi auðvelda þessar breytingar notkun síðunnar. Markmiðið með breytingunum er fyrst og fremst að auka skilvirkni upplýsinga og auðvelda aðgengi. Neðst á síðunni munu birtast stiklur úr sögu SÍB í tilefni afmælisins. Þær tengjast markverðum viðburðum í sögu samtakanna og eru auðkenndar með því ártali sem viðburðurinn átti sér stað.

27. maí

Golfmót SÍB - skrá sig sem fyrst!!

Golfmót SÍB verður haldið á Grafarholti 23. júlí. Mæting kl 8.00. Ræst verður út á öllum teigumkl 8.30 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 13.30 - 14.00 Veitingar í mótslok
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, punktakeppni með og án forgjafar.
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur.
- Makakeppni, besta skor (punktar án forgjafar) og með forgjöf (punktar).
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).

Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum.
Verðlaun eru fyrir lengsta upphafshögg á 13. braut í flokki karla og kvenna.
Skráning tilkynnist á faxi til SÍB í 540 6108 eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi miðvikudag 7. júlí. Veglegar teiggjafir. 100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að. Þátttökugjald er kr. 2.000 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.

2005 - Júní

13. júní

Ný gjaldskrá akstursgjalds og dagpeninga innanlands

Frá og með 1. júní tóku gildi nýjar verðskrár fyrir akstursgjald og dagpeninga á ferðum innanlands. Sjá nánar undir viðkomandi flýtileiðum

22. júní

Úthlutun úr Menntunarsjóði SÍB

Á fundi í morgun var gengið frá úthlutun úr Menntunarsjóði SÍB. Styrkur nemur 50% af námskostnaði en þó ekki hærri en 100 þúsund á hvoru misseri. Greiðslur hafa þegar verið sendar út til viðtakenda og jafnframt var send tilkynning til þeirra sem eiga ósend fylgigögn til sjóðsins

.

2005 - Júlí

1. júlí

Lokað fyrir skráningu á golfmót SÍB

Golfmót SÍB 2005

Nú hefur verið lokað fyrir skráningar á Golfmót SÍB sem haldið verður á Grafarholtsvelli 23. júlí. Völlurinn ber ekki meira en 100 manns á móti eins og þessu þar sem allir þátttakendur eru ræstir út á sama tíma. Nú þegar hafa 120 manns skráð sig og þar af hafa 75 greitt skráningargjald. Fyrstu 100 sem greiða skráningargjald komast að – aðrir sem þegar hafa skráð sig fara á biðlista. Þegar 100 manns hafa greitt skráningargjaldið verður endanlegur þátttakendalisti birtur hér á heimasíðunni.

13. júlí

Golfmót SÍB - lokaútkall og þátttakendalisti

... verða að ljúka greiðslu fyrir mótsdag.
Svo er bara að mæta með bros á vör - eins og alltaf !!

14. júlí

Sumarlokun skrifstofu SÍB

Skrifstofa SÍB verður lokuð vegna sumarleyfa til og með 2. ágúst. Þeir sem bráðvantar að ná sambandi við starfsmenn er bent á netföng á heimasíðu Tölvupósti verður svarað reglulega. Eins má finna símanúmer forystumanna SÍB á heimasíðunni.

2005 - Ágúst

3. ágúst

Úrslit golfmóts 2005

Golfmót SÍB 2005 fór fram á Grafarholtsvelli 23. júlí og tókst í alla staði mjög vel.

Sjá Fylgiskjal 1

19. ágúst

Nám samhliða starfi haust 2005

Enn eru ýmsir möguleikar á að komast í nám samhliða starfi haustið 2005. Þeim sem ekki hafa ákveðið sig er bent á tengla undir nám hér á síðunni. Rétt er að minna á að Menntunarsjóður SÍB styrkir nám samhliða starfi sem fellur undir skilgreiningar Menntunarsjóðs SÍB á starfstengdu námi.

2005 - September

1. sept.

Breytt akstursgjald frá 1. september

Frá og með 1. september breytist akstursgjaldið.

2. sept.

Breyting á dagpeningum erlendis

Endurskoðunarnefnd hefur gefið út nýja gjaldskrá vegna dagpeninga á ferðalögum erlendis em gildir frá 1. september 2005.

5. sept.

Heimsókn til félagsmanna á Vestfjörðum.

Í tilefni 70 ára afmælis SÍB eru stjórnarmenn í skipulegri yfirferð um landið að heimsækja félagsmenn. 3. september sl. var farið í heimsókn á Vestfirði. Haldinn var fundur á Ísafirði þar sem mættu hátt á fjórða tug félagsmanna. Á þessum fundum eru kynnt helstu mál sem SÍB vinnur að og einnig með hvaða hætti samtökin vinna að því að mæta þörfum félagsmanna á ýmsum sviðum.

19. sept.

Heimsókn til félagsmanna á Austfjörðum

Dagana 12. og 13. september heimsóttu stjórnarmenn félagsmenn á svæðinu frá Egilsstöðum til Hafnar. Litið var við í öllum útibúum frá Neskaupstað að Höfn og síðan voru haldnir kynningarfundir Á Reyðarfirði og á Höfn. Fundirnir voru vel sóttir og var góð stemming hjá félagsmönnum á svæðinu.

19. sept.

Hefur þú lokið stúdentsprófi og langar að læra meira?

Síðastliðið haust byrjaði vaskur hópur félagsmanna SÍB nám á háskólastigi með því að fara í námskeiðið Aðferðafræði í Háskólanum í Reykjavík.
Í ljósi þess góða árangurs sem varð af því námskeiði er þetta aftur í boði nú í haust. Þetta námskeið er sérlega vel til þess fallið að byrja háskólanám samhliða starfi eftir fjarveru frá skóla í einhvern tíma.
Námskeiðið hefst mánudaginn 10. október og því lýkur miðvikudaginn 16. nóvember. Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2. Kennt er á mánu- og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 20:00.

Einnig er boðið upp á námskeiðið Fjármál fyrirtækja Námskeiðið hefst þriðjudaginn 11. október og því lýkur fimmtudaginn 17. nóvember. Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2. Kennt er á þriðjudögum frá kl. 18:00-21.45 (fyrirlestrar) og fimmtudögum frá kl. 19:00 - 21:00 (dæmatímar).
Bæði þessi námskeið veita fullgildar einingar á háskólastigi
Endilega kynntu þér málið.
Frekari upplýsingar og skráning:
Charlotta Karlsdóttir
Sími 599 62 58

25. sept.

Stjórnarmenn SÍB í heimsókn

Nýlega var farið um norðurland vestra og litið við á vinnustöðum félagsmanna og síðan haldinn kynningarfundur á Sauðárkróki. Þar skein við sólu Skagafjörður. Myndir frá yfirferð stjórnarmanna um landið er að finna hér flokkað eftir þeim stöðum sem kynningarfundir voru haldnir.

27. sept.

Breytt akstursgjald og dagpeningar

Frá og með 1. október tekur gildi ný verðskrá akstursgjalds og dagpeninga. Sjá nánar viðkomandi efni í flýtivali hér á síðunni.

28. sept.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna fjármálafyrirtækja

Stjórn SÍB hefur ákveðið standa fyrir viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna fjármálafyrirtækja. Um er að ræða könnun sem er hluti af samnorrænu verkefni til að skoða viðhorf starfsmanna fjármálafyrirtækja. Framkvæmd könnunarinnar á Íslandi er í höndum IMG Gallup. Könnunin verður unnin á vefnum. Könnunin verður framkvæmd þannig að umslög með blaði sem á er vefslóð, aðgangsorð og lykilorð verða send til allra trúnaðarmanna sem eru síðan dreifa umslögunum áfram til samstarfsmanna sinna mánudaginn þriðja október. Í hverju umslagi verða leiðbeiningar um hvernig hver og einn fær aðgang að sérstöku vefsvæði á heimasíðu IMG Gallup þar sem þeir svara viðhorfskönnuninni. Á engan hátt er hægt að rekja svör til viðkomandi starfsmanns eða fyrirtækis. Niðurstöður af þessari könnun verða birtar á vef SÍB í nóvember.
Aðgangsorð gildir sem happdrættisnúmer og verða dregnir út 5 ferðavinningar úr þeim hópi sem svarar könnuninni, hver að fjárhæð 100.000. Það er því mikilvægt að hver og einn geymi sitt blað með aðgangsorðinu vel.
Hægt er að taka þátt í könnuninni frá 3. til 25. október n.k. og geta þátttakendur svarað henni heima eða á vinnustað.

2005 - Október

11. okt.

Heimsóknir til félagsmanna

Nú er lokið að sinni skipulegum heimsóknum stjórnarmanna SÍB til félagsmanna utan höfuðborgarsvæðisins. Myndir frá þessum heimsóknum er að finna hér á síðunni.

19. okt.

24. október - kvennadagurinn - SP Nor

Innlent | mbl.is | 19.10.2005 | 09:23
Sparisjóður Norðlendinga lokar snemma á mánudaginn
Sparisjóði Norðlendinga verður á mánudag lokað kl. 14, í tilefni af því að þann dag verða liðin 30 ár frá kvennafrídeginum sem haldinn var árið 1975. Síðar sama dag verður haldinn hátíðar- og baráttufundur í Sjallanum á Akureyri, en þangað eru allar konur í Eyjafirði hvattar til að mæta og sýna samstöðu í verki.
Í tilkynningu segir Jón Björnsson, sparisjóðsstjóri, að bæði hann og stjórn sparisjóðsins styðji þetta framtak heilshugar. „Við höfum hvatt alla okkar starfsmenn til að sækja þennan fund og því verður Sparisjóður Norðlendinga lokaður af þessu tilefni frá og með kl. 14. mánudaginn 24. október."

19. okt.

24. okt kvennadagurinn - SPH

Fréttatilkynning SPH hvetur sínar konur!
Hafnarfirði, 19. október 2005
Stjórnendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar hafa ákveðið að gera konum í SPH kleift að taka þátt í Kvennafrídeginum mánudaginn 24. október næstkomandi. Kvenfólkið mun hætta störfum kl. 14:08 þennan dag og boðið rútuferð í miðbæ Reykjavíkur þar sem farið verður í kröfugöngu á baráttufund á Ingólfstorgi. Af þessum sökum verða afgreiðslustaðir SPH í Garðabæ, Norðurbæ og Kringlunni lokaðir eftir kl. 13:45. Í Fjarðarkaupum verður lokað allan daginn. Hins vegar munu karlmennirnir sjá til þess að þjónustustaður á Strandgötu 8-10 verði opinn til kl. 16:00 þennan dag og sinna þeir öllum nauðsynlegum störfum í fjarveru kvenfólksins.

19. okt.

24. okt Kvennadagur - SÍB

Kvennafrídagur 24. október
Konur hafa verið hvattar til að leggja niður störf n.k. mánudag 24. október kl. 14:08. og láta til sín taka í baráttunni fyrir jafnrétti. Þann 24. október næstkomandi verður kvennafrídagurinn endurvakinn en þá eru liðin 30 ár frá kvennafríinu 1975. Kröfuganga verður farin frá Skólavörðuholti kl. 15:00 og á Ingólfstorgi verður baráttufundur kl. 16.00
SIB styður baráttu kvenna fyrir jafnrétti kynjanna og hvetur félagsmenn til að sýna samstöðu og styðja málstaðinn mánudaginn 24.október eftir því sem kostur er.
Stjórn SIB og formenn aðildarfélagana hafa hvatt atvinnurekendur til að vera viðbúnir því að starfsmenn geti tekið þátt í þessum tímamótum
Stjórn SÍB er sannfærð um að félagsmenn muni taka virkan þátt í baráttu dagsins og að atvinnurekendur styðji jafnréttisbaráttuna heilshugar.

21. okt.

24. október - frá SPRON

Frétt frá SPRON vegna kvennafrídagsins 24. október Reykjavík, 20.október 2005
Lokun útibúa í tilefni af kvennafrídeginum

Mánudaginn 24. október verður kvennafrídagurinn endurvakinn en þá eru liðin 30 ár frá kvennafríinu 1975. Af því tilefni verða flest útibú SPRON lokuð frá kl. 13:45 en útibú í Ármúla og á Skólavörðustíg verða opin á hefðbundnum opnunartíma til kl.16:00. Jafnframt verður þjónustuver SPRON opið til kl.19:00, sími 550 1400.
Starfsfólk SPRON

21. okt.

24.okt - kvennadagur KB banki

Þrjátíu ára afmæli kvennafrídagsins verður haldið hátíðlegt næstkomandi mánudag. Konur hafa verið hvattar til þess að leggja niður störf frá kl. 14.08 þann dag og treysta baráttuböndin. Enda þótt karlpeningur bankans treysti sér í ýmis störf gengur hann ekki í hið mikilvæga hlutverk kvenna í KB banka. Ákveðið hefur verið að gefa öllum konum, sem þess óska, tækifæri að fara frá vinnu á þessum tíma. Útibúum bankans verður lokað kl: 14:00 en starfsemi haldið uppi í öðrum deildum, þ.m.t. þjónustuveri og símaveri. Stjórnandi hverrar deildar mun skipuleggja daginn með sínu fólki. Að sjálfsögðu munu konur fá greiddan fullan vinnudag mánudaginn 24. okt. þó svo að þær hætti fyrr.Við óskum öllu starfsfólki bankans til hamingju með afmæli kvennafrídagsins og stöndum auðvitað heilshugar með þeim konum í röðum starfsmanna sem kjósa að fara og fagna þessum degi.

21. okt.

24. okt kvennadagur - Landsbanki

Mánudaginn 24. október eru 30 ár liðin frá kvennafrídeginum 1975. Af því tilefni efna samtök kvenna til kröfugöngu og baráttufunda kl. 15:00.Ljóst er að margar konur í Landsbankanum muni vilja taka þátt í ofangreindum atburði. Í ljósi þess hefur Bankastjórn Landsbankans ákveðið að loka öllum útibúum bankans kl. 14:00 þennan dag, nema aðalbanka í Austurstræti 11. Höfuðstöðvum bankans verður ekki lokað en ljóst er að skipuleggja þarf og samræma starfsemi einstakra eininga í höfuðstöðvum með tilliti til aðstæðna, þannig að sem flestir geti tekið þátt í þessum tímamótum.
Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason

21. okt.

24. okt kvennadagur SP Þingeyinga

Fréttatilkynning frá Sparisjóði Suður - Þingeyinga Vegna kvennafrídagsins 24. október. Sparisjóður Suður – Þingeyinga hefur ákveðið að gera konum sem starfa hjá sparisjóðnum kleift að taka þátt í 30. ára afmæli Kvennafrídagsins þann 24. október n.k. Af þessu tilefni verða afgreiðslur Sparisjóðs Suður – Þingeyinga að Fosshóli, Húsavík og í Reykjahlíð lokaðar frá kl. 14.00. Afgreiðsla sparisjóðsins að Laugum verður opin eins og venjulega til kl. 16.00.

21. okt.

24. okt kvennadagur - Sp vélstj

Í tilefni af þrjátíu ára afmæli kvennafrídagsins n.k. mánudag 24. okt., vill SPV gera kvenfólki í sparisjóðnum kleift að taka þátt kröfugöngu og baráttufundi. Af þeim sökum verða þjónustustaðir SPV í Árbæ og í Síðumúla lokaðir kl. 13:45. Opið verður í Borgartúni 18.

21. okt.

24. okt kvennadagur - Sp Bolungarv

Sparisjóður Bolungarvíkur lokar afgreiðslum sínum kl.13.45 á kvennadaginn þ. 24.okt.n.k. í tilefni 30 ára afmælis kvennafrídagsins.

24. okt.

24. okt - kvennadagur Íslandsbanki

Kvennafrídagurinn 24. október 2005
Mánudaginn 24. október eru 30 ár liðin frá Kvennafrídeginum árið 1975. Það er ljóst að þessi dagur markaði tímamót í baráttu kvenna til jafnréttis og því er ástæða til að minnast dagsins og þess sem hann breytti. Markmið Kvennafrídagsins núna er hið sama og fyrir 30 árum, að sýna fram á framlag kvenna til íslensks atvinnulífs. Sjálfsagt vilja margir leggja niður vinnu kl. 14:08 og fjölmenna á Skólavörðuholti kl. 15. Þeim tilmælum hefur verið beint til stjórnenda bankans að skipuleggja starfsemina þannig að svo geti orðið. Nokkur útibú munu þurfa að loka eftir kl. 14:08 en viðskiptavinum verður vísað á önnur útibú sem verða eftir sem áður opin fram til kl.16. Kveðja Bjarni og Vilborg

25. okt.

Viðhorfskönnun SÍB 2005

Í dag ersíðasti möguleiki að að svara viðhorfskönnun SÍB en kl. 17.00 í dag verður aðgangshnappur könnunarinnar tekinn af vefsíðunni www.gallup.is
Niðurstöður af happadrætti verða birtar fimmtudaginn 27. okt hér á heimasíðunni.

26. okt.

Framlag viðskiptabankanna til menningarmála

Árið 2005 vann Magnús Óskar Hafsteinsson skýrslu um styrki viðskiptabankanna til menningarmál. Skýrslan er unnin með styrk frá SÍB og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Skýrslan skiptist í tvo hluta, fyrrihlutinn fjallar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja en sá seinni hlutinn gerir grein fyrir framlögum viðskiptabankanna til menningarstarfsemi.

26. okt.

Vatn fyrir alla - ráðstefna

Hvers vegna ráðstefna um vatn fyrir alla
Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.
Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrlega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.
Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru. Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar. Vatnsveitur verði reknar á félagslegum grunni
Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðan-

Hvers vegna ráðstefna um

VATN FYRIR ALLA?

Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrlega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Vatnsveitur verði reknar á félagslegum grunni

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni.

Ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík
laugardaginn 29. október 2005 kl. 13–17.
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Ekkert þátttökugjald.

BSRB MFÍK LANDVERND SÍB

legu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt. Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið. Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru. Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni.
BSRB, Þjóðkirkjan, MFÍK, Landvernd, KÍ, SÍB, Náttúruverndarsamtök Íslands.

27. okt.

Útdráttur - happadrætti úr lykilorðum viðhorfskönnunar SÍB

0P7P2GW
1779505
YT86CC1
KCH99T6
923D8Q7
Þeir sem eru handhafar þessara lykilorða hafa hlotið eitt hundrað þúsund króna vinning hver. Handhafi lykilorðs vinsamlega skrifi nafn sitt, kennitölu, bankanúmer og reikningsnúmer á blaðið með lykilorðinu og sendi það í fax 540 6108 til skrifstofu SÍB. Jafnframt verður að senda frumritið í bankapósti til 113 SÍB, Nethyl 2E, 110 Rvík. Ekki er hægt að greiða út vinning fyrr en frumrit er komið til SÍB.
Stjórn SÍB þakkar góða þátttöku í viðhorfskönnuninni og óskar vinningshöfum til hamingju.

2005 - Nóvember

10. nóv.

Viðskiptavinir njóta góðs af árangri bankanna

Norska ráðgjafarfyrirtækið Econ hefur komist að þeirri niðurstöðu að bættur rekstrarárangur þarlendra banka skili sér til viðskiptavinanna. Segir jafnframt að bankar séu nú mun skilvirkari en fyrir tíu árum og viðskiptavinir hafi notið árangurs að miklum hluta í formi lækkandi viðskiptakostnaðar

10. nóv.

Vinnan flæðir yfir í frítímann hjá yfirmönnum

Yfirmenn í dönskum fjármálafyrirtækjum segjast í auknum mæli verða að klípa af frítíma sínum til að komast yfir að ljúka verkefnum sem tilheyra starfinu. Árið 2000 kvaðst áttundi hver yfirmaður ekki geta lokið starfsskyldum í vinnutíma en 2005 er það þriðju hver yfirmaður. Þetta kemur fram í rannsókn sem Verslunarháskólinn í Árósum hefur unnið.

10. nóv.

Danir taka vinnuna oft með sér heim

Danir eru sú þjóð innan ESB sem oftast tekur vinnuna með sér heim. 25% Dana tekur reglulega með sér verkefni heim meðan Evrópumeðaltalið er 13%. Næstir á eftir Dönum koma Englendingar og Austurríkismenn. Lægstir á þessum mælikvarða eru Spánverjar með 2% og Litháar 4%. Þessar upplýsingar koma frá Eurostat - tölfræðistofnun ESB.

13. nóv.

Fjölmennur fundur trúnaðarmanna SÍB

Framsögumenn á fundinum voru auk Friðberts Traustasonar formanns SÍB sem ávarpaði fundinn í upphafi, þeir Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins sem fjallaði um nýútkomna skýrslu um samkeppnisstöðu norræns atvinnulífs, Þór Sigfússon framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands sem fjallaði um útrás íslenskra fyrirtækja, árangur hennar og aðferðafræði, Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur sem fjallaði um hlutverk trúnaðarmannsins sem álitsgjafa og þá hugsun og eiginleika sem hann þarf að temja sér, Ásdís G. Ragnarsdóttir frá Gallup sem kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar SÍB 2005 og loks Sigurður Albert fræðslufulltrúi SÍB sem kynnti sérstakt lokað svæði trúnaðarmanna á heimasíðu SÍB. Trúnaðarmenn og forystumenn starfsmannafélaga munu fá sendan tölvupóst með aðgangsorðum að svæðinu.

13. nóv.

Fjölmennur fundur trúnaðarmanna SÍB

Þann 11. nóvember var haldinn fundur trúnaðarmanna SÍB á Grand hótel við Sigtún. Alls mættu um 140 manns til fundarins. Fundurinn kom í stað námskeiðs IV fyrir trúnaðarmenn sem að jafnaði er haldið í október. Til þessa fundar voru boðaðir allir aðaltrúnaðarmenn SÍB og forystumenn starfmannafélaga sem jafnframt eru skv skilgreiningu SÍB trúnaðarmenn starfsmanna og hafa skyldur sem slíkir.

13. nóv.

Ódýr gisting í Reykjavík fyrir félagsmenn SÍB

SÍB og Radisson SAS hótelkeðjan hafa gert samning um afslátt af gistingu sem allir félagsmenn geta nýtt sér. samningurinn gildir um gistingu á hótelum sem hér segir:

- Park Inn hótel (áður Hótel Ísland) þar er verð pr standard herbergi kr 7.200 pr. nótt á tímabilinu 1. okt 2005 - 30. apríl 2006.
- Hótel Saga - þar er verð f standard herbergi kr 10.400 pr. nótt á tímabilinu 1. okt 2005 - 30. apríl 2006.
ATH til að þessi verð gildi þarf að gefa upp við pöntun svonefnt PCR númer sem er 16137

14. nóv.

Launabreytingar á almennum markaði og SÍB

Meðalbreyting reglulegra launa á almennum vinnumarkaði sl 12 mánuði og samanburður við hækkun launavísitölu félagsmanna SÍB

Kaupmáttur launa jókst um 1,4% milli ára á almennum vinnumarkaði

Regluleg laun hækkuðu að meðaltali um 5,4% á tímabilinu frá 3. ársfjórðungi 2004 til 3. ársfjórðungs 2005 í iðnaði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verslun og viðgerðarþjónustu. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 4,0%. Samkvæmt því jókst kaupmáttur launa að meðaltali um 1,4% í þessum atvinnugreinum. Launahækkun starfsstétta var á bilinu 4,5% til 6,0%. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu almennt skv. kjarasamningum um 3% þann 1. janúar 2005.

Niðurstöður eru byggðar á launum tæplega 7 þúsund einstaklinga sem voru í úrtaki launakönnunar Hagstofunnar bæði á 3. ársfjórðungi 2004 og 3. ársfjórðungi 2005 (sk. paraðar launabreytingar).

Launavísitalan (skv. Hagstofu), sem reiknuð er skv. lögum nr. 89/1989, mælir mánaðarlegar breytingar á launum launþega og er byggð á upplýsingum um launagreiðslur fyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga. Upplýsingar um launagreiðslur á almennum vinnumarkaði og launagreiðslur sveitarfélaga eru fengnar úr launakönnun Hagstofunnar, en fyrir ríkið er upplýsingum safnað um laun 600 starfsmanna ríkisins. Vísitalan er birt mánaðarlega og er m.a. notuð til að fylgjast með launabreytingum og til viðmiðunar í ýmsum samningum.

Inn í launavístöluna eru mældar allar launabreytingar á tilteknu tímabili. Þegar talað er um paraðan samanburð þá er átt við að sömu einstaklingar eru skoðaðir á báðum tímapunktum, í framangreindu tilfelli laun í september 2004 og aftur í september 2005. Samanlögð hækkun heildarlauna þeirra(dagvinna + yfirvinna+ aðrar greiðslur) á tímabilinu er fundin og prósentuhækkunin gefur hækkun launavístölu hópsins. Að sjálfsögðu getur hækkun einstaklinga innan hópsins verið mismunandi, hér er einungis fundin út meðalhækkun.

Áhugavert er að skoða launahækkanir félagsmanna SÍB fyrir sama tímabil, það er frá september 2004 til september 2005. Þann 1. október 2004 hækkuðu laun allra félagsmanna SÍB um 5,25% og síðan hækkuðu laun 2400 félagsmanna SÍB, það er allra í launaflokkum 163 og neðar, um einn launaflokk, sem er 3,4% hækkun launa og samtals er því launahækkun þessa hóps a.m.k. 8,7% á tímabilinu. Hækkun um einn launaflokk hjá þeim launalægri var metin sem 1,5% hækkun meðallauna allra félagsmanna þegar litið er á allan hópinn. Þannig hefur launavísitala launa félagsmanna SÍB hækkað að minnsta kosti um 6,7%. Þá á eftir að meta aðrar hækkanir á þessu tímabili, svo sem samningsbundnar aldurshækkanir, tilfærslur í starfi, persónubundið launaskrið og síðan áhrif yfirvinnu og annarra starfstengdra launa, svo sem bónus hjá þeim viðsemjendum SÍB, sem greiddu bónus í upphafi árs 2005, en það gerðu þeir flestir. Samkvæmt skoðun eru þessar hækkanir að lágmarki 1% frá september 2004 til september 2005.

Það er því ljóst að meðallaun félagsmanna SÍB hafa hækkað mun meira en laun annarra hópa á almennum vinnumarkaði, og kaupmáttaraukning meðallauna hjá félagsmönnum SÍB er því: (hækkun meðallauna – hækkun vísitölu neysluverðs), eða 7,7 – 4,0 = 3,7% á framangreindu tímabili. Eins og fram kemur hér að framan er launahækkun 2400 félagsmanna í launaflokkum 163 og neðar a.m.k. 8,7% á tímabilinu og kaupmáttaraukning því a.m.k. 4,7%.

Hér að neðan er yfirlit yfir hækkanir einstakra hópa, skv. tölum Hagstofunnar.

Ársbreyting reglulegra launa í iðnaði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verslun og viðgerðarþjónustu eftir starfsstéttum

Breyting milli 3. ársfjórðungs 2004 og 2005	Meðalbreyting %
Allar stéttir	**5,4**
Starfsstétt	
Verkafólk	6,0
Iðnaðarmenn	5,6
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	5,3
Skrifstofufólk	4,6
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	4,7
Sérfræðingar	4,5
Stjórnendur	4,9

Eins og fram hefur komið í fréttum frá Hagstofu Íslands þá hækka laun almennt um 3% þann 1. janúar 2006. Laun allra félagsmanna SÍB hækka hins vegar meira samkvæmt kjarasamningi SÍB og SA, eða um 3,75% frá 1. janúar 2006.

Með kveðju, Friðbert Traustason, formaður SÍB.

15. nóv.

Fyrirlestur um afleiðingar einkavæðingar vatnsveitna

David Hall, prófessor við háskólann í Greenwich í Englandi, heldur erindi um rannsóknir á afleiðingum einkavæðingar á vatnsveitum. Fyrirlesturinn verður kl. 09:00 til 10:30 að Hótel Loftleiðum föstudaginn 18. nóvember nk. David Hall er forstöðumaður deildar við háskólann í Greenwich sem hefur sérhæft sig í rannsóknum á mismunandi rekstrarformum innan almannaþjónustunnar.

16. nóv.

Breyttar aðstæður á vinnumarkaði eftir samkomulag SA og ASÍ

SÍB er ekki beint aðili að því samkomulagi sem gert var 15. nóv milli ofangreindra aðila.

Í 11. grein kjarasamnings SÍB sem undirritaður var 8. des 2004 (sjá bls 34 í kjarasamningi SÍB) er fjallað um breyttar forsendur kjarasamninga og þar segir:

"Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning."

Þessi vinna fer í gang á næstu dögum og verða niðurstöður af henni kynntar félagsmönnum strax og þær liggja fyrir.

18. nóv.

Niðurstöður viðhorfskönnunar SÍB

Fréttatilkynning –

Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna fjármálafyrirtækja - Viðhorfskönnun SÍB 2005

SÍB lét framkvæma viðhorfskönnun meðal starfsmanna fjármálafyrirtækja í október 2005. Könnunin fór fram á netinu dagana 3. – 25. október. Framkvæmdaraðili var IMG Gallup á Íslandi. Könnunin náði til allra starfsmanna á vinnustöðum félagsmanna SÍB án tillits til þess hvort þeir voru félagsmenn SÍB eða ekki. Hlutfall svarenda af heildarfjölda starfsmanna var 70,8% sem Gallup metur sem frábært svarhlutfall.

Kannað var viðhorf svarenda til SÍB, viðfangsefna félagsins og þeirrar þjónustu sem félagið veitir.

Nokkrar helstu niðurstöður úr könnuninni eru:
- 96,7% svarenda eru félagsmenn í SÍB
- 80% svarenda eru jákvæðir í afstöðu sinni til stéttarfélagsins SÍB
- 90% svarenda eru ánægð með upplýsingar sem þeir fá frá SÍB um málefni og viðfangsefni sem félagið fæst við.
- 70% svarenda eru ánægð með efnislegan árangur félagsins svo sem á sviði kjaramála og hvað varðar ýmis réttindamál félagsmanna.

Spurt var um viðhorf til persónulegrar hæfni og símenntunar. Fram kemur að:
- Svarendur fá upplýsingar um símenntun helst af innra vef fyrirtækis, frá samstarfs- eða yfirmönnum og frá SÍB. Mjög fáir tilgreina aðrar upplýsingaleiðir
- 95% svarenda telja símenntun mikilvæga eða mjög mikilvæga.
- 51% svarenda segjast ekki hafa nægan tíma til að auka persónulega hæfni sína.
- 81% svarenda segir núverandi hæfni sína uppfylla kröfur framtíðarinnar vel.
- 72% svarenda segja tengsl sín við faglega þróun vera góð.

Dagvinnutími nægir að jafnaði ekki til að ljúka verkefnum dagsins hjá svarendum og því þurfa þeir að vinna yfirvinnu.
Samskipti á vinnustöðum eru jákvæð og uppbyggileg.
-72% svarenda eru ánægð með starfsaðstöðu sína og aðbúnað.
-70% segja gott jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þess að allnokkuð er um yfirvinnu.
Í heild er viðhorf til vinnustaðarins og yfirmanna mjög jákvætt en 72% eru ánægð með starfsaðstöðu sína og 78% segjast hafa stuðning yfirmanns síns. Af þessum fyrstu niðurstöðum má m.a. draga þær ályktanir að lang flestir félagsmenn eru ánægðir með starfsemi sambandsins, Starfsumhverfi félagsmanna er gott, en vinnuálag er mikið. Bæði bankarnir og sambandið standa sig vel í að kynna námsframboð en starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa minni tækifæri en æskilegt er til að auka persónulega hæfni sína. Starfsmenn eru almennt ánægðir með yfirmenn og samband sitt við samstarfsmenn.Könnunina í heild er að finna á www.ssf.is undir útgáfa – kannanir – viðhorfskönnun 2005. Nánari upplýsingar Friðbert Traustason form gsm 894 6203

23. nóv.

Vegna endurskoðunar á forsendum kjarasamninga

Fresturinn hjá ASÍ er til 15. des. 2005 en ástæða þess að gefa frest til 1. jan. 2006 hjá okkur er sú að bankarnir töldu of skamman tíma til undirbúnings launakeyrslu 1. des n.k., en einhverjir munu greiða strax 1. des. Síðan kemur 0,65% hækkun 1. j. 2007 eins og hjá ASÍ, svo framarlega að samningum verði ekki sagt upp við næstu endurskoðun, sem er 15. nóv. 2006.
Friðbert Traustason formaður SÍB

2005 - Desember

13. des.

Nýjar launatöflur frá 1. jan 06

Þann 1. janúar 2006 hækka laun félagsmanna SÍB um 3,75%. Þar með taka gildi nýjar launatöflur 145 A og 145 B.

19. des.

Nýtt SÍB blað komið út !!

Meðal efnis er umfjöllun um fund trúnaðarmanna 11. nóvember, viðtöl við starfsmenn íslenskra banka í London og Stokkhólmi, samanteknar niðurstöður viðhorfskönnunar SÍB 2005, umfjöllun um líf og fjör hjá starfsmannafélagi Íslandsbanka og svo að sjálfsögðu jólakrossgátan á sínum stað.

2006

2006 - Janúar

2. jan.

Bestu kveðjur og óskir um gleðilegt ár.

Þökkum uppbyggileg og hvetjandi samskipti á liðnum árum.
Virk þátttaka og áhugi félagsmanna í starfi liðinna ára hefur skilað SÍB í fremstu röð.
Styrkjum áfram samtakamátt okkar á nýju ári.

Stjórn og starfsmenn SÍB.

12. jan.

Menntunarsjóður SÍB - umsóknarfrestur til 15. jan

Munið að senda inn umsóknir í Menntunarsjóð SÍB eigi síðar en 15. jan. Miðað er við að úrvinnslu umsókna og greiðslu styrkja sé lokið fyrir 1. febrúar

Nýárskveðja
Kæru félagsmenn SÍB !

18. jan.

Umsóknir í menntunarsjóð SÍB

Umsóknarfrestur um styrki er útrunninn og nú er verið að vinna úr umsóknum - í þeim tilfellum sem fylgigögn vantar verður sendur tölvupóstur til umsækjanda.
Miðað er við að útgreiðslu styrkja verði lokið fyrir lok janúar.
Hver og einn styrkþegi fær tilkynningu í tölvupósti þegar greiðsla hefur farið fram.

31. jan.

Kosning trúnaðarmanna SÍB

Dagana 8.- 9. febrúar nk. fer fram kosning trúnaðarmanna á öllum vinnustöðum félagsmanna SÍB. Allir áhugasamir eiga kost á að bjóða sig fram.

2006 - Febrúar

10. febr.

Fjármálahagfræði - ný námsbraut í HÍ

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands mun í haust bjóða í fyrsta sinn upp á meistaranám í fjármálahagfræði sem lýkur með prófgráðunni MS í hagfræði. Meistaranám í fjármálahagfræði er þriggja missera nám (45 einingar) þar sem lögð er áhersla á samspil fjármálafræða og hagfræði.
Fjármálahagfræði hentar vel þeim sem eru með góðan stærðfræðilegan bakgrunn og vilja að námi loknu takast á við flókin viðfangsefni á sviði fjármála. Einkum á sviði áhættu-, eigna-, skulda-, og fjárstýringar, greiningarvinnu á fjármálamörkuðum og verðlagningar fjármálaafurða. Allir velkomnir.

21. febr.

Nám samhliða starfi borgar sig!!

Meðallaun útskrifaðra nemenda úr háskólanámi með vinnu eru hærri eftir nám en þau voru áður en nám hófst, jafnvel þegar leiðrétt er með tilliti til launavísitölu.
Rannsókn sem tveir nemendur við HR gerðu á fjárhagslegum ávinningi af háskólanámi með vinnu leiddi í ljós að meðallaun eru marktækt hærri eftir nám en þau voru áður en nám hófst. Einnig kemur fram að fleiri hafa að loknu náminu stjórnunarábyrgð. Jafnframt upplifa svarendur í rannsókninni meiri virðingu og sjálfstraust í starfi eftir námslok.
Allir svarendur eru sammála því að námið hafi verið fórnarinnar virði.
Rannsakendur draga þá ályktun að stuðningur vinnuveitanda/yfirmanns við nemandann skili sér til baka til fyrirtækisins þar sem nemandinn er tilbúinn til að leggja meira á sig í starfi vegna stuðningsins sem hann þáði á meðan á námi stóð.
Rannsóknin var unnin af Hrönn Veroniku Runólfsdóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Magnúsdóttur haustið 2005.

2006 - Mars

8. mars

Má bjóða þér í heimsókn?

Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám - Staðbundið og fjarnám
Þér er boðið á Opið hús Menntaskólans í Kópavogi, 11. mars næstkomandi milli kl. 12:00 og 16:00 og þá er hægt að skoða námsaðstöðuna, fá allar upplýsingar og einnig er hægt að innrita sig þá.
Innritun fyrir haustönn 2006 er hafin Ekki er álag í náminu um um mánaðamót

2006 - Apríl

23. apríl

Kjarasamningur SÍB - nú einnig á ensku

Í ljósi þess að sífellt fjölgar þeim starfsmönnum fjármálafyrirtækja sem eru af erlendum uppruna hefur SÍB ráðist í að láta þýða kjarasamninginn í heild á ensku. Með því er væntanlega bætt aðstaða þessara félagsmanna til að kynna sér réttindi sín skv. kjarasamningum SÍB.

27. apríl

Keilumót SÍB 2006

Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf.
Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki. Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin°
Stefnt er á að mótið verði haldið í Keilu í Mjódd kl. 18:00 í viku 19. Nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er orðin þekkt. Ef þátttaka verður það mikil að spilað verði í riðlum þá verða spiluð úrslit milli riðla. Þátttökutilkynningum skal skilað til SÍB fyrir kl. 12:00 á hádegi 3.maí n.k. Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin
NETbréf subject: "SÍB_keila_2006 - heiti liðs".
NET-fang: sigurdur@sib.is
heimasíða SÍB: www.ssf.is/

2006 - maí

3. maí

Breytt akstursgjald

Akstursgjald breytist frá og með 1. maí 2006.

29. maí

Golfmót SÍB 22. júlí 2006

Hið aldeilis feikivinsæla golfmót SÍB verður þessu sinni á Akranesvelli 22. júlí. Nánari upplýsingar og tengill í beinlínuskráningu verður birt hér eftir hvítasunnu.

2006 - Júní

6. júní

Ný námsbraut samhliða starfi - Banking, Finance and international business

Banking, Finance and International Business
Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður nú upp á meistaranám í bankastarfssemi, fjármálum og alþjóðaviðskiptum (Banking, Finance and International Business). Námið er 45 eininga, að mestu í fjarnámi og er hugsað sem nám með vinnu. Gert er ráð fyrir að kennarar komi frá erlendum háskólum, erlendum fjármálafyrirtækjum, íslenskum fjármálafyrirtækjum og Viðskiptaháskólanum á Bifröst.
Námið er stutt af Glitni og Straumi.
Eftirfarandi kennarar munu koma að náminu í ár:
Dr. David Marshall, Senior Lecturer, University of Edinburgh
Dr. Eric Stubbs, Managing Director, Bear Stearns
Dr. Enrique Jean, Vice President, Bear Stearns
Dr. Dimitri Holod, Assistant Professor, State University of New York
William H. Turner, Dean of the College of Business State University of New York, Stony Brook.
Dr. James Hine, Senior Lecturer, University of Edinburg
Dr. Manuel London, Associate Dean, State University of New York, Stony Brook
Dr. Arnar Bjarnason, Prófessor, Viðskiptaháskólanum á Bifröst
Dr. Francis Gupta, Dow Jones Corp.
Gert er ráð fyrir að námið verði stefnumiðað nám sem mun höfða til þeirra sem hafa áhuga á að starfa í fjármálafyrirtækjum eða við fjármál í fyrirtækjum í miklum alþjóðaviðskiptum. Einnig til þeirra sem nú þegar starfa í fjármálafyrirtækjum eða í fyrirtækjum sem eru í mikilli alþjóðlegri útrás og þurfa á aukinni þekkingu að halda í tengslum við starf sitt.

6. júní

Endurnýjun kjarasamninga í sumar?

Samtök atvinnulífsins hafa lagt fram hugmynd að framlengingu kjarasamninga. Þar er m.a. gert ráð fyrir hækkun mánaðarlauna skv taxta um 12.000 á mánuði.

Ágætu félagsmenn SÍB.
Eins og þið hafið lesið í blöðum og heyrt og séð í fréttum um hvítasunnuhelgina, þá lagði framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins(SA) fram "Hugmynd að samkomulagi" milli ASÍ-félaga og SA. Markmið samkomulagsins er að eyða fyrirliggjandi óvissu um launaþróun næstu misserin og stuðla um leið að því að markmið um stöðugt verðlag geti náðst á árinu 2007. Þessi hugmynd er einnig lögð fram fyrir önnur stéttarfélög, sem SA semur við, en SÍB er þar á meðal ásamt m.a. atvinnuflugmönnum, flugumsjónarmönnum, skipstjórnarmönnum, vélstjórum og verkstjórum.

Eins og allir vita eru verðlagsforsendur kjarasamninganna, sem gerðir voru 2004, brostnar. Þar var gert ráð fyrir því að kjarasamningar héldu ef verðbólga á 6 mánaða tímabili mældist eigi hærri en 3%, en fyrirséð er að verðbólgumæling í nóvember 2006 verður mun hærri, eða líklega á bilinu 8-9%. Þessi þróun er öllum til miska, ekki hvað síst launamönnum, sem horfa fram á síhækkandi verð á vöru og þjónustu, ásamt hækkun höfuðstóls verðtryggðra heimilis- og húsnæðislána.

Hugmynd SA er að forsendunefnd svokölluð, sem meta á ástand kjaramála með tilliti til verðlags í nóvember 2006 og koma með tillögur um framhald, verði ekki sett í það vonlitla verkefni að ná samkomulagi í haust. Þess í stað setjist samningsaðilar nú þegar að samningaborði og semji um launahækkanir, sem gilda

út árið 2007. Tilboð SA er um að hækka alla launataxta mánaðarlauna um kr. 12.000 frá og með 1. júlí 2006. Það er skýrt tekið fram að þessi hækkun kemur einungis á umsamda launataxta, en ekki ofan á hugsanlegar viðbótargreiðslur, sem launamenn hafa til viðbótar launatöxtum. All flestir félagsmenn SÍB hafa umsamda launataxta (frá lflk 103 – 203) og munu þeir allir fá 12.00 kr. hækkun á sínum taxta. Þeir sem eru með launataxta + aukagreiðslu eiga samkvæmt þessari hugmynd SA að hækka í taxta um 12.000 kr., en lækka að sama skapi aukagreiðsluna, þannig að þeir sem eru með 12.000 kr. eða hærri aukagreiðslu fá ekkert af umsamdri 12.000 kr. hækkun, ef tillaga SA gengur eftir. Þetta segja atvinnurekendur að sé gert til að jafna launahækkanir þeirra sem einungis fá umsamdar hækkanir launataxta og þeirra, sem notið hafa launaskriðs með öðrum hætti(aukagreiðslu) undnafarin misseri. Samkvæmt hugmynd SA á einnig að tryggja að allir launamenn fái að lágmarki 4,5% hækkun launa á árinu 2006. Þetta þýðir að félagsmenn SÍB, sem allir fengu 3,75% launahækkun þann 1. janúar 2006, eiga inni 0,75% hækkun. Þetta kemur í viðbót við 12.000 kr. hækkun taxta.

Ef þessir samningar nást og ríki og sveitarfélög eru tilbúin að draga úr þenslu í opinberum framkvæmdum þá er líklegt að verðbólgan fari að lækka á árinu 2007. Ef opinberir aðilar beita ekki sínum kröftum í takt við atvinnulífið og verkalýðshreyfinguna þá er líklegt að framangreint samkomulag skili ekki þeim árangri, sem aðilar þess gera sér vonir um. Áframhaldandi hækkun verðlags og verðbólgu mun grafa undan velferð okkar og draga úr því trausti sem Ísland, og ekki síst íslenskir bankar, hafa áunnið sér undanfarin ár.

Það skal skýrt tekið fram að enn er hér um hugmynd SA að ræða, stéttarfélögin eiga eftir að fjalla nánar um þessa hugmynd í sínum röðum. Ég tel rétt að skoða þessa hugmynd með opnum huga og reyna að með öllum ráðum að finna lausn, sem færir launamönnum viðunandi kjarabætur, stöðugleika á vinnumarkaði og þjóðfélaginu leið út úr ógöngum hugsanlegrar óðaverðbólgu. Verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur leiddu þjóðina út úr ógöngum óðaverðbólgu árið 1990 með svokölluðum Þjóðarsáttarsamningum. Líklega er komið að því að stíga svipað skref núna.

Friðbert Traustason, formaður SÍB.

9. júní

Fjármálafyrirtæki í Noregi lokuð mánudag 12. júní?

Allt stefnir í að starfsemi í norskum fjármálafyrirtækjum lamist frá mánudeginum 12. júní. 6000 starfsmenn tryggingafélaga hafa verið í verkfalli frá 2. júní og til viðbótar höfðu tæplega 1600 starfsmenn í sparisjóðum boðað verkfall frá og með 12 júní.
Svar atvinnurekenda við þessu var að boða allsherjar verkbann á alla starfsmenn norskra fjármálafyrirtækja mánudag 12. maí komi til boðaðs verkfalls starfsmanna sparisjóða.
Stéttarfélagið áréttar að komi til lokunar sé það á ábyrgð forsvarsmanna atvinnurekenda, ekki stéttarfélagsins sem hefur þegar lagt fram tiboð til lausnar deilunni sem var hafnað.
Deilan snýst um að Stéttarfélag starfsmanna í bönkum og tryggingafélögum hefur sett fram kröfu um að samið verði um greiðslur í lífeyrissjóði fyrir starfsmenn og starfsmannatryggingar í stað þess að fyrirtækin ákveði einhliða hvort og þá hve mikið er greitt í lífeyrissjóði fyrir starfsmenn.
sjá hér fréttatilkynningu frá Finansforbundet

ARBEIDSGIVERNE HAR SKYLDA!
Det er arbeidsgiverne i finansnæringen som har ansvaret for at finans-Norge kan bli stengt førstkommende mandag, sier forbundsleder Jorunn Berland i Finansforbundet. - De har varslet lock-out for 15 000 av våre medlemmer og velger selv å stenge BBS, bankene og forsikringsselskapene. Det er årsaken til at mange kunder kan komme i en vanskelig situasjon i neste uke, sier hun.
Finansforbundet tar ikke ansvaret for at finans-Norge kan bli stengt. 6020 medlemmer i forsikring har vært i streik fra 1. juni, mens opptrappingsplanen fra 12. juni kun omfatter 1573 medlemmer i Terra-bankene.
Bakgrunnen for konflikten er at Finansforbundet krever forhandlingsrett på tjenestepensjoner og personalforsikringer for de ansatte. – Arbeidsgiverne i bank og forsikring står fast ved at de ensidig skal kunne endre disse ordningene når de selv vil. Det kan vi ikke godta. Vi vil ha innflytelse på våre tjenestepensjoner og personalforsikringer og krever derfor tariffesting av disse ordningene, sier Berland.

12. júní

Lög sett á vinnudeilu í Noregi

Norska ríkisstjórnin mun með lögum banna vinnudeiluna sem er til komin vegna þess að stéttarfélagið vildi fá samningsrétt um lifeyrismál og starfsmannatryggingar fyrir félagsmenn sína. 6000 tryggingastarfsmenn fóru í verkfall 2. júní. 12. júní áttu nokkur þúsund starfsmenn sparisjóða að bætast í hóp verkfallsmanna. Atvinnurekendur gripu til þess að setja verkbann á alla félagsmenn í Finansforbundet frá 12. jún. Í ljósi þess að átökin voru að stigmagnast og myndu hafa alvarleg áhrif á samfélagið ákvað ríkisstjórnin að banna deiluna og setja málið í "þvingaða launanefnd" sem á að skera úr í deilunni.
Forsvarsmenn stéttarfélagsins eru mjög ósáttir við þetta inngrip ríkisstjórnarinnar í lögformlega réttan feril kjaradeilna og segja þetta brot á rétti félagsins til að nota verkfall sem aðferð til að fá viðsemjendur til viðræðna um þessi mikilvægu mál.
Ekkert verður af boðuðum aðgerðum í dag og allir mæta til starfa.

12. júní

Skráning á golfmót SÍB

Golfmót SÍB verður á Garðavelli á Akranesi 22. júlí. Allar skráningar verða að fara í gegnum beinlínuskráningu.

26. júní

Í tilefni af nýgerðu samkomulagi SA og ASÍ

Í tilefni af nýgerðu samkomulagi SA og ASÍ
SÍB er ekki beinn aðili að nýgerðu samkomulagi SA og ASI, en hinsvegar hefur þetta samkomulag áhrif á kjarasamninga SÍB þar sem í bókun með kjarasamningi SÍB segir:
"Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja launalið samningsins upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning."
Samningsaðilar (SA og SÍB) eiga eftir að skoða hvaða sambærilegar breytingar skuli gilda um samning SÍB. Niðurstöðu af þeirri skoðun er ekki að vænta fyrir lok júnímánaðar en verður kynnt hér jafnskjótt og hún liggur fyrir.

2006 - Júlí

11. júlí

Sumarlokun skrifstofu SÍB

Skrifstofa SÍB verður lokuð frá og með 17. júli til og með 4. ágúst vegna sumarleyfa starfsmanna. Tölvupósti verður svarað reglulega og eins er hægt að ná sambandi við starfsmenn í farsíma ef félagsmenn bráðvantar aðstoð.

25. júlí

Staðan í samningamálum 24.07.2006

Eins og fram kom í frétt hér á heimasíðunni 26. júní s.l. þá eiga félagsmenn SÍB að fá sambærilegar kjarabætur og samið var um í samkomulagi ASI og SA 22. júní 2006. Samningamenn SÍB, SA (Samtaka atvinnulífsins) og bankanna hafa að undanförnu rætt um hvernig best sé að koma þessum kjarabótum til skila til félagsmanna SÍB. Ljóst er að samkomulagi ASÍ og SA er fyrst og fremst ætlað að bæta kjör þeirra sem lægri launin hafa og taka laun sín samkvæmt launatöxtum.
Ekki tókst að afgreiða samkomulag milli SÍB og SA fyrir sumarfrí, en skrifstofur beggja aðila eru nú lokaðar fram yfir verslunarmannahelgi. Ætlunin er að afgreiða samkomulagið fyrir launakeyrslu í ágúst, en samkomulagið mun gilda frá og með 1. júlí 2006.
Allar nánari fréttir af málinu verða settar hér á heimasíðu SÍB.
Bestu sumaróskir

Friðbert Traustason formaður SÍb

25. júlí

Úrslit í Golfmóti SÍB 2006

Golfmót SÍB 2006
Golfmótið fór fram 22. júlí á golfvellinum á Akranesi.
Helstu úrslit voru sem hér segir:

Kvennaflokkur án forgjafar	
1. Friðmey Jónsdóttir	LÍ
2. Jóhanna Þorsteinsdóttir	LÍ
3. Jónbjörg Kjartansdóttir	LÍ
Kvennaflokkur með forgjöf	
1. Sigrún Bernhard	SpKef
2. Hjördís Björnsdóttir	Glitnir
3. Kristín Jónsdóttir	Glitnir
Karlaflokkur án forgjafar	
1. Hróðmar Halldórsson	LÍ
2. Alfreð B Kristinsson	Seðlabanki
3. Kristinn Ó . Ólafsson	Landsbanki
Karlaflokkur með forgjöf	
1. Valdimar Einarsson	Landsbanki
2. Stefán Halldór Jónsson	Landsbanki
3. Kjartan Birgisson	Landsbanki
Makaflokkur með forgjöf	
1. Birna Aspar	RB
2. Gunnar Jónsson	SpKef
3. Aldís Hilmarsdóttir	Spron
Makaflokkur án forgjafar	
1. Jóhann Þór Sveinsson	RB
Nýliðaflokkur	
1. Arnheiður Arngrímsdóttir	Glitnir
2. Harpa Guðmundsdóttir	SpKef
3. Katrín Guðmundsdóttir	KB banki
Gestaflokkur	
Grétar Leifsson	Landsbanki

Umsjónarmenn golfmótsins voru þau Karl Jóhannsson og Þórarinn Þorbjörnsson frá LÍ og Hanna Garðarsdóttir frá Glitni. SÍB þakkar þeim óeigingjarnt starf í þágu golfunnenda í SÍB

2006 - Ágúst

23. ágúst

Staðan í kjaraviðræðum

Viðræður milli aðila yfir. Aðilar hafa undanfarið velt á milli sín mismunandi tæknilegum útfærslum. Flest bendir til að farin verði sama leið og samkomulagi ASÍ og SA frá í júní 2006 enda kveður bókun í kjarasamningi SÍB/SA á um að það skuli gert.
Kjarabætur reiknast frá 1. júlí 2006
Nánar verður greint frá gangi mála bráðlega.

29. ágúst

Kjarasamningur SÍB og SA um taxtaviðauka og launaþróun

Í Kjarasamningi SÍB og SA frá 1. október 2004 er á bls 31 bókun um "Endurskoðun vegna verðlagsþróunar og þróunar launa". Þar eru ákvæði sem segja "Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingar á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning."
Í júní s.l. náðu ASÍ og SA samningum um taxtaviðauka og launaþróun hjá félagsmönnum ASÍ.Þessum samningi var ætlað að bæta sérstaklega hag þeirra sem lægri launin hafa.

Á grundvelli framangreindrar bókunar í kjarasamningi SÍB var félagsmönnum SÍB boðinn þessi sami samningur. Stjórn SÍB tók sér tíma til þess að skoða þetta tilboð og hvort einhver grundvöllur væri fyrir annarri útfærslu en samið var um hjá ASÍ/ SA. Eftir ýmsar vangaveltur og útreikninga komst stjórn SÍB að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast væri fyrir félagsmenn SÍB að taka sama samning og ASÍ/ SA sömdu um.
Mikill meirihluti félagsmanna SÍB mun fá kjarabætur með þessum nýja samningi:

1) Allir sem taka laun samkvæmt launatöflum SÍB, og eru ekki með viðbótargreiðslur á taxtalaun, fá 15.000 króna launahækkun sem gildir frá 1. júlí 2006. Þessi greiðsla kemur sem 15.000 x 7 = 105.000 kr. eingreiðsla fyrir fullt starf sem greidd verður 1. október fyrir mánuðina júlí – desember 2006, en taxtaviðauki tekur síðan gildi 1. janúar 2007 og þar til viðbótar umsamin 3,65% launahækkun.

2. Öllum sem ekki fá 15.000 kr. hækkun á launum, þ.e. allir sem hafa yfirborganir á taxta eða taka laun utan taxta, skal tryggð 5,5% launahækkun á tímabilinu 1. júní 2005 – 1. júní 2006. Allir félagsmenn SÍB fengu 3,75% launahækkun 1. janúar 2006 og eiga því að hámarki inni 1,75% launahækkun svo framarlega sem þeir hafi ekki fengið aðra launahækkun á tímabilinu þannig að 5,5% markinu sé náð. Launaþróun þessara félagsmanna verður skoðuð nú í september og launahækkun (flestir 1,75%) gildir frá 1. júlí 2006.
Framkvæmd þessa samnings er í höndum launadeildar hvers fyrirtækis sem yfirfara nánari útfærslu á útreikningum fyrir launakeyrslu í lok september 2006.

F.h stjórnar SÍB
Friðbert Traustason formaður

2006 - September

29. september

Í viku símenntunar

Nú er í gangi vika símenntunar og þá er tilvalið að huga að eigin menntun, þekkingu og reynslu. Á heimasíðu SÍB er verkfæri til að skrásetja þetta allt. Þar eru eyðublöð og fræðsluefni um hvernig hægt er að útbúa eigin ferilskrá og færnimöppu. Þessi gögn eru sérlega einföld hagnýt í notkun og full ástæða til að kynna sér nánar.

2006 - Október

19. október

Kynningarfundur um færnumöppugerð

Þann 17.okt var haldinn kynningarfundur um gerð færnimöppu fyrir félagsmenn. Þar fjallaði Aðalheiður Sigurjónsdóttir um helstu þætti sem huga þarf að við undirbúning og vinnslu eigin færnimöppu. Næsti kynningarfundur verður þriðjudaginn 24. okt kl. 17.15 - 19.00 í Nethyl 2E. Enn eru nokkur sæti laus á þann fund - þátttakendur vinsamlega tilkynni sig með tölvupósti til sigurdur@sib.is

19. október

Gildi starfa - Raunfærnimat

SÍB er þátttakandi í fjölþjóðlegu verkefni er nefnist Gildi starfa (Value of Work) sem gengur út á að meta raunfærni fólks sem er starfandi á vinnumarkaði.
Verkefnið er styrkt af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins.

Samstarfsaðilar hérlendis eru m.a. Glitnir, Landsbankinn, KB-banki og Menntaskólinn í Kópavogi, en verkefninu er stjórnað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
Verið er að ganga frá uppbyggingu matsferlis og á næstu vikum verða valdir fyrstu þátttakendur í verkefnið. Til að einfalda verkefnið í fyrstu atrennu verður eingöngu metin raunfærni bankastarfsmanna sem fást við verkefni sem falla undir starfsheitið þjónustufulltrúi eða þjónusturáðgjafi.
Miðað er við að 20 – 30 manns taki þátt í verkefninu að þessu sinni og greiða þátttakendur ekki kostnað vegna þátttöku í verkefninu.
Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka þátt, vinsamlega sendi tölvupóst fyrir 25. október til sigurdur@sib.is þar sem fram kemur
a. fullt nafn og kennitala
b. starfsheiti
c. starfsaldur í banka
d. menntun

Þátttaka í verkefninu Gildi starfa veitir félagsmönnum tækifæri til að kortleggja raunfærni sína og draga fram eigin styrkleika.
Hefur þú áhuga á að:
- koma að spennandi verkefni um þróun raunfærnimats
- fá handleiðslu við að kortleggja raunfærni þína
- skoða nánar þá færniþætti sem starf þitt krefst
- auka innsýn í eigin raunfærni
- auka færni í að tala um eigin raunfærni
- fá raunfærni þína metna af fagaðila
- auka sjálfstraust þitt með því að draga fram styrkleika
- auka möguleika þína á færniuppbyggingu

Hvað er raunfærni? Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Í gegnum matsferlið gefst þér tækifæri til að öðlast yfirsýn yfir færni þína og styrkleika.

Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við alls konar aðstæður og í alls konar samhengi. Allt nám er álitið verðmætt og því mikilvægt að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað. Innan ESB er nú lögð mikil áhersla á að þróa leiðir og aðferðir til að meta raunfærni með skilvirkum hætti.

30. október

Mikill áhugi á að útbúa færnimöppu

Félagsmenn hafa tekið vel tillögum um að vinna sína eigin færimöppu. Mikil umferð hefur verið um vefinn og margir sent inn ferilskrá. Verið er að vinna úr innsendum gögnum og allir sem sendu inn fá senda til baka möppu til að geyma í gögn og ferilskrá. Þar verður jafnframt blað sem segir hvort viðtakandi datt í lukkupottinn. Þegar útsending fer af stað verður sett frétt hér.

30. október

Margir vilja taka þátt í verkefninu Gildi starfa

Nú er verið að fara yfir gögn þeirra sem óskuðu eftir að taka þátt í verkefninu Gildi starfa. Þann 3. nóv. n.k. verður haft samband við alla sem sendu inn gögn.

2006 - Nóvember

14. nóvember

Færnimappa - búið að senda út til þátttakenda

Nú er búið að yfirfara öll gögn sem send voru inn vegna innsendingar á ferilskrá. Þátttaka varð umfram væntingar og vonandi hafa enn fleiri tekið sig til og byrjað að vinna að því að finna til gögn í eigin möppu
Allir sem sendu inn gögn fengu nafn sitt í pott þar sem dregnir voru út 5 vinningar – ferðaávísun með Iceland Express. Allir sem sendu inn ferilskrá fá senda möppu til að safna í sínum gögnum og þar er bréf sem segir hvort viðtakandi hlaut vinning eða ekki

14. nóvember

Verkefnið Gildi starfa komið í gang

Búið er að yfirfara gögn og velja í fyrsta hópinn í verkefninu Gildi starfa. Mikill áhugi hefur verið á þessu verkefni meðal félagsmanna og jákvætt viðhorf til verkefnisins. Valdir voru alls 24 einstaklingar sem starfa sem þjónustufulltrúar. Við val þátttakenda var þessu sinni reynt að velja einstaklinga með svipað menntunarstig og viðfangsefni í starfi og af sama svæði.
Í þessu fyrsta verkefni verður mótuð aðferðafræði við raunfærnimat og leiðir til að útfæra þær aðferðir fyrir stærri hóp. Fyrir liggur að reynslan af þessu verkefni verður nýtt til að koma á matskerfi fyrir raunfærni og jafnframt að útvíkka notkunargildi þess þannig að það henti fyrir sem flest störf.
Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast með þróun á sviði raunfærnimats og undirbúa eigin gögn undir að taka þátt í slíku ferli, til dæmis með því að byrja að vinna eigin færnimöppu og ferilskrá en slík vinna er í öllum tilfellum undirstaða raunfærnimats. Sjá einnig öfluga kynningu á aðferðafræði raunfærnimats á vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.
Lokaáfangi þessa verkefnis verður í október 2007 þar sem niðurstöður þess verða kynntar formlega og þá verður jafnframt greint frá þeim á vefsíðunni www.ssf.is

22. nóvember 2006

Ódýr gisting fyrir félagsmenn SÍB í Reykjavík

SÍB og Radisson SAS hótelkeðjan hafa gert samning um afslátt af gistingu sem allir félagsmenn geta nýtt sér. samningurinn gildir um gistingu á hótelum sem hér segir:
- Park Inn hótel (áður Hótel Ísland) þar er verð pr standard herbergi kr 7.500 pr. nótt á tímabilinu 1. okt 2006 - 30. apríl 2007.
- Hótel Saga - þar er verð f standard herbergi kr 10.000 pr. nótt á tímabilinu 1. okt 2006 - 30. apríl 2007.
ATH til að þessi verð gildi þarf að gefa upp við pöntun svonefnt PCR númer sem er 16137

29. nóvember

Breytt akstursgjald frá 1. des

Í samræmi við reglur um ferðakostnað hefur verið birt endurskoðað akstursgjald sem gildir frá og með 1. desember 1006.

29. nóvember

Ný launatafla frá 1. jan 2007 skv kjarasamningum SÍB

Þann 1. janúar tekur gildi ný launatafla nr 146. Þar er búið að reikna inn í töflu 15.000 kr. hækkunina sem kom sem leiðrétting síðla árs 2006, launahækkun um 0,65% sem reiknuð voru sem uppbót í lok síðasta árs vegna verðlagshækkana og síðan er 3% hækkun skv. kjarasamningum frá 2004.

2006 - Desember

21. desember

Nýtt SÍB blað á leið til félagsmanna

Desemberblaðið komið út. Þar er ýmis fróðleikur um kjaramál og lífeyrismál, og umfjöllun um jafnréttisverðlaun sem SPRON fékk nýlega auk annars efnis.
Blaðið er farið í dreifingu og verður sent heim til félagsmanna.

2007

2007 - Janúar

2. janúar

Gleðilegt ár 2007 !

Ágætu félagsmenn !!
Bestu óskir um gleðilegt ár,
og bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári
Stjórn og starfsmenn SÍB

8. janúar

Launahækkun félagsmanna SÍB 1. janúar 2007

Vegna frétta í dagblöðum um almennar launahækkanir á bilinu 2,9 – 3,15% er rétt að ítreka og árétta að laun félagsmanna SÍB hækkuðu um 3,65% þann 1. janúar 2007.
Allar launahækkanir sem tengjast samkomulagi SÍB og SA frá 28. ágúst 2006, t.d. 15.000 kr hækkun hjá félagsmönnum SÍB sem taka laun skv. launataxta SÍB og 5,5% launaþróun 1.6.2005 – 1.6.2006 hjá öðrum (félagsmönnum utan launataxta) áttu að koma til framkvæmda fyrir 1.1.2007.
3,65% hækkunin á að hækka öll föst laun ofan á þær hækkanir sem tengjast samkomulagi SÍB/SA frá 28. ágúst 2006.

8. janúar

Hlutlægt mat á árangri skilar konum hærri launum

Talsverður hópur kvenna í stöðum útibússtjóra innan Nordea bankans er nú með hærri laun en karlar í sambærilegum störfum. Skýringin er sú að árangursmati bankans á þessum störfum var breytt í þá veru að meta hlutlægt frammistöðu hvers og eins. Þar með kemur í ljós að konur eru að skila betri árangri en karlar. Í þessu mati er m.a. tekið tillit til faglegra vinnubragða, árangurs í starfi, ánægju viðskiptavina og árangurs í samstarfi á vinnustað. Stéttarfélag starfsmanna fjármálafyrirtækja í Danmörku segir skýrar mælistikur á árangur í starfi greinilega sýna betur en áður var gert árangur kvenna í starfi og fagnar því að hlutlægt mat til launa dragi fram árangur án tillits til kynferðis.

14. janúar

Heimilishjálp algeng fríðindi starfsmanna fjármálafyrirtækja í Svíþjóð

Þegar skoðuð eru kjör starfsmanna í ýmsum greinum kemur gjarnan fram að starfsmenn fá afslátt af þjónustu sem fyrirtækin veita. Einnig er margt annað sem má finna á slíkum lista s.s. íþróttastyrkir, vinnustaðanudd. Athygli vekur að starfsmenn í Handelsbanken og SEB banken í Svíþjóð eiga kost á að fá heimilishjálp frá bankanum í allt að 10 tíma á mánuði ef þeir eiga börn undir 8 ára aldri. Að jafnaði er þessi aðstoð nýtt til þrifa og tiltektar á heimilinu en stundum einnig til barnagæslu. / úr finansvärlden

Breyttar úthlutunarreglur Styrktarsjóðs SÍB

22. janúar

Stjórn Styrktarsjóðs SÍB endurskoðar árlega úthlutunarreglur sjóðsins m.a. með hliðsjón af þróun umsókna og verðlagsbreytingum á þjónustu sem veittir eru styrkir vegna. Nýjar úthlutunarreglur gilda frá 1. janúar 2007.

29. janúar

Svíar selja íbúðalánasjóðinn SBAB og stærsta einstaka hlut í Nordea

Sænska ríkisstjórnin hefur ákveðið að selja 20% hlut sinn í Nordea bankanum og einnig að selja SBAB sem er hliðstæða Íbúðalánasjóðs á Íslandi. Sænska ríkið er stærsti einstaki eigandi í Nordea og eini eigandi SBAB /*finansvärlden 1.07*

2007 - Febrúar

5. febrúar

Menntunarsjóður SÍB - útgreiðslu styrkja að ljúka

Umsóknarfresti um styrki úr menntunarsjóði lauk 15. janúar. Búið er að greiða út styrki til allra sem skilað höfðu fullnægjandi gögnum en ennþá er verið að innheimta gögn þar sem þau vantaði. Meðalupphæð útgreiddra styrkja hefur hækkað um rúm 22% frá því sem var í júní 2006. Helstu skýringar á þessari hækkun styrkja eru að námsgjöld á háskólastigi hafa hækkað talsvert og einnig eykst hlutfall þeirra félagsmanna sem sækja í dýrara nám. Meirihluti styrkja eða 73% er vegna náms sem veitir fullgildar námseiningar á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Heildarupphæð námsstyrkja úr sjóðnum nú er rétt um 11,5 milljónir. Eftirtektarvert er að stöðugt eykst hlutfall þeirra umsækjenda sem sækja sér nám er gefur fullgildar námseiningar. Umsækjendur í menntunarsjóð hafa margir samband við SÍB og hjá þeim kemur fram að styrkurinn er mikilvæg hvatning til að fara í nám og ríður oft baggamuninn með að það sé fjárhagslega mögulegt. Í mörgum tilfellum er síðan fyrirtækið að greiða sama framlag á móti. Eftir sem áður er framlag starfsmannsins þá kostnaður við bóka og gagnakaup, yfirleitt þarf að kaupa sér fartölvu til að geta sinnt náminu og síðan kemur að jafnaði til talsverður kostnaður við ferðir til og frá skóla. Það að leggja á sig nám samhliða starfi getur hinsvegar verið mjög gefandi og mörg dæmi eru um að hægt er að nýta raundæmi úr starfinu sem efni í verkefnavinnu.
Bæði stjórn SÍB og forystumenn aðildarfélaganna hafa hvatt til þess að aðgengi félagsmanna að námsstyrkjum vegna starfstengds náms sé sem jafnast sbr. reglur menntunarsjóðs og þar með að allir starfsmenn geti gengið að svipuðu framlagi frá fyrirtæki og sá styrkur er sem félagsmenn fá úr Menntunarsjóði SÍB.

12. febrúar

Swedbank með skýr markmið um kynjaskiptingu stjórnenda

Í Svíþjóð eru innan fjármálageirans árlega í febrúarmánuði veitt jafnréttisverðlaun til þess fyrirtækis sem helst hefur unnið að því að jafna stöðu kynjanna. Í ár fóru þessi verðlaun til Swedbank sem hefur sett sér skýr markmið um að á hverju stjórnunarþrepi skuli það kyn sem er í minnihluta samt vera amk 40% stjórnenda á því þrepi. *finansvärlden1.07*

19. febrúar

Þing SÍB 16. - 18. apríl

Dagana 16. - 18. apríl verður 43. þing SÍB haldið á Selfossi. Samkvæmt núgildandi lögum SÍB er þing samtakanna haldið þriðja hvert ár. Þingið sitja 65 þingfulltrúar frá öllum aðildarfélögum SÍB. Á þinginu verður litið yfir farinn veg og mörkuð stefna til næstu ára og kjörin stjórn fyrir næsta tímabil..

26. febrúar

Bankaútibúum fjölgar á ný í Noregi

Árið 1987 voru alls 2166 útibú banka í Noregi en árið 2005 var sú tala komin niður í 1235. Nú virðist þessi þróun hafa snúist við og bankaútibúum fjölgar á ný. Ástæðan er sú að tilkoma nýrra útibúa auðveldar aðgengi að nýjum viðskiptavinum og í samkeppni um nýja viðskiptavini hefur sýnt sig að útibúin þurfa að vera til staðar.

2007 - Mars

7. mars

Launakönnun SÍB 2007

Stjórn SÍB hefur ákveðið að gera launakönnun á meðal félagsmanna sinna. Könnunin er liður í undirbúningi næstu kjarasamninga SÍB. Framkvæmd könnunarinnar verður í höndum Capacent Gallup. Um er að ræða könnun sem unnin er rafrænt.
Á vef Capacent Gallup, verður opnuð slóð, merkt „Launakönnun SÍB".
Trúnaðarmenn SÍB munu fá send umslög með bréfum sem þeir síðan dreifa áfram til félagsmanna á vinnustöðum þeirra. Aðgangsorð og lykilorð sem notuð eru til að komast inn í könnunina fylgja með neðst í bréfinu sem hver og einn fær afhent. Það verður á engan hátt hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda enda hvorki nöfn né kennitölur gefin upp.
Þeir sem svara fyrir 21. mars n.k. eru þátttakendur í happdrætti. Aðgangsorð gilda sem happdrættisnúmer og verða dregnir út 15 vinningar, hver að fjárhæð 50.000 kr. Vinningsnúmerin verða birt á vef SÍB ásamt nánari upplýsingum um hvar vinningshafar geta vitjað vinninga. Vinningar verða greiddir út gegn framvísun þess bréfs sem tilgreinir aðgangsorðin.
Spurningarnar í launakönnuninni eru hliðstæðar spurningum í launakönnun SÍB 2004. Spurt er um launaflokk og álag, starfsaldur, laun og skiptingu þeirra, menntun, fjölda unninna stunda, búsetu, kyn og fleira. Ekki er spurt um vinnustað viðkomandi enda er það ekki tilgangurinn með könnuninni að bera saman laun á milli vinnustaða.
Mikilvægt er að félagsmenn leggi sitt af mörkum til að svörun verði sem allra best. Með því verða niðurstöður marktækari og nýtast félagsmönnum betur sem viðmið um eigin laun. Þegar niðurstöður liggja fyrir verða þær birtar í aðgengilegu formi á heimasíðu SÍB.

12. mars

Launakönnun SÍB komin í fullan gang

Nú á að vera búið að dreifa umslögum með aðgangsorðum á öllum vinnustöðum félagsmanna . Á vefsíðunni www.capacent.is/konnun er vefslóð sem smella þarf á og skrá sig svo inn.

23. mars

Framlengdur skilafrestur í launakönnun SÍB

Mikilvægt er að félagsmenn sem eiga eftir að svara könnuninni drífi í því og rétt er að minna á að fimmtán heppnir svarendur fá veglega vinninga.
Í ljósi þess að skrifstofu SÍB hefur borist allmargar ábendingar um félagsmenn sem eru fjarverandi frá vinnu en óska eftir að taka þátt, þá hefur verið ákveðið að lengja lokafrestinn til 26. mars. Á hádegi 27. mars verða birt á vefsíðunni www.ssf.is útdregin aðgangsorð sem eru jafnframt ávísun á vinning.

27. mars

Launakönnun - niðurstöður af útdrætti

Nú er búið að draga úr svöruðum lausnum í launakönnun SÍB 2007
Vinningshafar vinsamlega hafi samband við skrifstofu SÍB til að fá nánari upplýsingar hvernig þeir geta nálgast vinning sinn.
Niðurstöður af úrvinnslu verða kynntar á þingi SÍB 16. apríl og í framhaldi af því verða upplýsingar birtar hér á vefnum. Stjórn SÍB færir trúnaðarmönnum og öðrum þeim sem tóku þátt í framkvæmd könnunarinnar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

2007 - Apríl

10. apríl

Þing SÍB framundan

43. þing SÍB verður haldið dagana 16. – 18. apríl á hótel Selfossi. Þing SÍB eru haldin á þriggja ára fresti. Á þinginu sitja 65 fulltrúar frá 22 aðildarfélögum SÍB en þar eru lang stærst félög starfsmanna Landsbankans, Glitnis og Kaupþings.
Mörg veigamikil verkefni liggja fyrir þinginu en þar er m.a. mörkuð stefna SÍB fyrir næstu ár, lagðar línur fyrir komandi kjarasamninga og kosið í stjórnir og ráð innan SÍB. Nú er ljóst að helmingur stjórnarmanna SÍB gefur ekki kost á sér til endurkjörs og því verður endurnýjun í stjórn mikil.

20. apríl

Að loknu SÍB þingi

43. þing SÍB var haldið á hótel Selfossi dagana 16. – 18. apríl. Um 85 félagsmenn SÍB, gestir og starfsmenn tóku þátt í þingstörfum. Þingið mótaði stefnu SÍB fyrir næstu þrjú árin og lagði línur fyrir næstu kjarasamninga, en kjarasamningar SÍB eru lausir frá og með 1. október 2008.
Á þinginu var ákveðið að stéttarfélagið heitir SÍB og skilgreinir sig sem samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja.
Ný 11 manna stjórn var kosin en í henni sitja:
Friðbert Traustason formaður,
Anna Karen Hauksdóttir 1. varaform (Sf Glitnis),
Linda B. Halldórsdóttir 2. varaform(FSLÍ),

Meðstjórnendur:
Sylvía Guðmundsdóttir (Sf Kaupþing),
Andrés Erlingsson(FSLÍ),
Hafdís Hansdóttir(Sf Kaupþings),
Dagmar Björnsdóttir(Sf Visa),
Heiðrún Hauksdóttir(Sf Byrs),
Kjartan Sigurgeirsson(SRb),
Oddur Sigurðsson(SfGlitnis),
Anna Kristín Björnsdóttir(Sf Spron).
Stjórnin kemur saman í byrjun maí og skiptir nánar með sér verkum.Helstu umræðuefni og ályktanir þingsins koma fram í fundargerð sem birt verður á heimasíðunni innan fárra daga.

2007 - Maí

8. maí

Áfangi í raunfærnimati

Raunfærnimat í atvinnulífinu
Árið 2005 fékk Fræðslumiðstöð atvinnulífsins styrk frá Leonardo Da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins í tilraunverkefni sem ber titilinn “The Value of Work.” Verkefnið miðar að því að þróa aðferðir til að meta raunfærni einstaklinga í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin stýrir verkefninu sem lýkur með lokaráðstefnu á Íslandi 28. september n.k. Samstarfslöndin eru Danmörk,England, Kýpur, Slóvenía og Svíþjóð. Heimasíða verkefnisins er: www.valueofwork.org

Á Ísland var unnið með mat á raunfærni fyrir þjónustufulltrúa í bönkum. Þróuð voru evrópsk viðmið fyrir mat á færni fyrir störf almennra starfsmanna í bönkum og prófuð aðferðafræði sem þróuð hefur verið í verkefninu. Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi eru Glitnir, Landsbankinn, Kaupþing, Samband íslenskra bankamanna, Menntaskólinn í Kópavogi, VR, Starfsgreinaráð fjármála- og verslunargreina og menntamála-ráðuneytið, sem saman mynduðu faghóp verkefnisins hér á landi. Alls útskrifuðust 19 bankastarfsmenn úr bönkunum þremur. Matið var byggt á færnimöppu, sjálfsmati, viðtölum, mati yfirmanns og mati í gegnum raundæmi.

Þátttaka fyrirtækja í mati á raunfærni er mikilvægt skref í því að draga fram þá færni sem starfsmenn búa yfir og hvetja þá til að auka færni sína. Verkefni sem þetta getur því veitt fyrirtækjum góða yfirsýn yfir mannauð sinn ásamt því að virka hvetjandi fyrir einstaklinga í námi og starfi

8. maí

Niðurstöður launakönnunar SÍB 2007

Ágætu félagsmenn SÍB.
Stjórn SÍB þakkar ykkur kærlega fyrir góða þátttöku í launakönnuninni en 3139 (2629 árið 2004) félagsmenn tóku þátt í henni og dreifing svara eftir starfsvettvangi, aldri, menntun, ábyrgð og starfsaldri var eins og best verður á kosið. Svarhlutfall mælist 68,2%, sem er frábær þátttaka að mati rannsóknaraðila.
Eins og alltaf í sambærilegum könnunum má lesa ýmsar tölfræðilegar upplýsingar og það getur hver og einn gert.
Út úr þessari könnun er mögulegt að fá enn betri greiningu á áhrifaþáttum launa og mun stjórn SÍB ræða þau mál nánar við sérfræðinga Capacent. Sérfræðingar Capacent og þeir aðilar sem stjórn SÍB skipaði þeim til aðstoðar hafa skipulagt og framkvæmt verulega góða launakönnum, sem mun nýtast okkur vel við vinnu að kjaramálum félagsmanna næstu misserin. Þó svo enn eigi eftir að vinna nánari greiningu úr þessari könnun telur stjórn SÍB rétt að veita félagsmönnum aðgang að fyrirliggjandi niðurstöðum, um leið og við þökkum enn og aftur fyrir góða þátttöku.
Fyrir hönd stjórnar SÍB,
Friðbert Traustason, formaður SÍB.

16. maí

Golfmót SÍB 2007

Golfmót ársins verður haldið 07.07. á golfvellinum í Þorlákshöfn. Munið að taka daginn frá. Nánari kynning hér síðar.

2007 - Júní

5. júní

Breytt akstursgjald og dagpeningar innanlands

Athygli er vakin á því að 1. júní breyttist akstursgjald og dagpeningar innanlands. Sjá nánar undir flýtival hægra megin á síðunni

12. júní

15. júní - umsóknarfrestur í Menntunarsjóð

Félagsmenn eru hér með minntir á að umsóknarfrestur um styrki vegna náms sem lokið hefur verið á vormisseri rennur út 15. júní.

14. júní

Skrá sig á golfmót SÍB - fyrstir koma ...!!

Golfmót SÍB verður haldið á Þorláksvelli í Þorlákshöfn 7. júlí.
Mæting kl 8.00. Ræst verður út á öllum teigum kl 8.30 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 13.30 - 14.00 Veitingar í mótslok eru í veitingastaðnum Hafið Bláa milli 14.00 og 16.00.
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, punktakeppni með og án forgjafar.
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur.
- Makakeppni, besta skor (punktar án forgjafar) og með forgjöf (punktar).
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).

Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum.
Verðlaun eru fyrir lengsta upphafshögg á 4. braut í flokki karla og kvenna.
100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.
Þátttökugjald er kr. 2.500 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.
Skráning er eingöngu í beinni innskráningu www.landsbanki.is/skraning/golfmotsib eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi 2. júlí.

2007 - Júlí

16. júlí

Úrslit í golfmóti SÍB

Golfmót SÍB fór fram þann 7. júlí á vellinum í Þorlákshöfn.

25. júlí

Sumarlokun skrifstofu SÍB

Skrifstofa SÍB er lokuð frá 25. júlí til 10. ágúst vegna sumarleyfa. Fjölbreyttar upplýsingar um kjaramál og hagnýt viðfangsefni er að finna á www.ssf.is.
Ef sérstök mál koma upp má ná sambandi við starfsmenn í farsíma - sjá símaskrá.

2007 - Ágúst

17. ágúst

Fundur um norræn jafnréttismál hjá SÍB

Dagana 12. og 13. ágúst var haldinn hjá SÍB fundur fulltrúa jafnræðisnefnda frá SÍB og systurfélögum á norðurlöndunum. Meginefni fundarins var launamunur kynjanna. Sérstaka athygli erlendu gestanna vakti launareiknivélin sem er að finna á vef SÍB og sýnir með skýrum hætti launamun kynjanna eftir störfum skv. launakönnunum SÍB 2004 og 2007.Á fundinum voru kynntar niðurstöður af greiningu á launamun sem fram kom í launakönnun Samtaka atvinnulífsins. Einnig voru kynntar niðurstöður af launakönnun SÍB frá í vor með hliðsjón af launamun kynja og mismunandi sýn þeirra á leiðir til að bæta laun sín.
Einnig kynntu aðilar frá hverju landi greiningar á stöðu launamunar í þeirra landi.

2007 - September

10. september

Danskir bankar hafa ekki áhyggjur af stöðunni

Sérfræðingar í USA og UK boða nú margir hverjir bankakreppu vegna lækkandi húsnæðisverðs og skertrar greiðslugetu einstaklinga. Við annan tón kveður í umfjöllun danska viðskiptablaðsis en þar fullyrða forystumenn helstu banka í Danmörku að það ástand sem nú er í USA hafi ekki áhrif þar og að viðskiptavinir muni ekki upplifa önnur viðbrögð við lánsumsóknum en verið hefur.(Erhvervsbladet 7.sept)

11. september

Lánasýslan færð í Seðlabankann

Starfsmannafélag Lánasýslu ríkisins er eitt af aðildarfélögum SÍB. Samkvæmt tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu verður Lánasýslan lögð niður frá og með 1. október 2007. Verkefni Lánasýslunnar verða færð til Seðlabanka Íslands og er meirihluta starfsmanna Lánasýslunnar boðin vinna hjá Seðlabankanum. Nú er unnið að því að finna viðunandi lausn fyrir þá starfsmenn sem ekki fá áfram vinnu hjá ríkinu. Að því máli koma starfsmenn og forstjóri Lánasýslunnar, ráðuneytisstjóri í Fjármálaráðuneytinu og formaður SÍB.

19. september

Áfallatryggingar – nýtt réttindakerfi

Að undarnförnu hafa forystumenn ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) rætt um algera uppstokkun á veikindarétti og tryggingakerfi, sem launamenn eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum, samþykktum lífeyrissjóða og ákvæða hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR).
Hugmyndin snýst um að samræma veikinda- og tryggingarétt launamanna og stuðla að því með öllum ráðum að þeir sem lenda veikindum fái starfsendurhæfingu og geti sem fyrst komið aftur út á vinnumarkaðinní stað þess að festast í bóta- og styrkjakerfi TR og lífeyrissjóðanna.
Stjórn SÍB, samninganefnd og formenn aðildarfélaga SÍB munu ræða þessar tillögur á fundi sínum í nóvember nk.

24. september

Anna kveður og Jónína tekur við

Jónína H Pálsdóttir tók við starfi fjármálafulltrúa SÍB föstudaginn 21. september sl. Við bjóðum Jónínu hjartanlega velkomna til starfa. Jónína þekkir vel til starfsemi SÍB þar sem hún hefur starfað hjá sparisjóðunum undanfarin 20 ár, síðast hjá Icebank. Einnig var hún formaður starfsmannafélags SPM.
Stjórn SÍB vill nota tækifærið til að þakka Önnu Finnbogadóttur fyrir frábært starf fyrir SÍB undanfarin 18 ár. Anna verður áfram félagsmaður SÍB þar sem hún hefur ráðið sig til starfa hjá Glitni. Við óskum Önnu velfarnaðar í nýja starfinu og alls hins besta í framtíðinni.
Fyrir hönd stjórnar SÍB
Friðbert Traustason formaður

2007 - Október

1. október

Greiðslur frá fæðingarorlofssjóði ekki stöðvaðar

Í september fengu allmargir félagsmenn SÍB sem eru í fæðingarorlofi , bréf frá Fæðingarorlofssjóði þar sem þeim var tilkynnt að greiðslur til þeirra frá sjóðnum yrðu stöðvaðar frá og með 1. okt 2007. Ástæðan var sú að þessir félagsmenn SÍB fengu greiðslur frá atvinnurekanda á sama tíma og þeir fá greiðslur frá fæðingarorlofssjóði.
Formaður SÍB gerði strax athugasemd til forstöðumanns Fæðingarorlofssjóðs og sendi honum greinargerð um kjarasamninga SÍB og túlkun 13. greinar laga um Fæðingarorlofssjóð þar sem skýrt kemur fram að viðbótargreiðslur upp í 100% laun eru fullkomlega löglegar. Í framhaldi af því ákvað forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs að greiða fæðingarorlofsgreiðslur 1. október og skoða síðan málið betur í samstarfi við formann SÍB núna í október.

8. október

Breytt gjaldskrá dagpeninga og ferðakostnaðar frá 1. okt

sjá nánar undir flýtival - dagpeningar og ferðakostnaður hér á síðunni

30. október

Nýr vefur um lífeyrismál

Landssamtök lífeyrissjóða hafa opnað öflugan upplýsingavef sem ætlað er að leysa úr mikilli þörf sjóðfélaga fyrir svör við helstu spurningum um lífeyrismál. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér efni vefsins www.gottadvita.is

30. október

Jan Erik Lidström framkvæmdastjóri NFU heiðraður í Litháen

Nýlega afhenti félagsmálaráðherra Litháen Jan Erik Lidström framkvæmdastjóra NFU sérstakt heiðursskjal fyrir stuðning hans við að koma á og efla starf stéttarfélaga í fjármálafyrirtækjum í landinu. Við það tækifæri þakkaði ráðherrann sérstaklega fyrir það frumkvæði og eftirfylgni sem Jan Erik og NFU hafa sýnt í því að koma á og efla samstarf launafólks í norrænum fjármálafyrirtækjum í Litháen.sjá fréttatilkynningu frá NFU

Diplom till NFUs generalsekreterare
Jan-Erik Lidström, generalsekreterare i Nordiska Finansanställdas Union (NFU), har fått en utmärkelse från Litauens regering för sina insatser för att främja facklig organisering i landet.
NFU har sedan 1994 bedrivit ett projekt i de baltiska länderna för att få till stånd facklig verksamhet, inte minst i de många nordiska bolag som verkar där. I våras röntes arbetet med framgång då det första fackförbundet inom litauisk finanssektor kunde bildas. Flertalet medlemmar i förbundet arbetar på Litauens största försäkringsbolag Lietuvos Draudimas.
På en NFU-konferens nyligen erhöll Jan-Erik Lidström ett diplom för sina insatser från Litauens socialförsäkrings- och arbetsmarknadsminister Vilija Blinkevičiūtė. Hon skriver bland annat:
- Jag vill uttrycka min tacksamhet för ert stöd till fackföreningsrörelsen i Litauens finanssektor under mer än ett decennium. Jag vill också tacka er för att ha bistått utvecklingen av bilaterala nordisk-litauiska relationer.
- Sedan 1994 har ni varit nyckelpersonen i NFUs projekt i Litauen för att främja facklig organisering i nordiska banker och försäkringsbolag. Jag uppskattar ert bidrag till bildandet av den första fackföreningen i detta lands finanssektor och stärkandet av löntagarnas inflytande i de nordiskt ägda finansbolagen.
/Bengt Rolfer/

2007 - Nóvember

7. nóvember

Formannafundur SÍB 8. og 9. nóv

Stjórn SÍB, formenn aðildarfélaga SÍB og samninganefnd funda á Hvolsvelli dagana 8. og 9. nóv. Meginefni fundarins er launajafnrétti og komandi kjarasamningar. Rétt um 50 fulltrúar frá aðildarfélögum SÍB mæta þar til að gera úttekt á árangri og aðferðafræði síðustu kjarasamninga og leggja línur fyrir næstu samningalotu. Á fundinum flytja m.a. erindi Sigurður Jóhannesson frá Hagfræðistofun HÍ, Þórhallur Ólafsson frá Capacent og Krístín Ástgeirsdóttir frá Jafnréttisstofu. Nánar verður greint frá efni fundarins hér síðar

19. nóvember

Heil og sæl í vinnunni

Um verkefnið „Heil og sæl í vinnunni“
Heilsueflingarverkefnið Heil og sæl í vinnunni er nú formlega hafið á Íslandi. Verkefnið er unnið í samvinnu við önnur Evrópulönd og ber heitið Move Europe á ensku. Hér á landi hefur Vinnueftirlit ríkisins umsjón með verkefninu sem unnið er í nánu samstarfi við Lýðheilsustöð.

Markmið verkefnisins er að auka vitund innan vinnustaða á mikilvægi þess að efla heilsu og forvarnir. Heilsuefling á vinnustöðum er góð fjárfesting í mannauði og skilar ávinningi fyrir vinnustaði jafnt sem starfsmenn. Ávinningur vinnustaða er meðal annars fólginn í minni kostnaði vegna veikinda, fjarvista og slysa ásamt því að framleiðni og nýsköpun eykst. Einnig hefur verið sýnt fram á að heilsuefling getur skilað sér í minni starfsmannaveltu. Ávinningur starfsmanna er hins vegar færri slys og sjúkdómar, bætt heilsa, aukin vellíðan og starfsánægja. Verkefninu er ætlað að hvetja til aðgerða þegar kemur að heilsueflingu á vinnustöðum og auka um leið heilbrigði starfsmanna. Lögð verður sérstök áhersla á eftirfarandi þætti: Hreyfingu, næringu, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuvarnir sem og streitu og andlega líðan.

Heimasíðan www.heilsuefling.is hefur að geyma upplýsingar um verkefnið ásamt öðrum fróðleik um heilsueflingu og forvarnir á vinnustöðum.

Til þess að gerast þátttakandi í verkefninu þarf fulltrúi frá vinnustaðnum að senda inn þátttökutilkynningu sem finna má á heimasíðu verkefnisins. Mikilvægt er að verkefnið sé unnið þannig að stuðningur yfirmanna og virk þátttaka starfsmanna sé fyrir hendi en heilsuefling á vinnustöðum er sameiginlegt verkefni vinnuveitanda, starfsmanna og samfélagsins.

Framkvæmd verkefnisins fer í stuttu máli þannig fram að rafrænn spurningalisti verður gerður aðgengilegur á áðurnefndri vefsíðu. Með því að svara spurningalistanum gefst vinnustöðum kostur á að meta stöðu heilsueflingar og forvarna á vinnustaðnum út frá almennri stefnu og áðurnefndum áhrifaþáttum. Eftir að hafa svarað listanum fær vinnustaðurinn senda endurgjöf í tölvupósti. Þessi endurgjöf inniheldur hagnýt ráð og mögulegar hugmyndir um það hvernig auka megi heilsueflingu innan vinnustaðarins. Eftir að ráðleggingar hafa verið gefnar þá gefst vinnustöðum tækifæri til að laga þá þætti sem krefjast nánari athugunar. Þeir vinnustaðir sem taka þátt fá einnig sendan ítarlegan bækling með ráðleggingum um heilsueflingu á vinnustöðum.

Tímabilið frá 10. janúar 2008 til 10. janúar 2009 mun liggja til grundvallar mati á verkefninu. Matið mun fara þannig fram að fulltrúi vinnustaðarins verður beðinn um að svara áðurnefndum spurningalista aftur til að meta framfarir. Einnig þarf að skila inn lýsingu á því sem gert hefur verið í heilsueflingarmálum á vinnu-

staðnum yfir þetta tímabil. Þessi lýsing mun verða eitt helsta matsgagn þeirra sem að verkefninu standa. Vinnustaðir geta einnig fengið stig fyrir að taka þátt eða standa fyrir atburðum í tengslum við heilsueflingu og forvarnir og því er mikilvægt að haldið sé utan um þær upplýsingar fyrir hvern vinnustað. Athygli er þó vakin á því að ekki er nóg að taka einungis þátt í atburðum. Tilgangur verkefnisins er að varanlegar breytingar eigi sér stað á menningu vinnustaða. Lögð verður áhersla á að vinnustaðir móti sér stefnu í heilsueflingarmálum. Þátttaka í atburðum er þó aðeins af hinu góða og getur verið góð leið til þess að hvetja og styðja starfsmenn til heilsueflingar.

Frestur til þess að skrá sig er til 10. janúar 2008.

Þeir vinnustaðir sem skuldbinda sig til að taka þátt í verkefninu og uppfylla þær kröfur sem gerðar verða til fyrirmyndar vinnustaða eiga möguleika á því að verða valdir sem fulltrúar Íslands á ráðstefnu um heilsueflingu á vinnustöðum sem haldin verður í Róm vorið 2009.

Til að fá nánari upplýsingar um hvatningarverkefnið „Heil og sæl í vinnunni“ er hægt að senda fyrirspurn á netföngin thora@ver.is eða dora@lydheilsustod.is.

28. nóvember

Konur fá meiri launahækkanir í ár en karlar

Þetta árið er hið fyrsta sem konur í sænska bankanum SEB fá mestu launahækkanirnar, bæði mælt í prósentum og krónum. Jafnframt var gert stórátak í að eyða kynbundnum launamun með því að hækka laun kvenna sem höfðu lægri laun en karlar í sambærilegum störfum .... sjá nánar grein í Finansvärlden einnig kemur fram að þeir starfsmenn sem mæta í viðtal um laun sín með mótaðar hugmyndir um hvað séu sanngjörn launahækkun, séu mun líklegri til að fá hækkun heldur en þeir sem ekki hafa myndað sér skoðun á því eftir hvaða launum þeir sækjast.

2007 - Desember

12. desember

Launahækkun tekur gildi 1. janúar

Þann 1. janúar 2008 hækka launataxtar SSF um 2.25%. Þetta er síðasta hækkunin á núverandi samningstímabili sem lýkur 1.okt 2008. Nýjar launatöflur nr 147 A og B taka gildi frá 1. janúar

19. desember

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Stjórn og starfsmenn SSF óska félagsmönnum og samstarfsaðilum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Sjáumst og heyrumst hress á nýju ári

2008

2008 - Janúar

8. janúar

Nýtt ár og nýtt nafn

Nú stígum við skrefið hægt en ákveðið. Eins og fram kom í desemberútgáfu SSF blaðsins verður skipt um nafn og merki stéttarfélagsins á næstu vikum. Félagið heitir nú Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og merki þess er SSF. Bráðlega mun ný heimasíða SSF taka við af núverandi heimasíðu SÍB og þá um leið breytast ending á netföngum starfsmanna í @ssf.is

29. janúar

Sagt upp vegna spilafíknar

Á aðeins 14 mánaða tímabili komust stjórnendur Trelleborg banka í Danmörku að því að fjórir ungir starfsmenn þeirra höfðu tapað öllum launum sínum í fjárhættuspili á netinu þ.e. í póker og oddset. Tveimur varð að segja upp en hinir tveir hafa samþykkt að fara í meðferð gegn fíkninni. "þetta tengist alls ekki mistökum við ráðningu þessara starfsmanna því þeir eru allir mjög duglegir og færir starfsmenn sem við vildum gjarnan hafa áfram í starfi" segir Anette Bach Larsen starfsmannastjóri bankans.
Í dag fylgjast stjórnendur sérstaklega með því hvað karlkyns starfsmenn yngri en þrítugir eyða launum sínum í til að verja þá fjárhagslegum áföllum og hugsanlegum glæpum tengdum fjárhættuspili.

2008 - Febrúar

1. febrúar

Breyttur svipur á heimasíðu

Frá og með 1. febrúar breytist heimasíðan í samræmi við breytta skammstöfun á Samtökum Starfsmanna Fjármálafyrirtækja SSF. Til að byrja með verður þessi breyting mest breytt yfirbragð en fastir liðir á vísum stað.

4. febrúar

SSF á Framadögum HÍ

Fulltrúar SSF tóku þátt í Framadögum HÍ nú annað árið í röð. Markmiðið með þátttökunni er að kynna háskólanemum starf SSF en einnig hlutverk stéttarfélaga almennt og réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaði. Unga fólkið spurði margs og var ánægt með að geta leitað í áreiðanlega launareiknivél á vefsíðu SSF til að fá yfirsýn yfir laun í fjármálafyrirtækjum.

5. febrúar

Kosningar trúnaðarmanna SSF

Dagana 12. - 13. febrúar fer fram kosning trúnaðarmanna SSF á öllum vinnustöðum félagsmanna. Miðað er við að starfandi trúnaðarmenn hafi umsjón með og stjórni undirbúningi og framkvæmd kosninganna. Forystumenn starfsmannafélaga eru einnig til aðstoðar við þetta verkefni.

27. febrúar

Ráðstefna á vegum SSF í Háskólabíó

SSF – Samtök Starfsmanna Fjármálafyrirtækja (áður SÍB) og NESU félag viðskipta og hagfræðinema á Norðurlöndum standa saman að ráðstefnu um samruna og yfirtökur á norrænum mörkuðum og aðkomu stéttarfélaga að þeim, sem og um hlutverk stéttarfélaga í norrænu atvinnulífi

Tími og staður
Miðvikudaginn 27. febrúar kl. 9:00 – 11.15 í Háskólabíó sal 1
Hér býðst öllum starfsmönnum fjármálafyrirtækja að hlýða á sérlega áhugaverð erindi um málefni sem hafa litla umfjöllun fengið hérlendis
Ráðstefnan er opin öllum innan háskólans og fjármálageirans og fer fram á ensku

Dagskrá:
09:00 Employees stock options and the interest of the employees and the shareholders. Vilhjálmur Bjarnason aðjúnkt at the University of Iceland
09:45 'The human side of M&A's ' Hans Christian Riise
the international coordinator of Nordea Union Board. Has been a member of Nordea Union Board since 2002. Nordea is the biggest bank in Scandinavia.
10:30 "The Nordic Waltz" - Boxing and Dancing trade union traditions and why the Nordic traditions might hold the answer to the challenges of globalisation. Christina Colclough from NFU Nordisk Finansansattes Union. Christina Colclough, is a phd fellow, MA, B.Sc, now Vice-General Secretary NFU The Nordic Union of Finance and insurance employees. Previous employment was at the Danish research institute FAOS - Employment Relations Research Centre, Copenhagen University. Christina's PhD is on the diffusion of the labour-management relation in Danish multinational corporations. Prior research has been on the challenge globalisation poses to Nordic trade unions within the telecommunications, transport and metal industries. Christina's main areas of interest are Europeanisation,
cross-national industrial relations, multinational firms and HR, social capital and economic internationalisation. (www.faos.dk)

Ekki láta þig vanta á þennan stórviðburð en með þátttöku í þessari ráðstefnu vill SSF leggja sitt af mörkum til að auka innsýn háskólanema og annarra í samspil stéttarfélaga og fyrirtækja og það veigamikla hlutverk sem stéttarfélög hafa í norrænum fyrirtækjum.
Kveðja / With regards,
Sigurður Albert Ármannson
fræðslu og kynningarfulltrúi Samtaka Starfsmanna Fjármálafyrirtækja SSF

2008 - Mars

4. mars

Aðferðir til að ná launajafnrétti

Ráðstefna í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6
Fimmtudag 6. mars kl 13 - 16.15
framsögumenn eru Lára V. Júlíusdóttir, Signý Jóhannesdóttir, Margrét Kristmannsdóttir, Árni Stefán Jónsson, og Katrín B. Ríkharðsdóttir
Mætum á þennan fund og tökum þátt í umræðunni
nánar um efni ráðstefnunnar

5. mars

Námskeið trúnaðarmanna SSF

Framundan eru námskeið trúnaðarmanna. Nýkjörnir aðaltrúnaðarmenn voru boðaðir á námskeið 6. og 7. mars og námskeið 3 verður 11. og 12. mars. Tímasetningar miðast við að ljúka báðum námskeiðunum fyrir páska. Næstu námskeið verða í október .

5. mars

Ert þú á leið í framhaldsnám ?

Háskólinn á Bifröst býður upp á meistaranám í alþjóðlegri bankastarfsemi og fjármálum (International Banking and Finance) fyrir þá sem hafa lokið t.d. háskólanámi i viðskiptum, verkfræði eða tæknifræði. Þetta nám er sérsniðið fyrir starfsfólk banka- og fjármálafyrirtækja.Nemendur fá lán hjá LÍN fyrir skólagjöldum þannig að útgjöld í upphafi eru í lágmarki og tekið er tillit til þess að nemendur eru í vinnu samhliða námi.

13. mars

Nýtt SSF blað á leið til félagsmanna

Nú er nýtt SSF blað á leið til félagsmanna. Meðal efnis er viðtal við Svala Björgvinsson starfsmannastjóra Kaupþings, viðtal við nýja og reynda trúnaðarmenn, umfjöllun um leiðir til að fara aftur af stað í nám, yfirlit um orlofskosti félagsmanna og greint er frá 80 ára afmæli FSLÍ

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, bjóða samtök launafólks og Jafnréttisstofa til ráðstefnu



AÐFERÐIR TIL AÐ NÁ LAUNAJAFNRÉTTI

– kostir, gallar og nýjar hugmyndir

Ráðstefna í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6
Fimmtudaginn 6. mars 2008 kl. 13 – 16.15

- ***Að velta við steinum – Hvaða leiðir leiða til árangurs?***
  Lára V. Júlíusdóttir, hrl. formaður ráðgjafarnefndar félagsmálaráðherra um launajafnrétti
- ***„Gott væri að eiga góða skó“***
  Signý Jóhannesdóttir, sviðsstjóri sviðs opinberra starfsmanna innan Starfsgreinasambands Íslands
- ***Bera atvinnurekendur ábyrgð á kynbundnum launamun?***
  Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður FKA
- ***Jafnréttislaunapottar – tilraun til leiðréttingar***
  Árni Stefán Jónsson, formaður SFR
- ***Mikilvægi markvissra aðgerða***
  Katrín B. Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar
- ***Samantekt*** *– Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður KÍ*

Ráðstefnustjóri: Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM

ASÍ · Bandalag háskólamanna · BSRB · Kennarasamband Íslands · SSF Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja · Jafnréttisstofa

2008 - Apríl

8. apríl

Golfmót SSF 2008

Þessu sinni verður golfmótið haldið 6. september á golfvellinum á Hellu. Ræst verður út kl. 8.30 á öllum teigum. Nánar um skráningar síðar.

16. apríl

Nám samhliða starfi haust 2008

Nýjar námsbrautir í boði hjá Endurmenntunarstofnun. Alls er boðið upp á 9 námsbrautir sem hefjast nú í haust. Margir félagsmenn SSF hafa góða reynslu af námi í EHÍ.
Rekstrar- og viðskiptanám, Mannauðsstjórnun, Verkefnastjórnun - Leiðtogaþjálfun, Þjónustustjórnun og Gæðastjórnun.
Fjórar nýjar brautir hefjast næsta haust; *Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun; Markaðssamskipti - Stefnumörkun og framkvæmd; Leiðsögunám á háskólastigi og Nám í verðbréfaviðskiptum.*
Forsvarsmenn og kennarar munu kynna áherslur og skipulag hverrar námsbrautar, auk þess sem starfsfólk og námsráðgjafi Endurmenntunar mun veita upplýsingar og ráðgjöf.
Almennur umsóknarfrestur í Nám samhliða starfi er 5. maí. Umsóknarfrestur í Þjónustustjórnun og Þekkingarmiðaða þjónustustjórnun er til 15. maí. Ekki er sérstakur umsóknarfrestur í Nám í verðbréfaviðskiptum.
Nám samhliða starfi - gullið tækifæri til sterkari stöðu á vinnumarkaði.

22. apríl

Keilumót SSF 2008

Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf.
Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.
Stefnt er á að mótið verði haldið í Keiluhöllinni Öskjuhlíð kl. 18:30 í viku 19 - 20.
Leikið verður tvö kvöld með viku millibili. Fyrra kvöldið verða leiknir þrír leikir og tveir leikir síðara kvöldið ásamt verðlaunaafhendingu og veitingum.
Nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er þekkt.
Þátttökutilkynningum skal skilað til SSF fyrir kl. 12:00 á hádegi 2. maí n.k.
Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin og liðsskipan
NETbréf subject: "SSF_keila_2008 - heiti liðs".
NET-fang: sigurdur@ssf.is
heimasíða SSF: www.ssf.is/
Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin

2008 - Maí

6. maí

Launakönnun SSF 2008

Stjórn SSF hefur ákveðið að gera launakönnun á meðal félagsmanna sinna. Framkvæmd könnunarinnar er í höndum Gallup á Íslandi. Um er að ræða könnun sem unnin er á vefnum. Allir trúnaðarmenn fá send umslög sem þeir dreifa síðan til félagsmanna. Í hverju umslagi er blað þar sem á er vefslóð, aðgangsorð og lykilorð. Félagsmenn nota þessi orð til þess að fá aðgang á sérstöku vefsvæði á heimasíðu Gallup þar sem þeir svara launakönnuninni. Á engan hátt er hægt að rekja svör til viðkomandi félagsmanns eða fyrirtækis. **Aðgangsorð gildir sem happdrættisnúmer og verða dregnir út 15 vinningar úr þeim hópi sem svarar könnuninni, hver að fjárhæð 50.000. Það er því mikilvægt að geyma blaðið með aðgangsorðinu vel.** Hægt er að taka þátt í könnuninni til 13. maí og geta félagsmenn svarað henni heima eða á vinnustað. Gott er að hafa síðasta launaseðil við hendina þegar svarað er. Núverandi kjarasamningar SSF og bankanna renna út þann 1. október 2008. Undirbúningur kröfugerðar er í höndum þings, stjórnar og samninganefndar SSF. Með þátttöku í launakönnuninni leggja félagsmenn sitt af mörkum til að undirbúa störf samninganefndar SSF en fá jafnframt í hendur mikilvægt verkfæri til að skoða sjálfir eigin stöðu.

14. maí

Launakönnun - framlengdur skilafrestur til 15. maí

Framkvæmd launakönnunar 2008 hefur í stórum dráttum gengið vel en eitthvað er um að dreifing hafi ekki alveg skilað sér til allra. Stjórn SSF hefur því ákveðið að **framlengja skilafrest í könnuninni til kvölds 15. maí nk**. Einnig vill stjórnin benda á að góð svörun í þessari könnin er besti undirbúningurinn fyrir komandi kjarasamninga.
Vinsamlega athugið síðan að geyma blaðið sem þið fenguð með lausnarorðinu þar sem engin leið er til að vita hver fékk hvaða lykilorð ef þetta blað týnist. Svo er bara að sjá hvaða fimmtán þátttakendur sjá sín lykilorð og fá glaðning þegar dregið verður úr lykilorðum þeirra sem svöruðu.

15. maí

Ert þú búin/n að svara launakönnun SSF?

Nú er endaspretturinn framundan og það er mikilvægt fyrir okkur öll að fá sem allra besta svörun í þessari launakönnun þannig að marktækni hennar verði sem mest. Þar með verða einnig niðurstöðurnar meira lýsandi fyrir okkur og leggja grunninn að kjaraviðræðum haustsins. Þeir sem ekki hafa þegar svarað eru beðnir að drífa í því fyrir dagslok í kvöld
Á mánudagsmorgun birtum við síðan hér á vefnum útdregin happalykilorð.

19. maí

Úrslit úr Keilumóti SSF 2008

Konur - lokastaða - röð liða

		1	2	3	4	5	Samtals röð
1	LÍ	20	22	25	23	23	113
2	BYR	25	8	19	21	20	97
3	Skrúfurnar	11	24	15	9	7	66
4	Skvísurnar	19	10	11	7	17	64
5	RB_V	4	6	5	7	13	35

Karlar - lokastaða - röð liða

1	Öldungarnir	25	20	15	23	10	93
2	RB_G	8	23	18	19	20	88
3	Risarnir	22	17	16	7	24	86
4	Kaupþing	12	19	13	21	17	82
5	SPKEF	21	13	17	15	15	81
6	The Quintanas	23	10	14	15	15	77
7	RB_A	18	22	15	15	6	76
8	Naglarnir	4	20	25	11	13	73
9	RB_B	9	7	16	9	18	59
10	Gb Glennur	7	10	14	14	11	56
11	BYR	9	11	5	16	12	53

Verðlaunaafhending

Einstaklingskeppni

Hæsti leikur	207	Garðar Már Newman Sparisjóðurinn í Keflavík

Konur

Fletar fellur:	18	Ásdís Ósk Smáradóttir Sparisjóður Vélstjóra
Hæsti leikur:	181	Guðrún Bára Ágústsdóttir, Landsbanki Íslands hf.

Liðakeppni 4-manna liða:

Konur röð liða:

1	Ll	Landsbanki Íslands hf.	113
2	BYR	BYR	97
3	Skrúfurnar	Glitnir hf.	66

Karlar: röð liða

1	Öldungarnir	Landsbanki Íslands hf.	93
2	RB_G	Reiknistofa bankanna	88
3	Risarnir	Landsbanki Íslands hf.	86

19. maí

Happdrætti launakönnunar SSF - fékkst þú vinning?

Dregið hefur verið úr lykilorðum þeirra sem svöruðu launakönnun SSF 2008. Hinir heppnu vinsamlega áriti blað sitt sem lykilorðið er á með nafni og kennitölu, og framvísi síðan til skrifstofu SSF.
Stjórn SSF þakkar ágæta þátttöku í könnuninni og sérstaklega eru trúnaðarmönnum færðar þakkir fyrir þeirra framlag við að kynna og dreifa lykilorðum til félagsmanna
Sjá útdregin lykilorð hér á eftir.

2008 - Júní

5. júní

Umsóknarfrestir um nám samhliða starfi að renna út

Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig í nám samhliða starfi í haust. Ef þú ert að hugsa um hvað er í boði þá eru hér nokkrir kostir sem félagsmenn SSF hafa helst sótt nám til.
Háskóli Íslands, Endurmenntun HÍ, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Kópavogi

11. júní

Umsóknarfrestur í Menntunarsjóð SSF til 15. júní

Senn líður að lokum umsóknarfrests í Menntunarsjóð SSF – þeir sem eiga eftir að skila inn gögnum vegna náms sem lokið var á vormisseri vinsamlega gera það fyrir 15. Júní. Stefnt er að útgreiðslu styrkja fyrir lok júnímánaðar.

23. júní

Golfmót SSF 2008

Þessu sinni verður golfmótið haldið 6. september á golfvellinum á Hellu. Ræst verður út kl. 8.30 á öllum teigum. Nánar um skráningar síðar.

2008 - Júlí

3. júlí

Tilkynning Um dagpeninga á ferðalögum erlendis

Endurskoðunarnefnd hefur ákveðið dagpeninga, skv. gr. 5.6. í kjarasamningi SSF og SA, fyrir starfsmenn á ferðalögum erlendis á vegum banka sem hér segir:

2008 - Ágúst

8. ágúst

Launakönnun SSF 2008

Eins og glöggir lesendur heimasíðunnar hafa tekið eftir voru niðurstöður launakönnunar SSF settar inn í launareiknivélina á vefnum um miðjan júní sl. Nú er einnig búið að birta á vefnum heildarskýrslu þar sem fram koma allar niðurstöður. Áfram er verið að vinna í að greina frekar þær niðurstöður sem fengust í könnuninni og verða þær birtar síðar

20. ágúst

Breytingar á stjórn SSF

Á stjórnarfundi SSF í gær urðu eftirfarandi breytingar á sitjandi stjórn samtakanna sem kjörin var á þingi í apríl 2007. Úr stjórn viku Sylvía Guðmundsdóttir ritari frá Landsbankanum og Linda B. Halldórsdóttir 2. varaformaður frá Landsbankanum. Þær hefja báðar nám í HÍ í haust og hafa hætt störfum hjá bankanum. Í stað þeirra kaus stjórnin Hafdísi Hansdóttur frá Kaupþingi banka sem ritara og Andrés Erlingsson frá Landsbanka sem 2. varaformann.

25. ágúst

Viltu styrkja stöðu þína á atvinnumarkaðinum ?

Innritun stendur yfir í hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám í MK

Staðbundið nám Spennandi námsleið sérsniðin að vinnutíma fólks í fjármálafyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. Í staðbundna náminu er ekki kenndur síðasti virki dagurinn í hverjum mánuði, ekki fyrstu fjórir virkir daga í mánuði og ekki 15. hvers mánaðar. Kennt er í lotum þannig að tekin er fyrir ein námsgrein í einu.

Fjarnám Fjarnámið er efnislega í samræmi við staðbundna námið. Ein staðbundin lota er á önn og nemendur stunda allar þrjár greinarnar samtímis.

Kennsla hefst 10. september (staðbundið nám) og staðbundin lota fyrir fjarnám er 12. og 13. september næstkomandi.

Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir, fagstjóri í síma 5944000/ 8244114 eða ik@mk.is. Sjá einnig mk.is

25. ágúst

Skrá sig á golfmót SSF 2008 - fyrstir koma ...!!

Golfmót SSF verður haldið á golfvellinum á Hellu 6. september nk. **Mæting kl 8.30.** Ræst verður út á öllum teigum kl 9.00 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 13.30 - 14.00 Veitingar í mótslok eru í golfskálanum milli 14.00 og 16.00.

Leikið er í eftirfarandi flokkum:

- Einstaklingskeppni karla og kvenna, punktakeppni með og án forgjafar.
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur.
- Makakeppni, besta skor (punktar án forgjafar) og með forgjöf (punktar).
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf). Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum.

Verðlaun eru fyrir lengsta upphafshögg á 4. braut í flokki karla og kvenna. 100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.

Þátttökugjald er kr. 2.500 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.

Skráning er eingöngu í beinni innskráningu www.landsbanki.is/skraning/golfmotssf/ eigi síðar en kl. 13.00 **fimmtudag 4.september.**.

2008 - September

4. september

Undirbúningur fyrir kjaraviðræður hafinn

Kjarasamningar SSF renna út 1. október 2008. Stjórn SSF og samninganefnd vinna nú úr þeim hugmyndum sem safnað hefur verið frá formannafundum og trúnaðarmönnum SSF á yfirstandandi ári. einnig er byggt á svörun í launakönnun SSF í mái 2008, en þar kemur framað 85% félagsmanna leggja höfuðáherslu á hækkun lægri launa í þessum kjaraviðræðum. Þessi áhersla félagsmanna SSF er í anda þess sem nú þegar hefur verið samið um á almenna (ASÍ/SA) og opinbera vinnumarkaðinum. ÞAnnig var samið um krónutöluhækkun á taxtalaun, en ákveðna launaþróunartryggingu fyrir aðra.
Aðal umræðuefnið nú er tímalengd kjarasamninga en Samtök atvinnulífsins (SA) hafa samið til þriggja ára við alla sína viðsemjendur, en ríkið gerði hinsvegar 8 - 10 mánaða skammtímasamninga við BSRB, BHM , KÍ o.fl.
SSF og samninganefnd SA f.h. fjármálafyrirtækjanna stefna að því að ljúka samningaviðræðum í september þannig að nýr kjarasamningur taki við þegar núverandi samningur rennur út þann 1. október 2008
F.h. SSF
Friðbert Traustason formaður

9. september

Úrslit golfmóts SSF 2008

Árlegt golfmót SSF fór fram á Strandarvelli við Hellu laugardaginn 6. september. Umsjónarmenn mótsins voru þau Þórarinn Þorbjörnsson, Hanna Garðarsdóttir og Karl Jóhannson og færir stjórn SSF þeim bestu þakkir fyrir gott starf.

Sjá Fylgiskjal 2

23. september

Enn af kjaraviðræðum

Kjaraviðræður eru nú í fullum gangi milli SSF og viðsemjenda en lokadagur núverandi kjarasamnings er 1. október n.k. Samninganefndirnar eru að skoða samning til c.a. 30 mánaða, þar sem áherslan er á hækkun lægri launa með krónutöluhækkun taxta í þremur áföngum. Samningarnir hefðu sömu uppsagnarákvæði í mars 2009 og kjarasamningar ASÍ/SA sem gerðir voru í febrúar sl.
Í þessum samningum verður einnig tekið á ýmsum réttindamálum, m.a. lífeyrisframlagi fyrir starfsmenn með skemmri en þriggja ára starfsaldur, fjölgun orlofsdaga fyrr en nú er á starfstímanum, upphæðir í líf og slysatryggingum verði hækkaðar, formlegra uppsagnarferli o.fl.
Samningur eins og ríkið gerði nú við ljósmæður getur ruglað menn í ríminu, því tölurnar eru hærri en áður hafa sést í kjarasamningum á þessu ári. Meðallaun ljósmæðra voru fyrir samning kr. 308.000, en þær eru með a.m.k. sex ára háskólanám að loknu stúdentsprófi. Félagsmenn SSF geta sjálfir kannað með launareikninum á www.ssf.is hver meðal mánaðarlaun háskólamenntaðra félaga SSF eru skv. launakönnun 2008.
Ef allir ríkisstarfsmenn krefjast sambærilegra hækkana og ljósmæður fengu, þegar samningar þeirra losna þá verða allir kjarasamningar aftur á byrjunarreit og ómögulegt að meta hvert framhaldið verður á vinnumarkaðnum eftir áramótin.

2008 - Október

1. október

Staða kjaraviðræðna SSF og SA

Kjarasamningar SSF runnu út í gær 30. september, viðræður hafa verið í gangi í nokkurn tíma um framhald þess samnings og eftir þær viðræður liggja fyrir ákveðin drög, en samkomulag er ekki í höfn. Þessi drög eru í anda þeirra samninga sem gerðir hafa verið við flest öll stéttarfélög á almennum vinnumarkaði á þessu ári (sjá m.a. á www.vr.is og www.asi.is). Krónutöluhækkun launa er þó nokkuð hærri (ca.30%) og nær til um 80% félagsmanna SSF. Enn er talað um að gera samning til 26-29 mánaða og samningsaðilar okkar leggja mikla áherslu á að fá langtímasamning til að hafa yfirsýn yfir hvað framundan er.
Það sem helst er rætt:
Allir launataxtar hækki um tæpar 50.000 krónur í þremur áföngum, þ.e. 1. okt 2008 , 2009 og 2010, að mestum hluta á fyrstu 10 mánuðum samningsins.
Tryggt verði að allir með föst mánaðarlaun upp að c.a. 500 þúsund/mánuði í 13 mánuði fái þessa hækkun, hvernig sem laun þeirra eru samsett. Starfsmenn með hærri laun fái launaþróunartryggingu á samningstímanum, svipaða þeirri sem samið var um á almennum markaði fyrr á þessu ári (sjá m.a. á www.vr.is).
Vaktaálag hækki til jafns á við samninga ríkisins.
Orlofsframlag hækki um ca. 10% á tímabilinu Reglur um lengd orlofs breytist þannig að styttri tíma taki að vinna sér inn 27 og 30 daga orlof.
Greitt verði 2% séreignarframlag fyrir þá starfsmenn sem hafa unnið skemur en 3 ár, en starfsmenn með meira en þriggja ára starfsaldur fá nú þegar, til viðbótar við 6% greiðslu atvinnurekanda í lífeyrissjóð, 7% í séreignasjóð og er það nóg til að uppfylla lagakröfur, skv. umsögn lögmanna. Áfram geta allir sparað 2% og fá 2% mótframlag frá fyrirtækinu.
Heimild foreldris til að vera heima hjá veiku barni lengist í 12 daga á ári eftir 6 mánaða starf, þ.e. 2 dagar fyrir hvern unnin mánuð fyrsta hálfa starfsárið.
Endurskoðunarákvæði samningsins verði þau sömu og gilda í kjarasamningum ASÍ/SA, en þar eru m.a. upptökuákvæði í febrúar 2009, að gefnum ákveðnum forsendum um verðbólgu (sjá á www.asi.is).
Menntunarsjóður verði stórefldur með framlagi frá fjármálafyrirtækjunum.
Enn á eftir að ræða líf- og slysatryggingar og önnur atriði, sem gætu leitt til rúmlega tveggja ára samnings.
Samningsaðilar ræða nú málin í sínum vinnuhópum og munu setjast aftur að samningaborði eftir næstu viku. Nýr samningur mun að öllu óbreyttu gilda frá þeim degi er gamli samningurinn rann út, það er 1.10.2008. Ef niðurstaðan verður sú að samningsaðilar ná ekki samkomulagi um kjarasamning til rúmlega tveggja ára þá verður tekin ákvörðun um það hvort vísa eigi kjarasamningum SSF til Ríkissáttasemjara.

7. október

Trúnaðarmannanámskeiði II frestað

Vegna þeirrar óvissu sem ríkir innan fjármálafyrirtækja hefur verið ákveðið að fresta um óákveðinn tíma námskeiði trúnaðarmanna sem halda átti 8. og 9. okt

9. október

Í tilefni af atburðum undanfarinna daga

Forysta SSF fylgist grannt með þeirri þróun sem á sér stað og leitar allra leiða í samstarfi við sérfræðinga FME til að gæta hagsmuna félagsmanna eftir því sem tækifæri gefast. Enn er allt óljóst með framtíðarskipan mála í fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa eins og fréttir bera með sér og því ekki tímabært að gefa neinar yfirlýsingar um stöðu mála í einstökum fyrirtækjum eða réttindamál starfsmanna.

10. október

Staða mála

Stjórn SSF og starfsmannafélög i hverjum banka hafa gert þá kröfu til skilanefnda og ríkisstjórnar að ákvæði kjarasamninga um greiðslur launa í uppsagnarfresti verði virt í hvívetna. Eins og sakir standa er þetta algert forgangsmál. Skýr svör hafa ekki borist en mikilvægt er að fá svör sem allra fyrst frá nýjum eigendum bankanna

10. október

Frétt frá LÍ

Kæru samstarfsmenn,Ríkisstjórn hefur samþykkt tillögu viðskiptaráðherra um að íslenska ríkið muni hlaupa undir bagga með Landsbanka Íslands hf. til að tryggja að hann geti staðið við launaskuldbindingar sínar gagnvart starfsmönnum, sem ekki flytjast yfir í Nýja Landsbankann.Eins og kunnugt er, er rekstur Landsbanka Íslands hf. nú í höndum skilanefndar. Því er það í verkefni hennar að útfæra nánar þessa ákvörðun. Skilanefnd hefur falið Atla Atlasyni framkvæmdastjóra starfsmannasviðs að sjá um framkvæmd uppgjörsins gagnvart þeim starfsmönnum sem ekki verður boðið starf í nýja bankanum. Við vonum að þessi ákvörðun slái á þá óvissu sem verið hefur um launauppgjör til starfsmanna.Bestu kveðjur,Elín Sigfúsdóttir og Atli Atlason

11. október

Staða mála

Vegna þeirra atburða sem hafa orðið á fjármálamarkaði hafa stjórn SSF og forystumenn aðildarfélaganna fundað með stjórnendum bankanna og ráðamönnum undanfarna daga.
Leitað hefur verið allra leiða til að gæta hagsmuna félagsmanna og tryggja að öll ákvæði kjarasamninga verði virt. Áfram verður unnið markvisst að hagsmunagæslu og leitað leiða til að upplýsa félagsmenn um stöðuna og aðstoða þá eins og frekast er unnt.
Stjórn SSF fundaði í morgun um ástandið í fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa. Farið var yfir atburði undangenginna daga og stöðuna eins og hún var í dagslok í gær, og hugsanleg næstu skref.
Félagsmenn geta haft samband við skrifstofur aðildarfélaganna og SSF, sent fyrirspurnir og ábendingar á ssf@ssf.is eða hringt í skrifstofu SSF sími 5406100. Skrifstofan mun leitast við að svara þeim fljótt og vel.
Skrifstofa SSF mun áfram birta upplýsingar á vef eftir því sem málin skýrast.

13. október

Staðan

Frá því ríkið yfirtók Glitni hefur fomaður SSF og formenn starfsmannafélaganna unnið linnulaust að því að gæta hagsmuna félagsmanna. Megin áherslan hefur verið á að svara fyrirspurnum og upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra, og leita leiða til að draga úr fjölda þeirra sem sagt er upp.
Formennirnir hafa verið í sambandi við þrjá ráðherra úr ríkisstjórninni, skilanefndir bankanna, Fjármálaeftirlitið, Starfsmannastjóra bankanna, og Vinnumálastofnun. Einnig hefur verið haft samband við Capacent, Lýðheilsustöð, Vinnueftirlit og ýmsa ráðgjafa, svo eitthvað sé nefnt. Næst er að athuga með aðkomu ríkisins að þvi að fjölga atvinnutækifærum fyrir þá sem nú missa störf.
Miðað við fyrstu fréttir sem bárust er ljóst að mun fleiri starfsmenn halda störfum sínum en áður var ætlað. Skv. samtali við starfsmannastjóra Kaupþings nú áðan hefur ekkert verið rætt um uppsagnir innan þess fyrirtækis enn sem komið er.

15. október

Ráðgjöf og þjónusta fyrir félagsmenn

Tryggt hefur verið af SSF að félagsmenn sem verða fyrir uppsögnum geta leitað til annað hvort Capacent eða Hagvangs um ókeypis þjónustu – bæði ráðgjöf og ráðningarþjónustu.

17. október

Staðan á kjarasamningum SSF

Þann 1. október 2008 birti samninganefnd SSF upplýsingar um stöðu mála í kjaraviðræðum hér á heimasíðunni (sjá frétt 1. okt) Þar var sagt frá helstu atriðum sem talið var að ágætt samkomulag væri um milli SA og SSF.
Nú er hins vegar staða allt önnur og hefur forysta SA, fyrir hönd fjármálafyrirtækjanna, tjáð formanni samninganefndar SSF að sú hugmynd að kjarasamningi sem birt var 1. október geti ekki orðið grunnur að nýjum kjarasamningi af þeirra hálfu. Aðstæður á vinnumarkaði eru gjörbreyttar og enginn grundvöllur lengur fyrir löngum kjarasamningi.
Á næstu dögum munu samninganefndir hittast og ræða hugsanlegan „fleytisamning“ sem gildir fram á næsta vor, en eins og félagsmenn vita þá verða kjarasamningar SA og ASÍ teknir til endurskoðunar eigi síðar en í febrúar 2009. Samningar opinberra starfsmanna sem gerðir voru til 6 - 9 mánaða renna flestir út í mars 2009

17. október

Samstarf SSF, SA og NMÍ

Fréttatilkynning frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins**Undirritun samstarfssamnings vegna aðstæðna á fjármálamarkaði**Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ), Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) og Samtök atvinnulífsins (SA) undirrituðu í dag samstarfssamning um leit og framboð á möguleikum til atvinnusköpunar fyrir félagsmenn SSF. Fjármálastofnanir landsins hafa á að skipa miklum mannauði og mikilvægt er að tryggja að starfsmenn sem hverfa nú frá störfum geti komið nýsköpunarhugmyndum og frumkvöðlavinnu í farsælan farveg. Samningurinn miðar að því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði öflugur bakhjarl þess fólks, en miðstöðin mun m.a. veita endurgjaldslausa handleiðslu varðandi stoðumhverfi nýsköpunar, styrki og stofnun fyrirtækja og setja á laggirnar sérstakt verkefni þar sem meðlimir SSF geta komið sérfræðiþekkingu á framfæri við fyrirtæki og stofnanir. Markmiðið er að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði fyrsti viðkomustaður þeirra meðlima SSF sem eru með nýjar viðskiptahugmyndir. Kynningarfundur um samstarfið verður haldinn fyrir meðlimi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja í næstu viku.

22. október

Opið hús í Borgartúni 22 f félagsmenn

vikuna 20. - 24. okt er opið hús fyrir félagsmenn í Borgartúni 22 frá kl 14 - 22
í dag miðvikudag kl 15.30 verður fulltrúi Vinnumálastofnunar á staðnum og kynnir úrræði sem stofnunin býður upp á

23. október

Opið hús í Borgartúni 22 fyrir félagsmenn

milli kl 14 og 17 í dag fimmtudag
Fulltrúi stéttarfélagsins verður á staðnum og kl 15.30 kemur fulltrúi nýsköpunarmiðstöðvar og kynnir valkosti sem eru í boði fyrir félagsmenn þar.

24. október

Opið hús í dag 24. okt kl 14 - 17 í Borgartúni 22 fyrir félagsmenn

kl 15.30 verða á staðnum formaður starfsmannafélags Glitnis Anna Karen Hauksdóttir og formaður félags starfsmanna Landsbankans Helga Jónsdóttir. Munu þær veita upplýsingar um réttindi félagsmanna á uppsagnarfresti og svara spurningum

25. október

Lausar stöður fyrir fjármálafólk sem búsett er í London

þegar eru byrjaðar að berast fyrirspurnir um starfsmenn íslensku bankanna sem staðsettir eru í London - fyrirtæki sem starfar á sviði fjármálaráðgjafar óskar að ráða allt að 10 starfsmenn sem þegar eru búsettir þar. Áhugasamir snúi sér til Strá MRI stra@stra.is Guðný eða Erla, um nánari upplýsingar en þar eru allnokkrar aðrar lausar stöður einnig til umsóknar

27. október

Opið hús í þessari viku

Opið hús verður á skrifstofu SSF í Nethyl 2 E, þriðjudag 28. og fimmtudag 30. okt milli kl 14.00 og 16.00.
Félagsmenn eru hvattir til að líta við og eiga viðtöl við fulltrúa stéttarfélagsins og þá aðila sem verða til viðtals hverju sinni - nánar um þá síðar.

31. október

Ársfundur aðalstjórnar NFU 2008.

Ársfundur aðalstjórnar NFU var haldinn dagana 28-29 október síðastliðinn í Tallin Eistlandi. Á fundinum var m.a. kosning nýrrar stjórnar þar sem að Allan Bang var endurkjörinn forseti samtakanna sem og Henrik Frimand Meier sem varaforseti. Fyrir hönd SSF, mættu þau Anna Karen Hauksdóttir Glitni, 1. varaformaður og Andrés Erlingsson Landsbankanum, 2. varaformaður.Á fundinum var ástand banka á Norðurlöndunum og ekki síst á Íslandi í kastljósinu. Anna Karen hélt ítarlega kynningu á þróun fjármálakrísunnar og atburðarrás bankanna á Íslandi frá því að ríkið ákvað að leggja fram hlutafé í Glitni þann 29. september síðastliðinn og þær gífurlegu afleiðingar sem orðið hafa síðan og allir þekkja. Tilvera og mikilvægi stéttarfélaga hefur aldrei verið eins mikilvæg og nú. Rakti Anna sérstaklega þá vinnu sem SSF hefur lagt í til að tryggja réttindi þeirra félagsmanna sem misst hafa störf við stofnun nýrra banka. Samvinnu SSF við skilanefndir og yfirmenn nýju bankanna, þau úrræði sem boðin hafa verið s.s. lögfræðiaðstoð, styrki til sálfræðihjálpar, samvinnu við ráðningarskrifstofur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, opið hús í Borgartúni og að Nethyl svo eitthvað sé nefnt. Anna lauk kynningunni með því að tala um að þó staðan væri erfið í dag þá hefðu íslendingar alla burði til að vinna sig út úr henni enda byggjum við yfir miklu hugviti og sterkum grunnstoðum s.s. fiski og orku. Mikils skilnings gætti meðal fundarmanna og tjáði forsetinn, Allan Bang að NFU myndi veita okkur allan þann stuðning sem íboði væri ef þarf og undirstrikar það hversu mikilvægt er fyrir SSF að vera í nánu samstarfi við sterk samtök á borð við NFU

31. október

Tilboð: Stefnumótun í eigin lífi - námskeið

Tilboð til félagsmanna SSF sem hafa misst starf á árinu og eru enn án atvinnu.
Félagsmönnum stendur til boða námskeiðið *Stefnumótun í eigin lífi - snúðu vörn í sókn* á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Námskeiðið er í umsjón Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur, lektors við viðskiptafræðideild HÍ.
Tvær dagsetningar eru í boði fyrir félagsmenn SSF:
Þri. 4. , 18. og 25. nóv. kl. 8:30-11:30 auk eftirfylgni í febrúar. (10 sæti laus).
Mið. 5., 19. og 26. nóv. kl. 8:30-11:30 auk eftirfylgni í febrúar. (30 sæti laus).

SSF leggur út fyrir og greiðir kostnað þeirra sem ljúka öllum þáttum námskeiðs. Þeir sem ljúka ekki öllum þáttum námskeiðs, samþykkja þar með að endurgreiða kostnað vegna námskeiðsins til SSF.
Við skráningu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram í athugasemdareit:
· Stéttarfélag
· Síðasti vinnustaður, staðsetning og deild.
· Starfsaldur í banka
· Dagsetning uppsagnar
Skráning fer fram á vefsíðu Endurmenntunar.

2008 - Nóvember

4. nóvember

Opið hús og ókeypis námskeið

Í dag , þriðjudag 4. nóv verður opið hús í Nethyl 2 E fyrir félagsmenn milli kl 14 og 16.
Athugið einnig að enn eru örfá sæti laus á námskeiðið Stefnumótun í eigin lífi sem byrjar á morgun 5. nóv.

5. nóvember

Opið hús í Nethyl kl. 14 - 16, kl 15 kynning á Torgi tækifæranna

Torg tækifærannaSamtök starfsmanna fjármálafyrirtækja standa fyrir kynningarfundi um Torgið - viðskiptasetur fimmtudaginn 6. nóvember kl. 15.00. Fundurinn fer fram í Nethyl 2e. Allir velkomnir! Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Landsbankann opnar í nóvember Torgið - viðskiptasetur í húsnæði Landsbankans í Austurstræti 16. Torgið – viðskiptasetur er nýtt frumkvöðlasetur í hjarta borgarinnar sem veitir einstaklingum aðstöðu og umgjörð til að vinna að viðskiptahugmyndum á öllum sviðum. Á Torginu verður öll aðstaða til fyrirmyndar. Skrifstofuaðstaða með tölvubúnaði og innréttingumAðgangur að fundarherbergjumFagleg handleiðsla sérfræðinga Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands Skapandi umhverfi og öflugt tengslanet einstaklinga og fyrirtækja Fólk er hvatt til að sækja um aðstöðu á Torginu. Tekið er á móti fyrirspurnum um Torgið á netfanginu torgið@nmi.is en umsóknareyðublað er að finna á vef Nýsköpunarmiðstöðvar, www.nmi.is.

11. nóvember

Opið hús 11. nóv hjá SSF í Nethyl 2E

Félagsmenn sem hafa hugmyndir og tillögur um hvernig SSF getur komið til móts við þarfir þeirra sem misst hafa störf eru sérstaklega boðnir velkomnir í opið hús hjá SSF í dag milli kl 14 og 16. Einnig er hægt að senda hugmyndir í pósti á ssf@ssf.is

13. nóvember

Opið hús hjá SSF í dag 13. nóv kl 14 - 16

Félagsmenn sem hafa hugmyndir og tillögur um hvernig SSF getur komið til móts við þarfir þeirra sem misst hafa störf eru sérstaklega boðnir velkomnir í opið hús hjá SSF í dag milli kl 14 og 16. Einnig er hægt að senda hugmyndir í pósti á ssf@ssf.is

14. nóvember

Stuðningsyfirlýsing frá norrænum systurfélögum

NFU: Support Iceland in combating the financial crisis NFU, The Confederation of the Nordic Bank, Finance and Insurance Trade Unions, support our Icelandic colleagues in their struggle to sort out the repercussion of the global financial crisis. The economy in Iceland is currently in a position where the Icelandic banks, their customers and their employees are faced with unprecedented hardships. They are left to sort out the remnants of an economy that was brought to the brink of collapse, mainly through the doings of others. We are all in this together, not only as employees in the finance sector, but as citizens in a globalised economy. We therefore urge the Nordic governments and national banks to support Iceland in combating the financial crisis.
The Confederation of the Nordic Bank, Finance and Insurance Trade Unions (NFU) is an organisation for co-operation between trade unions that organise employees in the banking, finance and insurance sectors in the five Nordic countries. Through these trade unions, NFU represents 160 000 employees in the Nordic financial market. NORDISKA FINANSANSTÄLLDAS UNION (NFU)The Confederation of Nordic Bank, Finance and Insurance Trade Unions Allan Bang Jan-Erik Lidström
President General Secretary

19. nóvember

Torgið - viðskiptasetur

Torgið - viðskiptasetur opnar í húsnæði Landsbankans

Vikuna 17. til 21. nóvember mun Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Landsbankann opna **Torgið - viðskiptasetur** í húsnæði Landsbankans í Austurstræti 16.
Torgið - viðskiptasetur veitir einstaklingum aðstöðu og umgjörð til að vinna að viðskiptahugmyndum. Húsnæðinu fylgir skrifstofuaðstaða yrir allt að 25 manns og er öll aðstaða til fyrirmyndar.
Fjöldi umsókna hefur borist og er verið að fara yfir þær. Umsækjendur fá svar innan skamms. Einstaklingar sem hafa áhuga á Torginu eða aðstöðu annarra frumkvöðlasetra er bent á að hafa samband við torgid@nmi.is.

19. nóvember

Ný tækifæri - Viðskiptasmiðjan 22. nóv

Viðskiptasmiðjan
Hraðbraut nýrra fyrirtækjaViltu skapa eigin tækifæri – eigin framtíð?Viltu byggja upp fyrirtæki á eigin reynslu og þekkingu? Tækifærið er NÚNA!Viðskiptasmiðjan er hraðbraut nýrra fyrirtækja. Hluti af hraðbrautinni er eins árs diplómanám í frumkvöðlafræðum sem er samvinnuverkefni Klaks - Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins og Háskólans í Reykjavík. Einstaklingar, hópar eða fyrirtæki koma inn í smiðjuna með hugmynd sem þeir vilja breyta í viðskiptatækifæri og koma í framkvæmd og rekstur á námstímanum. Sprotafyrirtæki í rekstri, eins og t.d. Stiki, Hafmynd, Stjörnu-Oddi, Tölvumiðlun, Nordic-Photos og Trackwell hafa valið þessa leið sem hraðbraut til árangurs. Ný fyrirtæki eins og Clara og Gogoyoko eru að verða að veruleika í Viðskiptasmiðjunni. Í Viðskiptasmiðjunni er boðið upp á námskeið sem skapa nauðsynlega þekkingu og leiðbeinendur og ráðgjafa sem vísa veginn. Þar skapast líka tengsl við aðra frumkvöðla og fjárfesta sem að veitir stuðning, orku og eykur líkur á velgengni. Í janúar verður tekið á móti nýjum hópi frumkvöðla í Viðskiptasmiðjuna. Þá er gott tækifæri fyrir þá sem vilja vinna að eigin hugmyndum, að vinna þær í Viðskiptasmiðjunni og gera þær að veruleika.Viðskiptasmiðjan býður upp á Hugmyndasmiðju, laugardaginn 22. Nóvember

klukkan 11 - 14 fyrir þá einstaklinga eða hópa sem vilja starfa á eigin forsendum en hafa ekki fullmótaða hugmynd um hvað þeir myndu vilja vinna. Þar er þeim, með ákveðnum aðferðum, hjálpað að finna tækifæri byggð á eigin þekkingu og reynslu. Tækifærið er svo þróað í viðskiptamódel með það að leiðarljósi að hægt sé að sækja um þátttöku í Viðskiptasmiðjunni. Hugmyndasmiðjan er þátttakendum að kostnaðarlausu, enda er hún hugsaður sem mögulegur undanfari Viðskiptasmiðjunnar. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku sem fyrst með tölvupósti á **klak@klak.is**. Á laugardaginn komast aðeins 15 manns að.

27. nóvember

Sending til félagsmanna sem misst hafa starf

Skrifstofa SSF hefur sent bréf heim til allra þeirra félagsmanna sem misst hafa vinnu skv. skrám sem fengist hafa frá starfsmannafélögum Landsbanka, Glitnis, Kaupþings og Teris. Félagsmenn sem eru án atvinnu og ekki eru á netfangalista hjá SSF eru hvattir til að senda heimanetfang sitt á ssf@ssf.is
Á vefsíðunni www.ssf.is er undir rauðum hnapp á forsíðu samsafn af gögnum sem hugsuð eru fyrir þá sem misst hafa starf. Þar verða áfram vistuð öll gögn sem ætluð eru þeim hópi. Þar eru m.a. ýmsir valkostir í námi sem vert er að skoða.

27. nóvember

Atvinnulausir félagsmenn fengu gjafabréf í líkamsrækt

Í fyrstu viku bankakrísu hafði samband við skrifstofu SSF eigandi Sporthússins í Kópavogi og óskaði eftir að fá að bjóða atvinnulausum félagsmönnum SSF frítt í líkamsrækt í 3 mánuði. Skrifstofa SSF prentaði nöfn og kennitölur á bréfin fyrir útsendingu jafnskjótt og nafnalisti lá fyrir frá starfsmannafélögum og hefur nú sent þessi bréf út. Félagsmenn eru hvattir til að virkja þessi gjafabréf innan tilskilins frests og nýta sér þetta góða boð. SSF færir Sporthúsinu bestu þakkir fyrir frumkvæðið og góðan hug til félagsmanna á erfiðleikatímum.

28. nóvember

Námstilboð fyrir félagsmenn SSF hjá Endurmenntun HÍ

Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði
Námsbrautir Endurmenntunar á vormisseri 2009
Félagar í SSF fá 15% afslátt af námsgjaldi í Gæðastjórnun, Mannauðsstjórnun og Rekstrar- og viðskiptanámi. Gæðastjórnun

Tveggja missera nám skipulagt í samstarfi við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. 24 ECTS
Námið hentar þeim sem bera ábyrgð á gæðamálum fyrirtækja og stofnana eða hyggjast hasla sér völl á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með háskólagráðu í viðskiptafræði, verkfræði, tæknifræði og skyldum fögum, en er annars opið umsækjendum með annan bakgrunn.

Mannauðsstjórnun - einnig í fjarnámi
Þriggja missera nám sem er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi. 36 ECTS
Námið er annars vegar ætlað þeim sem sinna starfsmannamálum hjá fyrirtækjum og stofnunum og vilja dýpka þekkingu sína á viðfangsefninu og hins vegar þeim sem vilja búa sig undir starf á nýjum vettvangi.

Verkefnastjórnun - Leiðtogaþjálfun
Tveggja missera nám skipulagt í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. 24 ECTS
Námið er fyrir áhugasamt og dugmikið fólk sem hefur vilja til verka og ánægju af að efla færni sína í starfi og leik og um leið kynnast nýjum hugmyndum og nýju fólki. Lögð er áhersla á að kenna verkefnastjórnun og þroska leiðtogahæfni nemenda með því að nota raunhæf verkefni.

Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í fjarnámi
Þriggja missera nám sem er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi. 54 ECTS
Námið hentar þeim sem vilja öðlast þekkingu í rekstrar- og viðskiptafræðum. Námið er enn fremur fyrir þá sem þegar hafa háskólagráðu, BA eða BS, en hyggja á MS-nám í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Kostnaðarstjórnun og -greining NÝTT
Tveggja missera nám skipulagt í samstarfi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. 36 ECTS
Námið er hugsað fyrir stjórnendur og einstaklinga sem koma að kostnaðarstjórnun og kostnaðargreiningu í fyrirtækjum og stofnunum. Námsbrautin hentar einnig fyrir aðila sem vilja búa sig undir stjórnunar og/eða sérfræðistörf á þessu sviði.
Seinni umsóknarfrestur til **8. desember**
Hjá Endurmenntun starfar námsráðgjafi sem veitir aðstoð við námsval. Sjá nánar hér
Að gefnu tilefni viljum við minna á fræðslustyrki stéttarfélaga. Nánari upplýsingar eru veittar á www.endurmenntun.is og í síma 525 4444.

2008 - Desember

5. desember

Kröfur í gömlu bankana vegna vangoldinna launa

SSF hefur á undanförnum vikum lagt mikla vinnu í að kanna réttarstöðu þeirra sem ekki bauðst starf í nýjum bönkunum eða lækkuðu í launum við stofnun nýrra banka. Hefur sú vinna verið aðallega fólgin í því að kanna hvaða leiðir eru færar til þess að þeir félagsmenn sem málið varðar fái samningsbundnar greiðslur. Að höfðu samráði við lögfræðinga og aðra sem koma að þessum málum hefur lögmaður SSF ritað skilanefndum gömlu bankana bréf og þar sem þess er óskað að þessi launamunur verði greiddur sem allra fyrst. SSF mun kappkosta að upplýsa félagsmenn um stöðu mála eins fljótt og kostur er.
Félagsmönnum verður haldið upplýstum um gang mála og viðbrögð skilanefnda
Meðfylgjandi er bréf lögmannsins til skilanefnda.

Reykjavík, 4. desember 2008
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, SSF, hafa falið mér að rita skilanefndum bankanna bréf þetta. Er það sent samhljóða til þeirra allra. Ástæða fyrir ritun bréfsins er sú staða, sem upp hefur komið hjá þeim starfsmönnum bankanna sem ekki fá laun sín að fullu greidd í uppsagnarfresti eða mismun á launum í nýja og gamla bankanum. Við skerðingu þá sem ákveðin var, vísuðu skilanefndirnar til þess að starfsmönnum gæfist kostur á að lýsa launakröfum sínum í þrotabú bankanna. Vann SSF að því að undirbúa kröfugerðirnar. Nú hefur sú breyting orðið, að greiðslustöðvun hefur verið heimiluð fyrir bankana í tvö ár. Er sá kostur því ekki fyrir hendi og því engin lausn fyrir starfsmennina. Það skal tekið fram að samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fl. að þá er, þrátt fyrir greiðslustöðvun, heimilt að greiða þær kröfur sem víst er að yrðu efndar eftir stöðu þeirra í skuldaröð, ef til gjaldþrotaskipta kæmi. Enginn vafi getur leikið á því að launakröfur starfsmanna, að forstjórum bankanna undskildum, eiga að koma til greiðslu að fullu þrátt fyrir greiðslustöðvun. Ef ekki hefði komið til inngrips löggjafans má ljóst telja, að gömlu bankarnir væru undir gjaldþrotaskiptum og allar launakröfur væru efndar að fullu eftir því sem þær falla í gjalddaga. Tilvitnað ákvæði í 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti á að gera það að verkum að réttarstaða starfsmanna sé ekki verri að þessu leyti en við gjaldþrotaskipti. Þar sem um mikilsverð réttindi einstaklinga er að ræða er mikilvægt að staðið verði við launakröfur að fullu á greiðslustöðvunartímanum. Eftirfarandi hópar starfsmanna sem á næstu mánuðum eiga eftir að fá greidd laun frá bönkunum eru þessir:
Þeir starfsmenn, sem sagt hefur verið upp störfum en hafa ekki fengið greiddan fullan uppsagnarfrest skv. ráðningarsamningi, umfram kjarasamning.

1. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greiddan hluta þeirra launa sem þeir höfðu fyrir uppsögn.
2. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greidd grunnlaun út uppsagnarfrest en ekki umsamdar bónuseða aukagreiðslur.
3. Þeir starfsmenn sem halda áfram störfum hjá nýju bönkunum en verða á lægri launum og eiga rétt þá rétt á mismun launa í 3 eða 6 mánuði í samræmi við kjarasamning eða ráðningarsamning.

Ekki er fyllilega vitað hvort ofangreind upptalning eigi við um alla bankana. Fyrir ofangreinda hópa og hvern og einn starfsmann gerir SSF þá kröfu að skilanefndirnar endurskoði afstöðu sína og greiði öllum ofangreindum aðilum þær fjárhæðir sem þeir eiga rétt til á næstu mánuðum. Enginn ágreiningur mun vera um það að starfsmennirnir eiga þessar kröfur á hendur bönkunum og við þessar aðstæður treystir SSF því að skilanefndirnar muni ekki undir nokkrum kringumstæðum vinna þannig í málum bankanna, að ekki verði staðið skil á þessum launafjárhæðum. Málið er alvarlegt og hafa starfsmenn treyst á að fá þessar fjárhæðir greiddar. Ekki getur gengið að það dragist í tvö ár að niðurstaða fáist í ógreiddum launum til fyrrum og núverandi starfsmanna. Mikil óánægja verður um þær málalyktir og ófriður. Verði fallist á að greiðslur þessar fari fram er lagt til að í samráði við starfsmannastjóra bankanna verði stuðst við þær upplýsingar um fjárhæðir til hvers starfsmanns sem til eru í bókum bankanna um ógreiddar fjárhæðir til þeirra hvern mánuð og fjölda mánaða og þær unnar í exelskjölum. Haft yrði af hálfu starfsmannastjóra og SSF vefrænt samband við hvern starfsmann og þeim gefinn kostur á að samþykkja að þessi háttur yrði hafður á upplýsingagjöf um ógreidd laun til skilanefndanna og að þessi háttur yrði hafður á um kröfugerð frá þeim til nefndanna. Rétt er samt að taka fram að með þessu er ekki tryggt að ágreiningur rísi ekki um uppgjörið í einstaka tilvikum enda verði endanlegt uppgjör að vera háð samþykki þess starfsmanns sem í hlut á. Yrði málið unnið á þennan hátt til að forðast allan óþarfa kostnað við útreikninga og innheimtu fjárhæðanna og þannig yrði komist hjá að vinna sérstaklega kröfugerðir fyrir hvern og einn starfsmann. Þess er vænst að skilanefndir taki fljótt afstöðu til ofangreinds, annars vegar til kröfunnar um greiðslu þeirra launa sem starfsmenn eiga inni, og hins vegar til þeirrar aðferðar sem notast yrði við þegar til greiðslu kæmi.

Virðingarfyllst,
F.h. SSF Sveinn Sveinsson hrl.
Afrit: Sent til bankastjóra og bankaráða nýju bankanna.

5. desember

Nýr kjarasamningur SSF og viðsemjenda undirritaður

Kjarasamningar undirritaðir
Í dag 5. desember 2008 undirrituðu samninganefnd SSF og samninganefnd bankanna og SA nýjan kjarasamning. Samningurinn gildir frá 1. nóvember 2008 til 31. des. 2010.
Helstu atriði kjarasamningsins eru:
- Öll laun í launatöflu A hækka þann 1.nóv. 2008 um kr 20.500, eða um 22.208 miðað við launatöflu B. Öll mánaðarlaun undir kr 450.000 utan sem innan launatöflu hækka sem þessu nemur, en hærri laun taka ekki breytingum skv. þessu ákvæði.
- Öll laun hækka að lágmarki um 2,5,% þann 1.jan.2010, en öll laun skv launatöflu A hækka um kr 14.000-, sem samsvarar kr 15.167- skv. launatöflu B.
- Ýmis önnur ákvæði taka breytingum, m.a. ávinnsla orlofs, 2% viðbótarframlag fyrirtækis í lífeyrissjóð fyrir félagsmenn með 0-3 ára starfsreynslu. Framlag í Menntunarsjóð SSF hækkar, 12 dagar vegna veikinda barna í stað 10 áður, og framlag fyrirtækis í endurhæfingarsjóð.
- Endurskoðunarákvæði vegna breytinga á forsendum kjarasamninga eru þau sömu og gilda í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði
Atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um kjarasamninginn verður rafræn og fer fram í næstu viku - nánar um það síðar.

12. desember

Fyrstu niðurstöður atkvæðagreiðslu um kjarasamning

Nú er lokið rafrænni atkvæðagreiðslu um kjarasamning SSF og samninganefndar bankanna og SA sem undirritaður var 5. des sl. Skv. upplýsingum frá Outcome, sem sá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar eru niðurstöður þær að u.þ.b. 2/3 hluti þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni samþykktu samninginn. Nákvæmar tölur um hlutfall félagsmanna sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni liggja fyrir í dagslok á þriðjudag 16. des þegar gögn frá trúnaðarmönnum verða komin í hús. þær verða þá birtar hér á vefnum.
Kjörstjórn SSF

17. desember

Kjarasamningar samþykktir

Nú liggja fyrir niðurstöður kjörstjórnar um atkvæðagreiðslu um kjarasamning sem undirritaður var 5. des. samningurinn var samþykktur þannig að tæp 72% þeirra sem tóku afstöðu samþykktu samninginn en 28% voru á móti. Alls tóku 3276 þátt í atkvæðagreiðslunni.

17. desember

Nýjar launatöflur 148 og 149

Í samræmi við nýgerða kjarasamninga eru á leið á vefinn launatafla 148 sem gildir frá 1.nóv - 31.des 2008 og síðan kemur launatafla 149 sem gildir frá 1. jan 2009

2009

2009 - Janúar

9. janúar

Kröfur í gömlu bankana vegna vangoldinna launa

Kröfur í gömlu bankana vegna vangoldinna launa
Eins og fram kom í frétt hér á heimasíðunni í des sl þá sendi lögmaður SSF bréf til skilanefnda bankanna þriggja vegna innheimtu launa þann 5. des (sjá það bréf neðar nr 1)
Því miður hafa skilanefndirnar enn ekki svarað því bréfi með formlegum hætti. Frá Glitni hafa þær fréttir þó borist að verið sé að reikna út ógreiddu launin og stefnt sé að útborgun þeirra. Lögmaðurinn ákvað að senda ítrekunarbréf til skilanefnda hinna bankanna. (sjá það bréf 2)
Ef ekki fást jákvæð svör við þessari sjálfsögðu kröfu um greiðslu vangoldinna launa (m.a. launamunur í gamla og nýja) þá verður verður hver og einn félagsmaður að sækja sín mál til gamla bankans, að sjálfsögðu með aðstoð lögmanns SSF.

Bréf 1
Reykjavík, 4. desember 2008 Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, SSF, hafa falið mér að rita skilanefndum bankanna bréf þetta. Er það sent samhljóða til þeirra allra. Ástæða fyrir ritun bréfsins er sú staða, sem upp hefur komið hjá þeim starfsmönnum bankanna sem ekki fá laun sín að fullu greidd í uppsagnarfresti eða mismun á launum í nýja og gamla bankanum. Við skerðingu þá sem ákveðin var, vísuðu skilanefndirnar til þess að starfsmönnum gæfist kostur á að lýsa launakröfum sínum í þrotabú bankanna. Vann SSF að því að undirbúa kröfugerðirnar. Nú hefur sú breyting orðið, að greiðslustöðvun hefur verið heimiluð fyrir bankana í tvö ár. Er sá kostur því ekki fyrir hendi og því engin lausn fyrir starfsmennina. Það skal tekið fram að samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fl. að þá er, þrátt fyrir greiðslustöðvun, heimilt að greiða þær kröfur sem víst er að yrðu efndar eftir stöðu þeirra í skuldaröð, ef til gjaldþrotaskipta kæmi. Enginn vafi getur leikið á því að launakröfur starfsmanna, að forstjórum bankanna undskildum, eiga að koma til greiðslu að fullu þrátt fyrir greiðslustöðvun. Ef ekki hefði komið til inngrips löggjafans má ljóst telja, að gömlu bankarnir væru undir gjaldþrotaskiptum og allar launakröfur væru efndar að fullu eftir því sem þær falla í gjalddaga. Tilvitnað ákvæði í 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti á að gera það að verkum að réttarstaða starfsmanna sé ekki verri að þessu leyti en við gjaldþrotaskipti. Þar sem um mikilsverð réttindi einstaklinga er að ræða er mikilvægt að staðið verði við launakröfur að fullu á greiðslustöðvunartímanum. Eftirfarandi hópar starfsmanna sem á næstu mánuðum eiga eftir að fá greidd laun frá bönkunum eru þessir:Þeir starfsmenn, sem sagt hefur verið upp störfum en hafa ekki fengið greiddan fullan uppsagnarfrest skv. ráðningarsamningi, umfram kjarasamning. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greiddan hluta þeirra launa sem þeir höfðu fyrir uppsögn. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greidd grunnlaun út uppsagnarfrest en ekki umsamdar bónus- eða aukagreiðslur. Þeir starfsmenn sem halda áfram störfum hjá nýju bönkunum en verða á lægri launum og eiga rétt þá rétt á mismun launa í 3 eða 6 mánuði í samræmi við kjarasamning eða ráðningarsamning. Ekki er fyllilega vitað hvort ofangreind upptalning eigi við um alla bankana. Fyrir ofangreinda hópa og hvern og einn starfsmann gerir SSF þá kröfu að skilanefndirnar endurskoði afstöðu sína og greiði öllum ofangreindum aðilum þær fjárhæðir sem þeir eiga rétt til á næstu mánuðum. Enginn ágreiningur mun vera um það að starfsmennirnir eiga þessar kröfur á hendur bönkunum og við þessar aðstæður treystir SSF því að skilanefndirnar muni ekki undir nokkrum kringumstæðum vinna þannig í málum bankanna, að ekki verði staðið skil á þessum launafjárhæðum. Málið er alvarlegt og hafa starfsmenn treyst á að fá þessar fjárhæðir greiddar. Ekki getur gengið að það dragist í tvö ár að niðurstaða fáist í ógreiddum launum til fyrrum og núverandi starfsmanna. Mikil óánægja verður um þær málalyktir og ófriður. Verði fallist á að greiðslur þessar fari fram er lagt til að í samráði við starfsmannastjóra bankanna verði stuðst við þær upplýsingar um fjárhæðir til hvers starfsmanns sem til eru í bókum bankanna um ógreiddar fjárhæðir til þeirra hvern mánuð og fjölda mánaða og þær unnar í exelskjölum. Haft yrði af hálfu starfsmannastjóra og SSF vefrænt samband við hvern starfsmann og þeim gefinn kostur á að samþykkja að þessi háttur yrði hafður á upplýsingagjöf um ógreidd laun til skilanefndanna og að þessi háttur yrði hafður á um kröfugerð frá þeim til nefndanna. Rétt er samt að taka fram að með þessu er ekki tryggt að ágreiningur rísi ekki um uppgjörið í einstaka tilvikum enda verði endanlegt uppgjör að vera háð samþykki þess starfsmanns sem í hlut á. Yrði málið unnið á þennan hátt til að forðast allan óþarfa kostnað við útreikninga og innheimtu fjárhæðanna og þannig yrði komist hjá að vinna sérstaklega kröfugerðir fyrir hvern og einn starfsmann. Þess er vænst að skilanefndir taki fljótt afstöðu til ofangreinds, annars vegar til kröfunnar um greiðslu þeirra launa sem starfsmenn eiga inni, og hins vegar til þeirrar aðferðar sem notast yrði við þegar til greiðslu kæmi.

Virðingarfyllst,
F.h. SSF
Sveinn Sveinsson hrl

Afrit: Sent til bankastjóra og bankaráða nýju bankanna

Bréf 2
Skilanefnd Kaupþings hf.Borgartún 19 155 Reykjavík
Reykjavík, 7. janúar 2009
Með bréfi dags. 4. desember 2008 sendi undirritaður fyrir hönd SSF bréf til skilanefnda bankanna þar sem skorað var á nefndirnar að sjá svo til að starfsmenn gömlu bankanna fengju greitt það af launum sínum sem enn þá væri ógreitt til þeirra. Ljóst er að starfsmenn eru farnir að ókyrrast, enda hefur stór hópur þeirra fengið sínar síðustu launagreiðslur sem ákvarðaðar hafa verið. Sá tími er því framundan sem miklu skiptir að starfsfólk viti hvar það standi. Nú er um mánuður síðan bréf þetta var sent en engin viðbrögð hafa komið frá skilanefnd Kaupþings. Tilgangur bréfs þessa er fyrst og fremst sá að athuga hjá skilanefndinni, hvort svars sé ekki að vænta við fyrra bréfi og hvað langur tími geti liðið þar til von verði á þeim svörum og ákvörðun um frekari greiðslur. Nauðsynlegt er að eyða þeirri óvissu sem býr með starfsmönnum varðandi framhald launagreiðslnanna.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSF
Sveinn Sveinsson hrl.

Afrit sent bankastjórn ogbankaráði nýja bankans

16. janúar

SSF, Nýsköpunarmiðstöð og Glitnir

Ertu með viðskiptahugmynd? Vantar þig aðstöðu?
Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Glitnir opna í janúar Kvosina, nýtt viðskiptasetur í húsnæði Glitnis í Lækjargötu. Í Kvosinni fá einstaklingar og hópar aðstöðu til að vinna að viðskiptahugmyndum og stofna fyrirtæki undir faglegri umsjón sérfræðinga Impru á Nýsköpunarmiðstöð.
Skrifstofuaðstaða gegn vægu gjaldi
Fagleg ráðgjöf og stuðningur starfsmanna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
Skapandi umhverfi og öflugt tengslanet
Umsókn um aðstöðu
Rafrænt umsóknareyðublað er að finna hér. Í umsókninni þarf að koma fram stutt lýsing á viðskiptahugmyndinni, framtíðarsýn og húsnæðisþörf, ásamt ferilskrá eða upplýsingum um umsækjendur.

Reynsla og þekking
Kvosin er reist á reynslu og þekkingu Impru á Nýsköpunarmiðstöð sem starfrækir fjögur önnur frumkvöðlasetur. Á Keldnaholti í Reykjavík eru tólf fyrirtæki, þar á meðal ORF Líftækni sem hlaut Nýsköpunarverðlaunin 2008. Á Torginu í Austurstræti eru 13 fyrirtæki, en það var opnað í samstarfi við Landsbankann í desember. Í Eldey á háskólasvæði Keilis eru átta fyrirtæki. Einnig rekur Nýsköpunarmiðstöð frumkvöðlasetur á Höfn í Hornafirði.

27. janúar

Úthlutun úr Menntunarsjóði SSF

Stjórn Menntunarsjóðs SSF fundaði 26. jan um þær umsóknir sem borist hafa. Þessu sinni bárust 65% fleiri umsóknir en á sama tíma á sl ári. Stefnt er að því að greiða út alla styrki fyrir lok janúar.

2009 - Febrúar

11. febrúar

Nýtt SSF blað komið út

Nýtt SSF blað er farið í dreifingu til félagsmanna. Nú verður sá háttur hafður á að trúnaðarmenn á vinnustöðunum dreifa blaðinu til félagsmanna. Einnig hefur blaðið verið sent heim til félagsmanna sem misst hafa starf.

17. febrúar

Staða á vangreiddum launum á uppsagnarfresti (17.febr)

SSF og starfsmannafélögin hafa allt frá í október unnið mikið starf við að fylgja eftir kröfum um að vangreidd laun á uppsagnarfresti verði útgreidd.
Eftirfarandi á bæði við þá sem misstu starf og eins þá sem voru endirráðnir til nýju bankanna.
Staðan er eftirfarandi:
Glitnir og Kaupþing: Launamunur fyrir fyrstu þrjá mánuðina verður gerður upp í febrúar og mars. Fyrir þá sem eru með lengri uppsagnarfrest verður launamunur greiddur mánaðarlega næstu þrjá mánuði.
Hjá báðum gildir: Kröfur um bónusa, sölulaun, launabreytingaloforð, eða annað sem starfsmenn telja sig eiga rétt á verður að sækja beint til Skilanefnda, sem þurfa að afgreiða þær.
Telji Skilanefndir innsendar kröfur ekki flokkast sem almennar launakröfur verður viðkomandi kröfuhafi að lýsa almennri kröfu í búið. Lögmaður SSF mun áfram vinna í þeim málum.
- Hjá Landsbankanum (NBI) er ennþá unnið að farsælli lausn málsins og verða fréttir birtar hér um leið og þeirri vinnu lýkur.

23. febrúar

SSF á framadögum í HÍ

SSF tók þátt í Framadögum HÍ föstudaginn 20. febrúar. Þar var áherslan á að kynna háskólanemum hlutverk stéttarfélaga og mikilvægi þess að kynna sér réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Stúdentar tóku þessum málflutningi vel og voru eindregið sammála því að Háskólar þurfi að kynna betur hlutverk og viðfangsefni stéttarfélaga til að undirbúa háskólanema undir störf á vinnumarkaði.

23. febrúar

Fréttir af norrænu samstarfi

SSF er aðili að norrænu samstarfi stéttarfélaga starfsmanna fjármálafyrirtækja. Nýlega kom út rafrænt fréttabréf á ensku sem greinir frá því helsta í starfinu.

2009 - Mars

13. mars

Skattframtal og styrkir úr menntunarsjóði SSF

Þeir félagsmenn sem fengu styrk úr Menntunarsjóði SSF 2008 - vinsamlega ath
styrkurinn færist sjálfkrafa í reit 149 á framtalinu
Við útfyllingu framtals á að smella á frádráttur þar fyrir aftan - þá birtist eyðublað "greinargerð um frádrátt". Þar skráir framteljandi við "Námskeiðsgjöld" sömu upphæð og hún/hann fékk í styrk. Svo er bara að halda áfram að stúdera af sama eða endurnýjuðum krafti.

18. mars

Könnun SSF og Vinnueftirlits

nú er á leið til trúnaðarmanna gögn vegna könnunar sem SSF og Vinnueftirlit standa fyrir á liðan og heilsu starfsmanna í fjármálafyrirtækjum. Hver félagsmaður fær umslag með bréfi þar sem er aðgangsorð in á vefslóðina hér fyrir neðan - smella á vefslóð og svara...
www.secure.outcomesurveys.com/survey.aspx

23. mars

Staðan á málefnum SPRON

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið að taka yfir vald hluthafafundar SPRON og víkja stjórninni frá þegar í stað.
FME hefur skipað skilanefnd sem fer með öll málefni SPRON, þar með talið öll málefni starfsmanna. Forystumenn SSF og SfSpron ásamt lögmanni SSF eiga fund með skilanefndinni kl 11.00 á morgun, þriðjudag 24. mars. Eftir þann fund getum við vonandi sagt meira frá málefnum starfsmanna SPRON.

23. mars

Frá stjórn starfsmannafélags SPRON

Stjórn starfsmannafélags SPRON vill koma því á framfæri til starfsfólks og fyrrverandi starfsfólks SPRON að stjórnin er enn að störfum og er til taks ásamt trúnaðarmönnum ef eitthvað er.
Ólafur Már Svavarsson s: 697-3254
Anna Björk Haraldsdóttir s: 899-4898
Gréta Kjartansdóttir s: 896-2717Steinunn Sveinsdóttir s:822-5122
Kristín M Bjarnadóttir s:661-7235

Trúnaðarmenn SPRON eru: Ágústa Hjartar, Ella Kristín Sigurðardóttir, Guðríður Birgisdóttir, Guðríður Gígja, Halla Hafliðadóttir, Jónína Gunnarsdóttir, Katrín Árnadóttir, Katrín Pálsdóttir, Líney Tryggvadóttir, Súsanna G. Antonsdóttir, Valgerður Friðriksdóttir, Þórey Jónína Jónsdóttir

24. mars

Nýtt í málefnum SPRON

Forystumenn SSF og Sf Spron, ásamt lögmanni SSF áttu fund með skilanefnd og stjórnendum SPRON kl 11.00 í morgun. Þar var farið vandlega yfir stöðu starfsmanna og hugsanlegan fjölda sem fengju uppsagnarbréf á næstunni. Kaupþing mun ráða til sín 30 - 40 starfsmenn, skilanefnd SPRON ætlar að semja við 20 - 25 starfsmenn um áframhaldandi tímabundið starf við eignaumsýslu SPRON, SPRON verðbréf og SPRON factoring verða áfram rekin í óbreyttri mynd og einnig Frjálsi fjárfestingarbankinn.
Það kom skýrt fram hjá stjórnendum SPRON og skilanefnd, eins og hjá Gylfa Magnússyni viðskiptaráðherra á þingi í gær, að SPRON mun virða og standa við gerða kjarasamninga og ráðningarsamninga. Forystumenn SSF og Sf Spron funduðu með fjölmörgum starfsmönnum SPRON og trúnaðarmannaráði í húsakynnum SPRON að Ármúla 13 að loknum fundinum með skilanefnd og stjórnendum. Farið var yfir ýmsa þætti í réttindamálum starfsmanna og lagt á ráðin með framhaldið. Þeir starfsmenn sem hafa spurningar eru eindregið hvattir til að hafa samband við skrifstofu SSF í síma eða tölvupósti ssf@ssf.is Sjá upplýsingar um starfsmenn SSF undir "um SSF" hér á síðunni

27. mars

Af málefnum Sparisjóðabankans

Sparisjóðabankinn er nú í greiðslustöðvun, en starfsemi hans heldur áfram. Í gær fékk 21 starfsmaður bankans uppsagnarbréf og í dag fundaði meirihluti þeirra í húsakynnum SSF með formanni SSF og trúnaðarmanni starfsmanna bankans.Um 50 starfsmenn halda áfram starfi og er fullur hugur eigenda, stjórnenda og starfsmanna ap efla Sparisjóðabankann á nýjan leik.
Sparisjóðabankinn mun virða og standa við alla gerða ráðningarsamninga og munu þeir sem missa nú starf sitt fá full laun greidd í uppsagnarfresti.

31. mars

Nýjar fréttir af SPRON

Í dag eru starfsmenn SPRON að taka á móti uppsagnarbréfum. Öllum starfsmönnum SPRON verður sagt upp, u.þ.b.200 félagsmenn SSF. Forysta SSF og SfSpron fylgjast með uppsögnum og eiga góða samvinnu við stjórnendur sparisjóðsins. Reynt verður að tryggja að kjarasamningar og lög verði virt í hvívetna. Samkvæmt fréttum mun MP kaupa SPRON og reka a.m.k. þrjú útibú áfram með um 45 starfsmönnum. ÞEtta eru ánægjuleg tíðindi í viðbót við þá staðreynd að Kaupþing er að ráða starfsmenn frá SPRON og fleiri fjármálafyrirtæki hafa sýnt áhuga á samstarfi.

2009 - Apríl

7. apríl

Uppgjör á vangreiddum launum

Eins og fram kom í frétt hér á síðunni þann 17. febrúar sl. þá voru vangreidd laun á uppsagnarfresti afgreidd hjá Kaupþingi og Íslandsbanka, en í vinnslu hjá Landsbanka.
Í byrjun apríl voru þessi vangreiddu laun greidd hjá Landsbanka (NBI) og fengu allir viðkomandi starfsmenn tilkynningu þar um frá bankanum.
Eins og fram kemur í fréttinni 17. febrúar þá eru ýmis mál er varða uppgjör árangurstenginga, bónusa o.fl. ófrágengin. Þær kröfur munu fara með öðrum kröfum i bú fyrirtækjanna þegar þar að kemur.

14. apríl

Endurmenntun Háskóla Íslands haustið 2009

Tólf námsbrautir Endurmenntunar haustið 2009
Kynningarfundur fimmtudaginn 16. apríl kl. 11:00 að Dunhaga 7.
Sjá nánar www.endurmenntun.is.

15. apríl

SSF mótið í keilu 2009

Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf. Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.
Stefnt er á að mótið verði haldið í Keiluhöllinni Öskjuhlíð kl. 18:00 í viku 19. Leikið verður tvö kvöld. Fyrra kvöldið verða leiknir þrír leikir og tveir leikir síðara kvöldið ásamt verðlaunaafhendingu og veitingum.
Nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er þekkt. Þátttökutilkynningum skal skilað til SSF fyrir kl. 12:00 á hádegi 29. apríl n.k. Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin og liðsskipan
NETbréf subject: "SSF_keila_2009 - heiti liðs".
NET-fang: sigurdur@ssf.is
heimasíða SSF: www.ssf.is/
Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin.

20. apríl

Niðurstöður happadrættis v könnunar

Nú hefur veruð dregið úr lykilorðum svarenda í Könnun á líðan og heilsu starfsfólks í fjármálafyrirtækjum 2009. Hér fyrir neðan eru útdregin lykilorð. Þeir sem eiga bréf með þessum lykilorðum geta vitjað vinninga sinna með því að skrifa nafn sitt, kennitölu og heimilisfang á blaðið og sent það í fax 540 6108 og síðan frumrit blaðs til SSF merkt: SSF – könnun 09. Nethyl 2 E, 110 Reykjavík. Einnig er hægt að senda blaðið í bankapósti á SSF – banki 113 Landsbanki Árbæ, eða hringja á undan sér og mæta svo á staðinn með bréfið og fá gjafabréfið afhent. Athugið að framvísa verður bréfi með lykilorði til að fá afhent gjafabréf.
Félagsmönnum er þökkuð góð þátttaka í könnuninni og niðurstöður verða kynntar á vef SSF um leið og þær liggja fyrir.
Útdregin lykilorð:

1	kTU5XEO8ik
2	gQbyjHyDyI
3	5DDceBA6YG
4	rcdSpEgUIF
5	Co8cU48gES
6	9T3t3uhaBv
7	bGLhoQkges
8	ZhAjjaJvnT
9	7R9ABsocra
10	jhX2CDYa9c
11	J5TrY5UmtG
12	RR3yzViriG
13	Pne7vfVNcz
14	34odQvh56B
15	pF8AAay9jY

2009 - Maí

7. maí

SSF á fundi með ríkisstjórninni

Forsætisráðherra og fjármálaráðherra boðuðu aðila vinnumarkaðarins áfund í forsætisráðuneytinu 5, maí sl. Tilefni fundar var að forystumennSamfylkingar og VG vildu heyra mikilvægustu áhersluatriði hópa um helstuverkefni stjórnvalda á næsta kjörtímabili, ekki síst næstu misserin,áður en vinna þeirra við gerð nýs stjórnarsáttmála verður tillykta leidd. Óskað var eftir innleggi frá aðilum vinnumarkaðar íumræðuna sem gæti komið tilvonandi stjórn að notum ístjórnarsáttmála. Rætt var um gjaldeyrishöft, vaxtamál, greiðsluvanda heimilanna, lausa kjarasamninga aðildarfélagaog hvernig samstarf aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar gæti best orðiðá næstu vikum og mánuðum. ASÍ leggur til að ráðnir verði a.m.k. 50fjármálaráðgjafar til næstu 6 til 9 mánaða til að aðstoða fólk ígreiðsluvanda og að þeirri kröfu að skuldum verði komið í skil áður engreiðsluaðlögun eða aðstoð fæst verði vikið til hliðar. Tillögur ASÍ mánálgast á fréttavefum. **Innlegg vegna bankanna.**Helstu áherslur SSF sem Anna Karen frá SSF lagði fyrir ráðherra voru mikilvægi þess að halda í alla þá starfsmenn sem eftir eru hjá fjármálafyrirtækjum til að aðstoða við uppbyggingu fjármálakerfisins. Störf ber að verja og í þeim uppsögnum sem átt hafa sér stað í fjármálageiranum að undanförnumá gera ráð fyrir hugsanlegum landflótta ungs menntaðs fólks. Mikilverðmæti eru fólgin í þeim mannauði sem vann hjá bönkunum og alltþarf að gera til að finna lausnir til handa þessum hópi. Anna Karen lagði tilað fá þessa 50 aðila frá atvinnulausum félagsmönnum SSF eða frá bönkunum í ráðgjafateymisem Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ lagði til að yrði stofnað til að aðstoða fólk í greiðsluvanda. Flýta þarf endurfjármögnun bankanna til að halda heimilum og atvinnulífinu gangandiog eyða óvissu sem ríkt hefur meðal starfsmanna. Anna Karen lagði til aðríkisstjórnin myndi íhuga það vel ef fara ætti í frekari hagræðingu íbankakerfinu með tilheyrandi uppsögnum starfsmanna, sem er varlahagkvæmt að hafa á atvinnuleysisbótum. Anna Karen benti á að ef tveir stórir bankar yrðu sameinaðir gætu þeir verið meðallt að 65% markaðshlutdeild. Gæta þyrfti þess að fækka ekkifjármálafyrirtækjum til þess að viðhalda eðlilegri samkeppni.Hún tók fram að á að innan bankanna væru um 80%starfsmanna nú með laun á bilinu 200-500 þúsund, en það hefur gleymst íneikvæðri umræðu um tekjur bankamanna að undanförnu. Þá væri kynjahlutfallið einnigað nálgast aftur það sem áður var að 75% starfsmanna bankanna eru konur.Ýmislegt annað var rætt og áhugi er fyrir frekara samstarfi beggjaaðila.

14. maí

Tvö laus störf auglýst á vef SSF

Eitthvað er að lifna yfir vinnumarkaði fyrir félagsmenn SSF því nú eru auglýst tvö laus störf undir lausar stöður

22. maí

Fundur formanna aðildarfélaga og stjórnar SSF

Fundur formanna aðildarfélaga og stjórnar SSF
miðvikudaginn 20. Maí var haldinn fundur formanna aðildarfélaga og stjórnar . Á fundinum var farið yfir gang mála frá því er vandræði bankanna brustu á í október sl, aðgerðir skrifstofu SSF og stjórnar og þau viðfangsefni sem aðildarfélögin þurftu að fast við til að verja hagsmuni félagsmanna í því umróti sem varði kjölfarið. Farið var yfir reikninga SSF fyrir árið 2008 en nú er það hlutverk formannafunda að fjalla árlega um reikningana og afgreiða þá. Ásta Snorradóttir kynnti helstu niðurstöður könnunar líðan, heilsufari og vinnuaðstæðum félagsmanna sem framkvæmd var í mars sl. Friðbert Traustason formaður SSF fór yfir stöðu efnahagsmála og þær umræður sem nú eru í gangi milli SA og stéttarfélaganna. Eyþór Eðvarðsson leiddi vinnustofu um hlutverk forystumanna starfsmannafélaga á erfiðum tímum og að lokum kynnti Ólafur Magnússon frá Capacent niðurstöður af könnun á viðhorfum til starfsmanna fjármálafyrirtækja. Næsti formannafundur er áætlaður í október í haust

26. maí

Vegna launagreiðslna á uppsagnarfresti til starfsmanna Straums og Sparisjóðabanka.

Vegna orðróms um breytingu á fyrirkomulagi launagreiðslna á uppsagnarfresti hefur formaður SSF fyrir hönd þessa hóps félagsmanna átt í viðræðum við forystumenn í ríkisstjórn. Niðurstaða af þeim samtölum er að ætlun ríkisstjórnar er að þessi hópur fái samskonar meðferð á greiðslum launa í uppsagnarfresti eins og gert var við starfsmenn annarra banka fyrr í vetur. Í dag (26. Maí) kl 14.00 flutti viðskiptaráðherra frumvarp til breytinga á lögum nr 4472009 sem gerir skilanefndum mögulegt að greiða laun á uppsagnarfresti.

27. maí

Könnun SSF meðal starfsmanna sem fengu uppsögn í fjármálafyrirtækjum í kjölfar bankahruns

Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif atvinnumissis á heilsu og líðan og að kanna viðhorf þeirra sem misstu vinnuna til ýmissa þátta sem tengjast uppsögnunum og atvinnumissi. Í ljósi þess að fjöldi fólks hefur á undanförnum mánuðum misst vinnuna er gildi rannsóknarinnar mikið. Það er yfirvöldum, stéttarfélögum og öðrum þeim, sem koma að stefnumótum og áætlun um aðgerðir til að stemma stigu við atvinnuleysi og neikvæðum afleiðingum þess, mikilvægt að aflað sé ítarlegrar þekkingar á áhrifum atvinnumissis á líðan og heilsu. Niðurstöður þessarar rannsóknar munu veita okkur þekkingu á því hvernig hægt er að búa í haginn fyrir þá sem misst hafa vinnuna ásamt því þær hafa mikið forvarnarlegt gildi fyrir komandi ár.

29. maí

Skrá sig á golfmót SSF 4. júlí 2009 - fyrstir koma ...!!

Golfmót SSF verður haldið á golfvelli GS í Leiru 4. júlí nk..
Mæting kl 8.30. Ræst verður út á öllum teigum kl 9.00 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 13.30 - 14.00 Veitingar í mótslok eru í golfskálanum milli 14.00 og 16.00. Boðið upp á hlaðborð með purusteik og lambasteik
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, punktakeppni með og án forgjafar.
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur.
- Makakeppni, besta skor (punktar án forgjafar) og með forgjöf (punktar).
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).

Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum. Verðlaun fyrir þann sem er næstur holu 2 höggum á gríni á 9. holu.
100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.
Þátttökugjald er kr. 2.500 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað. Skráning er eingöngu í beinni innskráningu www.landsbanki.is/skraning/golfmotssf/ eigi síðar en kl. 13.00 fimmtudag 25. júní.

2009 - Júní

4. júní

Þátttaka SSF í undirbúningi stöðugleikasáttmála á vinnumarkaði

Formenn SSF hafa undanfarnar vikur tekið þátt í gerð stöðugleikasáttmála sem aðilar vinnumarkaðarins, Samtaka atvinnulífsins og hins opinbera hafa unnið að. Hjá ríkissáttasemjara hefur verið unnið í þremur nefndum sem fjalla um: Launamál, Ríkisfjármál og velferðarmál og Atvinnu- og efnahagsmál. Friðbert Traustason formaður og Anna Karen Hauksdóttir 1. varaformaður hafa setið í launanefndinni auk þess sem Anna Karen hefur setið í nefnd um Ríkisfjármál og velferðarmál, Andrés Erlingsson 2. varaformaður hefur starfað í nefnd sem fjallar um í Atvinnu- og efnahagsmál. Stíft er fundað þessa daga og eru allir á því að nauðsynlegt sé að ná samkomulagi um hvert skal stefna til að ná stöðugleika og sátt. Eins og kunnugt er þá er launaliðaumræðan í torveldum farvegi og tillit þarf að taka til annarra aðstæðna í efnahagsumhverfi s.s. vaxtastefnu og skattbyrði sem áætlað er að leggja á launþega til að mæta halla í ríkisrekstri. Þess má geta að bókun er í kjarasamningi milli SSF og SA sem gerður var í desember 2008 um endurskoðun samkvæmt 10 gr. Endurskoðun vegna verðlagsþróunar: „Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.“ En óvíst er hvort það ákvæði gildi við þær aðstæður sem nú ríkja. Formaður og 1. varaformaður SSF hafa að undanförnu átt fundi með forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðherra ásamt aðilum vinnumarkaðar þar sem aðilar hafa skipst á skoðunum og rætt starf nefnda sem fram fara hjá ríkissáttasemjara. Þessir fundir með aðilum ríkisstjórnar hafa verið árangursríkir þar sem formenn SSF hafa getað komið á framfæri áhersluatriðum sinna félagsmanna og skoðunum. Seðlabanki Íslands tilkynnti stýrivaxtalækkun í dag 4. júní upp á eitt prósentustig, úr 13 prósentum í 12 prósent. Aðilar vinnumarkaðar væntu meiri lækkunar og hafa sagt að vaxtastig yfir 10 prósent spillti verulega fyrir líkum á að ná stöðugleikasáttmála.

13. júní

Afkoma sjóða SSF árið 2008

Eins og fram kemur í eldri frétt hér á heimasíðu SSF þá var formannafundur SSF haldinn 20. maí síðastliðinn. Reikningar samtakanna voru lagðir fram og útskýrðir, og í framhaldi af umræðum samþykktir. Sjóðir samtakanna, Félagssjóður, Vinnudeilusjóður, Styrktarsjóður og Menntunarsjóður voru allir varðveittir á verðtryggðum og óverðtryggðum reikningum í bönkum og sparisjóðum. Allar innistæður sjóðanna skiluðu sér að fullu og því töpuðu sjóðir SSF ekki einni einustu krónu við fall fjármálafyrirtækjanna.

25. júní

Stórhuga félagsmenn SSF

Hópur á vegum Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja sótti námskeiðið *Virkjum hugmyndir til framkvæmda* hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands vikuna 8.-12. júní. Námskeiðið var sérhannað fyrir hópinn og haldið hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Lögð voru drög að stofnun nýs fyrirtækis á námskeiðinu. SSF óskar hópnum velfarnaðar!

29. júní

Skráning á golfmót SSF- opið f skráningu til þriðjudagskvölds 30.

Golfmót SSF verður haldið á golfvelli GS í Leiru 4. júlí nk..
Mæting kl 8.30. Ræst verður út á öllum teigum kl 9.00 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 13.30 - 14.00 Veitingar í mótslok eru í golfskálanum milli 14.00 og 16.00. Boðið upp á hlaðborð með purusteik og lambasteik
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, punktakeppni með og án forgjafar.
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur.
- Makakeppni, besta skor (punktar án forgjafar) og með forgjöf (punktar).
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).

Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum
Verðlaun fyrir þann sem er næstur holu 2 höggum á gríni á 9. holu.
100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.
Þátttökugjald er kr. 2.500 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.
Skráning er eingöngu í beinni innskráningu www.landsbanki.is/skraning/golfmotssf/ eigi síðar en kl. 13.00 **þriðjudag 30 . júní.**

2009 - Júlí

1. júlí

Skrifað undir stöðugleikasáttmála 25.06. 2009

Eins og áður hefur komið fram hér á vefnum þá hafa formenn SSF og stjórn tekið fullan þátt í undirbúningi að stöðugleikasáttmálanum sem verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur, sveitarfélög og ríki skrifuðu undir þann 25. Júní 2009. Staða þjóðarbúsins er mun verri en í fyrstu var talið og því líklegt að allir framangreindir aðilar komi með virkum hætti að endurreisnarstarfi sem framundan er. Stöðugleikasáttmálinn breytir ekki innihaldi kjarasamninga SSF og SA, en samningsaðilar munu ræða á næstunni um hugsanleg áhrif 10. greinar samningsins frá 5. desember 2008 á dagsetningu launahækkunar 2010. Það er afar mikilvægt að friður ríki á vinnumarkaði og endurskipulagning bankakerfisins og endurreisn atvinnulífsins gangi hratt og vel.

6. júlí

Könnun meðal félagsmanna SSF sem fengu uppsögn

Nú er lokið könnun sem framkvæmd könnunar meðal félagsmanna SSF sem fengu uppsögn í framhaldi af bankahruni í okt 08. Framundan er úrvinnsla gagna og væntanlega verða niðurstöður tilbúnar í byrjun ágúst. Stefnt er að því að boða þá til fundar þar sem kynntar verða niðurstöður og helsti lærdómur sem draga má af þeim. Allir sem bauðst að svara könnuninni fá tölvupóst þegar tímasetningar liggja fyrir.
Þeir sem svöruðu könnuninni áttu kost á að vera með í happadrætti og leggja þar með inn netfang sitt. Niðurstöður af útdrætti hafa verið sendar þeim sem heppnu sem dregnir voru út.

6. júlí

Vegna starfsmanna Spron sem ekki fengu laun sl. mánaðamót

SSF hefur frá því ljóst var hvert stefndi með launagreiðslur 1. júlí, í samráði við fyrrum starfsmenn SPRON leitað allra leiða til að leysa þann hnút sem virðist kominn á greiðslur til þeirra starfsmanna sem eru á uppsagnarfresti. Ekki eru komnar niðurstöður en áfram er unnið í málinu.

14. júlí

Starfsmenn SPRON fá launin

Með sameiginlegu átaki starfsmanna SPRON og fulltrúa SSF tókst að leysa þá deilu sem uppi var vegna greiðslna á launum í uppsagnarfresti.
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis kallaði slitastjórn SPRON og fulltrúa SSF á sinn fund miðvikudaginn 8. júlí til viðræðna um málið. Þar kom skýrt fram að slitastjórn myndi ekki greiða launin nema lögum yrði breytt.
Frá miðvikudeginum var formaður SSF í stöðugu sambandi við formann viðskiptanefndar Alþingis, Álfheiði Ingadóttur, og tilkynnti hún seinnipart föstudagsins 10. júlí að lagabreyting yrði lögð fram á Alþingi mánudaginn 13. júlí.
Það gekk eftir og var lagabreytingin samþykkt á 20 mínútum þar sem þingfundi var slitið og nýr settur í tvígang til að afgreiða málið.
Þetta ágreiningsmál er því leyst og ljóst að starfsmenn SPRON fá laun í uppsagnarfresti greidd.

2009 - Ágúst

6. ágúst

Eigandastefna ríkisins 2009 – Fjármálafyrirtæki

Þann 17. Júlí s.l. lagði fjármálaráðherra fram „Eigandastefnu ríkisins“, þar sem sérstaklega er fjallað um yfirtöku ríkisins á fjármálafyrirtækjum. Stefnan skiptist í fjóra meginþætti:

1. Markmið ríkisins með eignarhaldi sínu í fjármálafyrirtækjum – hverju vill ríkið ná fram með rekstri þeirra.
2. Ábyrgð hvers aðila, sem að rekstrinum koma.
3. Meginreglur ríkisins sem eiganda, sérstaklega aðkomu Bankasýslu ríkisins.
4. Kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja.

Formaður SSF var kallaður á fund Viðskiptanefndar Alþingis þann 5. ágúst síðastliðinn, þar sem hann lagði fram áherslur stéttarfélagsins við samningu eigandastefnunnar. Aðal áherslur stéttarfélagsins tengjast atvinnulýðræði, jafnrétti, sjálfstæði fyrirtækjanna, áherslu á heilbrigða uppbyggingu fjármálakerfis landsmanna og eðlilega samkeppni.
Mikilvægt er að fjármálafyrirtæki verði áfram aðlaðandi vinnustaðir þar sem áherslan er lögð á hæfni, þekkingu og þjónustu við viðskiptavini.

2009 - September

14. september

Tveir fundir á vegum SSF

Allir þeir félagsmenn sem fengu uppsögn í kjölfar bankahruns sl haust fengu í júní sl. tölvupóst þar sem þeir voru beðnir að svara nokkrum spurningum um líðan og aðstæður. Nú liggja niðurstöður fyrir og allir sem voru beðnir að taka þátt í þessari könnun boðaðir á fund í Setrinu á Grand Hótel við Sigtún þann 17. September kl 17.15 – 19.01.
Þar mun Helena Jónsdóttir Cand.Psych. kynna niðurstöður könnunarinnar og einnig fjalla um eftirfarandi:

- Algengar afleiðingar atvinnumissis og tilfinningaleg viðbrögð.
- Helstu einkenni þunglyndis og kvíða og tengsl við atvinnuleysi.
- Nauðsyn þess að gera sér grein fyrir og skilja mögulegar afleiðingar til þess að geta byggt sig upp í kjölfar atvinnumissis.
- Leiðir til að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar atvinnumissis.

Þessi fundur sem nú er boðað til er sá fyrsti þar sem þessar niðurstöður eru kynntar. SSF lítur svo á að fyrsta skrefið í að vinna með þær upplýsingar sem þar koma fram sé að kynna þær fyrir þeim sem svöruðu könnuninni og gefa þeim kost á að spyrja nánar út í efni þeirra. Hafir þú hug á því að mæta á þennan fund ert þú beðin(n) um að skrá þig með því að senda tölvupóst á sigurdur@ssf.is (þannig að nóg verði til með kaffinu handa öllum)
Miðvikudaginn 23. september verður haldinn annar fundur fyrir þá félagsmenn sem eru í atvinnuleit. Fundurinn verður haldinn í setrinu á Grand hotel kl 17 – 19.
Fyrirlesari á þeim fundi er Andrés Jónsson almannatengill sem hefur að undanförnu haldið mörg slík námskeið fyrir fólk í sambærilegum aðstæðum.
Efni fundarins verður:

- Að virkja tengslanet þitt og annarra
- Að hugsa út fyrir kassann í atvinnuleitinni
- Að ná forskoti með því að nota netið og samfélagsmiðla
- Að koma þér og hæfileikum þínum á framfæri
- Að missa starfið og bera höfuðið hátt
- Að sækja um styrki og útvega sér aukaverkefni

Efni þessa fundar er hugsað bæði fyrir þá sem eru í atvinnuleit núna og einnig þá sem eru í starfi en hugsa sér að skipta um starf ef tækifæri gefst.

22. september

Fundur fyrir félagsmenn í atvinnuleit

Miðvikudaginn 23. september verður haldinn fundur fyrir þá félagsmenn sem eru í atvinnuleit. Fundurinn verður haldinn í setrinu á Grand hotel kl 17.00 - 19.00
Fyrirlesari er Andrés Jónsson almannatengill sem hefur að undanförnu haldið mörg slík námskeið fyrir fólk í sambærilegum aðstæðum.
Efni fundarins verður:
Að virkja tengslanet þitt og annarra
Að hugsa út fyrir kassann í atvinnuleitinni
Að ná forskoti með því að nota netið og samfélagsmiðla
Að koma þér og hæfileikum þínum á framfæri
Að missa starfið og bera höfuðið hátt
Að sækja um styrki og útvega sér aukaverkefni
Efni þessa fundar er hugsað bæði fyrir þá sem eru í atvinnuleit núna og einnig þá sem eru í starfi en hugsa sér að færast milli starfa ef tækifæri gefst.

2009 - Október

7. október

Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar fyrir félagsmenn SSF

Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar ráðinn til starfa hjá SSF
Margrét Gunnarsdóttir hefur verið ráðin til starfa hjá SSF og mun veita félagsmönnum ráðgjöf á sviði starfsendurhæfingar. Þessi nýja þjónusta er samvinnuverkefni stéttarfélaga og Virk, Starfsendurhæfingarsjóðs. Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Það er m.a. gert með því að auka virkni og efla endurhæfingu og önnur úrræði. Sjá nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingarsjóð á www.virk.is
Verkefni ráðgjafa er að hitta félagsmenn sem vegna veikinda eða slysa eru frá vinnu eða eiga á hættu að hverfa frá vinnu vegna veikinda.Til að sinna félagsmönnum SSF hefur Margrét Gunnarsdóttir verið ráðin sem ráðgjafi. Hún er með aðstöðu í Borgartúni 6. Hægt er að hafa samband í síma 588 8396 eða með tölvupósti : margret@ssf.is
Ráðgjöfin tekur mið af aðstæðum hvers og eins, með það markmið að viðkomandi einstaklingur nái sem bestri færni og geti snúið til starfa á ný. Lögð er áhersla á jákvæða nálgun og gott samstarf. Ráðgjöfin er félagsmönnum að kostnaðarlausu.
Þjónusta ráðgjafa felst m.a. í :

- Mati á starfshæfni sem tekur mið af heilsufarslegum jafnt sem félagslegum þáttum.
- Aðstoð við gerð og eftirfylgni einstaklingsbundinnar virkniáætlunar.
- Leiðbeiningum um réttindi, greiðslur og ýmsa þjónustu.
- Aðstoð frá sérfræðingum, svo sem sálfræðingum, iðjuþjálfum, sjúkraþjálfurum, læknum, félagsráðgjöfum, náms- og starfsráðgjöfum og fleirum.
- Samstarfi milli einstaklings, atvinnurekanda hans og fagaðila til að auka starfshæfni starfsmanns.
- Kynningum og samstarfi við vinnumarkaðinn, stéttarfélög, trúnaðarmenn og heilbrigðisþjónustu um starfsendurhæfingu og möguleg úrræði.

Rannsóknir sýna að mikilvægt er að nýta tímann í veikindaleyfi á uppbyggilegan hátt eftir getu til að viðhalda og ná sem bestri heilsu og færni á ný. Endurhæfingu er best að hefja sem fyrst í veikindaferlinu og getur þá verið gott að fá ráðgjöf og stuðning sérhæfðra fagaðila til að ná sem bestum árangri.
Kynningarbæklingur um Starfsendurhæfingarsjóð:www.www.virk.is/static/files/kynningarefni/VIRK_fjorbl._mars.2009.pdf
Dæmi um feril vegna endurhæfingar: www.virk.is/static/files/Ferill_Endurhaefingarsj-6.pdf

2009 - Desember

4. desember

Launahækkun frestað um fimm mánuði, til 01. júní 2010

Í gær fimmtudaginn 3. desember 2009 skrifuðu samninganefndir SSF og SA undir samkomulag um frestun launabreytinga skv. kjarasamningi SSF og SA. frá 1. janúar til 1. júní 2010:
Í 10. gr. kjarasamnings Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) og Samtaka atvinnulífsins (SA) sem undirritaður var 5. desember 2008 með gildistíma til 31.12. 2010 segir:
„*Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning*."
Samkvæmt 2. gr. kjarasamnings SSF og SA skyldu laun hækka þann 1. janúar 2010.
Þann 25. júní 2009 var gert samkomulag milli samninganefnda landssambanda Alþýðusambands Íslands og SA um að launabreytingar þær sem koma skyldu til framkvæmda 1. janúar 2010 frestuðust til 1. júní 2010. Samkomulagið var gert í tengslum við svonefndan stöðugleikasáttmála og forðuðu því að kjarasamningum yrði sagt upp.
Með vísan til framangreindrar 10. greinar í kjarasamningi SSF og SA, frá 5.12.2008, flytjast þær launabreytingar sem koma áttu til framkvæmda 1. janúar 2010 til 1. júní 2010.
Reykjavík, 3. desember 2009

Á fundi stjórnar og samninganefndar SSF var skrifað undir eftirfarandi samþykkt þriðjudaginn 1. desember 2009:
Reykjavík 1. desember 2009
Fundur stjórnar og samninganefndar SSF.
Í kjarasamningi SSF og SA frá 5. desember 2008 er eftirfarandi bókun:
„**Endurskoðun vegna verðlagsþróunar**
Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Komi til þess að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði verði almennt sagt upp frá 1. mars 2009 skal heimilt að segja samningi þessum upp frá þeim degi. (Ákvæði þetta kemur í stað bókunar um sama efni í gildandi samningi)."
Forsendunefnd ASÍ/SA ákvað í febrúar 2009 að fresta launahækkun í kjarasamningum ASÍ-félaga, sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars 2009, um óákveðinn tíma, en jafnframt ákveða eigi síðar en 26. júní 2009 um framhald kjarasamninga á samningssviði ASÍ/SA.
26. júní náðu ASÍ og SA síðan samningum um framhald kjarasamninga út árið 2010. Í þeim samningum var samþykkt að fresta launahækkunum fyrir árið 2010 um fimm mánuði, eða frá 1.1.2010 fram til 1.6.2010.Í kjarasamningum SSF frá 5. desember 2008 eru sambærileg ákvæði um launahækkun félagsmanna þann 1.1.2010, það er almenn taxtahækkun og lágmarkshækkun í prósentum 2,5%. Þetta eru einu ákvæðin í kjarasamningi SSF sem falla á sama tímapunkt og sambærileg ákvæði í kjarasamningum ASÍ/SA og því ljóst að bókunin hér að framan á eingöngu við um þetta ákvæði kjarasamninga félagsmanna SSF.
SA óskaði strax í lok júní 2009 eftir því að launahækkun félagsmanna SSF yrði frestað um fimm mánuði eins og hjá öðrum samningsaðilum SA, enda segir bókunin í kjarasamningi SSF/SA:
„Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning."Stjórn, samninganefnd og formenn aðildarfélaga SSF hafa fundað um málið í sumar og nú síðast á formannafundi 12. nóvember sl.
Eftir ítarlega skoðun mála og samanburð við framkvæmd sambærilegrar bókunar í undanförnum kjarasamningum, þar sem félagsmenn SSF hafa notið kjarabóta er byggði á bókuninni, hefur samninganefnd SSF samþykkt þá túlkun að bókunin skilyrði samninganefndina til að samþykkja frestun launahækkana, 1.1.2010 í kjarasamningi SSF/SA, fram til 1.6.2010.
Stjórn og samninganefnd SSF samþykktu einróma þessa niðurstöðu: Friðbert Traustason, Anna Karen Hauksdóttir, Andrés Erlingsson, Dagmar Björnsdóttir, Hafdís Hansdóttir, Heiðrún Hauksdóttir, Helga Jónsdóttir, Kjartan Sigurgeirsson, Oddur Sigurðsson.

23. desember

Ágætu félagsmenn SSF

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, færum við öllum félagsmönnum SSF og fjölskyldum þeirra. Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.
Stjórn og starfsmenn SSF

2010

2010 - Janúar

6. janúar

2009 var annasamt ár og erfitt

Árið 2009 var erfitt fyrir alla félagsmenn SSF. Uppsagnir, sem flestar voru í október 2008, héldu áfram fram eftir ári 2009. Frá miðju ári 2008 og fram á mitt ár 2009 var um 1600 félagsmönnum SSF sagt upp starfi sínu hjá fjármálafyrirtækjum. Um 400 manns úr þessum hópi eru komin aftur til starfa hjá fjármálafyrirtækjunum og langflestir eru ýmist komnir til annarra starfa eða sestir á skólabekk.
Núna eru rúmlega 100 félagsmenn SSF á skrá hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Félagsmenn SSF eru núna 4300 en voru þegar flest var 5500 í febrúar 2008. Fjöldinn er nú sá sami og var í nóvember 2005.
SSF hefur aðstoðað um 2500 núverandi og fyrrverandi félagsmenn á árinu 2009, og hefur skrifstofa SSF leitað til fjölmargra fagaðila svo sem lögmanna, ráðningarskrifstofa, sálfræðinga, starfsmanna framhaldsskóla og háskóla, starfsmanna í launadeildum fjármálafyrirtækja, Skrifstofa starfsmannafélaga og að sjálfsögðu trúnaðarmanna allra á vinnustöðum félagsmanna.
SSF hefur m.a. sótt launakröfur fyrir um 1200 félagsmenn, bæði fyrir þá sem eru enn í starfi og þá sem misstu starfið. Ýmsar af þessum kröfum voru afgreiddar strax en fjöldi krafna er nú til meðferðar hjá skilanefndum fyrirtækjanna. SSF mun að sjálfsögðu fylgja þessum kröfum alla leið til dómstóla ef með þarf. SSF sér ekki um kröfur er byggja á kaupréttarsamningum eða öðru slíku.
Nánari upplýsingar um hvernig aðstoð SSF við félagsmenn á árunum, 2008 - 2009 skiptist á einstaka flokka verður birt síðar.
Friðbert Traustason formaður SSF

13. janúar

Umsóknarfrestur í menntunarsjóð SSF til 15. jan

Ágætu félagsmenn SSF
Nú styttist í lok umsóknarfrests í menntunarsjóð SSF - 15. janúar er skv. úthlutunarreglum síðasti dagur til að skila inn umsókn. Hægt er að senda inn öll gögn rafrænt. Miðað er við að greiða út alla styrki fyrir lok janúar vegna náms sem lokið var á sumri eða hausti 2009.
Allir umsækjendur fá sendan tölvupóst þegar greiðsla til þeirra hefur farið fram.

27. janúar

Útgreiðsla styrkja úr menntunarsjóði SSF

Stjórn Menntunarsjóðs hefur fundað um umsóknir og afgreitt þær. Miðað er við að útgreiðslu styrkja vegna náms á sumri og hausti 2009 ljúki fyrir 1. febr til allra sem hafa skilað fullnægjandi gögnum. Í þeim tilfellum sem gögn vantar er viðkomandi umsækjanda sendur tölvupóstur með tilkynningu um hvað vantar.

27. janúar

Kosningar trúnaðarmanna SSF 10. og 11. febrúar nk

Trúnaðarmenn SSF eru kosnir til tveggja ára í senn. Næstu kosningar fara fram á vinnustöðum félagsmanna dagana 10. og 11. febrúar. Undirbúningur og framkvæmd kosninga er í höndum starfandi trúnaðarmanna á hverjum stað.

29. janúar

SSF 75 ára 30. janúar 2010

Samband íslenskra bankamanna (SÍB) var stofnað 30. janúar 1935. Stofnendur voru starfsmannafélög Landsbankans og Útvegsbankans. Höfuðtilgangur félagsins var; "Að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna og hafa á hendi forystu fyrir þeim út á við í þeim málum, er snerta starf og kjör sambandsfélaga almennt". Stofnfélagar voru 75 starfsmenn Landsbankans og 53 starfsmenn Útvegsbankans. Fyrsti forseti var kjörinn Haraldur Johannessen. Nafni stéttarfélagsins var breytt á 43. þingi þess árið 2007. Nú er nafn þess Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF).
Stjórn og starfsmenn SSF óska félagsmönnum til hamingju með 75 ára afmælið.
Stjórn SSF hefur ákveðið að ekki verið staðið fyrir neinum hátíðahöldum í tilefni áfangans. SSF mun áfram nota allan kraft samtakanna til að styðja félagsmenn og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna.

Í tilefni af 100 ára afmæli alþjóðlegs baráttudags kvenna – 8. mars

Frelsi til fjölskyldulífs!

– samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Fundur á Grand Hótel Reykjavík – Hvammi
Mánudaginn 8. mars 2010 kl. 11.45 –13.00

- ***Ert þú svona Pollýanna? - Útivinnandi mæður innan áru kynjajafnréttis***
  Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt í kynjafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

- ***Frá skaffara til umhyggjuaðila? - Breytingar á stöðu feðra***
  Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands

- ***Réttur barnsins! - Erum við að eyða krónunni og spara aurinn?***
  Heiða Björk Rúnarsdóttir, leikskólastjóri í leikskólanum Kópasteini

Fundarstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs

Í upphafi fundar er framreidd súpa, gratínerað brauð og kaffi.
Verð 1.750 kr.

Alþýðusamband Íslands · Bandalag háskólamanna · BSRB · Kennarasamband Íslands · SSF Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja · Jafnréttisráð · Jafnréttisstofa

Að fundinum standa: ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, SSF, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa

2010 - Mars

3. mars

Frelsi til fjölskyldulífs - 8. mars alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Í tilefni 100 ára afmælis baráttudags kvenna 8. mars, verður blásið til hádegisfundar á Grand hótel á mánudaginn undir yfirskriftinni Frelsi til fjölskyldulífs - samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Fundurinn hefst kl. 11:45 og eru konur hvattar til að fjölmenna enda dagskrá fundarins afar áhugaverð.

10. mars

Þing SSF, 18. - 19. mars 2010

44. þing SSF verður haldið dagana 18. - 19. mars 2010 á hótel Selfossi. 65 fulltrúar frá 15 aðildarfélögum SSF munu sitja þingið, ásamt innlendum og erlendum gestum frá systursamtökum SSF. Helstu viðfangsefni þingsins snúa að stefnumótun SSF í kjaramálum, jafnréttismálum, velferðarmálum, fræðslumálum og lífeyrismálum. Á þinginu verður kosin ný stjórn SSF fyrir næstu þrjú árin og skipað í ráð og nefndir samtakanna, bæði til starfa innan samtakanna og til samstarfs við önnur stéttarfélög, atvinnurekendur og stjórnvöld.

17. mars

Skrifstofa SSF lokuð!

Vegna þings SSF sem fram fer á Selfossi dagana 18. og 19. mars 2010 er skrifstofan að Nethyl lokuð.
Sé erindið brýnt vinsamlegast sendið tölvupóst eða hafið samband í síma 540-6100.
Kveðjur
Starfsfólk SSF

22. mars

Friðbert endurkjörinn formaður SSF til næstu þriggja ára

Á 44. þingi SSF sem lauk síðdegis á föstudag var Friðbert Traustason endurkjörinn formaður SSF, Anna Karen Hauksdóttir SÍ var endurkjörin 1. varaformaður og Andrés Erlingsson FSLÍ var kjörinn 2. varaformaður. Meðstjórnendur voru kjörnir: Dagmar Björnsdóttir Starfsmannafélagi VALITOR VÍST, Heiðrún Hauksdóttir Starfsmannafélagi BYR,Anna Kristín Björnsdóttir Starfsmannafélagi Arion Banka Skjöldur, Oddur Sigurðsson Starfsmannafélagi Íslandsbanka SÍ, Borga Harðardóttir FSLÍ, Bryndís Pétursdóttir Starfsmannafélagi SÍ (Seðlabanka Íslands), Ingvar Breiðfjörð Starfsmannafélagi Arion Banka Skjöldur, Guðný Magnúsdóttir Starfsmannafélagi Sparisjóðs Keflavíkur. Á fyrsta fundi stjórnar mun hún skipta nánar með sér verkumr

25. mars

Opið fyrir umsóknir í Menntunarsjóð SSF

Nú er búið að opna fyrir rafrænar umsóknir í Menntunarsjóð SSF vegna vorannar.

30. mars

SSF mótið í keilu 2010

Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf.Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.

Mótið verður haldið í Keiluhöllinni Öskjuhlíð kl. 18:30 í viku 15 og viku 17. Leikið verður tvö kvöld. Fyrra kvöldið verða leiknir þrír leikir og tveir leikir síðara kvöldið ásamt verðlaunaafhendingu og veitingum. Áætlaðir leikdagar eru miðvikudagarnir 21. og 28. apríl en nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er þekkt.

Þátttökutilkynningum skal skilað til SSF fyrir kl. 12:00 á hádegi 16. apríl n.k.Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin og liðsskipan NET-bréf subject: "SSF_keila_2010 - heiti liðs".
NET-fang: sigurdur(hjá)ssf.is
heimasíða SSF: www.ssf.is Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin

2010 - Apríl

21. apríl

Dansað inn í nýjan áratug

Fjármálakreppan reynir á starfsmenn fjármálafyrirtækja víða um heim
Dansað inn í nýjan áratug var yfirskrift alþjóðlegrar ráðstefnu sem samtök norrænna starfsmanna fjármálafyrirtækja (NFU) héldu í Reykjavík dagana 14.-15. apríl sl. Fjallað var um þá efnahagserfiðleika sem alþjóðasamfélagið á við að glíma og hvaða leiðir eru hugsanlega færar til að komast út úr þeim.

Fjármálakreppan hefur reynt mjög á starfsmenn fjármálafyrirtækja víða um heim þar sem aukin streita og álag hefur verið áberandi.
Þetta var fyrsta stóra alþjóðlega fjármálaráðstefnan sem haldin er í Reykjavík eftir hrun íslenska bankakerfsins og í kjölfar heimskreppunnar. Markmiðið með ráðstefnunni var að skapa vettvang til að ræða framtíðaráætlanir fyrir stéttarfélög og félagsmenn þeirra. Fjallað var um þá efnahagserfiðleika sem alþjóðasamfélagið á við að glíma og hvaða leiðir eru hugsanlega færar til að komast út úr þeim.
Sérstök áhersla var lögð á hlutverk stéttarfélaga og hvaða fyrirætlanir þau hafi í framtíðinni fyrir félagsmenn sína. Rætt var um hvernig stéttarfélögin geta komið að endurmótun samfélagsins eftir fjármálakreppuna. Lagt var upp með skapa nýjar áherslur og framtíðarsýn. Rætt var um veigamikið hlutverk stéttarfélaga auk þess hvernig efla megi jákvæða ímynd þeirra, samstöðu og samskipti. Einnig var fjallað um áframhaldandi breytingarskeið fjármálafyrirtækja og komandi kynslóðaskipti þar sem mikið af ungu, vel menntuðu og metnaðarfullu fólki mun ganga til liðs við fjármálafyrirtæki og stéttarfélög þeirra á nýjum áratug.
Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var frummælandi á ráðstefnunni sem fram fór á Grand Hótel. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru kunnir sérfræðingar úr banka- og fjármálaumhverfinu. Meðal þeira voru: Philip Jennings, aðalframkvæmdastjóri UNI Global Union, alþjóðasamtaka sem eru í forsvari fyrir 900 stéttarfélög í 150 löndum, Jorunn Berland, forseti NFU - Norrænu samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og og margir fleiri.

23. apríl

Starfsmannafélag MP banka aðili að SSF

Á þingi SSF sem fór fram dagana 18. og 19. apríl 2010 var lögð fram umsókn frá starfsmannafélagi MP banka um aðild starfsmannafélagsins að SSF, samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja.
Umsóknin var samþykkt einróma á þinginu og er starfsmannafélag MP banka hér með boðið velkomið í hóp þeirra starfsmannafélaga sem saman mynda SSF.

2010 - Maí

3. maí

Launahækkun félagsmanna SSF 1. júní 2010

Samkvæmt kjarasamningi SSF og SA frá 8. desember 2008 hækka öll laun félagsmanna SSf þann 1. júní 2010. Öll laun í launatöflu A hækka um kr. 14.000 (allir flokkar og þrep) og afleidd hækkun í launatöflu B er kr. 15.427.
Laun sem ekki eru greidd samkvæmt ákveðnum launaflokki í launatöflum SSF hækka um 2,5% þann 1. júní 2010.

17. maí

SSF blað á rafrænu formi

SSF blaðið er komið út - að þessu sinni á rafrænu formi sem fréttabréf. Þing SSF samþykkti í mars sl að næstu 3 ár verði blað eingöngu gefið út á þessu formi. Miðað er við að senda út rafrænt fréttabréf með þessum hætti allt að 6 - 10 sinnum á ári eftir því sem þörf krefur.

2010 - Júní

14. júní

Golfmót SSF 28. ágúst

Golfmót SSF verður haldið á Garðavelli á Akranesi laugardaginn 28.08.2010. Ræst verður af öllum teigum kl. 08:30

2010 - Júlí

14. júlí

Skýrsla Bankasýslunnar ýtir undir rangar álykanir

Miðvikudaginn 7. júlí birti Bankasýsla ríkisins nýja skýrslu þar sem m.a. eru settar fram tölur um fjölda starfsmanna ´í "fjármálaþjónustu". Þar sem skýrslan er frá Bankasýslunni líta flestir svo á að uppgefnar tölur í skýrslunni eigi við starfsmenn fjármálafyrirtækja eingöngu.
Pressan, Mbl og Fréttablaðið birtu fréttir um þetta og fullyrtu að starfsmenn fjármálafyrirtækja væru 4,7% af vinnuafli (7900) en hið rétta er að starfsmenn fjármálafyrirtækja eru 2,4% af vinnuafli eða um 4200 manns (voru 5600 í árslok 2007). Formaður SSF, Friðbert Traustason hefur leiðrétt þessa missögn í fjölmiðlum m.a. í viðtali á Bylgjunni.

2010 - Ágúst

4. ágúst

Skráning á golfmót SSF- opið fyrir skráningu til þriðjudags 24. ágúst 2010 kl. 13:00

Skráning á golfmót SSF- opið fyrir skráningu til þriðjudags 24. ágúst 2010 kl. 13:00 Golfmót SSF verður haldið á golfvelli GL á Akranesi 28. ágúst nk..
Mæting kl 8.00. Ræst verður út á öllum teigum kl. 8:30 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 13.00 - 13.30 Veitingar í mótslok eru í golfskálanum milli 13:30 og 16.00. Boðið upp á: Súpa dagsins og brauð Kjúklingapottréttur Lambapottréttur Hrísgrjón Grænt salat , Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, Höggleikur + punktakeppni með forgjöf.
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur.
- Makakeppni, besta skor, höggleikur og með forgjöf (punktar).
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).

Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum
Verðlaun fyrir þann sem er næstur holu 2 höggum á gríni á 1. holu.
100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.
Þátttökugjald er kr. 2.500 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.
Skráning er eingöngu í beinni innskráningu eigi síðar en kl. 13.00 **þriðjudag 24 . ágúst.**brauð Kjúklingapottréttur Lambapottréttur Hrísgrjón Grænt salat , Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, Höggleikur + punktakeppni með forgjöf.
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur.
- Makakeppni, besta skor, höggleikur og með forgjöf (punktar).
- Gestakeppni – aðrir gestir, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).

Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum
Verðlaun fyrir þann sem er næstur holu 2 höggum á gríni á 1. holu.
100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.
Þátttökugjald er kr. 2.500 og greiðist inn á reikning 113-26-1544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.
Skráning er eingöngu í beinni innskráningu eigi síðar en kl. 13.00 **þriðjudag 24 . ágúst.**

6. ágúst

Danskir feður sem nýta sér rétt til fæðingarorlofs eiga á hættu að missa starfið

Á vefsíðunni www.berlingske.dk er greint frá því að í auknum mæli þurfi dönsk stéttarfélög að aðstoða karlkyns félagsmenn sem misst hafa starf vegna þess að þeir nýttu sér rétt til fæðingarorlofs. Einnig er talsvert um að feður í þessari stöðu kvarti við stéttarfélög um að þeir verði fyrir mismunun vegna töku fæðingarorlofs. Félagsfræðingur við Háskólann í Álaborg hefur rannsakað aðstæður þessa hóps og segir að enginn vafi sé á að umkvartanir þessara karlmanna eigi við rök að styðjast og að þeir verði fyrir mismunun á vinnustöðum. Á sama tíma fækkar þeim tilfellum þar sem konur kvarta undan mismunun vegna barneigna. Ein skýring sem fram hefur komið er að fyrirtækin séu betur meðvituð um réttindi kvenna vegna fæðingarorlofs. Hjá SSF hafa mál af þessu tagi ekki komið upp svo vitað sé.

30. ágúst

Úrslit golfmóts SSF

Hið árlega golfmót SSF fór fram laugardaginn 28. ágúst á Akranesi. Stjórn SSF óskar sigurvegurum til hamingju með árangurinn og vill einnig sérstaklega þakka umsjónarmönnum mótsins þeim Hönnu, Kalla og Tóta fyrir gott starf við undirbúning og framkvæmd

Sjá Fylgiskjal 3

2010 - September

16. september

September fréttabréf farið til félagsmanna

Á þingi SSF vor 2010 var ákveðið að gefa eingöngu út fréttabréf SSF á rafrænu formi. Nú er þriðja tölublað þessarar rafrænu útgáfu farið til viðtakenda. Sjá leið í rafræn fréttabréf

29. september

Hótunarbréf - frétt af Pressunni

Hótunarbréf til bankamanna lýsir verulega sjúku hugarfari - Málið hefur verið kært til lögreglu
Friðbert Traustason, formaður Sambands íslenskra bankamanna, segir að bankamenn ætlist til að lögreglan hafi uppi á þeim sem sendi hótunarbréfið og láti hann sæta ábyrgð
Íslandsbanki hefur kært hótunarbréf sem sent var starfsmönnum fjármálastofnana til lögreglu. Friðbert Traustason, formaður Sambands íslenskra bankamanna, segir að bréfið lýsi verulega sjúku hugarfari.
Eins og Pressan greindi frá í morgun var starfsmönnum banka hótað öllu illu í tölvupósti frá einhverjum sem kallar sig Lambi Thirteen og heldur því fram að þeir leggi líf manna í rúst með störfum sínum innan bankakerfisins. Skyldmennum þeirra og vinum er líka hótað.
"Nöfnin ykkar eru skráð. Heimilin ykkar eru þekkt."
Friðbert Traustason segir að svona lagað verði ekki liðið. "Þeir sem fengu þennan póst eru starfsmenn útibúanna og þar vinna þjónustufulltrúar og gjaldkerar sem bera enga ábyrgð á hruninu, 95 prósent þeirra eru konur".
Pressan fékk hótunarbréfið sent í nótt og framsendi það lögreglunni. Sama gerði Íslandsbanki og kærði málið formlega. Auk þess hefur Samband íslenskra bankamanna tekið málið upp á sína arma. Friðbert segir að mörgum innan bankanna sé brugðið. "Þetta er komið út yfir allan þjófabálk og lýsir verulega sjúku hugarfari. Við ætlumst til að lögreglan rannsaki málið og rekji tölvupóstinn til þess sem sendi hann. Hann þarf að sæta ábyrgð og biðjast afsökunar á þessari skammarlegu orðsendingu." 28. sep. 2010 - 15:20

28. sep. 2010 - 15:20

Til starfsmanna

Hótunarbréf til bankamanna lýsir verulega sjúku hugarfari - Málið hefur verið kært til lögreglu

Friðbert Traustason, formaður Sambands íslenskra bankamanna, segir að bankamenn ætlist til að lögreglan hafi uppi á þeim sem sendi hótunarbréfið og láti hann sæta ábyrgð
Íslandsbanki hefur kært hótunarbréf sem sent var starfsmönnum fjármálastofnana til lögreglu. Friðbert Traustason, formaður Sambands íslenskra bankamanna, segir að bréfið lýsi verulega sjúku hugarfari.
Eins og Pressan greindi frá í morgun var starfsmönnum banka hótað öllu illu í tölvupósti frá einhverjum sem kallar sig Lambi Thirteen og heldur því fram að þeir leggi líf manna í rúst með störfum sínum innan bankakerfisins. Skyldmennum þeirra og vinum er líka hótað.
Nöfnin ykkar eru skráð. Heimilin ykkar eru þekkt.
Friðbert Traustason segir að svona lagað verði ekki liðið.
Þeir sem fengu þennan póst eru starfsmenn útibúanna og þar vinna þjónustufulltrúar og gjaldkerar sem bera enga ábyrgð á hruninu, 95 prósent þeirra eru konur.
Pressan fékk hótunarbréfið sent í nótt og framsendi það lögreglunni. Sama gerði Íslandsbanki og kærði málið formlega. Auk þess hefur Samband íslenskra bankamanna tekið málið upp á sína arma.
Friðbert segir að mörgum innan bankanna sé brugðið.
Þetta er komið út yfir allan þjófabálk og lýsir verulega sjúku hugarfari. Við ætlumst til að lögreglan rannsaki málið og rekji tölvupóstinn til þess sem sendi hann. Hann þarf að sæta ábyrgð og biðjast afsökunar á þessari skammarlegu orðsendingu.

2010 - Október

5. október

Launakönnun SSF

Stjórn SSF hefur ákveðið að gera launakönnun á meðal félagsmanna sinna. Framkvæmd könnunarinnar er í höndum Gallup á Íslandi. Um er að ræða könnun sem unnin er á vefnum. Aðgangsorð gildir sem happdrættisnúmer og verða dregnir út 15 vinningar úr þeim hópi sem svarar könnuninni, hver að fjárhæð 50.000. Mikilvægt er að geyma blaðið með aðgangsorðinu vel. Hægt er að taka þátt í könnuninni til og með 14. október og geta félagsmenn svarað henni heima eða á vinnustað. Gott er að hafa síðasta launaseðil við hendina þegar svarað er. Með þátttöku í launakönnuninni leggja félagsmenn sitt af mörkum til að undirbúa störf samninganefndar SSF í næstu kjarasamningum, en fá jafnframt í hendur mikilvægt verkfæri til að skoða sjálfir eigin stöðu.

22 október

Baráttudagur kvenna Kvennafrí 25. okt

Baráttudagur kvenna - Kvennafrí

Samtök launafólks óska konum á Íslandi til hamingju með afmæli Kvennafrídagsins 24. október. Þrjátíu og fimm ár eru nú liðin síðan þúsundir íslenskra kvenna lögðu niður störf og söfnuðust saman á fundum um land allt, hrópuðu: „*Áfram stelpur!*" og sýndu þannig á táknrænan hátt hversu mikilvægt vinnuframlag þeirra er fyrir atvinnulífið og samfélagið. Samstaðan var algjör. Kvennafrídagurinn 24. október 1975 er og verður baráttudagur íslenskra kvenna. Hann er einn mikilvægasti atburður íslenskrar kvennasögu og Íslandssögunnar.

Samtök launafólks hafa frá upphafi barist fyrir bættum lífskjörum allra landsmanna, jöfnum rétti og jöfnum tækifærum á vinnumarkaði og þannig lagt sitt af mörkum í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Margt hefur áunnist í jafnréttismálum undanfarna áratugi og er það ekki síst að þakka samstöðu samtaka launafólks.

Samtök launafólks minna á að gæta þarf að þeim jafnréttisáföngum sem unnist hafa svo þeir tapist ekki á þeim erfiðleikatímum sem hófust í kjölfar efnahagshrunsins og ekki sér enn fyrir endann á. Réttur foreldra í fæðingarorlofi hefur ítrekað verið skertur og fyrir liggja tillögur um enn frekari niðurskurð. Jafn og raunverulegur réttur kynjanna til fæðingar- og foreldraorlofs er eitt mesta framfaraskref sem stigið hefur verið í átt að jafnrétti.

Eitt megin baráttumál kvenna á Íslandi er afnám launamunar kynjanna. Það er ólíðandi að kynin skuli ekki njóta sömu launa fyrir jafn verðmæt störf. Rannsóknir sýna að alltof lítið hefur áunnist í þeim efnum undanfarin ár. Þá benda rannsóknir til að kynbundinn launamunur sé mun meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er ein sú mesta í heiminum þannig að ljóst er að þær láta ekki sitt eftir liggja við öflun verðmæta fyrir þjóðarbúið.

Mikill niðurskurður í heilbrigðis- og velferðarkerfinu hefur gríðarleg áhrif á starfsstéttir þar sem konur eru í meirihluta og kann að leiða til aukins og langvarandi atvinnuleysis kvenna. Samtök launafólks vara við öllum hugmyndum og aðgerðum sem veikja munu stöðu kvenna og leiða til aukins ójafnaðar kynjanna á íslenskum vinnumarkaði.

Yfirskrift kvennafrídagsins 2010 er: *Konur gegn kynferðisofbeldi*. Samtök launafólks fordæma kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum og í samfélaginu öllu og hvetja aðila vinnumarkaðarins, stjórnvöld og almenning allan til markvissra aðgerða gegn því.

Samtök launafólks hvetja félagsmenn aðildarfélaga sinna um land allt til virkrar þátttöku í viðburðum í tilefni Kvennafrídagsins mánudaginn 25. október. Stelpur, höfum hátt! Við þorum, getum og viljum!

26. október

Happdrætti launakönnunar SSF 2010 - fékkst þú vinning?

Dregið hefur verið úr aðgangsorðum þeirra sem svöruðu launakönnun SSF 2010. Hinir heppnu vinsamlega áriti blað sitt sem aðgangsorðið er á með nafni og kennitölu, og framvísi síðan til skrifstofu SSF.

Stjórn SSF þakkar ágæta þátttöku í könnuninni og sérstaklega eru trúnaðarmönnum færðar þakkir fyrir þeirra framlag við að kynna og dreifa aðgangsorðum til félagsmanna

Sjá útdregin aðgangsorð hér á eftir.

Stjórn SSF þakkar ágæta þátttöku í launakönnun 2010 og sérstaklega eru trúnaðarmönnum færðar þakkir fyrir þeirra framlag við að kynna og dreifa lykilorðum til félagsmanna

Sjá útdregin aðgangsorð hér á eftir.

SSF-1646
SSF-1717
SSF-2093
SSF-2139
SSF-2156
SSF-2661
SSF-3161
SSF-3426
SSF-4015
SSF-4325
SSF-4724
SSF-5143
SSF-5912
SSF-5985
SSF-6297

Hinir heppnu vinsamlega áriti blað sitt sem aðgangsorðið er á með nafni og kennitölu, og framvísi síðan til skrifstofu SSF.

2010 - Nóvember

1. nóvember

Kjaramál á formannafundi SSF

Formenn aðildarfélaga SSF, stjórn og samninganefnd funduðu á Selfossi dagana 28. og 29. október. Yfirskrift og verkefni fundarins voru kjarasamningar og jafnrétti til launa. Fyrstu niðurstöður úr launakönnun meðal félagsmanna SSF voru kynntar, en endanlegar niðurstöður verða kynntar í næstu viku . Launakönnunin í heild verður jafnframt sett á vefinn www.ssf.is 10.nóvember n.k.
Formannafundur ítrekaði ályktanir 44. þings SSF um nauðsyn þess að bæta kaupmátt með launahækkunum til allra félagsmanna og að stéttarfélagið, starfsmannafélög og fyrirtækin vinni að launajafnrétti.
Núverandi kjarasamningur SSF rennur út 31. desember 2010. Á vettvangi stéttarfélaga, atvinnurekenda og ríkisstjórnar er rætt um nauðsyn þess að samræma kjarakröfur á vinnumarkaði með launahækkunum og félagslegum endurbótum, m.a. frystingu á opinberum gjaldskrám . Ætlunin er að halda sameiginlega kjararáðstefnu allra á vinnumarkaði í lok nóvember, en slíkan fund verður að undirbúa afar vel til þess að hann skili árangri.
Formannafundur SSF var fyrsta skrefið í undirbúningi fyrir þann sameiginlega fund, en margir smærri og stærri undirbúningsfundir eru framundan.
Friðbert Traustason formaður SSF

10. nóvember

Launakönnun SSF október 2010 - helstu niðurstöður.

Könnunin var gerð dagana 5. – 21. október 2010. Könnunin var framkvæmd þannig að umslögum með aðgangsorðum að vefkönnun var dreift til félagsmanna á vinnustöðum þeirra. Svarhlutfall er 67,8%.
Konur eru rúm 70% svarenda, lítilsháttar fækkun frá fyrri könnunum.
Ríflega helmingur svarenda (57%) eru 44 ára eða yngri.
Tæp 76% búa á höfuðborgarsvæðinu.
Meðalstarfsaldur hækkar úr 13 í 14 ár.
Sérfræðingar eru stærsti hópur svarenda – ríflega þriðjungur - og þeim fjölgar frá fyrri könnunum. Þjónustufulltrúar og ráðgjafar eru ríflega fimmtungur svarenda.
Bankariturum, gjaldkerum og fulltrúum fækkar í hópi svarenda.
Nærri 90% eru í fullu starfi – mjög fáir tímabundið ráðnir.
Ríflega þriðjungur þeirra sem vinna hlutastarf vinna 80% starf eða meira, ríflega þriðjungur vinnur 60-79% starf.
Meðalvinnutími var 165 stundir í september 2010 – lítilsháttar lækkun frá fyrri mælingum
Flestir, 74%, fá greitt skv. launatöflu SSF – heldur þróun til fækkunar, þó breyting sé lítil síðustu ár.
Flestir í launaflokki 141-153 – líkt og áður – þó þeim fækki lítillega.
Mikil breyting á því hvorri launatöflu fólk fær greitt eftir.
Þeim fjölgar úr 44% í 62% sem fá greitt skv. launatöflu B. Enn fremur fjölgar þeim mikið sem fá greidd föst laun – úr 35% í 47% .
Minni breytingar á störfum nú en áður, t.d. fækkar þeim sem fá hækkun á launaflokki.
Kynbundinn launamunur
Launamunur kynjanna minnkar úr 29% árið 2008 í 25% nú.
Kynbundinn launamunur lækkar frá 2008 úr 14% í 11% nú - sama tilhneiging annarstaðar ef skoðað er tímabilið 2008-2010. En kynbundinn launamunur stendur í stað annarsstaðar milli 2009-2010.
Þjónusta SSF
Fleiri hafa heimsótt heimasíðuna en fyrir tveimur árum, eða 85% á móti 79% 2008, en færri hafa nýtt sér launareiknivélina nú en þá.
Ríflega 61% höfðu nýtt sér þjónustu SSF á síðustu 12 mánuðum, flestir styrktarsjóð (43%).
Ánægja með SSF vex milli mælinga – það er öfugt við tilhneigingu hjá öðrum stéttarfélögum.
Tæp 5% höfðu fengið aðstoð hjá SSF vegna hrunsins, flestir aðstoð við túlkun á kjarasamningum (25%) en margir höfðu líka fengið sálfræðiaðstoð og lögfræðiaðstoð. Mikil ánægja var með þessa þjónustu .
Tölulegar niðurstöður
Í niðurstöðum kemur fram að meðallaun gjaldkera eru 285 þúsund , meðallaun ráðgjafa eru 355 þúsund, meðalalaun sérfræðinga eru 540 þúsund og meðallaun millistjórnenda eru 502 þúsund á mánuði.
Nánari upplýsingar um laun eftir aldri, búsetu, menntun, starfsheitum og starfssviðum er að finna á bls 24 í launakönnuninni.
Á bls 25 má sjá launaþróun starfsheita frá 2004.
á bls 95 er greinargott yfirlit yfir meðallaun svarenda eftir starfsheiti og kyni.

24. nóvember

Vilja leggja grunninn að nýjum stöðugleikasáttmála

Forvígismenn vinnuveitenda og launþega, á opinbera og almenna vinnumarkaðnum, ætla að fara yfir komandi kjarasamningsgerð á fundi á morgun. Mun Magnús Pétursson ríkissáttasemjari stýra fundinum.
„Það er nauðsynlegt að allir aðilar vinnumarkaðarins komi saman og ræði málin," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sem boðaði til fundarins. Samtökin telja mikilvægt að allir séu samtaka í samningagerðinni, en flestir samningar renna út í lok þessa mánaðar eða næsta. „Við viljum að niðurstaðan verði samningur til þriggja ára með hóflegum launahækkunum," segir Vilhjálmur. Forsenda þess sé að verðbólga verði lág og störf skapist.
Aðspurður segir hann hugsanlegt að út úr fundinum komi grunnur að nýjum stöðugleikasáttmála. „Við viljum kanna hvort menn séu tilbúnir til að reyna að fara slíka leið." Spurður hvort hann sé fyrir fram bjartsýnn á að sú verði niðurstaðan segir hann: „Ég spyr, hvaða betri leið er í boði? Ég held að það sé engin betri leið í boði."
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, vill fátt segja um möguleikann á nýjum sáttmála en bendir hins vegar á að á sambærilegum fundi í febrúar 2009 hafi uppleggið að sáttmálanum hinum fyrri orðið til.
Einnig bendir hann á að á ársfundi ASÍ fyrir mánuði hafi verið ályktað að mikilvægt væri að efnt yrði til víðtæks samstarfs og samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnurekenda og stéttarfélaga á almennum og opinberum vinnumarkaði við það verkefni að fjölga störfum og auka og tryggja kaupmátt launafólks.
Inntur álits á hugmyndum SA um kjarasamning til þriggja ára segir Gylfi að til að ræða þær þurfi aðkomu ríkisvaldsins í efnahags- og atvinnumálum. Þær forsendur liggi ekki fyrir.
Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir að fyrir fundinum liggi að kanna hvort einhverjar línur liggi saman sem hægt sé að vefa úr. „Við mætum með okkar nesti og hlustum á aðra."- bþs

2010 - Desember

6. desember

Kjarasamningar lausir 1.01. 2011

Eins og fram kemur í eldri frétt hér á síðunni ítrekaði formannafundur SSF ályktun 44. þings SSF um nauðsyn þess að bæta kaupmátt með launahækkunum til allra félagsmanna SSF. Þetta er veganesti samninganefndar SSF í komandi kjarasamningum sem hefjast á næstu dögum, ásamt áherslum á launajafnrétti og bætt atvinnuöryggi. Óvissan á vinnumarkaði er enn mikil og þrátt fyrir mikinn vilja atvinnurekenda til samvinnu allra á vinnumarkaði benda ummæli formanna verkalýðsfélaga og ályktanir kjararáðstefna til þess að erfitt verði að ná slíkri samstöðu. SSF hefur enga samþykkt gert um samráð eða ekki samráð. Það kemur í ljós hvað kemur félagsmönnum best.

Í viðræðum SSF við viðsemjendur er mikilvægast að núverandi stjórnendur fjármálafyrirtækjanna komi að fullum krafti að kjaraviðræðum, en feli ekki öðrum ábyrgð. Í kjaraviðræðum skapast vettvangur fyrir stéttarfélagið og fyrirtækin til að vinna að ítarlegri áætlun að endurheimt virðingar fyrir störfum félagsmanna SSF og starfsemi fjármálafyrirtækja, sem eru ein mikilvægasta undirstaða nútíma samfélags.

Friðbert Traustason formaður SSF

2011

2011 - Janúar

4. janúar

Gleðilegt nýtt ár!

Stjórn og starfsmenn SSF senda öllum félagsmönnum bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir góð samskipti á liðnu ári.
Núverandi kjarasamningur SSF/SA er í fullu gildi þar til nýr kjarasamningur verður undirritaður.
Enn er staðan í kjarasamningum óljós. Forysta stéttarfélaga ræðir málin sín á milli og samtök atvinnulífsins reyna að hvetja aðila til samvinnu, sérstaklega um þá þætti er snúa að stjórnvöldum. Enn hefur ekkert nothæft útspil komið frá ríkisstjórn varðandi skatta, gjöld og almennar aðgerðir í atvinnumálum. Eina útspilið er hækkun á sköttum og gjöldum nú um áramótin. Sveitarfélögin boða skattahækkanir, gjaldskrárhækkanir og almennan niðurskurð í þjónustu. Það er því deginum ljósara að samningar um örfá prósent í hækkun launa vegur lítið upp í hækkanir á álögum hins opinbera og kaupmáttartap undanfarinna tveggja ára. Eina raunhæfa leiðin til viðunandi niðurstöðu er því aðkoma allra aðila að kjarasamningum, stéttarfélaga, atvinnurekenda, ríkisvalds og sveitarfélaga. Það getur enginn staðið hjá og firrt sig ábyrgð.

2011 - Febrúar

2. febrúar

Staðan á samningamálum SSF

Kjarasamningar SSF og viðsemjenda eru lausir frá 1. Janúar 2011. Stjórn og samninganefnd SSF hafa sett upp kröfur, byggðar á samþykktum þings SSF og formannafundar. Fyrir utan almennar launahækkanir, sem er aðalkrafa, þarf að lagfæra launatöflu og einfalda uppbyggingu hennar, auka áherslu á launajafnrétti, endurskoða ákvæði í tryggingakafla, semja um námsleyfi á launum, stytta vinnuviku, gamlaársdagur verði frídagur ofl.
Formenn SSF funduðu með samningamönnum SA 26. janúar þar sem farið var yfir umhverfi kjarasamninga og hugsanlegt samflot allra á vinnumarkaði. Eins og mál standa nú þá minnka líkur á slíku samfloti með hverjum deginum. Ástæður eru öllum ljósar, m.a. krafa SA um óbreytt fiskveiðistjórnunarkerfi, ASÍ félögin eru ekki öll sammála um leiðir og ríkisstjórnin getur ekki lagt fram sannfærandi aðkomu hins opinbera til að liðka fyrir kjarasamningum. Stjórn og samninganefnd vinna áfram að undirbúningi kjarasamninga m.a. með fundum með stjórnendum kjaramála hjá viðsemjendum SSF. Næsti fundur með framkvæmdastjórum SA er ákveðinn 9. febrúar
Friðbert Traustason formaður SSF

2011 - Mars

2. mars

Kjarasamningar enn lausir

Eins og ítrekað hefur komið fram í fjölmiðlum þá gengur hvorki né rekur í kjaraviðræðum. Ríkisstjórnin getur ekki eða vill ekki svara ákveðnum spurningum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa m.a. um álögur hins opinbera, og samtök atvinnulífsins eru m.a. með kröfur um fiskveiðistjórnunarkerfið sem allir þekkja.
En samningamenn aðila ræða saman um ýmis atriði sem tengjast kjarasamningum og þarf að laga í þessari samningalotu. SSF og SA hittust síðast í gær þriðjudaginn 1. mars og funduðu um málefni er varða tryggingar félagsmanna o.fl.
Formenn stóru samtaka stéttarfélaganna eru reglulega í sambandi til að bera saman bækur sínar því enn er á borðinu sá vilji flestra að fylgja samræmdri stefnu til næstu þriggja ára.
Friðbert Traustason formaður SSF

3. mars

8. mars - alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Hádegisfundur á Grand Hótel Reykjavík
Staða konunnar er laus til umsóknar - Jafnrétti úr viðjum vanans!
Samtök launamanna, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð efna til hádegisfundar í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna þann 8. mars.
Áhugaverð erindi verða flutt um fjölþætta mismunun, velferð kvenna fyrir og eftir efnahagshrun og málflutning karla um jafnrétti ("Öðlingurinn").

2011 - Apríl

4. apríl

Kjaraviðræður í apríl

Nú eru liðnir þrír mánuðir frá því að kjarasamningar SSF og SA urðu lausir. Í raun eru kjaraviðræður í höndum ríkissáttasemjara, því samkvæmt lögum á sáttasemjari að gera viðræðuáætlun fyrir samningsaðila átta vikum áður en kjarasamningar renna út, ef samningsaðilar skila ekki áætlun sjálfir. Það gerðu SSF og SA ekki. Sáttasemjari á að taka við stjórn samninga skv. áætlun sem hann sjálfur gefur út. En SSF og SA hafa átt sameiginlega fundi vegna samningamála, en ennþá eru fundir óformlegir þar sem SA vill ekki semja fyrr en þeir fá "viðunandi" svör varðandi fiskveiðistjórnun, atvinnu og skattamál.
Stjórn SSF, samninganefnd og formenn aðildarfélaga funda fimmtudaginn 7. apríl til að ákveða og samræma áherslur í tengslum við kjarasamningana. Það er alveg ljóst að samningaviðræður munu taka nokkurn tíma. SSF er ekki aðili að ASÍ og kjarasamningar að ýmsu leyti frábrugðnir kjarasamningum stéttarfélaga í ASÍ.
Páskar eru eftir rúmlega tvær vikur og ljóst er að sá tími getur sett strik í gang kjaraviðræðna.
Friðbert Traustason formaður SSF.

27. apríl

Könnun meðal félagsmanna SSF - svartími framlengdur til 29. apríl

SSF stendur fyrir könnun á líðan, heilsu og vinnuaðstæðum meðal félagsmanna. Framkvæmd könnunarinnar er í höndum Rannsóknarstofnunar í vinnuvernd við Háskóla Íslands.
Markmið rannsóknarinnar er að athuga líðan, vinnuumhverfi og heilsufar starfsfólks í fjármálafyrirtækjum með það í huga að kanna stöðuna og fá yfirsýn yfir hvernig gengur að takast á við þær aðstæður sem eftirstöðvar r efnahagshrunsins hafa skapað.
Um er að ræða könnun sem unnin er á vefnum og úthluta trúnaðarmenn umslögum með aðgang og lykilorði inn á vefslóðina www.ssf.is. Ekki er hægt að rekja svör til viðkomandi félagsmanns eða fyrirtækis.
Aðgangsorð gildir sem happdrættisnúmer og verða dregnir út 10 vinningar úr þeim hópi sem svarar könnuninni, hver að fjárhæð 50.000. Það er því mikilvægt að geyma blaðið með aðgangsorðinu vel. Hægt er að taka þátt í könnuninni til hádegis föstudaginn 29. apríl

29. apríl

Keilumót SSF 2011

Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf. Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.
Mótið verður haldið í Keiluhöllinni Öskjuhlíð kl. 18:00 í viku 19 og viku 20. Leikið verður tvö kvöld. Fyrra kvöldið verða leiknir þrír leikir og tveir leikir síðara kvöldið ásamt verðlaunaafhendingu og veitingum. Áætlaðir leikdagar eru mánudagarnir 9. og 16. maí en nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er þekkt. Þátttökutilkynningum skal senda á netfang jks@rb.is fyrir kl. 12:00 á hádegi 6. maí. Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin og liðsskipan
NET-fang : jks@rb.is
NET-bréf subject : "SSF_keila_2011 - heiti liðs". Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna – 8. mars



STAÐA KONUNNAR ER LAUS TIL UMSÓKNAR

- Jafnrétti úr viðjum vanans!

Fundur á Grand Hótel Reykjavík – Hvammi Þriðjudaginn 8. mars 2011 kl. 11.45 - 13.00

Löggjöf um mismunun og fjölþætt mismunun
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Konur í kreppu? – Niðurstöður athugunar á velferð kvenna fyrir og eftir efnahagshrun
Eygló Árnadóttir, sjálfstætt starfandi fræðikona

„Engin afsökun fyrir þvermóðsku og heimóttarskap að vera úr Mývatnssveit“ – Um skrif Öðlingskarlanna í Fréttablaðið
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands

---

Fundarstjóri: Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ.

Í upphafi fundar er framreitt matarmikið kjúklingasalat, nýbakað brauð og pesto + kaffi. Verð 1.900 kr.

Alþýðusamband Íslands · Bandalag háskólamanna · BSRB · Kennarasamband Íslands · Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja · Jafnréttisráð · Jafnréttisstofa

2011 - Maí

6. maí

Kjarasamningar SSF

Eins og allir vita þá er SSF ekki aðili að ASÍ og því eru kjarasamningar SSF enn lausir. Eins og áður hefur komið fram hér á síðunni þá er mikill áhugi á því að öll stéttarfélög semji á svipuðum nótum, og er aðkoma stjórnvalda háð því að að svo verði. SSF og SA funduðu síðast á mánudaginn og áfram verður fundað um og eftir helgina 7. maí.
Launaramminn liggur nokkuð ljós fyrir en afgreiða þarf nokkur mál er tengjast kjarasamningum, m.a. um launatöflu og tryggingar.
Stefnt er að því að málin geti gengið nokkuð hratt og mun samninganefnd SSF og formenn aðildarfélaga hittast strax eftir helgi til vinnu við samningagerð.
Friðbert Traustason formaður SSF

9. maí

Útdráttur úr aðgangsorðum að könnun á líðan, heilsu og...

Nú er lokið könnun sem gerð var meðal félagsmanna SSF á líðan heilsu og vinnuaðstæðum. Úr lykilorðum svarenda voru dregin 10 lukkulykilorð og þeir sem eru handhafar bréfa með þessum lukkuorðum eru beðnir að árita þau með nafni, kennitölu og netfangi og senda til SSF - annaðhvort í fax 5406108 eða skanna inn og senda til ssf@ssf.is . í framhaldinu verður haft samband við þá sem senda inn og ákveðið hvernig vinningi verður komið til þeirra. Þessara heppnu einstaklinga bíður hvers og eins gjafabréf upp á 50.000 kr. sjá vinningsnúmer með því að smella á meira:

16. maí

Búið að skrifa undir kjarasamninga

Nú rétt fyrir kl 12.00 var skrifað undir kjarasamninga SSF og SA - nánar rétt bráðum

16. maí

Kjarasamningar undirritaðir

Samninganefndir SSF og SA undirrituðu nú fyrir hádegi þann 16. maí 2011 nýja kjarasamninga. Samkvæmt þeim munu öll launhækka samtals um 11.4% á samningstímanum, en að meðtöldum desember- og orlofsuppbótum hækka meðallaun um rúmlega 13% á samningstímanum.
Helstu atriði samningsins eru:

- Kjarasamningar SSF og SA framlengjast óbreyttir til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla kr. 50.000 hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi mánuðina mars – maí 2011. Greiðslan er í hlutfalli við starfstíma og starfshlutfall viðkomandi.
- Öll laun hækka um 4,25% þann 1. júní 2011
- Sérstök nefnd mun fjalla um forsendur þessa kjarasamnings fram til 22. júní 2011. Ef forsendur samningsins verða staðfestar þann dag þá mun kjarasamningurinn gilda til 31. janúar 2014.
- Launahækkanir verða þá: 1. febrúar 2012, 3,5%, 1. febrúar 2013, 3,25%,
- 1. júlí 2011 verður greidd eingreiðsla kr 10.000 miðað við fullt starf.
- 1. desember 2011 verður greidd eingreiðsla kr 15.000 miðað við fullt starf.
- Launatafla A verður felld niður 2012 og allir munu taka laun samkvæmt 12 mánaða töflu (B töflu) Yfirvinnukaup reiknast sem 1,0385% af B töflu.
- Í desember 2012 verður greidd desemberuppbót kr 57.300 og desemberuppbót verður hluti launa frá þeim tíma ár hvert.
- Í júní 2013 verður greidd orlofsuppbót kr 21.000 og orlofsuppbót verður hluti launa frá þeim tíma ár hvert.
- Starfsheitaröðun breytist verulega og nú er starfsheitum skv grein 1.5. raðað að lágmarki í launaflokk en ekkert hámark tilgreint.
- Allir eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári til að ræða um starfskjör.
- Miklar endurbætur eru gerðar á tryggingakafla kjarasamninga og líftryggingin verður nú hluti kjarasamninga. Sjá nánar allur kjarasamningur hér .

20. maí

Atkvæðagreiðslu um kjarasamning lýkur kl 16 í dag

Rafræn atkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning SSF sem hófst þriðjudagsmorgun 17. maí hefur gengið vel. Nú hafa um 70% greitt atkvæði en opið er fyrir þátttöku til kl. 16.01 í dag. Þeir sem enn hafa ekki nýtt atkvæðisrétt sinn eru hvattir til að gera það tímanlega.

20. maí

Kjarasamningur SSF og SA samþykktur

Atkvæðagreiðslu um kjarasamning SA og SSF er lokið. Á kjörskrá voru 4506 félagsmenn. 3453 félagsmenn greiddu atkvæði sem er 76,63% þátttaka. 2841 félagsmaður samþykkti samninginn eða 82,41%. Nei sögðu 491 eða 14,24%. 115 félagsmenn skiluðu auðu eða 3,34%. Kjarasamningurinn er því samþykktur.
Kjörstjórn SSF þakkar góða þátttöku í atkvæðagreiðslunni. Í kjörstjórn voru:
Hallfríður Jónasdóttir SÍ, Anna Kjartansdóttir FSLÍ, Thelma Reynisdóttir StA.

2011 - Júní

30. júní

Styrktarsjóður SSF

Styrktarsjóður SSF er mikill stuðningur við margskonar forvarnir og heilsueflingu fyrir félagsmenn. Fullan aðgang að sjóðnum hafa félagsmenn sem eru fastráðnir. Lausráðnir starfsmenn og sumarstarfsmenn geta sótt um styrki skv. liðum 2, 3, 4, 5, 6 og 9, þ.e. sjúkraþjálfun/nudd, krabbameinsskoðun, áhættumatsskoðun, sálfræðimeðferð, göngugreiningu og þyngdarstjórnun. Sjá nánar í úthlutunarreglum Styrktarsjóðs

2011 - Ágúst

3. ágúst

Golfmót SSF 27. ágúst á Hómsvelli í Leiru

Skráning á golfmót SSF- opið fyrir skráningu til miðvikudags 24. ágúst 2011 kl. 13:00
Golfmót SSF verður haldið á golfvelli GS, Hólmsvelli í Leiru 27. ágúst nk..
Mæting kl 8.00. Ræst verður út á öllum teigum kl. 8:30 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl 13.00 - 13.30 Veitingar í mótslok eru í golfskálanum milli 13:30 og 16.00.
Boðið upp á:
Grillað lamb + meðlæti og 1 drykkur
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, Höggleikur + punktakeppni með forgjöf. Gjafabréf frá Golfbúðinni Hafnarfirði.
20.000
12.500
7.500
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur. verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).
- Makar og gestir:, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).
Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum á gríni.
Verðlaun fyrir þann sem er næstur holu 2 höggum á gríni á 9. holu.
100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.
Þátttökugjald er kr. 2.500 og greiðist inn á reikning 113-26-001544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.
Skráning er eingöngu í beinni innskráningu www.landsbanki.is/skraning/Golfmot-SSF-2011 eigi síðar en kl. 13.00 miðvikudaginn 24 . ágúst.

2011 - September

5. september

Nordea ætlar segja upp fólki þrátt fyrir aukinn hagnað

Athygli vekur að í fréttum frá norðurlöndum af góðum árangri í rekstri Nordea bankans, eins stærsta banka norðurlanda, þá áformar bankinn að segja upp allt að 2000 starfsmönnum.
Þessi frétt kom í kjölfar þess að bankinn skilaði 21% betri árangri en á sama tíma í fyrra. Stéttarfélög starfsmanna og NFU samtök norrænna starfsmanna fjármálafyrirtækja hafa lýst því yfir að þessar ætluðu uppsagnir í mótsögn við aðferðir sem notaðar eru í vel reknum fyrirtækjum og að þær séu trúnaðarbrestur í fyrirtæki sem hingað til hefur stært sig af því að eiga í góðu samstarfi við starfsmenn og að leyfa þeim að njóta góðs af góðum rekstrarárangri. Jafnframt segja samtökin að svo virðist sem eini tilgangur þessara uppsagna sé að hækka arðgreiðslur til hluthafa.

8. september

Samstarfssamningur um vottun fjármálaráðgjafa

Samningur um vottun fjármálaráðgjafa var undirritaður í dag. Verkefnið er samstarfssamningur efnahags- og viðskiptaráðuneytis, Háskólans á Bifröst, viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), sem jafnframt hafa leitt verkefnið.

Fréttatilkynning frá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF)
Samstarfssamningur um vottun fjármálaráðgjafa
Samningur um vottun fjármálaráðgjafa var undirritaður í dag. Verkefnið er samstarfssamningur efnahags- og viðskiptaráðuneytis, Háskólans á Bifröst, viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), sem jafnframt hafa leitt verkefnið.
Markmiðið með vottun fjármálaráðgjafa er að samræma þær kröfur sem gerðar eru til þeirra þjónustufulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða sem eiga aðild að SFF og sinna fjármálaráðgjöf til einstaklinga. Vottun fjármálaráðgjafa á Íslandi á rætur að rekja til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á þessu sviði á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar.
Þann 27. september hefst nám til undirbúnings vottunar fjármálaráðgjafa. Fyrsti hópurinn mun samanstanda af 40 starfsmönnum þeirra viðskiptabanka og sparisjóða sem eiga aðild að SFF. Námið fer fram í Opna háskólanum í Reykjavík en áætlað umfang námsins er um 160 - 180 kennslustundir. Að námi loknu fær starfsmaður afhent vottunarskírteini sem mun fylgja honum, færi hann sig á milli fjármálafyrirtækja.
Samstarfssamningurinn sem undirritaður er í dag hefur það markmið að auka áreiðanleika og trúverðugleika vottunar.
Birna Einarsdóttir formaður Samtaka fjármálafyrirtækja; „Þetta er mikilvægur áfangi í því að auka enn frekar gæði bankaþjónustu á Íslandi með aukinni þekkingu þess starfsfólks sem sinnir ráðgjöf til viðskiptavina. Við leggjum upp með metnaðarfullt samstarfsverkefni og tel ég að aðkoma háskólasamfélagins og ráðuneytisins sýni víðtækan skilning á því að nauðsynlegt er að auka fræðslu og efla þessa þjónustu. Við höfum átt gott samstarf við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og með þessu skrefi er lagður grunnur að stóraukinni fræðslu fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja sem skilar sér í traustara og betra bankakerfi fyrir viðskiptavini."
Á grunni samstarfssamnings mun starfa sérstök vottunarnefnd sem fer með æðsta vald í faglega hluta vottunarinnar. Í henni eiga sæti:

- Hrefna Sigríður Briem formaður, viðskiptadeild HR
- Gylfi Magnússon, viðskiptafræðideild HÍ
- Stefán Kalmansson, Háskólanum á Bifröst
- Harpa Theodórsdóttir, efnahags- og viðskiptaráðuneyti
- Dröfn Guðmundsdóttir, formaður stýrihóps vottunar
-

Samstarfssamningurinn gerir ráð fyrir samvinnu milli háskólanna við gerð prófefnislýsingar og við þróun hæfniviðmiða. Til að stýra þeirri vinnu er í samstarfssamningnum sett upp sérstakt fagráð en í því sitja:

- Þórólfur Matthíasson HÍ, þjóðhagfræði
- Vilhjálmur Bjarnason HÍ, fjármál og fjármálamarkaðir
- Jón Þór Sturluson HR, fjármál einstaklinga
- Sigurbjörn Einarsson Háskólinn á Bifröst, sparnaður, útlán og greiðslumiðlun
- Sigríður Rafnar Pétursdóttir Háskólanum á Bifröst, lög og reglugerðir
- Jón Ólafsson Háskólanum á Bifröst, siðfræði

2011 - Október

4. október

Hvernig á að skattleggja bankastarfsemi?

Í umræðum um skattlagningu á fjármálafyrirtæki hafa þrír valkostir helst verið nefndir í umræðunni á Norðurlöndum og í Evrópu

1. Skattur á launakostnað fjármálafyrirtækja. Dæmin sýna að þessi skattur er hvati til að fækka starfsmönnum og halda niðri launaþróun á meðan bónusar og hlutabréfaívilnanir til stjórnenda lenda oftast utan við þann skattstofn.
2. Skattur á heildarveltu fjármálafyrirtækis. Slær á tilhneigingu til að blása út efnahagsreikning með útlána eða skuldsetningarþenslu.
3. Skattur á fjármálagerninga. Hefur stöðugleikaáhrif og hefur lítil áhrif á þætti sem tengjast raunverulegu hagkerfi, en hinsvegar þurfa spákaupmenn að greiða þennan skatt við hver viðskipti.

1. Skattur á launakostnað fjármálafyrirtækja:Sá skattur sem nú er rætt um að leggja á launakostnað fjármálafyrirtækja er í raun skattur á vinnuafl sem ekki á neina sök á bankahruninu, en ekki á starfsemi fjármálafyrirtækja og hefur því engin stýrandi áhrif á starfsemi þeirra önnur en þau að hvetja til fækkunar starfsmanna og bjaga launaþróun. Í Danmörku var þessi skattur innleiddur 1988 og þar má finna er skýr dæmi um áhrif af skattlagningu sem þessari. Hlutfall starfsmanna í fjármálageiranum í Danmörku lækkaði um 20% frá árinu 1991 – 2001. Þess má geta að nú þegar greiða íslenskir bankar tryggingagjald, sem er ekkert annad en launaskattur, en það gera danskir bankar ekki.
Fækkun starfsmanna í fjármálafyrirtækjum getur dregið úr þeim áherslum sem verið hafa á bætta ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini og einnig rýrt gæði þeirrar þjónustu.
Skattur á launagreiðslur fjármálafyrirtækja er óstöðug tekjulind fyrir ríkissjóð þar sem hvati fyrirtækjanna er talsverður til að fækka starfsmönnum og draga úr launagreiðslum til að minnka skattbyrði. Þetta getur leitt af sér einskonar vítahring þar sem ítrekað þarf að hækka skatta til að viðhalda tekjustofninum.
Skattur á launagreiðslur til starfsmanna getur leitt til hærri útgjalda samfélagsins vegna aukins fjölda atvinnulausra sem missa störf í greininni sem og í afleiddum störfum.

2. Skattur á veltu fjármálafyrirtækja
Skattur sem lagður er á veltu fjármálafyrirtækja er mun einfaldari í framkvæmd en skattur á launakostnað fjármálafyrirtækja. Velta fyrirtækjanna er tiltölulega stöðug stærð og breytist í takt við efnahagsþróun í hagkerfinu.
Fjármálafyrirtæki hafa engan hvata til að minnka veltu sína til að komast hjá skattgreiðslum eins og gerst hefur með skatt á launakostnað.
Skattur á veltu hefur ekki í för með sér hvata til að blása út efnahagsreikning umfram það sem nauðsynlegt er, t.d. með útlána eða skuldsetningarþenslu. Veltuskattur hefur því stýrandi áhrif á starfsemi fjármálafyrirtækja í þá veru að draga úr líkum á frekari fjármálakrísum.
Skatti á veltu er tiltölulega auðvelt að stjórna ef skattstofninn er öll velta en með mismunandi skattprósentu eftir tegund starfsemi.

3. Skattur á fjármálagjörninga (Financial transaction tax, FTT)
Slíkan skatt má útfæra sem mjög lága prósenta og gæti virkað sem tæki til að draga úr fjölda þeirra viðskipta sem flokkast undir spákaupmennsku svo sem tíð viðskipti sem ekki tengjast vörnum gegn raunverulegri áhættu. Skattur á fjármálagjörninga er ekki gallalaus en það er mat aðila sem hafa skoðað kosti og galla hans að stöðugleikaáhrif sem hann hefur séu meiri en ókostir af framkvæmdinni. Meginhlutverk slíkrar skattheimtu væri að efla og styrkja heilbrigt fjármálakerfi.
Skattur á fjármálagjörninga þarf í eðli sínu að vera lág upphæð og myndi þar með hafa lítil áhrif á þætti sem tengjast raunverulegu hagkerfi. Útflytjandi sem þarf gjaldeyrisvarnir þarf að greiða skatt vegna þeirra en aðeins einu sinni. Hinsvegar þurfa spákaupmenn að greiða þennan skatt við hver viðskipti. Kostur þessa forms á skattheimtu er að hann skattleggur alla fjármálagerninga en ekki bara hefðbundna bankastarfsemi í samræmi við það hvernig spákaupmennskan er framkvæmd. Að jafnaði er ekki til verkfæri til að taka á spákaupmennsku en skattur á fjármálagerninga tekur á því viðfangsefni. Nýlega lagði framkvæmdastjóri ESB fram tillögu um að skattur af þessu tagi verði tekinn upp innan ESB.

2011 - Nóvember

1. nóvember

Danske bank fækkar starfsmönnum

Allir stóru bankarnir í Danmörku hafa nú tilkynnt um verulega fækkun starfsmanna eftir vonbrigði með útkomu bankanna á fyrstu þremur ársfjórðungum 2011. Nordea, Jyske og Sydbank voru fyrstir til, en nú hefur Peter Staarup forstjóri Danske bank tilkynnt um 10% fækkun starfsmanna eða um 2000 manns á næstu þremur árum. Hann kennir um miklum óróa á fjármálamörkuðum, nýjum reglugerðum, m.a. Basel III, og háum kostnaði við endurfjármögnun. Af þessum sökum verði að skera enn meira niður í rekstrarkostnaði. Allur rekstrarkostnaður verði skorinn niður, ekki bara launakostnaður. Peter Staarup verður 60 ára á þessu ári og hefur óskað eftir því að láta af störfum og fara á eftirlaun. Leitað er að nýjum forstjóra fyrir Danske bank.

9. nóvember

Fjársýsluskattur er árás á konur

Þeir eru hugmyndaríkir í Fjármálaráðuneytinu þegar að kemur að skattlagningu og nafngiftum. Nú hefur ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms ákveðið að skella á 10,5% sérstökum launaskatti á starfsmenn fjármálafyrirtækja, og í takt við húmor og skáldskapargáfu ráðherrans kalla þeir launaskattinn „fjársýsluskatt".

Að sjálfsögðu munu fjármálafyrirtækin bregðast við þessari auknu skattlagningu, enda launaskattur á þau þar með kominn í rúmlega 19%, eða um 9% hærri skattur en í Danmörku þangað sem fyrirmynd launaskattsins er sótt. Þegar launaskatturinn var lagður á í Danmörku voru viðbrögð fyrirtækjanna þau að segja upp starfsmönnum og loka útibúum og afgreiðslustöðum, sérstaklega utan Kaupmannahafnar svæðis. Sama verður gert hér á landi, starfsmönnum fækkað, útibúum lokað og dregið úr þjónustu.

Samræmi í málflutningi Steingríms?

Lilja Mósesdóttir spurði Steingrím um „hvalrekaskatt" í umræðum á Alþingi um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 3. nóvember: Í svari sagði Steingrímur: „Ef menn hins vegar gripu inn í með sérstakri skattlagningu á sérstakar greinar (innskot höf: sjávarútveg og álver) þá er spurningin hvernig sú þróun yrði og hvernig menn stýrðu málum að öðru leyti, þ.e.a.s. hvað varðar þá markmið um raunhæft gengi til lengri tíma, sambúð atvinnugreina á vinnumarkaði og svo framvegis." Þetta eru merkileg orð frá ráðherra á sama tíma og hann ætlar að leggja sérstakan launaskatt á starfsstétt þar sem mikill meirihluti starfsmanna eru konur.

75% starfsmanna fjármálafyrirtækja eru konur

Á síðustu þremur árum hafa 30% starfsmanna fjármálafyrirtækja á Íslandi misst vinnuna eða 1800 félagsmenn SSF, þar af eru um 1400 konur sem misst hafa starfið sitt, flestar með mjög langan starfsaldur innan greinarinnar. Útibúum og afgreiðslum hefur fækkað um 50 á örfáum árum, en um 90% starfsmanna útibúa eru konur, flestar á lágum launum eða á bilinu 250.000 til 350.000 krónur á mánuði. Í dag er fjöldi starfsmanna í fjármálafyrirtækjum sá sami og hann var á árunum 1992 til 2004 eða um 3800 í 3500 stöðugildum.

Nær að skattleggja frekar hagnað

Vonandi sjá þingmenn það óréttlæti sem þessi starfsstétt er beitt með sérstökum launaskatti, sem einungis mun leiða til enn frekari uppsagna og skerðingar á þjónustu ellegar hækkunar á þjónustugjöldum, sem enginn vill sjá. Nær væri að leggja til tímabundna hækkun á tekjuskatti, sem lagður yrði á hagnað allra þeirra fyrirtækja sem hagnast vel í dag, það er útgerðarfyrirtæki, álver og banka.

Þessi launaskattur á sér enga fyrirmynd í öðrum löndum, því þar sem launaskattur er lagður á, m.a. í Danmörku og Frakklandi (3-12%), er ekki einnig lagður á launaskattur í nafni tryggingagjalds (tæp 9%) eins og gert er á Íslandi.

Ég treysti því að öll samtök launamanna mótmæli sérstökum launaskatti því miðað við hugmyndaauðgi í skattlagningu ríkisstjórnar undanfarin misseri verður þessi ekki langt að bíða að fleiri starfsstéttir fái á sig þennan launaskatt til að viðhalda starfsemi hins opinbera.

Höfundur: Friðbert Traustason, formaður SSF.

2012

2012 - Janúar

1. janúar

Bestu óskir um gleðilegt ár!

Ágætu félagsmenn SSF
Nú er runnið upp nýtt ár með nýjum möguleikum og nýjum fyrirheitum.
Um leið og við viljum þakka samstarfið á liðnu ári viljum við minna ykkur á skilafrest umsókna í menntunarsjóð SSF sem er 15. janúar.
Miðað er við að ljúka útgreiðslu styrkja fyrir lok janúar.
Með bjartri nýárskveðju
Starfsmenn SSF

19. janúar

Þarft þú að hreyfa þig meira? Niðurstöður könnunar á líðan og heilsu

Eitt af því sem kemur upp í hugann þegar áramótaheit eru nefnd á nafn er hreyfing. Margir setja sér um áramót markmið um að hreyfa sig meira á næsta ári. Samkvæmt viðmiðum um lýðheilsu er talið mjög æskilegt að hreyfa sig rösklega samfellt í minnst hálftíma á dag amk. 3 - 5 daga á viku. Í Niðurstöðum könnunar á líðan, heilsu og vinnuaðstæðum sem framkvæmd var meðal félagsmanna SSF vor 2011 má sjá að 47% svarenda er að uppfylla þessi markmið. Það merkir jafnframt að rúmlega helmingur svarenda hreyfir sig minna en sem nemur því lágmarki sem þarf til að halda góðri heilsu og þar af eru 27% sem hreyfa sig sjaldnar en einu sinni í viku. Nú er ekki úr vegi að biðja félagsmenn að athuga sinn gang og skoða hversu mikið þeir eru að hreyfa sig.

23. janúar

Kjarasamningar SSF standa áfram

Í 4. grein kjarasamningi SSF og SA frá 16. maí 2011 segir:
Samningsforsendur: „Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um þennan samning."
Nú er ljóst að engin breyting verður á samningi ASÍ og SA og er því kjarasamningur SSF og SA áfram í fullu gildi. Næsta launahækkun, 3,5%, verður 1. febrúar 2012.

23. janúar

Umsóknarfrestur í menntunarsjóð liðinn

Verið er að vinna úr umsóknum í menntunarsjóð SSF. Styrkir verða greiddir út 31. janúar nk.

2012 - Mars

5. mars

8. mars alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fer venju samkvæmt fram þann 8. mars. SSF mun ásamt öðrum verkalýðsfélögum og samtökum launafólks standa að málþingi á Grand hótel þennan dag.
Yfirskrift málþingsins að þessu sinni er „Starfslok - endastöð eða nýtt upphaf? - konur á barmi starfsloka".
Þar munu eftirfarandi erindi verða flutt:
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgar fjallar hvernig kynin takast á við ný verkefni við starfslok. Hvaða umhverfi eldri borgurum er búið og helstu baráttumál þeirra.
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi varaformaður Eflingar fjallar um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar. Hvað hún hefur gert og hvað má laga fyrir þann hóp sem sér fram á starfslok.
Steinunn Rögnvaldsdóttir MA nemi í kynjafræði við háskóla Íslands gerir grein fyrir rannsókn sinni þar sem hún hefur verið m.a. skoðað trygginga- og lífeyrissjóðakerfið og áhrif þess á konur á efri árum. Einnig gerir hún grein fyrir erlendum rannsóknum um málið.
Fundurinn fer fram á Grand Hótel Hvammi 8. mars og stendur frá kl. 11:45 - 13:00. Hádegisverður kostar kr. 1.900. Sama dag verður Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti haldin hátíðlegur með dagskrá í Iðnó frá kl. 17:00.

13. mars

SSF mótið í Keilu 2012

Mótið verður með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. spilaðar verða fimm umferðir skv. MONRAD-kerfi þar sem mismunur á skori liðanna ræður stigagjöf.
Keppt verður í 4ra manna liðum í karla- og kvennaflokki. Blönduð lið geta keppt í karlaflokki.
Mótið verður haldið í Keiluhöllinni Öskjuhlíð kl. 17:30 í viku 13.
Leikið verður tvö kvöld. Fyrra kvöldið verða leiknir þrír leikir og tveir leikir síðara kvöldið ásamt verðlaunaafhendingu og veitingum.Ætlaðir leikdagar eru miðvikudagurinn 28. mars og föstudagurinn 30. mars en nánari tímasetning verður ákveðin þegar þátttaka er þekkt.
Þátttökutilkynningum skal senda á netfang jks@rb.is fyrir kl. 12:00 á hádegi 26. mars.
Í þátttökutilkynningu skal getið um hver verður í forsvari fyrir liðið/liðin og liðsskipan
NET-fang : jks@rb.is
NET-bréf subject : "SSF_keila_2012 - heiti liðs".
Munið að taka fram netfang og síma fyrirliða í þátttökutilkynningu til að auðvelda samskiptin við keppnisliðin

14. mars

Landsbankinn kynnir nýja jafnréttisstefnu

Landsbankinn hefur kynnt nýja jafnréttisstefnu sem tekið hefur gildi í öllu starfi bankans. Stjórn SSF óskar starfsmönnum og stjórnendum Landsbankans til hamingju með þennan mikilvæga áfanga sem undirbúinn var í góðri samvinnu starfsmanna og stjórnenda. Stefnan byggist á þeirri grundvallarhugsun að konur og karlar séu metin á eigin verðleikum og hafi jafna möguleika og sömu réttindi í starfi.
Ný og endurskoðuð jafnréttisstefna Landsbankans hefur verið samþykkt og tekið gildi. Stefnan byggist á þeirri grundvallarhugsun að konur og karlar séu metin á eigin verðleikum og hafi jafna möguleika og sömu réttindi í starfi. Jafnréttisstefna

Landsbankans er órofa hluti af starfsmannastefnu hans, segir í tilkynningu frá bankanum.
Landsbankinn telur það ekki aðeins skyldu sína að stuðla að jafnrétti innan bankans heldur er það mat stjórnenda að jafnræði á vinnustaðnum hafi bein jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins. Með jafnréttisstefnu vill bankinn leggja áherslu á að lykilforsendur fyrir framúrskarandi árangri og góðum vinnustað séu þær að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum og að allir eigi jafna möguleikastarfa, stjórnarsetu og starfsþróunar innan bankans, segir í tilkynningu.
Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans kynnti hina nýju jafnréttisstefnu bankans á fundi með starfsmönnum í Tjarnarbíói í dag. Á fundinum flutti einnig Þórdís S. Sigurðardóttir lögfræðingur hjá Fyrirtækjabanka erindi um jöfn kynjahlutföll og Bergur Ebbi Benediktsson rithöfundur og uppistandari flutti hugvekju um jafnréttismál.
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, sagði á fundinum: „Þetta er liður í því að reka bankann á skynsaman og ábyrgan hátt, jafnréttismál eru „góður business“. Við setjum fram virka jafnréttisstefnu af eigin frumkvæði ekki af því að við verðum að gera það. Endurskoðuð jafnréttisstefna byggir á því að hún sé mælanleg. Mælikvarðar og aðgerðir hafa verið skilgreindir með það að markmiði að meta árangur á innleiðingu stefnunnar.“
Megináherslur Landsbankans í jafnréttismálum eru í sex liðum. Í stefnunni er ennfremur aðgerðaáætlun um hvernig ná skal markmiðum hennar. Megináherslurnar eru:

1. Landsbankinn er vinnustaður þar sem karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu
2. Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf.
3. Landsbankinn greiðir konum og körlum jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt störf.
4. Landsbankinn er vinnustaður þar sem starfsmenn geta samræmt vinnu og einkalíf
5. Landsbankinn líður ekki einelti, fordóma, kynbundna eða kynferðislega áreitni.
6. Landsbankinn gætir þess að konur og karlar hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
7.

Það er í höndum Jafnréttisnefndar bankans að hafa yfirsýn yfir lög og reglur um jafnréttismál.
Landsbankinn hefur unnið markvisst að því að efla jafnræði innan bankans undanfarin tvö ár og skrifaði árið 2010 undir samstarfssamning Félags kvenna í atvinnurekstri, Samtaka atvinnulífs og Viðskiptaráðs Íslands en í honum segir að tryggt skuli að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40% í forystusveit fyrirtækja. Hlutfall kynja í framkvæmdastjórn Landsbankans og stjórnum dótturfélaga bankans hefur nú þegar verið jafnað.
Landsbankinn skrifaði undir á síðasta ári Jafnréttissáttmálann (Women‘s Empowerment Principles – Equality means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbindur Landsbankinn sig til að vinna úrbótum í jafnréttismálum innan fyrirtækisins og sýna samfélagslega ábyrgð. Í sáttmálanum eru sjö viðmið sem höfð eru að leiðarljósi til þess að efla konur innan fyrirtækja og til að auka þátt þeirra í atvinnulífinu.

2012 - Apríl

26. apríl

SSF mótið í keilu árið 2012.

Nýlega er lokið árlegu Keilumóti SSF sem fór fram í Keiluhöllinni Öskjuhlíð undir dyggri forystu Jóns Sveinssonar og félaga. Stjórn SSF færir þeim bestu þakkir fyrir gott starf.
Niðurstöður voru eftirfarandi:
Verðlaunaveiting Einstaklingskeppni:
Konur
Hæsti leikur: Herdís Gunnarsdóttir - Landsbankinn, 183
Flestar fellur: Bára Ágústsdóttir - Landsbankinn, 16
Karlar
Hæsti leikur: Gunnar Berg Gunnarsson - Valitor , 243
Flestar fellur: Stefán Þór Jónsson - Landsbankinn, 19

2012 - Júní

1. júní

Golfmót SSF 2012

Golfmót SSF 2012 verður 25.08.2012 á Húsatóftavelli í Grindavík og ræst verður af öllum teigum kl. 09:00. Takið frá daginn. Skráningarleið verður birt hér á vefnum í lok júlí.

5. júní

Umsóknarfrestur í Menntunarsjóð SSF

Vinsamlega athugið að umsóknarfresti í Menntunarsjóð SSF lýkur 15. júní nk. Styrkir verða greiddir út fyrir lok júní.

8. júní

Útskrift vottaðra fjármálaráðgjafa

Fimmtudaginn 7. júní fór fram útskrift fyrsta hóps vottaðra fjármálaráðgjafa. Þessi hópur hefur í vetur stundað fjölbreytt nám til undirbúnings vottunar. Náminu lauk með prófum sem staðfesta færni þátttakenda og jafnframt fá þeir merki sem verður greinilegt viðskiptavinum á þeirra vinnustað. Stjórn SSF óskar þessum öfluga hópi til hamingju með áfangann og lýsir ánægju með það samstarf háskóla, fjármálafyrirtækja og stéttarfélags sem liggur að baki þeirri vinnu sem hér er að skila sér í nýju hagnýtu námi fyrir félagsmenn SSF.

19. júní

Umsóknarfresti í menntunarsjóð SSF lokið

Nú er lokið umsóknarfresti um styrki úr menntunarsjóði SSF vegna náms á vormisseri 2012. Verið er að yfirfara gögn og þeir sem eiga eftir að skila viðbótargögnum geta enn gert það gegnum vefkerfið.
Námsstyrkir verða greiddir út fyrir lok júni og geta viðtakendur séð útgreiðslur í heimabanka sínum. Til að draga úr kostnaði við rekstur sjóðsins eru ekki sendar út tilkynningar um greiðslur en að þeim loknum verður sendur tölvupóstur til allra umsækjenda.

2012 - Júlí

31. júlí

Golfmót SSF 2012

Golfmót SSF 2012 verður haldið á Húsatóftavelli í Grindavík þann 25. ágúst nk..
Mæting kl 8.30. Ræst verður út á öllum teigum kl. 9:00 Reiknað er með að mótinu ljúki um kl. 13.30 - 14.00 Veitingar í mótslok eru í golfskálanum milli 14:00 og 16.00.
Boðið upp á:
Grillað lamb + meðlæti og 1 drykkur
Leikið er í eftirfarandi flokkum:
- Einstaklingskeppni karla og kvenna, Höggleikur + punktakeppni með forgjöf. Gjafabréf frá Golfbúðinni Hafnarfirði.
30.000
20.000
10.000
- Sveitakeppni með og án forgjafar (punktar). Þrír í sveit og tveir bestu telja. Skor úr einstaklingskeppni gildir.
- Nýliðakeppni félagsmanna á 1. og 2. ári í golfi, 18 holur. verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).
- Makar og gestir:, verðlaun fyrir besta skor (punktar með forgjöf).
Nándarverðlaun eru á öllum par 3 holum á gríni.
Verðlaun fyrir lengsta drive karla og kvenna á 17 braut.
100 fyrstu sem skrá sig og greiða þátttökugjald komast að.
Þátttökugjald er kr. 3.000 og greiðist inn á reikning 113-26-001544 kt: 550269-7679. Vinsamlega tiltakið nafn og kennitölu greiðanda. Sýna verður kvittun á mótsstað.
Skráning er eingöngu í beinni innskráningu
www.www.landsbankinn.is/skraning/Golfmot-SSF-2012
Skráning á golfmót SSF- opið er fyrir skráningu til miðvikudags 22. ágúst 2012 kl. 13:00

2012 - September

20. september

Fjársýsluskattur leggst á launamenn

Friðbert Traustason, formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, segir að hærri fjársýsluskattur á launagreiðslur fjármálafyrirtækja þýði að verið sé að færa álögur af erlendum kröfuhöfum yfir á íslenska launamenn.
Lagt er til í fjárlagafrumvarpinu að hækka fjársýsluskattinn um helming. Í umfjöllun um mál þetta í Morgunblaðinu í dag segir Friðbert þetta koma verst niður á minni fjármálafyrirtækjum.

Fjársýsluskattur aftur efst á baugi

Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp sem miðar við að hækka áætlaðan fjársýsluskatt verulega. SSF hefur frá upphafi lagt áherslu á að mestar líkur er á að tilkoma þessa skatts muni leiða af sér verulega fækkun starfsmanna í framlínu og bakvinnslu sem nú eru að stærstum hluta kvennastörf.
sjá viðtal við Friðbert Traustason formann SSF í MBL

2012 - Desember

3. desember

Desemberuppbót 2012

Núna ættu flestir að hafa fengið desemberuppbótina greidda, fjárhæðin er kr. 57.300 fyrir fullt starf. Sjá nánar grein 1.6.1. í Kjarasamningi SSF.

5. desember

Styrktarsjóður og áramót

Félagsmenn athugið að ekki þarf að skila inn umsóknum vegna útlagðs kostnaðar á árinu 2012 fyrir áramót 2012/2013. Skoðað er ár aftur í tímann og nótur mega því ekki verða eldri en 12 mánaða gamlar þegar sótt er um.
Stjórn Styrktarsjóðs

2013

2013 - Janúar

1. janúar

Nýr starfsmaður á skrifstofu SSF

Rósa Jennadóttir var valin úr hópi umsækjenda í starf Umsjónarmanns sjóða SSF. Hennar fyrsti starfsdagur er í dag 3. janúar 2013. Rósa er viðskiptafræðingur og hefur starfað í tæp tuttugu ár hjá fjármálafyrirtækjum þar sem félagsmenn SSF starfa. Hún hefur mikla reynslu af félags- og kjaramálum og var trúnaðarmaður SSF um árabil og í stjórn trúnaðarmannaráðs.
Við bjóðum Rósu hjartanlega velkomna til starfa hjá SSF.
Stjórn SSF

5. janúar

Umsóknarfrestur til 15. janúar

Umsóknarfrestur í Menntunarsjóð er til 15. janúar 2013 vegna náms á sumar- og haustönn 2012. Sjá nánari upplýsingar um Menntunarsjóð hér.

6. janúar

Greiðslur í fæðingarorlofi

Þann 1. janúar sl. voru gerðar breytingar á greiðslum Fæðingarorlofssjóðs. Upplýsingar um greiðslur fjármálafyrirtækja sbr. gr. 6.2.1. í kjarasamningi SSF hafa verið uppfærðar, sjá: Fæðingarorlof

9. janúar

Umsóknir í Menntunarsjóð

Núna stendur yfir vinna við yfirferð umsókna í Menntunarsjóð SSF. Ef gögn vantar með umsóknum þá verður haft samband við viðkomandi. Áætlað er að greiða út styrki öðru hvoru megin við mánaðamótin janúar/febrúar. Hægt er að senda viðbótargögn á rosa(hjá)ssf.is

10. janúar

Þing SSF, 14. - 15. mars 2013 - uppfært

45. þing SSF verður haldið dagana 14. - 15. mars 2013 á Hótel Selfossi. 65 fulltrúar frá aðildarfélögum SSF sitja þingið, ásamt gestum. Það eru aðildarfélögin sem skipa/kjósa fulltrúa til setu á þinginu. Á þinginu er mótuð stefna SSF til næstu þriggja ára, ásamt því að gera upp starf stéttarfélagsins síðustu þrjú árin.
Á þinginu er stjórn SSF kosin, formaður og 5 meðstjórnendur. Að þessu sinni er kosningu á annan veg háttað en áður. M.a. verða áhugasamir að skila inn framboðum til kjörnefndar SSF (hilmar@ssf.is) með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara, eða fyrir 14. febrúar 2013. Sjá nánar um þingið og kosningar hér.
Form til að tilkynna um framboð til stjórnar má nálgast hér.
Stjórn SSF

20. janúar

Launahækkun og gildistími kjarasamnings styttur

Samkvæmt kjarasamningi SSF hækka laun um 3,25% þann 1. febrúar 2013. Sjá uppfærða launatöflu hér.
Í fjórðu grein í kjarasamningum SSF og SA, frá 16. maí 2011 segir: „Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan." Núgildandi kjarasamningur SSF gildir því til 30. nóvember 2013.

2013 - Febrúar

10. febrúar

Launakönnun 2013

Stjórn SSF hefur ákveðið að gera launakönnun á meðal félagsmanna. Könnunin er liður í undirbúningi næstu kjarasamninga SSF, en samningar eru lausir 1. desember 2013. Framkvæmd könnunarinnar verður í höndum Capacent Gallup. Um er að ræða könnun sem unnin er rafrænt en trúnaðarmenn SSF munu útdeila umslögum með lykilnúmerum.

Mikilvægt er að félagsmenn leggi sitt af mörkum til að svörun verði sem allra best. Með því verða niðurstöður marktækari og nýtast félagsmönnum betur sem viðmið um eigin laun. Þegar niðurstöður liggja fyrir verða þær birtar á aðgengilegu formi hér á heimasíðunni.

2013 - Mars

13. mars

Skrifstofa SSF lokuð!

Vegna þings SSF sem haldið er á Selfossi dagana 14. - 15. mars er skrifstofa SSF lokuð þessa daga. Sé erindið brýnt er hægt að senda tölvupóst á hilmar@ssf.is

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Golfmót 2005 - úrslit

	Hámark	28	36																				
	Par	71	71																				
Innsláttarsvæði	Vægi	132	124	Grafarholt																			
	CR	71,8	71,3																				
			Hola	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	Skor	Skor
			Par	4	3	4	5	4	3	4	4	4	4	3	5	4	4	5	4	3	4	án	með
Nafn	Banki	Grunnforgjöf	forgjöf	15	17	3	11	1	5	13	9	7	8	6	12	16	18	2	4	10	14	forgj	forgj
Siggeir Vilhjálmsson	Landsbankinn	2,8	4	3	3	4	5	5	3	4	4	5	4	3	4	4	3	6	3	3	4	70	66
Halldór Halldórsson	Reiknistofa bankanna	3	4	4	3	4	5	5	3	4	4	4	4	3	5	4	4	5	4	3	3	71	67
Hannes Marinó Ellertsson	Landsbankinn	3,8	5	5	3	4	5	4	3	4	4	7	4	4	4	3	4	5	6	3	4	76	71
Högni Þórðarson	Sparisjóður Keflavíkur	4,6	6	3	4	3	4	5	4	5	5	4	4	4	5	4	4	6	5	4	4	77	71
Bjarni G. Jónsson	Íslandsbanki	4,9	7	4	3	5	5	5	3	4	4	4	5	3	5	5	4	6	5	4	4	78	71
Jóhannes Jónsson	Reiknistofa bankanna	11	14	4	3	5	5	5	3	4	4	5	4	3	6	4	6	5	5	3	5	79	65
Kristinn Ó. Ólafsson	Landsbankinn	5,6	7	5	3	5	5	4	4	6	5	5	4	3	4	4	4	6	4	3	6	80	73
Sigursteinn I Rúnarsson	Íslandsbanki	10,7	13	4	4	5	5	5	4	5	5	4	4	3	5	4	5	6	6	4	5	83	70
Rafn Jóhannesson	Landsbankinn	6,8	9	4	4	4	6	5	4	4	4	4	4	4	8	5	6	6	4	3	4	83	74
Bergsveinn Alfonsson	Íslandsbanki	11,8	15	5	4	4	5	5	3	5	4	5	5	4	8	3	5	7	4	4	4	84	69
Þórður Jónsson	Landsbankinn	8,6	11	4	3	4	5	5	3	5	4	5	5	3	6	6	7	8	4	3	4	84	73
Davíð Jónsson	Íslandsbanki	9,3	12	4	3	5	5	4	4	6	7	4	3	4	7	5	4	6	6	5	4	86	74
Jóhann R Kjærbo	Landsbankinn	7	9	5	3	5	5	5	4	4	4	4	4	5	8	6	4	7	5	4	4	86	77
Jónatan Ólafsson	Íslandsbanki	9,9	12	4	3	4	6	7	4	4	4	7	7	4	6	4	4	6	4	4	5	87	75
Rúnar Jónsson	Íslandsbanki	7	9	5	3	5	5	4	4	5	5	4	5	3	5	5	6	8	5	6	5	88	79
Ívar Örn Helgason	KB-Banki	13,3	16	6	4	4	6	4	5	7	3	5	5	3	6	7	4	7	5	3	4	88	72
Þorlákur H Ásbjörnsson	KB-Banki	13,6	17	4	4	5	6	4	5	6	5	6	6	4	4	4	5	6	6	3	5	88	71
Jakob Gunnarsson	Seðlabankinn	8,3	10	5	3	5	6	4	5	4	6	5	5	3	7	5	5	7	5	3	5	88	78
Hafberg Svansson	Íslandsbanki	10,1	13	4	3	6	5	5	4	5	5	6	7	4	6	4	4	5	5	4	7	89	76
Jens Óskarsson	Íslandsbanki	14,8	18	6	2	9	6	5	2	4	5	5	5	4	5	4	6	7	5	5	4	89	71
Jón S Baldursson	Landsbankinn	9	11	4	3	5	8	5	5	8	4	5	5	3	6	5	4	5	6	3	5	89	78
Valdimar Einarsson	Landsbankinn	12,3	15	5	4	6	5	4	2	4	5	7	5	3	7	7	5	6	6	4	4	89	74
Gísli Grettisson	Reiknistofa bankanna	6,7	9	6	4	5	5	5	4	5	4	8	7	4	5	5	4	5	4	5	5	90	81
Guðmundur E. Lárusson	Landsbankinn	9,1	11	7	3	3	6	9	4	5	5	4	5	4	6	4	4	9	5	3	5	91	80
Steinar Helgason	Landsbankinn	19,6	24	5	3	6	6	6	4	5	4	6	5	5	6	5	5	9	4	3	4	91	67
Hjörtur Kristjánsson	Sparisjóður Keflavíkur	11,8	15	4	4	5	6	6	3	4	5	6	6	3	7	4	5	7	6	5	6	92	77
Óttar Guðjónsson	Íslandsbanki	14,7	18	4	5	5	6	8	4	6	6	6	4	3	5	4	5	7	6	4	5	93	75
Halldór B Hreinsson	KB Banki	18,2	22	6	3	5	6	6	4	5	4	8	5	4	7	4	6	7	5	3	5	93	71
Hjörvar Jensson	Landsbankinn	10,4	13	7	5	6	6	6	4	5	5	5	5	5	4	5	4	5	6	4	6	93	80
Ágnes Sigurþórs	Landsbankinn	14,9	17	3	4	4	6	6	4	5	5	6	6	3	7	4	6	9	8	3	5	94	77
Sigurður Sigurðsson	Landsbankinn	16,2	20	5	3	5	8	5	4	5	5	5	5	7	6	4	4	9	5	4	5	94	74
Þórarinn Már Þorbjörnsson	Landsbankinn	18	22	6	4	5	6	5	5	6	5	5	5	4	5	6	5	8	5	2	7	94	72
Lucinda Gímsdóttir	Reiknistofa bankanna	13	15	4	3	5	5	6	4	7	5	6	5	5	7	4	5	6	6	5	6	94	79
Kristinn Ingólfsson	Sparisjóður Keflavíkur	11,2	14	4	3	5	4	5	4	9	7	5	6	7	6	5	4	9	5	3	3	94	80
Guðjón Guðmundsson	Íslandsbanki	14,1	17	5	4	5	6	4	5	6	5	6	8	4	6	5	5	7	4	4	6	95	78
Hanna Garðarsdóttir	Íslandsbanki	19,1	21	7	3	7	7	6	3	5	4	5	5	4	6	6	5	7	6	4	5	95	74
Jón B. Stefánsson	Landsbankinn	19	23	4	4	5	6	5	4	4	7	5	5	4	7	7	6	7	5	5	5	95	72
Guðrún Auður Böðvarsdóttir	Landsbankinn	18,8	21	4	3	5	7	5	4	4	6	6	6	3	6	4	7	7	7	4	8	96	75
Jón K. Sverrisson	Landsbankinn	19,1	23	4	4	9	6	5	4	5	7	4	5	5	8	5	5	7	5	4	5	97	74
Sigurbjörg Gunnarsdóttir	Sparisjóður Keflavíkur	19,5	22	4	4	6	8	6	4	4	4	5	6	4	8	5	5	7	5	4	8	97	75
Bjarni F. Bjarnason	Reiknistofa bankanna	16,9	21	5	6	5	5	6	4	5	4	6	4	3	6	6	5	10	4	7	7	98	77
Halldór Helgason	Reiknistofa bankanna	14,1	17	4	2	7	5	5	4	9	4	4	6	7	6	5	6	7	7	4	6	98	81
Guðbjartur Haraldsson	KB Banki	27	28	5	4	5	7	8	4	5	5	7	5	6	8	5	5	5	5	4	6	99	71
Tómas Einarsson	Íslandsbanki	17,9	22	4	3	5	6	5	5	7	7	6	5	4	6	4	7	9	6	6	5	100	78
Þuríður Sölvadóttir	Íslandsbanki	21,1	23	5	4	7	9	6	4	6	5	5	5	4	7	6	6	6	6	4	5	100	77
Guðbrandur Jónasson	Reiknistofa bankanna	24,8	28	5	4	8	6	5	4	5	6	6	6	4	7	4	6	9	6	3	6	100	72
Jóhanna Þorsteinsdóttir	Landsbankinn	19,5	22	6	4	6	7	8	4	5	5	6	6	4	8	5	5	8	5	4	5	101	79
Skúli Finnbogason	Reiknistofa bankanna	15,4	19	5	5	6	6	5	4	5	5	7	9	4	7	4	7	7	7	4	4	101	82
Jón Ingimar Jónsson	SÍB	22,1	27	5	4	6	6	5	5	5	6	5	6	4	7	7	7	9	6	4	4	101	74
Tómas Hallgrímsson	Landsbankinn	21,4	26	6	3	5	7	6	5	4	6	5	6	4	7	6	4	9	9	3	7	102	76

Egill Már Ólafsson	Tölvumiðstöð Sp.sjóðanna	21,4	26	5	3	5	6	5	5	5	6	6	5	4	7	6	6	9	9	5	5	102	76
Rósa Margrét Sigursteinsd	Íslandsbanki	18,2	20	6	5	5	6	6	4	5	6	6	6	4	7	6	6	7	6	6	6	103	83
Þorsteinn Ó Finnbogason	Íslandsbanki	19,2	23	5	5	5	7	7	4	7	6	6	6	5	7	4	5	8	5	3	8	103	80
Karl Harrý Sigurðsson	Íslandsbanki	19,1	23	5	3	6	7	8	4	5	4	9	6	6	6	7	5	9	6	3	5	104	81
Gunnhildur Eldjárn	Landsbankinn	31,4	35	5	4	5	7	7	4	5	5	6	7	5	8	8	5	7	5	4	7	104	69
Halldór Snorrason	Landsbankinn	14,8	18	5	3	6	6	9	5	7	6	6	6	5	6	6	5	7	6	4	6	104	86
Sigfús Guðbjartsson	Reiknistofa bankanna	20,3	25	3	4	8	6	5	6	7	6	6	5	5	9	7	6	7	5	4	5	104	79
Rúnar Þór Ingvarsson	Íslandsbanki	17,9	22	4	3	6	6	6	4	6	7	6	9	4	7	6	6	7	5	4	9	105	83
Bjarki Kristjánsson	Íslandsbanki	32	28	6	5	7	9	5	4	5	5	5	9	7	5	4	5	9	6	6	4	106	78
Jónbjörg Kjartansdóttir	Landsbankinn	18,9	21	6	5	5	7	4	5	8	6	9	6	4	6	6	5	7	7	6	5	107	86
Ægir E Hafberg	Landsbankinn	26	28	5	3	6	7	6	4	5	6	6	8	4	5	9	5	9	9	5	5	107	79
Matthías H. Matthíasson	Reiknistofa bankanna	22,6	27	7	3	7	7	6	5	5	4	6	8	5	6	6	6	9	7	5	6	108	81
Karl Jóhannsson	Landsbankinn	17,2	21	6	4	7	9	7	5	7	5	6	6	4	7	7	5	8	6	4	6	109	88
Sigurjón Þór Sigurjónsson	Landsbankinn	27,7	28	6	4	5	7	5	5	7	6	10	5	4	8	5	6	7	8	5	6	109	81
Birgir Sigurðsson	KB-Banki	28,6	28	5	4	6	8	6	4	7	6	6	6	6	8	7	7	7	7	5	5	110	82
Karl E. Kristjánsson	KB-Banki	28,6	28	4	4	6	6	9	4	8	7	7	6	7	5	5	6	9	6	5	6	110	82
Bjarni Magnússon	Landsbankinn	23,8	28	7	4	6	6	6	5	5	6	7	6	5	7	7	6	8	8	5	6	110	82
María Daníelsdóttir	Landsbankinn	23,7	26	5	5	5	6	5	6	6	7	7	6	5	9	5	7	9	8	3	6	110	84
Birgir Aðalsteinsson	Reiknistofa bankanna	25,4	28	5	4	5	6	7	4	7	9	6	6	4	7	7	8	7	6	5	7	110	82
Sveinbjörn Kristjánsson	Seðlabankinn	21	25	5	5	8	5	5	5	7	9	8	5	5	9	6	5	9	5	4	5	110	85
Kristín Jónsdóttir	Íslandsbanki	23,6	26	8	4	9	6	6	6	4	5	7	6	4	8	6	7	8	6	5	6	111	85
Guðrún Bergsdóttir	KB Banki	25,1	28	5	5	7	7	9	5	5	6	7	7	5	8	5	6	9	5	4	6	111	83
Sigurgeir Þorbjarnarson	Landsbankinn	32,2	28	6	5	4	7	9	4	9	6	6	5	6	9	4	7	8	5	5	6	111	83
Pétur Gærdbo Árnason	Sparisjóður Hafnafjarðar	30,5	28	6	4	7	8	6	6	4	5	7	6	5	6	8	7	9	7	4	6	111	83
Kjartan Ingvarsson	Sparisjóður Keflavíkur	24,3	28	6	5	7	6	6	4	5	8	6	7	4	9	5	9	9	4	6	6	112	84
Björn Þ Svavarsson	KB-Banki	24,6	28	4	4	6	9	4	5	7	6	8	6	7	9	7	6	9	6	5	6	114	86
Örn Valdimarsson	KB-Banki	28	28	6	4	6	8	7	4	5	6	7	8	6	7	9	6	10	7	3	5	114	86
Einar B. Gunnlaugsson	Íslandsbanki	11,4	14	4	4	6	5	9	5	9	5	6	9	4	6	5	5	6	9	9	9	115	101
Erna Guðlaugsdóttir	Sparisjóður Keflavíkur	28,9	32	6	4	7	7	7	4	8	6	9	7	6	6	7	6	9	6	5	6	116	84
Ásbjörn Sigurðsson	Landsbankinn	19,3	23	4	4	6	7	6	4	7	6	9	8	9	9	6	6	9	7	4	6	117	94
Ásmundur Gústafsson	Íslandsbanki	35	28	5	4	7	8	8	8	6	5	7	6	7	9	6	8	9	6	5	5	119	91
Guðbjörg Gísladóttir	Landsbankinn	30,8	34	6	6	8	9	7	5	6	7	6	8	7	6	7	7	9	7	5	5	121	87
Rúnar Þ Jónsson	SIB	33	28	6	6	8	6	6	3	6	6	7	9	5	9	7	9	9	7	4	8	121	93
Guðrún Einarsdóttir	Sparisjóður Hafnafjarðar	35,7	36	7	5	6	9	7	4	5	7	8	7	5	8	9	7	8	8	9	6	125	89
Sigurður B. Ásgeirsson	Landsbankinn	33,5	28	7	6	8	7	6	6	9	8	8	6	4	8	7	6	9	7	5	9	126	98
Bjarni R. B. Ólafsson	Fjálsi Fjárf.bankinn	36	28	4	4	7	9	6	9	6	4	7	8	5	8	9	9	9	5	9	9	127	99
Sólveig Bjarnþórsdóttir	KB-Banki	35,7	36	7	4	6	6	7	6	7	7	8	8	5	9	7	8	9	9	6	9	128	92
Gunnlaugur Úlfsson	Landsbankinn	36	28	7	3	4	8	8	5	8	5	9	9	9	6	7	9	9	7	9	7	129	101
Elín Kristjánsdóttir	Sparisjóður Keflavíkur	35,2	36	7	6	9	9	7	5	7	9	7	7	6	9	7	7	8	7	6	6	129	93
Arnheiður Ásgrímsdóttir	Íslandsbanki	36	36	7	4	8	8	7	5	9	7	8	7	7	8	9	8	8	8	5	7	130	94
Jón Bjarki Sigurðsson	SPRON	36	28	7	6	8	9	6	5	9	6	9	9	5	9	8	9	9	9	5	8	136	108
Laufey Sigurðardóttir	SPRON	36	36	9	4	7	8	9	5	8	9	9	9	6	9	8	8	9	9	5	8	139	103
Guðrún Alfreðsdóttir	SPRON	36	36	9	4	9	9	9	6	9	7	8	9	9	9	9	9	9	9	4	9	146	110
Þórdís Pálsdóttir	Íslandsbanki	36,2	36	7	7	9	9	8	9	9	9	9	9	7	9	8	8	9	8	5	8	147	111
Hjördís Björnsdóttir	Landsbankinn	36	36	9	3	9	9	9	6	9	9	9	9	8	9	9	9	9	9	8	8	150	114
Hrafn Harðarson	Landsbankinn	36	28	9	9	9	9	9	6	8	8	8	9	7	9	6	9	9	9	9	9	151	123
Sigríður Sigurjónsdóttir	SPRON	36	36	9	5	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9	8	157	121
Anna Carlsdóttir	Íslandsbanki	18,1	20																			0	-20
Björgvin Ingi Ólafsson	Íslandsbanki	25,8	28																			0	-28
Eva Halldórsdóttir	Íslandsbanki	29,8	33																			0	-33
Haukur Skúlason	Íslandsbanki	8,4	11																			0	-11
Jón Ágústsson	Íslandsbanki	14,1	17																			0	-17
Sigurjón Jónsson	Íslandsbanki	22,6	27																			0	-27
Einar M Einarsson	KB-Banki	17,7	21																			0	-21
Sigríður Kristjánsdóttir	KB-Banki	23	26																			0	-26
Guðmundur P. Davíðsson	Landsbankinn	13	16																			0	-16
Gunnar S. Magnússon	Landsbankinn	23,5	28																			0	-28
Kristjana Ólafsdóttir	Landsbankinn	20,6	23																			0	-23
Ragnar Arelíus Sverrisson	Landsbankinn	26	28																			0	-28
Eiður Á. Gunnarsson	Reiknistofa bankanna	14	17																			0	-17
Hermann B. Erlingsson	Reiknistofa bankanna	20,4	25																			0	-25
Anna M Sigurðardóttir	Seðlabankinn	22,3	25																			0	-25

Fylgiskjal 2

Golfmót 2008 úrslit

	Hámark	30	36																					
	Par	70	70																					
Innsláttarsvæði	Vægi	114	114	Strandarvöllur																				
	CR	67,7	68,8																					
			Hola	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	Skor	Skor		
			Par	4	3	5	3	5	4	4	3	4	4	3	4	3	4	5	4	4	4	án	með		
Nafn	Banki	Grunnforgjöf	forgjöf	8	16	2	10	4	14	18	12	6	11	17	3	7	1	5	13	15	9	forgj	forgj	Fyrri	Seinni
Alfreð B. Kristinsson	Landsbankinn	0,2	-1	4	3	5	3	5	5	3	3	4	4	4	4	3	4	6	4	4	5	73	74	35	38
Anna Beekman	Kaupþing	28	27	6	6	8	5	6	4	5	5	6	4	4	5	5	6	6	6	8	5	100	73	51	49
Anna Þórðardóttir	SPKEF	35,5	35	6	7	7	4	8	5	6	5	7	6	6	6	6	7	9	7	8	6	116	81	55	61
Ari Guðmundsson	Glitnir	11,2	9	5	4	6	3	5	5	4	4	4	5	4	3	4	5	5	4	4	4	78	69	40	38
Arnar Hreinsson	Landsbankinn	33	30	7	4	6	4	9	6	6	4	8	5	4	5	6	6	9	8	6	6	109	79	54	55
Ágústa Sveinsdóttir	Spron	19,8	19	6	5	7	4	8	4	4	5	6	5	4	6	3	6	8	5	5	6	97	78	49	48
Ásmundur Vermundsson	Spron	16	14	6	3	7	4	6	5	5	3	5	4	4	5	4	4	5	5	4	4	83	69	44	39
Baldur jónsson	Landsbankinn	8,9	7	4	3	7	3	4	3	4	3	5	4	3	4	2	6	5	4	4	6	74	67	36	38
Birgir Pálsson	Landsbankinn	21,8	20	5	4	5	3	6	8	5	4	5	4	5	7	4	6	6	4	4	6	91	71	45	46
Bjarni Aðalgeirsson	Kaupþing	23,3	21	3	5	6	3	7	4	4	4	4	4	3	5	4	6	6	5	5	7	85	64	40	45
Björn Rúnar Benediktsson	Kaupþing	21,9	20																			0	-20	0	0
Dóra Ingólfsdóttir	BYR	39,1	36	8	3	9	4	9	9	4	4	7	7	4	7	6	8	8	5	8	7	117	81	57	60
Edda Erlendsdóttir	SPRON	22,5	21	6	5	7	4	9	7	5	8	7	4	5	6	3	7	7	7	6	7	110	89	58	52
Eiður Ág. Gunnarsson	RB	19	11	6	4	6	4	5	5	4	5	6	4	4	5	3	6	7	4	3	4	85	74	45	40
Einar B. Gunnlaugsson	Glitnir	14,3	12	6	4	6	4	6	6	9	4	7	5	4	6	7	5	5	5	5	4	98	86	52	46
Flóki Pálsson	RB	19,2	17	4	3	8	5	7	5	6	3	5	7	5	4	3	7	7	6	4	6	95	78	46	49
Freyja Sveinsdóttir	BYR	28,2	27	5	5	7	4	9	5	5	3	6	5	4	6	3	8	7	6	6	6	100	73	49	51
Freyr Guðlaugsson	Landsbankinn	33	30	6	3	7	5	6	5	9	4	5	4	3	6	3	5	9	6	4	7	97	67	50	47
Gísli Grettisson	RB	9,1	7	6	4	5	5	5	4	5	3	4	4	3	5	3	4	6	4	5	4	79	72	41	38
Guðbjartur Haraldsson	Kaupþing	22,5	20	5	4	6	4	6	5	5	4	5	4	4	4	7	5	6	5	5	5	89	69	44	45
Guðrún Einarsdóttir	BYR	25,6	25	7	4	6	3	9	9	5	5	6	6	4	4	3	6	7	6	7	5	102	77	54	48
Halldór Fannar Halldórsson	BYR	5,7	3	4	3	5	3	4	4	4	3	5	3	4	4	3	6	4	5	4	4	72	69	35	37
Halldór Helgason	RB	14,3	12	6	3	7	3	6	4	5	5	4	4	3	4	4	5	8	5	5	4	85	73	43	42
Hanna Garðarsdóttir	Glitnir	22,6	22	6	4	7	4	6	5	6	7	6	5	4	8	9	8	8	7	5	5	110	88	51	59
Hannes Már Sigurðsson	Kaupþing	25,4	23	6	3	9	5	9	6	6	3	7	5	5	5	4	6	6	8	4	7	104	81	54	50
Haukur Skúlason	Glitnir	8,7	6	5	3	5	4	5	4	5	4	5	4	4	6	4	4	7	4	5	4	82	76	40	42
Heiður Björk Friðbjörnsdóttir	Kaupþing	6,4	5	5	4	4	4	5	5	4	3	6	4	4	4	3	4	5	5	4	4	77	72	40	37
Henrý Þór Granz	Kaupþing	9,9	8																			0	-8	0	0
Hermann B. Erlingsson	Valitor	18,5	16	5	4	5	5	6	5	5	6	7	5	5	5	3	9	9	5	5	6	100	84	48	52
Hjörtur Guðbjartsson	Landsbankinn	24,1	22	5	4	8	4	7	7	5	4	6	5	4	4	3	6	9	7	7	6	101	79	50	51
Hjörvar O. Jensson	Landsbankinn	10	8	5	4	4	4	6	5	4	4	5	5	3	5	4	6	4	5	4	4	81	73	41	40
Hrafn Harðarson	Landsbankinn	23,2	21	9	6	7	4	6	6	6	6	8	5	5	6	4	9	7	8	5	5	112	91	58	54
Hrafnhildur Þórarinsdóttir	Gestur	23,9	23	6	4	7	4	7	6	5	6	7	6	4	6	3	5	6	6	6	6	100	77	0	48
Jóhann Þór Einarsson	Landsbankinn	17,8	16	4	3	6	4	6	7	5	4	4	5	5	6	5	6	8	5	4	4	91	75	43	48
Jóhanna M Sveinsdósttir	Landsbankinn	18,8	18	6	5	8	4	7	6	5	3	7	4	3	7	4	6	6	5	5	4	95	77	51	44
Jón Baldursson	Landsbankinn	7	5	4	3	5	3	5	4	3	3	4	4	4	4	3	5	6	3	4	5	72	67	34	38
Karl V. Jóhannsson	Landsbankinn	17,6	15	5	4	7	5	7	7	5	4	6	5	5	8	4	7	8	5	5	8	105	90	50	55
Kristbjörg R Magnúsdóttir	SPRON	36,9	36	7	5	8	3	7	8	8	5	5	6	4	9	6	5	9	5	7	7	114	78	56	58
Kristinn Björn Sigfússon	Landsbankinn	21	19	5	4	9	3	6	6	6	4	6	5	3	6	4	5	3	6	6	4	91	72	49	42
Kristinn Kristjánsson		7,3	5	5	4	6	4	5	5	4	3	4	3	3	5	3	6	6	5	4	4	79	74	40	39
Lucinda Grímsdóttir	RB	13,9	13	5	4	9	3	6	6	4	5	5	7	5	6	3	5	6	7	4	4	94	81	47	47
Magnús Kristinsson	SPRON	17,1	15	4	4	8	4	6	7	4	9	6	4	4	7	4	6	6	6	5	5	99	84	52	47
Margrét Jónsdóttir	Landsbankinn	15,7	15	5	3	7	5	7	5	5	9	5	5	3	6	3	5	8	6	4	5	96	81	51	45
Ólafur Hrafn Ólafsson	Landsbankinn	19,4	17	9	4	6	3	5	5	5	4	6	6	4	6	4	5	5	4	5	5	91	74	47	44
Ólafur S.Ásgrímsson	Landsbankinn	36	30	5	4	12	6	6	8	6	6	6	6	5	8	5	6	10	7	7	8	121	91	59	62
Ómar Ingi Ákason	Kaupþing	17	15																			0	-15	0	0
Pétur Jónsson	Landsbankinn	7,5	5	5	3	7	3	5	5	5	3	4	5	3	4	3	7	7	5	5	5	84	79	40	44
Pétur Bjarni Guðmundsson	Landsbankinn	13,8	12	5	3	7	3	5	6	5	4	7	4	3	5	4	5	5	5	7	4	87	75	45	42
Pétur Björn Jónsson	Valitor	22,4	20	5	4	8	4	5	6	4	4	5	4	4	9	6	6	8	5	5	5	97	77	45	52
Pétur G. Árnason	BYR	21,8	20																			0	-20	0	0
Reynir B. Egilsson	Valitor	19,1	17	7	4	5	3	7	8	5	3	5	4	5	6	4	6	6	4	5	7	94	77	47	47
Reynir Kristjánsson	Kaupþing	19,1	17	7	2	6	4	7	6	5	4	5	5	3	4	5	6	6	5	5	5	90	73	46	44
Sigfús Þór Guðbjartsson	RB	20,8	19	5	5	8	4	9	6	4	6	5	4	7	6	3	7	9	7	7	4	106	87	52	54
Sigmar Ingi Sigurðarson	Arion	15,3	13	5	4	7	3	5	4	5	4	4	5	4	6	4	5	5	7	5	5	87	74	41	46
Sigurður Þorri Sigurðsson	Landsbankinn	19,9	18																			0	-18	0	0
Sigurjón Einarsson	Landsbankinn	17,4	15	5	3	6	4	6	5	3	4	5	4	4	6	2	5	7	6	6	5	86	71	41	45
Skúli Skúlason	Glitnir	10,3	8	6	3	8	4	5	5	4	4	4	4	3	5	3	4	7	4	5	5	83	75	43	40
Stefán Svavarsson	Seðlabanka Islands	13,5	11	5	3	6	3	7	6	4	3	5	3	4	6	3	6	8	4	5	6	87	76	42	45
Svanhildur Geirarðsdóttir	Landsbankinn	23,5	23	7	7	8	4	6	7	5	7	6	5	4	6	4	6	6	6	7	5	106	83	57	49
Svavar Stefánsson	Landsbankinn	5,5	3	7	3	5	3	5	4	4	4	5	4	3	4	4	4	5	5	5	4	78	75	40	38
Þórarinn Már Þorbjörnsson	Landsbankinn	17,9	16	5	3	9	3	6	4	4	4	5	3	4	6	3	4	6	4	4	6	83	67	43	40
Þórður Kristleifsson	Glitnir	32	30	8	4	8	4	7	7	5	5	6	4	5	6	3	6	6	5	6	6	101	71	54	47
Friðrik Friðriksson		14,4	12	7	6	6	4	5	5	5	5	5	4	3	5	4	6	9	5	5	5	94	82	48	46
Örn Baldursson		10,2	8	5	6	5	4	6	4	4	4	5	4	3	4	4	7	6	5	5	3	84	76	43	41
			-2																			0	2	0	0

Fylgiskjal 3

Golfmót 2010 - úrslit

	Hámark	30	36																						
	Par	72	72																						
Innsláttarsvæði	Vægi	123	121	Garðavöllur																					
	CR	70,5	69,7																						
			Hola	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	Skor án forgj	Skor með forgj		
			Par	4	4	3	5	4	4	5	3	4	4	4	4	5	3	4	5	4	3				
Nafn	Banki	Grunnforgjöf	forgjöf	9	5	17	15	13	7	1	10	3	11	8	16	18	4	2	14	6	12			Fyrri	Seinni
Ágnes Sigurþórs	NBI	16	15	5	5	5	5	4	4	6	3	4	7	5	5	5	4	5	7	5	5	89	74	41	48
Alexander Jóhannesson	Íslandsbanki	21,5	22	5	5	4	6	7	9	7	5	6	6	5	5	9	5	5	7	6	9	111	89	54	57
Alexander Pétur Kristjánsson	NBI	24,6	18	5	5	3	7	8	5	5	4	5	6	4	4	6	4	5	6	5	4	91	73	47	44
Anna Þórðardóttir	SPKEF	33,7	34	9	5	5	7	5	5	9	4	6	6	5	7	9	4	8	9	6	5	114	80	55	59
Arnar Björnsson	Teris	28,3	29	5	6	3	5	7	5	8	4	9	7	9	6	8	5	4	8	8	4	111	82	52	59
Arnór Arnason	NBI	15,5	15	6	6	4	7	4	4	8	3	6	5	4	5	4	3	6	6	5	4	90	75	48	42
Ármann Valsson	Arion Banki	6,7	6																			0	-6	0	0
Ásmundur B. Gústafsson	Arion Banki	24,6	25	7	7	4	6	6	7	10	4	6	5	7	6	6	4	8	8	6	5	112	87	57	55
Berglind Þórhallsdóttir	NBI	29,6	29	7	5	4	5	7	6	10	4	8	4	7	5	10	6	6	8	7	3	112	83	56	56
Birkir Fannar Snævarsson	Arion Banki	12,9	13	4	4	5	5	4	4	7	5	5	4	5	4	5	6	6	8	6	4	91	78	43	48
Birna Ágústsdóttir	Íslandsbanki	33,6	34	6	5	8	7	8	4	8	3	8	5	6	6	7	5	5	6	7	7	111	77	57	54
Bjarki Jóhannesson	Valitor	11,5	11	6	4	3	5	4	4	8	4	6	4	4	5	8	4	4	6	5	4	88	77	44	44
Bjarni F. Bjarnason	Valitor	11,7	11	4	5	4	7	7	6	7	5	6	5	6	9	5	4	6	6	6	4	102	91	51	51
Bjarni Herrera Þórisson	Arion Banki	32,2	30	6	6	3	7	6	5	10	5	5	5	8	8	9	6	8	8	7	4	116	86	53	63
Bryndís Fjóla Sigmundsdóttir	Íslandsbanki	22,3	22	7	4	6	5	6	5	8	6	4	4	6	6	7	4	5	5	7	4	99	77	51	48
Bryndís Hinriksdóttir	Teris	22,3	22	5	6	9	7	6	4	9	3	8	6	5	4	6	5	5	5	6	5	104	82	57	47
Brynhildur Kristinsdóttir	Arion Banki	29,8	30	5	7	7	6	9	5	9	6	8	6	8	6	9	5	7	7	6	3	119	89	62	57
Daníel Viðarsson	NBI	15,1	15	9	3	9	5	6	6	9	4	9	5	5	5	5	6	5	8	5	3	107	92	60	47
Einar B. Gunnlaugsson	Íslandsbanki	14,8	15	6	5	9	5	5	4	7	5	5	6	4	5	6	4	5	6	6	5	98	83	51	47
Ella María Gunnarsdóttir	Arion Banki	31,7	32	6	6	4	9	6	4	10	3	8	4	7	7	6	5	8	7	4	4	108	76	56	52
Elsa Jónsdóttir	Arion Banki	36	36	5	4	5	7	6	4	8	3	8	5	6	5	6	4	5	8	5	4	98	62	50	48
Erla Yr Kristjánsdóttir	Valitor	13,6	12	4	6	4	5	5	5	7	2	6	9	6	5	5	4	7	6	5	4	95	83	44	51
Eygló Lilja Gränz	NBI	34,6	35	5	5	4	9	6	9	9	4	6	6	7	6	7	6	7	8	6	5	115	80	57	58
Eysteinn Jónsson	NBI	16,3	16																			0	-16	0	0
Guðmundur Kr. Hallgrímsson	Fjölgreiðslumiðlun	14,6	14	4	4	4	4	4	5	6	3	5	7	4	5	6	5	6	9	6	4	91	77	39	52
Guðrún Einarsdóttir	BYR	24,8	24	4	6	7	7	5	6	8	3	8	7	7	6	9	3	7	6	7	3	109	85	54	55
Gunnar Jónsson	SPKEF	22,8	23	6	6	4	6	6	6	8	6	7	6	6	6	7	5	7	6	5	5	108	85	55	53
Gunnhildur Hlöðversdóttir	NBI	36,5	36	6	7	5	8	8	8	8	5	7	8	8	8	8	6	8	8	8	5	129	93	62	67
Gylfi Þór Guðlaugsson	NBI	14	14																			0	-14	0	0
Hafsteinn Már Einarsson	Dróma hf.	18,3	18	6	5	3	8	4	7	7	3	5	6	6	5	5	3	7	5	8	3	96	78	48	48
Halla Leifsdóttir	Valitor	28,5	28	4	5	5	6	6	8	10	6	6	8	6	6	7	2	7	8	6	5	111	83	56	55
Halldór Guðnason	Arion Banki	22,8	23																			0	-23	0	0
Hanna Garðarsdóttir	Íslandsbanki	21,9	21	5	5	4	6	5	6	7	3	5	6	4	5	7	3	5	6	5	3	90	69	46	44
Harpa Guðmundsdóttir	SPKEF	36	36	5	5	7	9	5	9	9	4	8	7	9	8	9	6	7	8	8	7	130	94	61	69
Helgi Jóhannesson	Arion Banki	28,7	30	8	5	3	6	7	4	8	4	6	5	6	5	9	5	4	6	7	4	102	72	51	51
Hjalti Sigurðarson	NBI	13,4	13	4	6	3	7	4	5	6	3	5	7	5	7	6	4	4	5	5	3	89	76	43	46
Hjördís Björnsdóttir	Íslandsbanki	25,2	25	6	6	5	8	5	5	9	5	5	5	6	9	9	4	7	7	7	5	113	88	54	59
Ingunn Sigurgeirsdóttir	Íslandsbanki	29,4	29	3	5	4	7	7	7	9	3	7	6	6	5	6	5	8	9	7	7	111	82	52	59
Ingunn Þ. Jóhannesdóttir	NBI	36,6	36	7	6	5	5	7	6	8	3	9	9	7	10	8	4	8	9	6	8	125	89	56	69
Jakob Arnason	NBI	23,8	24	4	6	4	7	7	7	7	3	7	5	6	5	7	4	6	6	5	5	101	77	52	49
Jóhann Gísli Jóhannesson	Íslandsbanki	22,4	23																			0	-23	0	0
Jóhanna Þorsteinsdóttir	NBI	20,6	20	4	4	4	6	7	6	8	4	7	7	6	6	8	3	6	6	7	3	102	82	50	52
Jóhannes Oddur Bjarnason	Valitor	18,2	18	5	9	4	6	6	7	7	5	5	4	6	5	5	4	5	4	4	5	96	78	54	42
Jóhannes Snæland Jónsson	RB	12,6	12	5	5	3	6	6	5	6	3	4	5	5	5	5	3	5	9	6	3	89	77	43	46
Jón Baldursson	NBI	7,7	7	4	5	3	5	4	4	6	4	4	4	6	5	5	4	4	5	5	3	80	73	39	41
Jón G. Sigurðsson	Íslandsbanki	22	22	5	6	4	7	6	4	8	4	9	6	7	5	6	5	5	9	5	5	106	84	53	53
Jón Ingimar Jónsson	Íslandsbanki	16,2	16	8	7	5	6	7	4	8	4	5	5	6	5	5	5	7	9	5	9	110	94	54	56
Jón Ólafur Jónsson	Íslandsbanki	14,2	14																			0	-14	0	0
Jón Pétur Guðbjörnsson	Valitor	18,6	19	5	5	4	7	4	5	7	3	5	4	5	4	7	4	5	5	6	4	89	70	45	44
Jónas Kristjánsson	Arion Banki	6,5	6																			0	-6	0	0
Kári Tryggvason	Íslandsbanki	11,4	11	4	5	3	7	4	4	8	4	4	4	5	4	6	4	6	6	6	3	87	76	43	44
Kjartan Ingvarsson	SPKEF	24,3	25	5	4	5	7	5	5	8	4	7	7	6	5	7	5	6	7	6	5	104	79	50	54
Konráð Konráðsson	Teris	25,3	26	5	4	3	7	4	9	7	4	6	4	5	6	6	4	8	6	8	5	101	75	49	52
Kristinn Ó. Ólafsson	NBI	6,2	5	5	3	2	5	4	6	7	3	5	4	4	4	5	2	5	8	4	3	79	74	40	39
Kristján Guðmundsson	NBI	12,3	12	6	10	5	7	5	4	7	3	6	4	7	5	6	4	5	6	5	4	99	87	53	46
Kristján Kristjánsson	Teris	3,4	2	3	4	3	6	4	4	7	3	5	5	4	3	5	4	6	5	4	3	78	76	39	39
Margrét Ingiergsdóttir	Arion Banki	38,2	36	5	6	5	9	7	5	9	4	7	7	7	6	9	5	5	6	7	4	113	77	57	56
Margrét Jónsdóttir	NBI	26	26	5	5	4	6	8	8	9	4	9	5	5	5	7	4	7	7	5	3	106	80	58	48
Michael Sigþórsson	NBI	16,7	17																			0	-17	0	0
Ólafur Ingi Ólafsson	Valitor	17,5	18	5	6	3	6	5	6	7	3	5	5	6	5	4	4	6	6	5	5	92	74	46	46
Pálmi Þór Gunnarsson	NBI	16,5	16																			0	-16	0	0
Pétur Bjarni Guðmundsson	NBI	9,4	9	4	4	3	5	5	5	6	4	6	4	4	4	5	5	6	6	4	4	84	75	42	42
Pétur Björn Jónsson	Valitor	19,8	20	5	4	3	5	5	7	8	4	5	4	6	5	6	3	5	7	5	3	90	70	46	44
Pétur G. Arnason	BYR	23,1	24	5	6	4	8	6	6	9	4	6	5	6	4	6	4	6	7	6	4	102	78	54	48
Rafn Jóhannesson	NBI	6,5	6	4	5	3	8	4	4	6	2	4	5	5	5	4	4	5	6	4	5	83	77	40	43
Ragnar Guðjónsson	NBI	15,6	15	5	6	6	7	4	6	10	4	5	4	6	5	6	5	4	5	6	5	99	84	53	46
Rakel Óttarsdóttir	Arion Banki	35,3	35																			0	-35	0	0
Siggeir Vilhjálmsson	NBI	2,5	1	4	4	3	4	4	5	5	3	5	4	4	4	5	2	4	4	4	3	71	70	37	34
Sighvatur Gunnarsson	Íslandsbanki	16,3	16																			0	-16	0	0
Sigríður Kristjánsdóttir	Arion Banki	20,4	20	6	6	6	7	6	6	8	3	7	7	6	7	6	4	7	6	6	4	108	88	55	53
Sigurbjörg Gunnarsdóttir	SPKEF	22	21	4	5	6	7	5	5	9	4	5	5	5	5	7	4	5	6	5	4	96	75	50	46
Sigurjón Þór Sigurjónsson	NBI	14,2	14	5	5	4	5	4	4	7	3	5	6	6	5	7	3	6	5	6	5	91	77	42	49
Snorri Fannar Guðlaugsson	Arion Banki	27,3	28	5	4	5	7	5	7	7	3	8	6	7	8	8	3	8	6	5	4	106	78	51	55
Stefán Pálsson	Valitor	14,5	14	4	6	3	9	5	4	7	5	6	4	6	4	6	4	5	5	5	5	93	79	49	44
Sváfnir Gíslason	Íslandsbanki	31,3	30	6	5	4	9	6	5	10	4	6	6	5	6	5	6	4	5	5	5	102	72	55	47
Sveinbjörn Kristjánsson	Seðlabanka Íslands	21,1	21																			0	-21	0	0
Viðar Bjarnason	NBI	23,5	24	6	9	6	7	6	6	7	4	6	5	6	5	7	4	5	7	7	4	107	83	57	50
Þorgeir Arnar Jónsson	NBI	21,9	22																			0	-22	0	0
Þorsteinn Örn Finnbogason	Íslandsbanki	14,4	14	5	6	6	5	7	4	6	3	6	4	4	5	5	4	4	5	4	4	87	73	48	39
Þorvaldur Hjaltason	Íslandsbanki	21,2	22	4	5	6	6	6	5	6	6	8	7	5	5	9	4	6	5	6	4	103	81	52	51
Þórarinn M. Þorbjörnsson	NBI	15,1	15	9	5	6	5	6	4	6	5	6	6	5	3	6	5	6	5	4	3	95	80	52	43
Þórdís Pálsdóttir	Arion Banki	34,6	35	5	6	9	8	9	6	9	3	6	7	9	6	9	6	8	9	6	6	127	92	61	66
Þórey Eyþórsdóttir	SPKEF	38,2	36	5	7	7	9	8	8	9	4	5	8	8	6	11	5	7	7	7	5	126	90	62	64
Örvar Þór Sigurðsson	NBI	4,1	3																			0	-3	0	0
Einar Már Einarsson	Arion Banki	17,7	18	7	6	5	10	5	5	7	4	6	6	6	6	8	5	7	7	6	3	109	91	55	54
Freyr Jónsson		24	25	9	6	3	7	5	7	8	3	8	7	6	5	6	5	8	4	5	3	105	80	56	49
Ingi Fannar Eiríksson	Íslandsbanki	4,6	4	4	4	4	5	4	4	5	3	5	4	3	6	5	4	5	5	4	3	77	73	38	39
			-2																			0	2	0	0
			-2																			0	2	0	0
			-2																			0	2	0	0
			-2																			0	2	0	0
			-2																			0	2	0	0
			-2																			0	2	0	0
			87	73																					

Seinni hluti

Breyttar aðstæður

„Breyttar aðstæður“ var fréttasíða á eldri heimasíðu SSF, þessi hluti síðunnar hafði þann tilgang að miðla upplýsingum til félagsmanna sem lentu í uppsögnum tengdum falli íslensku bankanna

2008

2008 - Október

14. október

Námstilboð við háskólann á Bifröst f 24. okt

Við í Háskólanum á Bifröst fylgjumst með þessum hamförum eins og aðrir en við höfum þegar gripið til ráðstafana eins og við getum. Margt bankafólk er menntað hjá okkur og við höfum alltaf haft mjög gott samband við starfsmenn banka, samtök þeirra og fjármálafyrirtæki.
Við munum opna skólann fyrir nýjum nemendum strax í næstu viku í grunnnámi í fjarnámi til áramóta og hefst kennslan annan föstudag 24. október og síðan geta þeir nemendur á áramótum haldið áfram í staðnámi eða í fjarnámi í öllu námi, þ.e. viðskiptafræði, viðskiptalögfræði og HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Einnig tökum við inn meistaranema í 4 meistaralínur um áramót, þ.e. í alþjóðaviðskiptum í staðnámi, í menningastjórnun í staðnámi, í skattarétti í fjarnámi og í stjórnun heilbrigðisþjónustu í fjarnámi. Margt fólk í bönkum og annars staðar sem missir vinnuna hefur ekki stúdentspróf og því munum við taka inn nemendur í frumgreinadeild strax og hefst sú kennsla næsta mánudag 20. október. Þetta eru því umtalsverðar ráðstafanir sem við viljum að fólk viti af. Nánari upplýsingar um þetta námsframboð er á heimsíðu okkar www.bifrost.is
Ágúst Einarsson rektor

14. október

Námskeið hagnýtt bókhald hefst 20. okt

Tölvu-og verkfræðiþjónustan, Grensásvegi 16, s. 520 9000, heimasíða www.tv.is – yfir 37 þúsund manns hafa sótt nám í tölvuskólanum.Hagnýtt bókhald (hefst m.a 20. okt.). Grunn- og framhaldsnámskeið m.a. í Excel, Word, PowerPoint, Access, Publisher, DreamWeaver, Photoshop, Stafræn ljósmyndun, Outlook, o.fl.Tölvu- og verkfræðiþjónustan Inga Jóna Óskarsdóttir vs. 520 9000

14. október

Þjónusta þjóðkirkjunnar

Þjónusta kirkjunnar á erfiðum tímumHér skal bent á nokkra þætti í starfi kirkjunnar sem fólk getur nýtt sér á erfiðum tímum eins og nú ganga yfir landið.
Guðsþjónustur og bænastundir Í kirkjum landsins eru messur flesta sunnudaga. Í mörgum kirkjum eru auk þess reglulegar kyrrðar- og bænastundir. Þangað getur verið gott að leita í önnum dagsins til að eiga kyrra stund og fela Guði áhyggjur sínar.
Viðtalstímar hjá prestum, símatími Á tímum umróts í lífi fólks er mikilvægt að hafa einhvern að tala við. Allir prestar kirkjunnar eru til viðtals og veita slíka samtalsþjónustu. Sumir hafa fasta viðtalstíma í kirkjunum. Hægt er að ná í alla presta í síma. Upplýsingar um símanúmer og viðtalstíma er að finna í símaskrá og á vef.
Námskeið og fyrirlestrar Í mörgum kirkjum er boðið upp á námskeið og fyrirlestra um fjölskyldulíf, fjármál, grunngildi og það að takast á við tilveruna og áföll í víðum skilningi. Þeir eru auglýstir á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is, á vefjum kirknanna og í fjölmiðlum.
Stuðningur Fjölskylduþjónusta kirkjunnar veitir viðtalsþjónustu við fjölskyldur í erfiðleikum. Þangað geta allir leitað sem þess óska. Sími 528-4300. Vefur www.kirkjan.is/fjolskylduthjonustan.Innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar veitir félagslega og fjárhagslega aðstoð, meðal annars með matarúthlutun. Sími 528-4400. Vefur www.help.is. Þá skal einnig bent á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Hún veitir fólki sem komið er í þrot með fjármál sín endurgjaldslausa ráðgjöf. Sími 551-4485. Vefur: www.rad.is.
Hvað get ég lesið?Á vefnum trú.is er hægt að nálgast bænir og ritningarlestra sem tala inn í ólíkar aðstæður. Í Sálmabók kirkjunnar er að finna huggunarorð og bænavers. Sálmabókin er einnig aðgengileg á vefnum á www.tru.is/salmabok.

14. október

Upplýsingavefur félagsmálaráðuneytis

Á vef Félags og tryggingamálaráðuneytis er ítarleg upplýsinga og gagnasíða sem sett var upp til að aðstoða fólk vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Þar eru einnig fjölbreyttar spurningar og svör.

14. október

Upplýsingar fyrir fólk sem líður illa

Það eru til lausnir ef fólki líður illa
Þegar fólk verður fyrir áföllum þarf það að muna að nauðsynlegt er að ræða málin við sína nánustu og fá hjá þeim þann stuðning sem hægt er. Flestum nægir slíkur stuðningur en fyrir þá sem af einhverjum ástæðum geta ekki rætt við sína nánustu eru önnur úrræði í boði. Ef fólk finnur fyrir kvíða, depurð eða einkennum þunglyndis eða þekkir einhvern sem það hefur áhyggjur af eru margvíslegar leiðir til að leita aðstoðar.

15. október

Ókeypis aðstoð hjá Capacent fyrir félagsmenn SSF

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja bjóða upp á ráðgjöf hjá Capacent
SSF vill leggja okkar að mörkum við að aðstoða þig við að takast á við þær erfiðu breytingar sem þú stendur frammi fyrir. Við höfum gert samkomulag við Capacent um að vera þér innan handar og veita þér ráðgjöf um hvernig er unnt að takast á við þessar aðstæður..Ráðgjöf Capacent felst í eftirfarandi:
• Ráðgjafi fer yfir stöðuna með viðkomandi. Afstaða til breytinganna og líðan er rædd og umfjöllun um hvað telst eðlilegt í þeim efnum. Einnig er rædd afstaða viðkomandi til framtíðar og væntingar hans.
• Greining á “markaðsstöðu” viðkomandi og leiðum sem eru í boði. Reynsla og hæfileikar einstaklings kortlagðir.
• Gerð er aðgerðaáætlun um næstu skref.
• Viðkomandi fær verkefni sem hann þarf að vinna í heima, til að undirbúa sig betur í að takast á við, þekkja styrkleika sína betur og styrkja sitt sjálfsmat.
• Viðkomandi fer í opið ráðningarviðtal hjá Capacent Ráðningum.
• Í framhaldi af viðtalinu er viðkomandi boðið að sækja vinnustofu þar sem farið er yfir ýmis konar hagnýt mál sem tengjast atvinnuleit, svo sem gerð ferilskráa, undirbúning fyrir atvinnuviðtöl og fleira. Vinsamlegast hafðu samband við Hinrik Sigurð Jóhannesson (Hinrik.johannesson@capacent.is), ráðgjafa hjá Capacent til að bóka tíma. Þú getur einnig náð í hann í síma 840 1239.

15. október

Ókeypis aðstoð fyrir félagsmenn SSF hjá Hagvangi

Vegna ráðgjafar við starfsfólk fjármálafyrirtækja
Leitast er við að aðstoða starfsmann við að móta nýjan starfsferil, finna styrkleika viðkomandi og nýta þá í væntanlegri starfsleit. Eðlilega er einnig farið yfir hagnýt atriði sem nýtast í atvinnuleit, svo sem:
1. **Gerð ferilskráar**. Farið yfir hvaða upplýsingar þurfa að koma fram, hvernig er best að raða upplýsingum svo þær verði sem aðgengilegastar. Einnig rætt um gerð kynningarbréfs, bæði almennt og þegar sótt er um ákveðið starf.
2. **Að finna vinnu**. Hvernig ber að haga sér í atvinnuleit? Hvar er hægt að leita?

3. **Atvinnuviðtalið**. Hvernig er best að kynna sig í atvinnuviðtali? Hvað ber að forðast?
4. **Atvinnumöguleikar** almennt á markaðnum.
5. **Starfsáhugasvið** viðkomandi og atvinnumöguleikar með tilliti til þess.
6. **Virk leit**: Einstaklingi stendur til boða að vera virkur umsækjandi hjá Hagvangi og hefur þar með aðgengi að öllum störfum sem unnið er að og falla að hæfileikum og getuviðkomandi.
7. **Eftirfylgni**. Viðkomandi er fylgt eftir meðan á atvinnuleit stendur með símtölum eða tölvupósti og honum ráðlagt eins og hægt er á meðan á atvinnuleit stendur. Viðkomandihefur ávallt greiðan aðgang að ráðgjöfum Hagvangs vakni einhverjar spurningar varðandiatvinnuleitina.Lögð er áhersla á að viðkomandi fái persónulega og góða þjónustu í hvívetna. Að lokum er tryggt að farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og í fullu samráði við viðkomandi.Ráðgjafar fyrir hönd Hagvangs búa allir yfir áralangri reynslu á sviði ráðninga og ráðgjafar og hafa sótt nám sem eykur færni þeirra á þessu sviði, s.s. vinnusálfræði, mannauðsstjórnun og viðskiptafræði.Starfsmenn fjármálafyrirtækja sem hafa orðið fyrir uppsögnum eru hvattir til að hafa samband við einn af þeim fjórum ráðgjöfum sem hér eru tilgreindir og óska eftir viðtali. Óska má eftir viðtali í gegnum tölvupóst sem og í síma.

Ráðgjafar Hagvangs:
Elísabet Sverrisdóttir, sími: 520-4791, netfang: elisabet@hagvangur.is
Inga Steinunn Arnardóttir, sími: 520-4712, netfang: inga@hagvangur.is
Rannveig J. Haraldsdóttir, sími: 520-4794, netfang: rannveig@hagvangur.is
Albert Arnarson, sími: 520-4755, netfang: albert@hagvangur.is

17. október

Ný tækifæri fyrir félagsmenn í samstarfi SSF, SA og NMÍ

Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ), Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa í dag undirritað samstarfssamning um leit og framboð á möguleikum til atvinnusköpunar fyrir félagsmenn SSF. Fjármálafyrirtæki landsins hafa á að skipa miklum mannauði og mikilvægt er að tryggja að starfsmenn sem hverfa nú frá störfum geti komið nýsköpunarhugmyndum og frumkvöðlavinnu í farsælan farveg. Samningurinn miðar að því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði öflugur bakhjarl þess fólks, en miðstöðin mun m.a. veita endurgjaldslausa handleiðslu varðandi stoðumhverfi nýsköpunar, styrki og stofnun fyrirtækja og setja á laggirnar sérstakt verkefni þar sem meðlimir SSF geta komið sérfræðiþekkingu á framfæri við fyrirtæki og stofnanir. Markmiðið er að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði fyrsti viðkomustaður þeirra meðlima SSF sem eru með nýjar viðskiptahugmyndir og þar verði eftirfarandi í boði:. - Farvegur fyrir nýsköpun og frumkvöðlavinnu.- Stuðningur við að móta viðskiptahugmyndir og útfærslu þeirra.- Aðstoð og aðgang að alþjóðlegum gagnagrunnum á sviði tækniyfirfærslu.- Skráning félagsmanna SSF í verkefnið „Sérfræðingur til nýsköpunar" en þar getur NMÍ komið félagsmönnum með ýmiss konar sérfræðiþekkingu á framfæri við fyrirtæki og stofnanir sem taka þátt í verkefninu. Eins geta félagsmenn orðið „sérfræðingar" í eigin frumkvöðlafyrirtæki.- Aðstoð og leiðsögn vegna doktorsnáms hjá rannsóknastofnunum og háskólum.Kynningarfundur um samstarfið var haldinn fyrir félagsmenn Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja þriðjudag 21. október kl 15.30 í Borgartúni 22- í sal flugvirkjafélagsins. Áhugasamir sem ekki komu þar geta skráð sig til þátttöku í verkefninu á ssf@nmi.is

17. október

Opið hús fyrir félagsmenn SSF milli kl 14 og 17 í Borgartúni 22

Opið hús verður fyrir félagsmenn SSF í Borgartúni 22 vikuna 20. – 24 okt. **milli kl 14 og 17**
Þess er vænst að þar verði vetttvangur fyrir félagsmenn til að hittast og ræða saman og miðla upplýsingum sín á milli og eru allir sem eru í óvissu um störf eða eftir uppsagnir hvattir til að koma þangað.
Fulltrúi stéttarfélagsins verður á staðnum daglega amk milli kl 14.30 og 15.30
Á hverjum degi verður stuttur fyrirlestur um gagnleg efni fyrir félagsmenn
Mánudag kl. 15. 30 verður fulltrúi Capacent á staðnum og fjallar um hugarástand við uppsagnaraðstæður og hvernig má komast sem fyrst í gegnum það.
Þriðjudag kl. 15.30 Nýsköpunarmiðstöð kynnir verkefnið „Sérfræðingur til nýsköpunar" og farvegi fyrir viðskiptahugmyndir skv nýgerðum samningi Nýsköpunarmiðstöðvar, SA og SSF
miðvikudag kl 15.30 Fulltrúi Vinnumálastofnunar kynnir hvað við tekur að loknum uppsagnarfresti og önnur úrræði sem stofnunin hefur upp á að bjóða
Fimmtudag kl 15.30 fulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar kynnir samstarfsverkefni SSF, SA og NMí - og valkosti félagsmanna til að taka þátt í verkefninu.
Föstudag kl 15.30 Formaður starfsmannafélags Glitnis Anna Karen Hauksdóttir og formaður Félags starfsmanna Landsbankans Helga Jónsdóttir kynna réttindi starfsmanna á uppsagnarfresti og sitja fyrir svörum.

31. október

Tilboð: Stefnumótun í eigin lífi - námskeið

Tilboð til félagsmanna SSF sem hafa misst starf á árinu og eru enn án atvinnu.
Félagsmönnum stendur til boða námskeiðið *Stefnumótun í eigin lífi - snúðu vörn í sókn* á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Námskeiðið er í umsjón Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur, lektors við viðskiptafræðideild HÍ.
Tvær dagsetningar eru í boði fyrir félagsmenn SSF:
· Þri. 4. , 18. og 25. nóv. kl. 8:30-11:30 auk eftirfylgni í febrúar. (10 sæti laus).
· Mið. 5., 19. og 26. nóv. kl. 8:30-11:30 auk eftirfylgni í febrúar. (30 sæti laus).

SSF leggur út fyrir og greiðir kostnað þeirra sem ljúka öllum þáttum námskeiðs. Þeir sem ljúka ekki öllum þáttum námskeiðs, samþykkja þar með að endurgreiða kostnað vegna námskeiðsins til SSF.
Við skráningu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram í athugasemdareit:
· Stéttarfélag
· Síðasti vinnustaður, staðsetning og deild.
· Starfsaldur í banka
· Dagsetning uppsagnar
Skráning fer fram á vefsíðu Endurmenntunar:
· Námskeið á þriðjudögum
· Námskeið á miðvikudögum

2008 - Nóvember

5. nóvember

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja standa fyrir kynningarfundi um Torgið - viðskiptasetur fimmtudaginn 6. nóvember kl. 15.00. Fundurinn fer fram í Nethyl 2E. Allir velkomnir!

Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Landsbankann opnar í nóvember Torgið - viðskiptasetur í húsnæði Landsbankans í Austurstræti 16.

Torgið – viðskiptasetur er nýtt frumkvöðlasetur í hjarta borgarinnar sem veitir einstaklingum aðstöðu og umgjörð til að vinna að viðskiptahugmyndum á öllum sviðum. Á Torginu verður öll aðstaða til fyrirmyndar.
Skrifstofuaðstaða með tölvubúnaði og innréttingum
Aðgangur að fundarherbergjum
Fagleg handleiðsla sérfræðinga

Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Skapandi umhverfi og öflugt tengslanet einstaklinga og fyrirtækja

Fólk er hvatt til að sækja um aðstöðu á Torginu. Tekið er á móti fyrirspurnum um Torgið á netfanginu
torgið@nmi.is
en umsóknareyðublað er að finna á vef Nýsköpunarmiðstöðvar, www.nmi.is.

7. nóvember

Barnið komið heim - námskeið í boði Reykjavíkurborgar

Barnið komið heim -
Námskeið fyrir verðandi og nýorðna foreldra.
Reykjavíkurborg býður upp á námskeið, hannað af hjónunum og sálfræðingunum John og Julie Gottman. Reykjavíkurborg kostar námskeiðin sem eru gjaldfrjáls fyrir verðandi og nýorðna foreldra, en framkvæmd þeirra er í höndum ÓB-ráðgjafar.
Gottman hjónin eru í forystusveit á heimsvísu í vísindarannsóknum á hjónabandinu, parsamböndum og fjölskyldunni.
Námskeiðið hjálpar til við að undirbúa verðandi foreldra og foreldra barna á fyrsta ári fyrir eitt mikilvægasta verkefni lífsins - að ala upp barn. Börn á fyrsta aldursári eru velkomin með foreldrum sínum. Barnið komið heim námskeiðinu er ætlað að hjálpa vænt-anlegum foreldrum og foreldrum ungra barna að viðhalda og efla parasambandið samhliða foreldrahlutverkinu. Rannsóknir hafa sýnt að sjö af hverjum tíu foreldrum upplifa minni ánægju í parsambandinu fyrstu þrjú árin eftir fæðingu barns.

Námskeiðið er tólf klukkustundir.
Kennt er tvær klukkustundir í senn, einu sinni í viku í sex vikur á fimmtudögum frá kl. 17:00 -19:00, en boðið verður upp á léttan og hollan kvöldverð í lokin.
Fyrsta námskeiðið
hefst 13. nóvember og verður haldið í Miðgarði, Langarima 21.

Skráning og nánari upplýsingar hjá
ogg@obradgjof.is
og í síma 553-9400.
Sjá nánar á vefsetrinu
www.barnidkomidheim.net

14. nóvember

Fundur fyrir 50+ starfsmenn á vinnumarkaði

Fréttatilkynning

Árið 2005 skipaði félagsmálaráðherra, sjö manna verkefnisstjórn sem ætlað er að stýra fimm ára verkefni sem hefur það meginmarkmið að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.

Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslur á rannsóknir í starfi sínu og kynnir tvær mastersritgerðir sem skrifaðar hafa verið á þessu ári og tengjast aldurshópnum á vinnumarkaði.

Núverandi staða í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar vekur upp ýmsar spurningar um stöðu hópsins.

Morgunverðarfundur verður haldinn
miðvikudaginn 19. nóvember 2008 kl. 8.30 -10:00 á Grand hóteli í Reykjavík, salur Háteigur B,
þar sem fjallað verður um stöðu miðaldra og eldra fólks nú þegar þrengir að á vinnumarkaði. Á fundinum munur þrír frummælendur fjalla um sérstöðu hópsins í þróun og ástandi samtímans.

Dagskrá:
Karl Sigurðsson
forstöðumaður vinnumálasviðs Vinnumálastofnunar gerir grein fyrir þróun atvinnuleysis hjá fólki sem komið er yfir fimmtugt og stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Guðfinna Harðardóttir
sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, segir frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var í tengslum við gerð meistararitgerðar í mannauðsstjórnun við HÍ -
Viðhorf stjórnenda í verslun til færni miðaldra og eldra starfsfólks

Margrét Linda Ásgrímsdóttir
náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnumálastofnun á Suðurnesjum gerir grein fyrir verkefni varðandi miðaldra og eldra fólk á atvinnuleysisskrá sem unnið var fyrir Vinnumarkaðsráð VMST á Suðurnesjum.

Ólöf Inga Sigurbjartsdóttir framkvæmdastjóri
Héraðs- og Austurlandsskóga
segir frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal fyrirtækja í tveimur atvinnugreinum hvað varðar aldursstjórnun og stefnumótun við starfslok og er gerð í tengslum við meistararitgerð í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst –
Aldursstefna fyrirtækja.
Starfslok - stefnumótun

Hjalti Jóhannesson
sérfræðingur og aðstoðar forstöðumaður Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri
mun fjalla um breytingar í atvinnulífinu með hliðsjón af reynslu frá Akureyrarsvæðinu.

Morgunverður framreiddur frá kl. 08.00

Allir velkomnir

Margrét Kr. Gunnarsdóttir
sími/tel. 00354 515 4815/00354 8491687
margret.gunnarsdottir@vmst.is
Vinnumálastofnun/Directorate of Labour
www.vinnumalastofnun.is

27. nóvember

Bréf sem sent var heim til félagsmanna dags 20. nóv

Reykjavík 20. nóvember 2008

Ágætu félagsmenn SSF
Nú þegar málefni fjármálafyrirtækja eru að skýrast eftir yfirtöku ríkisins liggur fyrir að um 1200 félagsmenn SSF hafa fengið uppsagnir frá sl áramótum sem jafngildir 20% félagsmanna. Ekki er vitað hvernig þessum hópi hefur gengið að finna sér önnur störf. Mikið verk bíður þeirra sem enn starfa í greininni við að endurvekja traust á fjármálakerfinu sem einni af undirstöðuatvinnu-greinum þjóðarinnar sem hún sannarlega er.
Forystumenn og skrifstofa SSF hafa frá því í byrjun október lagt nótt við dag til að leita upplýsinga um gang mála fyrir félagsmenn og svara fyrirspurnum þeirra, ásamt því að vera ítrekað kölluð til upplýsingagjafar hjá Fjármálaeftirliti og skilanefndum bankanna.
Þegar í annarri viku bankahruns var ljóst í hvað stefndi með samdrátt á vinnumarkaði óskaði SSF eftir samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að leita leiða fyrir félagsmenn um frumkvöðlastarf eða starf við nýsköpunarfyrirtæki. Einnig var öllum félagsmönnum sem fengu uppsögn boðin ókeypis þjónusta hjá Capacent eða Hagvangi, sem allmargir hafa þegar nýtt sér.
SSF er áfram stéttarfélag þeirra starfsmanna sem hafa misst starf í fjármálafyrirtæki meðan þeir eru á launaskrá bankanna. Ef félagsmenn verða atvinnulausir að loknum uppsagnartíma þá halda þeir réttindum í Menntunarsjóði SSF í allt að 3 ár og í styrktarsjóði SSF í allt að 6 – 12 mánuði. Sjá reglur á
www.ssf.is
Atvinnulausir félagsmenn SSF þurfa ekki að greiða félagsgjöld til SSF af útgreiddum atvinnuleysisbótum.
Vinsamlega athugið að starfsmenn sem fengið hafa uppsagnir eiga áfram réttindi í sínu starfsmannafélagi s.s. íþróttastyrk og orlofshús allan uppsagnartímann.
Nokkuð hefur verið spurt um hvenær á að sækja um atvinnuleysisbætur. Svarið er að eftir að síðasta greiðsla er komin á uppsagnarfresti þá er rétt að skrá sig. Hægt er að skrá rafrænt áwww.vmst.is
og þar eru jafnframt allar upplýsingar um þjónustu við þá sem eru án atvinnu.
SSF berast ýmiskonar tilboð og ábendingar sem gott væri að geta komið til þín. Netfangalisti sem til er hjá SSF með heimanetföngum er enn mjög ófullkominn. Undanfarna daga hefur í nokkur skipti verið sendur póstur á þau netföng sem til eru. Hafir þú ekki fengið póst frá SSF þá endilega sendu strax nafn og heimanetfang til SSF á
ssf@ssf.is. Allur póstur sem sendur verður á þann lista sem þá verður til er sendur sem bcc og listinn eingöngu notaður af SSF.

Með góðri félagskveðju
Friðbert Traustason formaður SSF

PS: Meðfylgjandi er listi yfir nokkra valkosti og vefslóðir

Hér á eftir eru tilgreindir nokkrir valkostir fyrir félagsmenn SSF sem hafa misst störf sín:

Nýsköpun eða frumkvöðlastarf:
Nýsköpunarmiðstöð Íslands – vettvangur fyrir viðskiptahugmyndir og talentmiðlun
www.nmi.is
og þeir sem vilja koma sér eða eigin viðskiptahugmynd á framfæri geta sent inn gögn á
ssf@nmi.is
www.nyskopun.org
þar er m.a. listi yfir öll sprotafyrirtæki á Íslandi
Viðskiptasmiðjan
www.fagmennt.is
starfar á vegum HR, sjá einnig á
www.klak.is
sem er nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins en þar er farvegur fyrir sprotafyrirtæki og nýsköpun á www.si.is
eru fréttir um vaxtartækifæri sprotafyrirtækja sem eru komin af stað.

Athuga líka
www.bjartsyni.is - vefur sem er á leiðinni í loftið

Formlegt nám sem byrjar eftir áramót
HR
www.ru.is
Bifröst
www.bifrost.is
HÍ
www.hi.is
Hásk Akureyri
www.ha.is

RES the school for renewable energy science
www.res.is NÝTT. Meistaranám í vistvænni orkunýtingu
hentar fyrir fólk með amk. BS í stærðfræði eða hagfræði og einnig verkfræði.
Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi hefur umsóknarfrestur til meistaranáms við RES – Orkuskólann (RES – the School for Renewable Energy Science) verið framlengdur til 1. desember næstkomandi.Um er að ræða eins árs alþjóðlegt meistaranám í vistvænum orkugjöfum og er ætlað nemendum sem lokið hafa B.Sc. námi í verkfræði eða raungreinum, eða B.A. námi í hagfræði (braut um orkukerfi og orkustjórnun). Námsárið hefst í febrúar 2009 og verður boðið upp á sérhæfingu á fimm námsbrautum:
Jarðhitaorku;
Efnarafölum og vetnisorku;
Lífmassaorku og vistvænu eldsneyti;
Vatnsaflsorku; og
Orkukerfi og orkustjórnun.Við RES stunda nú rúmlega þrjátíu nemendur meistaranám á þremur námsbrautum frá tíu þjóðlöndum. Mikil áhersla er lögð á að námið sé alþjóðlegt og fer öll kennsla fram á ensku, auk þess sem stór hluti kennara við skólann kemur frá erlendum rannsóknarháskólum. Meistaranemar skólans vinna rannsóknarverkefni sín í tengslum við íslensk orkufyrirtæki eða erlenda samstarfsháskóla og rannsóknarstofnanir.RES – Orkuskólinn býður upp á fyrsta flokks aðstöðu í alþjóðlegu námsumhverfi. Skólinn starfar í nánu samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, sem útskrifa nemendur skólans með meistarapróf í endurnýjanlegum orkufræðum (e. M.Sc. in Renewable Energy Science).Nánari upplýsingar eru að finna á skrifstofu RES á Háskólatorgi Háskóla Íslands (HT205), skrifstofu RES á Akureyri og á slóðinni:
www.res.is
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti – www.fb.is
nám á framhaldsskólastigi – kvöldskóli og dagskóli Öldungadeild
MH margskonar nám sem byrjar eftir áramót sjá á
www.mh.is

27. nóvember

Bréf til félagsmanna sent 27 nóv í tölvupósti

Ágætu félagsmenn SSF
Skrifstofa SSF stendur fyrir söfnun á heimanetföngum þeirra félagsmanna sem eru án atvinnu og ef þú veist um einhvern sem ekki fær tölvupóst en vill vera með á þessum lista þá endilega benda fólki á að senda úr heimanetfanginu upplýsingar um nafn og fyrri vinnustað á ssf@ssf.is
Þessi póstur er sendur út sem bcc á þau heimanetföng sem borist hafa til skrifstofunnar.

Skrifstofa SSF hefur sent bréf heim til allra þeirra sem hafa fengið uppsagnir á undanförnum vikum skv. skrám sem fengist hafa frá starfsmannafélögum Landsbanka, Glitnis, Kaupþings og Teris. Með því bréfi fylgdi jafnframt gjafabréf á þriggja mánaða aðgang að Sporthúsinu í Kópavogi. Þetta gjafabréf er þannig til komið að í fyrstu viku bankakrísu hafði samband við skrifstofu SSF eigandi Sporthússins og óskaði eftir að fá að bjóða atvinnulausum félagsmönnum frítt í líkamsrækt í 3 mánuði.
Skrifstofa SSF prentaði nöfn og kennitölur á bréfin fyrir útsendingu en hinsvegar var ekki hægt að senda bréfin út fyrr en nafnalisti lá fyrir. Félagsmenn eru hvattir til að virkja þessi gjafabréf innan tilskilins frests og nýta sér þetta góða boð. SSF færir Sporthúsinu bestu þakkir fyrir frumkvæðið og góðan hug til félagsmanna á erfiðleikatímum.

Á vefsíðunni
www.ssf.is
er undir rauðum hnapp á forsíðu samsafn af gögnum sem hugsuð eru fyrir þá sem misst hafa starf. Þar verða áfram vistuð öll gögn sem ætluð eru þeim hópi. Þar eru m.a. ýmsir valkostir í námi sem vert er að skoða.

með góðri félagskveðju
Stjórn og starfsmenn SSF

2008 - Desember

3. desember

Ókeypis ráðgjafarstofa 5. og 6. desember

ÓKEYPIS RÁÐGJAFARSTOFA: "Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík stendur fyrir ókeypis ráðgjafarstofu föstudaginn 5. og laugardaginn 6. desember. Félagið hefur safnað saman fagaðilum og sérfræðingum úr sínum röðum sem eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að leiðbeina fólki vegna ástandsins sem skapast hefur. Sérfræðingar á sviði, velferðamála, almannatrygginga, skattamála, fjármála heimila og félagsmála verða á staðnum og taka á móti fólki sem vill nýta sér þessa þjónustu. Það verða alls sex ráðgjafahópar á staðnum sem hægt er að leita til:Hópur 1 – Löglærðir einstaklingar sem veita ráðgjöf um gjaldþrotamál og skattaráðgjöf fyrir einstaklinga. Hópur 2 – Sérfræðingar á sviði velferðamála. Hér verður leitast við að ráðleggja einstaklingum um þá félagsþjónustu sem er í boði og hvaða þjónustu sveitarfélögin bjóða upp á.Hópur 3 – Sérfræðingar á sviði almannatrygginga, lífeyriskerfinu og heilbrigðiskerfinu almennt. Hér verður leitast við að ráðleggja einstaklingum um hvernig þessi þjónusta nýtist þeim best.Hópur 4 – Sérfræðingar í húsnæðislánum og fjármálum heimila. Hér verður leitast við að veita fólki ráðgjöf um þau mál sem snúa að skuldastöðu heimilanna s.s. vanskil, endurfjármögnun, frystingu lána o.fl.Hópur 5 – Ráðgjöf um atvinnumál (þ.e.a.s.atvinnuleysistryggingarbætur, rétt o.s.frv.) Hópur 6 – Sérfræðingar á sviði sálrænnar ráðgjafar. Hér verður boðið upp á áfallahjálp og aðra aðstoð sem snýr að andlegri heilsu einstaklinga sem hafa orðið fyrir áfalli.Ráðgjafastofan verður opin frá kl. 10-17 að Borgartúni 51 föstudaginn 5. og laugardaginn 6. desember og eru allir velkomnir."

3. desember

Heilsuefling - tilboð fyrir félagsmenn, maka og kunningja

Heilsuefling, dvöl í desember – sérstakt tilboð til félaga SSF
Heilsustofnun býður sérstakt verð á styttri dvöl í Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði fyrir þá sem vilja tímabundna umhverfisbreytingu, hvíld og andlega uppbyggingu. (ath Styrktarsjóður SSF greiðir 3000 kr pr sólarhring fyrir félagsmenn en tilboðið gildir fyrir alla sem áhuga hafa)
5 daga dvöl , 15-19.desember – innskráning kl.10:00
Innifalið: Viðtal við lækni, þátttaka í Gjörhygli, nudd og heilsuböð, göngur, fullt fæði, aðgangur að baðhúsi og tækjasal, slökunartímum, bókasafni o.fl.
Verð pr.dag kr.5.500,- * miðað við dvöl í herbergi á Sprengisandi
Verð pr.dag kr.7.500,- * miðað við dvöl í herbergi á Demantsströnd eða Perlurönd 10 daga dvöl , 10-19.desember – innskráning kl.14:00
Innifalið: Viðtal við lækni, þátttaka í Gjörhygli, nudd og heilsuböð, göngur, fullt fæði, aðgangur að baðhúsi og tækjasal, slökunartímum, bókasafni o.fl.
Verð pr.dag kr.5.500,- * miðað við dvöl í herbergi á Sprengisandi
Verð pr.dag kr.7.500,- * miðað við dvöl í herbergi á Demantsströnd eða Perlurönd Gjörhygli – tveggja daga námskeið 17-18. desember Dvalargestum gefst kostur á að skrá sig á einstakt námskeið sem heitir Gjörhygli. “Gjörhygli er hugleiðsluform og snýst einfaldlega um það að vita hvað er að gerast á meðan það er að gerast. Að hafa athyglina í núinu hvert andartak, án þess að taka afstöðu, heldur einfaldlega sjá það sem er. Gjörhygli má lýsa sem kjarnanum í því að vera”Námskeiðið er haldið miðvikudaginn 17.des –fimmtudags 18.des frá kl. 9-11 og frá 14-16 Kennarar eru:Margrét Arnljótsdóttir,sálfræðingur og Bridget Ýr McEvoy geðhjúkrunarfræðingur. Nánari upplýsingar um Gjörhygli má finna á www.hnlfi.is Skráning hjá innlagnastjóra í síma 4830300 eða beidni@hnlfi.is

3. desember

Tilboð Gæðastjórnun, Mannauðsstjórnun og Rekstrar- og viðskiptanám 15% afsl

Námstilboð fyrir félagsmenn SSF hjá Endurmenntun HÍ
Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði
Námsbrautir Endurmenntunar á vormisseri 2009
Félagar í SSF fá 15% afslátt af námsgjaldi í Gæðastjórnun, Mannauðsstjórnun og Rekstrar- og viðskiptanámi.

Gæðastjórnun
Tveggja missera nám skipulagt í samstarfi við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. 24 ECTS
Námið hentar þeim sem bera ábyrgð á gæðamálum fyrirtækja og stofnana eða hyggjast hasla sér völl á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með háskólagráðu í viðskiptafræði, verkfræði, tæknifræði og skyldum fögum, en er annars opið umsækjendum með annan bakgrunn.
Nánari upplýsingar og skráning

Mannauðsstjórnun - einnig í fjarnámi
Þriggja missera nám sem er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi. 36 ECTS
Námið er annars vegar ætlað þeim sem sinna starfsmannamálum hjá fyrirtækjum og stofnunum og vilja dýpka þekkingu sína á viðfangsefninu og hins vegar þeim sem vilja búa sig undir starf á nýjum vettvangi.
Nánari upplýsingar og skráning

Verkefnastjórnun - Leiðtogaþjálfun
Tveggja missera nám skipulagt í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. 24 ECTS
Námið er fyrir áhugasamt og dugmikið fólk sem hefur vilja til verka og ánægju af að efla færni sína í starfi og leik og um leið kynnast nýjum hugmyndum og nýju fólki. Lögð er áhersla á að kenna verkefnastjórnun og þroska leiðtogahæfni nemenda með því að nota raunhæf verkefni.
Nánari upplýsingar og skráning

Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í fjarnámi
Þriggja missera nám sem er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi. 54 ECTS
Námið hentar þeim sem vilja öðlast þekkingu í rekstrar- og viðskiptafræðum. Námið er enn fremur fyrir þá sem þegar hafa háskólagráðu, BA eða BS, en hyggja á MS-nám í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
Nánari upplýsingar og skráning

Kostnaðarstjórnun og -greining NÝTT
Tveggja missera nám skipulagt í samstarfi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. 36 ECTS
Námið er hugsað fyrir stjórnendur og einstaklinga sem koma að kostnaðarstjórnun og kostnaðargreiningu í fyrirtækjum og stofnunum. Námsbrautin hentar einnig fyrir aðila sem vilja búa sig undir stjórnunar og/eða sérfræðistörf á þessu sviði.
Nánari upplýsingar og skráning Seinni umsóknarfrestur til 8. desember
Hjá Endurmenntun starfar námsráðgjafi sem veitir aðstoð við námsval.
Að gefnu tilefni viljum við minna á fræðslustyrki stéttarfélaga. Nánari upplýsingar eru veittar á endurmenntun.is og í síma 525 4444.

3. desember

KOMA SVO! , stefnumót fólks og hugmynda 6. og 13. des

KOMA SVO! , stefnumót fólks og hugmynda
Viltu deila þekkingu þinni til að rækta nýjan sprota?
Ertu með viðskiptahugmynd en vantar liðsstyrk?
Viltu stofna fyrirtæki en vantar viðskiptahugmynd?
KOMA SVO! Hjálpar þér að finna fólk með þekkingu eða hæfni sem passar við þína hæfileika.
KOMA SVO! Þjálfar teymi um fyrirtæki eða viðskiptahugmynd

Staður: Kaffitár í Höfðatorgi, Borgartúni 10 kl. 10 – 12 laugardagana 6. des og 13. des
Boðið verður upp á:
- Fyrirlestur um kosti þess að stofna til eigin reksturs
- Leit að viðskiptafélaga í formi hraðstefnumóts
- Markþjálfun frá Evolvia.org þér að kostnaðarlausu
- Kynningu á stuðningsumhverfi þeirra sem vilja stofna eigin fyrirtæki
- Eftirfylgni fyrir ný viðskiptateymi
- Hátíðarkaffi Kaffitárs

Mæta svo! Fáðu þér kaffitár- án skuldbindinga. Það gæti eitthvað skemmtilegt gerst!
Það er ekki endilega besta hugmyndin sem skilar mestu, heldur öflugasta teymið
Nánari upplýsingar veita:
Guðrún Magnúsdóttir runa@tengjumst.is
Matilda Gregersdotter matilda@evolvia.org
Svanhvít Aðalsteinsd svanhvit@navia.is

5. desember

Kröfur í gömlu bankana vegna vangoldinna launa

SSF hefur á undanförnum vikum lagt mikla vinnu í að kanna réttarstöðu þeirra sem ekki bauðst starf í nýjum bönkunum eða lækkuðu í launum við stofnun nýrra banka. Hefur sú vinna verið aðallega fólgin í því að kanna hvaða leiðir eru færar til þess að þeir félagsmenn sem málið varðar fái samningsbundnar greiðslur. Að höfðu samráði við lögfræðinga og aðra sem koma að þessum málum hefur lögmaður SSF ritað skilanefndum gömlu bankana bréf og þar sem þess er óskað að þessi launamunur verði greiddur sem allra fyrst. SSF mun kappkosta að upplýsa félagsmenn um stöðu mála eins fljótt og kostur er.
Félagsmönnum verður haldið upplýstum um gang mála og viðbrögð skilanefnda
Meðfylgjandi er bréf lögmannsins til skilanefnda.

Reykjavík, 4. desember 2008
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, SSF, hafa falið mér að rita skilanefndum bankanna bréf þetta. Er það sent samhljóða til þeirra allra. Ástæða fyrir ritun bréfsins er sú staða, sem upp hefur komið hjá þeim starfsmönnum bankanna sem ekki fá laun sín að fullu greidd í uppsagnarfresti eða mismun á launum í nýja og gamla bankanum. Við skerðingu þá sem ákveðin var, vísuðu skilanefndirnar til þess að starfsmönnum gæfist kostur á að lýsa launakröfum sínum í þrotabú bankanna. Vann SSF að því að undirbúa kröfugerðirnar. Nú hefur sú breyting orðið, að greiðslustöðvun hefur verið heimiluð fyrir bankana í tvö ár. Er sá kostur því ekki fyrir hendi og því engin lausn fyrir starfsmennina. Það skal tekið fram að samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fl. að þá er, þrátt fyrir greiðslustöðvun, heimilt að greiða þær kröfur sem víst er að yrðu efndar eftir stöðu þeirra í skuldaröð, ef til gjaldþrotaskipta kæmi. Enginn vafi getur leikið á því að launakröfur starfsmanna, að forstjórum bankanna undskildum, eiga að koma til greiðslu að fullu þrátt fyrir greiðslustöðvun. Ef ekki hefði komið til inngrips löggjafans má ljóst telja, að gömlu bankarnir væru undir gjaldþrotaskiptum

og allar launakröfur væru efndar að fullu eftir því sem þær falla í gjalddaga. Tilvitnað ákvæði í 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti á að gera það að verkum að réttarstaða starfsmanna sé ekki verri að þessu leyti en við gjaldþrotaskipti. Þar sem um mikilsverð réttindi einstaklinga er að ræða er mikilvægt að staðið verði við launakröfur að fullu á greiðslustöðvunartímanum. Eftirfarandi hópar starfsmanna sem á næstu mánuðum eiga eftir að fá greidd laun frá bönkunum eru þessir:
Þeir starfsmenn, sem sagt hefur verið upp störfum en hafa ekki fengið greiddan fullan uppsagnarfrest skv. ráðningarsamningi, umfram kjarasamning.

1. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greiddan hluta þeirra launa sem þeir höfðu fyrir uppsögn.
2. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greidd grunnlaun út uppsagnarfrest en ekki umsamdar bónusða aukagreiðslur.
3. Þeir starfsmenn sem halda áfram störfum hjá nýju bönkunum en verða á lægri launum og eiga rétt þá rétt á mismun launa í 3 eða 6 mánuði í samræmi við kjarasamning eða ráðningarsamning.

Ekki er fyllilega vitað hvort ofangreind upptalning eigi við um alla bankana. Fyrir ofangreinda hópa og hvern og einn starfsmann gerir SSF þá kröfu að skilanefndirnar endurskoði afstöðu sína og greiði öllum ofangreindum aðilum þær fjárhæðir sem þeir eiga rétt til á næstu mánuðum. Enginn ágreiningur mun vera um það að starfsmennirnir eiga þessar kröfur á hendur bönkunum og við þessar aðstæður treystir SSF því að skilanefndirnar muni ekki undir nokkrum kringumstæðum vinna þannig í málum bankanna, að ekki verði staðið skil á þessum launafjárhæðum. Málið er alvarlegt og hafa starfsmenn treyst á að fá þessar fjárhæðir greiddar. Ekki getur gengið að það dragist í tvö ár að niðurstaða fáist í ógreiddum launum til fyrrum og núverandi starfsmanna. Mikil óánægja verður um þær málalyktir og ófriður. Verði fallist á að greiðslur þessar fari fram er lagt til að í samráði við starfsmannastjóra bankanna verði stuðst við þær upplýsingar um fjárhæðir til hvers starfsmanns sem til eru í bókum bankanna um ógreiddar fjárhæðir til þeirra hvern mánuð og fjölda mánaða og þær unnar í exelskjölum. Haft yrði af hálfu starfsmannastjóra og SSF vefrænt samband við hvern starfsmann og þeim gefinn kostur á að samþykkja að þessi háttur yrði hafður á upplýsingagjöf um ógreidd laun til skilanefndanna og að þessi háttur yrði hafður á um kröfugerð frá þeim til nefndanna. Rétt er samt að taka fram að með þessu er ekki tryggt að ágreiningur rísi ekki um uppgjörið í einstaka tilvikum enda verði endanlegt uppgjör að vera háð samþykki þess starfsmanns sem í hlut á. Yrði málið unnið á þennan hátt til að forðast allan óþarfa kostnað við útreikninga og innheimtu fjárhæðanna og þannig yrði komist hjá að vinna sérstaklega kröfugerðir fyrir hvern og einn starfsmann. Þess er vænst að skilanefndir taki fljótt afstöðu til ofangreinds, annars vegar til kröfunnar um greiðslu þeirra launa sem starfsmenn eiga inni, og hins vegar til þeirrar aðferðar sem notast yrði við þegar til greiðslu kæmi.

Virðingarfyllst,
F.h. SSF Sveinn Sveinsson hrl.
Afrit: Sent til bankastjóra og bankaráða nýju bankanna.

17. desember

Tilboð hjá Endurmenntun HÍ

Ágætu viðtakendur. Þessi póstur er sendur sem Bcc á netfangalista þeirra félagsmanna SSF sem misst hafa starf nú í ár. SSF er enn að safna netföngum þessa hóps og allar viðbætur eru vel þegnar inn á ssf@ssf.is .
Endurmenntun kynnir tvö námskeið – 1. gæðastjórnun (metið inn í meistaranám ef vill) og 2. akademísk vinnubrögð – tilvalið fyrir þá sem hafa gamalt stúdentspróf og hugsa sér aftur í nám eftir langa fjarveru frá skóla. Sjá neðar

1. Gæðastjórnun (Vor 2009) (nokkur sæti laus fyrir þá sem bregðast fljótt við)
Námið er metnaðarfullt, krefjandi og hagnýtt fyrir þá sem vilja öðlast akademíska jafnt sem hagnýta þekkingu og færni á sviði gæðastjórnunar. Nemendur öðlast víðtæka þjálfun á öllum helstu sviðum gæðastjórnunar sem gerir þeim kleift að takast á við ný og krefjandi verkefni. Námið hentar vel þeim sem bera ábyrgð á gæðamálum fyrirtækja og stofnana eða hyggjast hasla sér völl á þeim vettvangi.
Sjá ítarlegar upplýsingar um námsbraut í Gæðastjórnun hér
Helgi Þór og Kristín Birna eru líka tilbúin að taka við fyrirspurnum um námið og veita ráðgjöf ef ykkar fólk þarf á því að halda en þau eru með netföngin heling@hi.is og kristind@hi.is og Kristín er líka með beint númer 525-5296.

2. Akademísk vinnubrögð
Ætlað öllum sem eru að hefja háskólanám og öðrum sem vilja bæta sig í akademískum vinnubrögðum.
Veitt er þjálfun í vinnubrögðum og grundvallaraðferðum sem öllum er nauðsynlegt að tileinka sér í háskólanámi. Námskeiðið er ætlað fólki sem er að hefja háskólanám eða taka upp þráðinn eftir námshlé. Megináhersla er lögð á uppbyggingu og frágang ritgerða, framsöguerinda og rannsóknarverkefna, málfar og stíl, heimildanotkun og glósutækni. Þá verður þátttakendum leiðbeint um flutning talaðs máls. Að lokum er fjallað um gagnrýna hugsun og rökvísa framsetningu.
Kennarar: Egill Arnarsson, BA. í heimspeki, Þorgerður Þráinsdóttir Cand. Psych., Kristín Á. Ólafsdóttir, aðjúnkt við Kennaraháskóla Íslands.
Tími: Mið. 7. jan., fim. 8. jan., mán. 12. jan., þri. 13. jan. og mið. 14. jan. kl. 16:15-19:00 (5x).
Verð: 15.900 kr.
Staður: Endurmenntun, Dunhaga 7.
Nánari upplýsingar og skráning hér eða í síma 525-4444.

Þessi námskeið um Akademísk vinnubrögð hafa lengst af aðeins verið á haustin en í ljósi þess að skólarnir eru að hleypa meira inn en áður um áramót þá teljum við að þörfin sé til staðar – sem og alltaf auðvitað. Þetta gæti verið grunnurinn fyrir það fólk sem ekki hefur setið á skólabekk lengi og hræðist háskólanám. Námskeiðið hefur fengið mjög góða dóma og þykir Kristín Ólafs alveg sérstaklega góð og mikil hvatning fyrir fólk.
Með góðri kveðju

17. desember

Nýtt akademiskt diplómanám - ný nálgun

Fréttatilkynning frá Háskólanum á Bifröst og Listaháskóla Íslands.16. desember 2008 Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröstbjóða upp á nýtt diplómanám á háskólastigi
Prisma er nýtt þverfaglegt nám sem byggir á skapandi og gagnrýnni hugsun.
Yfir 50 sérfræðingar víðsvegar að úr samfélaginu koma að kennslu.
Burðarfögin í náminu eru heimspeki og listfræði. Fjölmörg önnur fög þræðast inn í kennsluna eins og til dæmis mannfræði, markaðsfræði, hönnun, tónmiðlun, menningarfræði, stjórnun, frumkvöðlafræði, arkitektúr og skipulag, ímyndafræði, skapandi skrif og miðlunarfræði
Prisma er viðbrögð háskólanna við því ástandi sem skapast hefur á atvinnumarkaði á Íslandi í dag.
Prisma er nýtt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa skipulagt í samvinnu við Reykjavíkur Akademíuna. Prisma er þverfaglegt nám sem kennt verður í febrúar og mars 2009 og er metið til 16 eininga (ECTS) á háskólastigi. Námið nýtist sérstaklega þeim einstaklingum sem vilja horfa gagnrýnum og uppbyggilegum augum á samtímann, efla færni sína í að starfa á fleiri sviðum en áður og styrkja stöðu

sína á vinnumarkaði. Meginþáttur í aðferðafræði kennslu og fyrirkomulags er skapandi og gagnrýnin hugsun en burðargreinar eru listfræði og heimspeki. Mörgum tengdum fögum er fléttað saman við meginþátt námsins s.s. ímyndafræði, menningarstjórnun, frumkvöðlafræði, hönnun og tíðaranda, myndmálssögu, tónlistarsögu og –miðlun, skapandi skrifum, aðferðafræði myndlistar og leikhúss, arkitektúr og skipulagi, miðlunarfræði, mannfræði, markaðsfræði og stjórnun. Að auki verður boðið upp á gestafyrirlestra einu sinni í viku þar sem sérfræðingar segja frá því sem er að gerast í stefnumótun, rannsóknum og nýsköpun í samfélaginu og utan landssteinanna.
Yfir 50 sérfræðingar koma að náminuYfir fimmtíu sérfræðingar víðsvegar að úr samfélaginu koma að kennslu í Prisma. Meðal þeirra eru Jón Ólafsson heimspekingur, Hallgrímur Helgason rithöfundur, Haukur Ingi Jónasson, guðfræðingur og sálgreinandi, Njörður Sigurjónsson, viðskiptafræðingur og heimspekingur, Jóhann P. Malmqvist, frumkvöðull og prófessor í verkfræði, Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri, Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), prófessor við Listaháskólann, Sveinbjörn I. Baldvinsson, handritshöfundur, Viðar Hreinsson framkvæmdarstjóri Reykjavíkur Akademíunnar, Hjálmar Ragnarsson, rektor LHÍ og tónskáld, Sigríður Ingvarsdóttir, rekstrarstjóri frumkvöðlaseturs hjá Nýsköpunarmiðstöð, Halldór Guðmundsson rithöfundur, Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur, Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, Dóra Ísleifsdóttir, fagstjóri í grafískri hönnun og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hönnuður.
Markmið með náminu 1.
Þverfagleg þekking Nemendur styrki þverfaglega menntun sína sem gerir þeim kleift að setja ólíkar starfsgreinar, fræðigreinar, hugmyndir og hluti í samhengi og starfa á fleiri sviðum en áður.
2. Fleiri verkfæri í verkfæratöskuna Nemendur öðlist þau verkfæri, þekkingu, reynslu og stuðning sem geta nýst þeim til að efla stöðu sína sem uppbyggilegir, skapandi og gagnrýnir þátttakendur í samfélaginu og láta framsæknar hugmyndir verða að raunverulegum verkefnum.
3.Menntun á háskólastigiAð námi loknu fá nemendur diplóma sem metið er til 16 eininga (ECTS) á háskólastigi. Nemendur sem ætla sér frekari menntun við Háskólann á Bifröst eða Listaháskóla Íslands geta fengið hluta námsins metið inn í nám á bakkálár- og meistarstigi, að gefnum ákveðnum skilyrðum.
4. UmbreytingLykilorðið í náminu er umbreyting. Nemendur fá tækifæri til að gaumgæfa þær umbreytingar sem eru að eiga sér stað í samfélaginu útfrá fjölbreyttum sjónarhornum undir leiðsögn sérfræðinga. Í slíku umhverfi verða vandamál að tækifærum, hindranir að flóðgáttum og hugmyndafræðilegt hrun að upphafi á nýjum og spennandi tímum.
Skipulag námsins og fyrirkomulagKennsla fer fram á hverjum virkum degi í Reykjavík og í þrjá daga fer kennsla fram í Háskólanum á Bifröst. Gert er ráð fyrir nemendafjölda á bilinu 80-120 manns. Heildarfjölda nemenda verður skipt niður í smærri hópa sem hver hefur sinn hópstjóra eða umsjónarkennara. Námið er á háskólastigi og ætlað fólki sem hefur að lágmarki stúdentspróf eða jafngildi þess. Náminu er skipt niður í þrjár lotur. Burðarfögin heimspeki og listfræði ganga í gegnum allar loturnar og önnur fög sem raðast á loturnar þjóna þeim tilgangi að víkka ennfrekar út þekkingu nemenda, sjá samhengi á milli ólíkra hluta og auka úrval verkfæra í verkfæratösku hvers og eins. Í náminu fást nemendur við að tengja saman málefni sem er áberandi í þjóðlífinu þá vikuna eða þekkt hugtak, ástand, málefni, tilfinningu, sköpunarverk, hugmyndafræði eða regluverk við námsefni hverrar lotu og eigin reynsluheim. Vinnulag námsins byggir á aðferðafræði listgreina eins og leikhúsfræða, myndlistar og hönnunar sem og rannsóknarsamfélags hugvísindanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðum skólanna: www.lhi.is og www.bifrost.is. Skráning er hafin áhttp://www.bifrost.is/islenska/namsleidir/prisma/ og tekið er við umsóknum til 16. janúar 2009, til kl 16:00.

Nánari upplýsingar veitir:Hrund Gunnsteinsdóttir forstöðumaður Prisma í síma 895 6371/552 4234 eða á hrund@lhi.is

30. desember

Eftirfylgni vegna launakrafna á gömlu bankana

Við launauppgjör eftir fall bankanna var ekki að fullu staðið við samningsbundnar launagreiðslur hjá öllum félagsmönnum SSF - bæði úr hópi þeirra sem misstu starf og eins hinna sem starfa áfram.
SSF fól lögmanni sínum að færa fram kröfur vegna þessa og með bréfi til skilanefnda dags 4. des 2008 var málið formlega sett fram til skilanefnda. Fulltrúar tveggja skilanefnda hafa haft samband við lögmanninn og farið yfir stöðuna en ekki hafa borist formleg svör. Jafnskjótt og allar skilanefndir hafa svarað verður gerð grein fyrir stöðunni hér.

2009

2009 - Janúar

9. janúar

Kröfur í gömlu bankana vegna vangoldinna launa

Eins og fram kom í frétt hér á heimasíðunni í des sl þá sendi lögmaður SSF bréf til skilanefnda bankanna þriggja vegna innheimtu launa þann 5. des (sjá það bréf neðar nr 1)
Því miður hafa skilanefndirnar enn ekki svarað því bréfi með formlegum hætti. Frá Glitni hafa þær fréttir þó borist að verið sé að reikna út ógreiddu launin og stefnt sé að útborgun þeirra. Lögmaðurinn ákvað að senda ítrekunarbréf til skilanefnda hinna bankanna. (sjá það bréf 2)
Ef ekki fást jákvæð svör við þessari sjálfsögðu kröfu um greiðslu vangoldinna launa (m.a. launamunur í gamla og nýja) þá verður verður hver og einn félagsmaður að sækja sín mál til gamla bankans, að sjálfsögðu með aðstoð lögmanns SSF.

Bréf 1
Reykjavík, 4. desember 2008 Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, SSF, hafa falið mér að rita skilanefndum bankanna bréf þetta. Er það sent samhljóða til þeirra allra. Ástæða fyrir ritun bréfsins er sú staða, sem upp hefur komið hjá þeim starfsmönnum bankanna sem ekki fá laun sín að fullu greidd í uppsagnarfresti eða mismun á launum í nýja og gamla bankanum. Við skerðingu þá sem ákveðin var, vísuðu skilanefndirnar til þess að starfsmönnum gæfist kostur á að lýsa launakröfum sínum í þrotabú bankanna. Vann SSF að því að undirbúa kröfugerðirnar. Nú hefur sú breyting orðið, að greiðslustöðvun hefur verið heimiluð fyrir bankana í tvö ár. Er sá kostur því ekki fyrir hendi og því engin lausn fyrir starfsmennina. Það skal tekið fram að samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fl. að þá er, þrátt fyrir greiðslustöðvun, heimilt að greiða þær kröfur sem víst er að yrðu efndar eftir stöðu þeirra í skuldaröð, ef til gjaldþrotaskipta kæmi. Enginn vafi getur leikið á því að launakröfur starfsmanna, að forstjórum bankanna undskildum, eiga að koma til greiðslu að fullu þrátt fyrir greiðslustöðvun. Ef ekki hefði komið til inngrips löggjafans má ljóst telja, að gömlu bankarnir væru undir gjaldþrotaskiptum og allar launakröfur væru efndar að fullu eftir því sem þær falla í gjalddaga. Tilvitnað ákvæði í 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti á að gera það að verkum að réttarstaða starfsmanna sé ekki verri að þessu leyti en við gjaldþrotaskipti. Þar sem um mikilsverð réttindi einstaklinga er að ræða er mikilvægt að staðið verði við launakröfur að fullu á greiðslustöðvunartímanum. Eftirfarandi hópar starfsmanna sem á næstu mánuðum eiga eftir að fá greidd laun frá bönkunum eru þessir:Þeir starfsmenn, sem sagt hefur verið upp störfum en hafa ekki fengið greiddan fullan uppsagnarfrest skv. ráðningarsamningi, umfram kjarasamning. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greiddan hluta þeirra launa sem þeir höfðu fyrir uppsögn. Þeir starfsmenn sem sagt hefur verið upp störfum en fá aðeins greidd grunnlaun út uppsagnarfrest en ekki umsamdar bónus- eða aukagreiðslur. Þeir starfsmenn sem halda áfram störfum hjá nýju bönkunum en verða á lægri launum og eiga rétt þá rétt á mismun launa í 3 eða 6 mánuði í samræmi við kjarasamning eða ráðningarsamning. Ekki er fyllilega vitað hvort ofangreind upptalning eigi við um alla bankana. Fyrir ofangreinda hópa og hvern og einn starfsmann gerir SSF þá kröfu að skilanefndirnar endurskoði afstöðu sína og greiði öllum ofangreindum aðilum þær fjárhæðir sem þeir eiga rétt til á næstu mánuðum. Enginn ágreiningur mun vera um það að starfsmennirnir eiga þessar kröfur á hendur bönkunum og við þessar aðstæður treystir SSF því að skilanefndirnar muni ekki undir nokkrum kringumstæðum vinna þannig í málum bankanna, að ekki verði staðið skil á þessum launafjárhæðum. Málið er alvarlegt og hafa starfsmenn treyst á að fá þessar fjárhæðir greiddar. Ekki getur gengið að það dragist í tvö ár að niðurstaða fáist í ógreiddum launum til fyrrum og núverandi starfsmanna. Mikil óánægja verður um þær málalyktir og ófriður. Verði fallist á að greiðslur þessar fari fram er lagt til að í samráði við starfsmannastjóra bankanna verði stuðst við þær upplýsingar um fjárhæðir til hvers starfsmanns sem til eru í bókum bankanna um ógreiddar fjárhæðir til þeirra hvern mánuð og fjölda mánaða og þær unnar í exelskjölum. Haft yrði af hálfu starfsmannastjóra og SSF vefrænt samband við hvern starfsmann og þeim gefinn kostur á að samþykkja að þessi háttur yrði hafður á upplýsingagjöf um ógreidd laun til skilanefndanna og að þessi háttur yrði hafður á um kröfugerð frá þeim til nefndanna. Rétt er samt að taka fram að með þessu er ekki tryggt að ágreiningur rísi ekki um uppgjörið í einstaka tilvikum enda verði endanlegt uppgjör að vera háð samþykki þess starfsmanns sem í hlut á. Yrði málið unnið á þennan hátt til að forðast allan óþarfa kostnað við útreikninga og innheimtu fjárhæðanna og þannig yrði komist hjá að vinna sérstaklega kröfugerðir fyrir hvern og einn starfsmann. Þess er vænst að skilanefndir taki fljótt afstöðu til ofangreinds, annars vegar til kröfunnar um greiðslu þeirra launa sem starfsmenn eiga inni, og hins vegar til þeirrar aðferðar sem notast yrði við þegar til greiðslu kæmi.

Virðingarfyllst,
F.h. SSF Sveinn Sveinsson hrl.
Afrit: Sent til bankastjóra og bankaráða nýju bankanna

Bréf 2
Skilanefnd Kaupþings hf.Borgartún 19 155 Reykjavík. Reykjavík, 7. janúar 2009 Með bréfi dags. 4. desember 2008 sendi undirritaður fyrir hönd SSF bréf til skilanefnda bankanna þar sem skorað var á nefndirnar að sjá svo til að starfsmenn gömlu bankanna fengju greitt það af launum sínum sem enn þá væri ógreitt til þeirra. Ljóst er að starfsmenn eru farnir að ókyrrast, enda hefur stór hópur þeirra fengið sínar síðustu launagreiðslur sem ákvarðaðar hafa verið. Sá tími er því framundan sem miklu skiptir að starfsfólk viti hvar það standi. Nú er um mánuður síðan bréf þetta var sent en engin viðbrögð hafa komið frá skilanefnd Kaupþings. Tilgangur bréfs þessa er fyrst og fremst sá að athuga hjá skilanefndinni, hvort svars sé ekki að vænta við fyrra bréfi og hvað langur tími geti liðið þar til von verði á þeim svörum og ákvörðun um frekari greiðslur. Nauðsynlegt er að eyða þeirri óvissu sem býr með starfsmönnum varðandi framhald launagreiðslnanna.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSF
Sveinn Sveinsson hrl.Afrit sent bankastjórn ogbankaráði nýja bankans

16. janúar

Bréf til félagsmanna sem misst hafa starf

Reykjavík 16. janúar 2009Ágætu félagsmenn SSF

Þetta bréf er sent á þann nafnalista sem samtökin hafa fengið frá starfsmannafélögum innan SSF. Einnig er rafræn útgáfa sent á netfangalistann sem til er hjá SSF. Markmið þessarar sendingar er að fara yfir nokkur atriði sem gagnast gætu félagsmönnum sem eru án atvinnu eftir atburði síðasta árs.

Skrifstofa SSF er áfram að safna heimanetföngum þeirra félagsmanna sem eru án atvinnu og ef þú veist um einhvern sem ekki fær tölvupóst en vill vera með á þessum lista þá endilega benda fólki á að senda strax úr heimanetfanginu upplýsingar um nafn og fyrri vinnustað á ssf@ssf.is Það er mun auðveldara að senda

ábendingar um tækifæri, tilboð eða laus störf með þeim hætti. Ljóst er að margir vilja fá einstaklinga úr þessum hópi til starfa og væntanlega mun það aukast með hækkandi sól. Til að minnka hættu á ruslpósti er allur tölvupóstur sendur út sem Bcc á þau heimanetföng sem borist hafa til skrifstofunnar.

Gögn fyrir félagsmenn sem hafa misst starf: Á vefsíðunni www.ssf.is er undir rauðum hnapp á forsíðu "Tilboð og ábendingar" samsafn af gögnum sem hugsuð eru fyrir þá sem misst hafa starf. Þar verða áfram vistuð í tímarröð öll gögn sem ætluð eru þeim hópi. Þar eru m.a. ýmis tilboð - jafnvel um störf og valkostir í námi sem vert er að skoða. Ástæða er til að líta á þennan lista amk vikulega.

Átt þú eftir að senda umsókn í menntunarsjóð vegna náms á haustmisseri: ef einhver af þeim sem ekki fá tölvupóst frá skrifstofunni hefur ekki sent umsókn í menntunarsjóð SSF vegna náms á haustmisseri þá endilega senda orðsendingu um það á ssf@ssf.is eða hringja í 540 6102 og við leysum málið

Námskeið: fyrir jól bauð SSF upp á námskeiðið "stefnumótun í eigin lífi" hjá Endurmenntun. Öll viðbrögð félagsmanna sem sóttu þetta námskeið eru framúrskarandi jákvæð, og nú verður aftur boðið upp á svona námskeið á sömu kjörum, frítt fyrir félagsmenn. Námskeiðið hefst 4. febrúar kl 8.30 –tengill í rafræna skráningu verður settur með tilkynningu á undirsíðu "Tilboð og ábendingar" undir rauða hnappnum á forsíðu www.ssf.is

Nýsköpunarsetur meira nýtt þar! - Félagsmenn SSF tóku vel við sér þegar SSF og Nýsköpunarmiðstöð opnuðu fyrir umsóknir í Torgið – nýsköpunarsetur í húsi á vegum Landsbankans í Austurstræti. Nú er framundan opnun annars nýsköpunarseturs í húsi Íslandsbanka (áður Glitnir) í Lækjargötu. Þeir sem hafa hugmynd og áhuga á að hrinda henni í framkvæmd eru hvattir til að sækja um aðstöðu til Nýsköpunarmiðstöðvarhttp://nmi.is/impra/frumkvodlasetur/kvosin/ - endilega kynna sér þennan möguleika og ræða um þetta í ykkar hópi.

Námskeið – menntun miðað við þínar þarfir
* Raunfærnimat – fyrir þjónustufulltrúa /bakvinnslufólk sem eiga að baki langan starfsaldur en litla formlega menntun senda inn stutta lýsingu og starfsaldur sigurdur@ssf.is
* Hagnýtt viðskipta og fjármálagreinanám í MK – hafa samband við Ingu Karlsd ik@mk.is eða8244114
* Ef þú hefur lokið stúdentsprófi en ekki haldið áfram – langar etv – hefur þú áhuga á að taka þátt í að þróa námsframboð fyrir þennan hóp í samstarfi við Endurmenntun HÍ – hafa samband viðsigurdur@ssf.is

Hefur þú hugmynd/tillögu um hvernig SSF getur stutt félagsmenn sem misst hafa starf eða lagt þeim lið? Okkur er ljóst að félagið á ekki sjóði til að leysa fjárhagsvanda einstakra félagsmanna. Hinsvegar er vafalaust eitthvað sem félagið getur gert sem eflir þennan hóp til dáða. Við tökum fagnandi við slíkum tillögum í tölvupósti á ssf@ssf.is .

Nýttu Kraftinn - Stuðningur og hvatning fyrir atvinnulausa. María Björk Óskarsdóttir (fv. Landsbankastm.) og Sigríður Snævarr sendiherra hafa mótað saman hugmyndafræði sem þær kalla Nýttu Kraftinn. Farvegur Nýttu Kraftinn snýst um að virkja og hvetja atvinnulausa einstaklinga til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt m.a. með því að ganga til hvers dags sem vinnudagur væri. Ferlið er hugsað heilstætt. Farið er yfir ákveðin grunngildi, umfjöllun um sorg og sorgarviðbrögð tengt atvinnumissi, markmiðasetning, skipulagning og markviss tímaskráning sem miðar að a.m.k. fjórum virkum klst. á dag, staðfestingar/vottanir á þeim verkefnum sem unnin eru. Áhugasviðspróf tekið til að víkka hugann og fylgt eftir með starfsráðgjöf. Hver og einn fær mentor úr atvinnulífinu sem viðkomandi hittir á tveggja vikna fresti. Ferlið miðar að því að efla þátttakendur svo þeir verði bæði samkeppnishæfari í atvinnuleitinni sem og öflugri og betur búnir fyrir vinnumarkaðinn sem fyrst. Nýttu Kraftinn verður kynnt betur á næstunni en áhugasömum er velkomið að hafa samband við Maríu Björk í síma 861 8112 eða senda tölvupóst á mariabjorkoskars@gmail.comUppsprettan – sjálfshjálparhópur Miðstöð fyrir atvinnulaust fólk í safnaðarheimili Hjallakirkju í Kópavogi opnar 16. janúar 2009 og verður starfrækt alla virka daga frá kl. 9-12. Hópur áhugafólks hefur fengið afnot af safnaðarheimili í Hjallakirkju í Kópavogi og opnar þar miðstöð fyrir fólk sem hefur misst vinnu sína á síðustu vikum. Miðstöðin getur nýst til margvíslegra hluta:

a) Til að hitta fólk og spjalla yfir kaffibolla.
b) Til að kynna ýmsa hópa eða verkefni sem áhugasamir einstaklingar eru tilbúnir til að standa fyrir.
c) Verið staður til að hefja og enda góðar gönguferðir, fá sér kaffibolla í lokin.
d) Verið vettvangur hugmynda sem upp kunna að koma í framhaldi af opnun miðstöðvarinnar.

Það er ljóst að í hópi þeirra fjölmörgu einstaklinga sem nýlega hafa misst vinnuna eru margir sem hafa kraft til að taka þátt í margvíslegum uppákomum og eru tilbúnir til að hafa frumkvæði, gefa af sér og þiggja af öðrum. Sóknarnefnd Hjallakirkju hefur boðist til að hafa kaffi á boðstólum.
Hópurinn biður áhugasama einstaklinga um að gefa sig fram til að aðstoða við verkefnið, til dæmis til að: a) Koma á morgnana, opna húsið og hella upp á könnuna.
b) Standa fyrir:

1. Námskeiðum, t.d. um fjármál heimilanna, ræðumennsku o.fl.
2. Fyrirlestrum, t.d. um atvinnuleit, líkamsrækt o.fl.
3. Hópum svo sem spilahóp, prjónahóp, myndahóp o.fl.

Áhugasamir hringi í:
Eddu Ástvaldsdóttur í síma 896-1240 eftir kl. 17 á daginn
Guðrúnu Huldu Birgis í síma 893-3230 á milli kl. 9-13
Einnig er hægt að senda netpóst á netfangið uppsprettan@hjallakirkja.is

Kröfur í gömlu bankana: Allstór hópur núverandi og fyrrverandi starfsmanna bankanna eiga óuppgerðan hluta umsaminna launa sinna. SSF hefur verið í sambandi við skilanefndir og skrifað bréf og áréttingar vegna þessa máls. Enn er stefnan sú að útreikningar úr launabókhaldi fyrirtækjanna verði lagðir til grundvallar þannig að ekki þurfi að koma til þess að hver og einn þurfi að skila sínum gögnum inn. Niðurstöður af þessu starfi eru birtar á svæðinu undir rauða hnappnum hægra megin á www.ssf.is

Þú átt áfram réttindi hjá SSF eftir að uppsagnarfresti lýkur. SSF er áfram stéttarfélag þeirra starfsmanna sem hafa misst starf í fjármálafyrirtæki eftir að þeir hætta á launaskrá bankanna og þar til þeir fá annað starf. Ef félagsmenn verða atvinnulausir að loknum uppsagnartíma þá halda þeir réttindum í Menntunarsjóði SSF í allt að 3 ár og í styrktarsjóði SSF í 6 mánuði. Sjá reglur á www.ssf.is . Atvinnulausir félagsmenn SSF sem skrá sig hjá vinnumálastofnun merkja við SSF sem sitt stéttarfélag skv ákvörðun stjórnar SSF þurfa þeir ekki að greiða félagsgjöld til SSF af útgreiddum atvinnuleysisbótum.
Nokkuð hefur verið spurt um hvenær á að sækja um atvinnuleysisbætur. Svarið er að eftir að síðasta greiðsla er komin á uppsagnarfresti þá er rétt að skrá sig. Hægt er að skrá rafrænt á www.vmst.is og þar eru jafnframt allar upplýsingar um þjónustu við þá sem eru án atvinnu.

Með verulega góðri félagskveðju
Stjórn og starfsmenn SSF

2009 - Febrúar

5. febrúar

Stefnumótun í eigin lífi - námskeið skráning fyrir 30.jan

Sent sem Bcc á netfangalista þeirra félagsmanna SSF sem misst hafa starf undanfarið – nokkur hópur félagsmanna sótti þetta námskeið fyrir jól og var einróma ánægja með þetta- vinsamlega athugið þetta er alfarið greitt af stéttarfélaginu. Við skráningu þarf að taka fram hvar þú starfaðir síðast.

ath líka að nefna þetta við aðra fyrrum samstarfsmenn sem etv hafa ekki komið sínu netfangi til SSF. neðst í póstinum er tengill í skráningu – verður að virkja fyrir 30. Jan -
Stefnumótun í eigin lífi - snúðu vörn í sókn
Skráningarfrestur til 30. janúar Námskeiðið er fyrir þá sem vilja kanna möguleika stefnumótunar á eigin lífi, leggja mat á eigin veikleika og styrkleika, stíga út fyrir hefðbundna ramma og auka völd sín og áhrif. Námsfyrirkomulag er í formi fyrirlestra, umræðu og þátttöku nemenda með heimaverkefnum og umræðum í tímum. Einnig verður eftirfylgni eftir þrjá mánuði þar sem þátttakendur hittast og fara yfir stöðuna og setja sér ný markmið. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist þekkingu á eigin veikleikum og styrkleikum, setji sér markmið að bættum árangri í lífi og starfi og kynni sér þau viðhorf og þá hegðun sem einkennir þá sem ná árangri. Kynntar verða ýmsar kenningar sem settar hafa verið fram um leiðtogafærni í eigin lífi, ásamt því að fjalla um þá þróun og umræðu sem átt hefur sér stað um það hvernig einstaklingar geta beitt leiðtogafærni á sem árangursríkastan hátt á sjálfan sig sem og starfsumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að kynna ólík hugtök og sjónarhorn til að takast á við þau vandasömu verkefni sem stjórnendur þurfa að glíma við og sem við glímum við í sjálfum okkur. Þátttakendur setja sér markmið á öllum sviðum lífs síns en sérstaklega verður lögð áhersla á að skilja og þekkja hugtakið vald út frá þeirri hugmynd að taka völdin í eigin lífi og starfi. Að námskeiðinu loknu er gert ráð fyrir að þátttakendur hafi öðlast meiri þekkingu á eigin eiginleikum,komi betur auga á mögulegar hindranir sem á vegi þeirra verða og lært hvernig komast megi yfir þær. Þátttakendur gera stefnukort út frá eigin lífi eftir bók Árelíu; Móti hækkandi sól, lærðu að virkja kraft vonar og heppni í lífi þínu.
Kennari: Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir, lektor við viðskiptadeild HÍ.
Sjá nánar um kennara á www.areliaeydis.com
Tími: Þri. 3. - 17. feb. kl. 8:30-11:30 auk eftirfylgni í maí.
Verð: 29.000 kr. (Félagsmenn SSF sem eru án atvinnu fá námskeiðsgjald greitt að fullu. Vinsamlega tilgreinið félagsaðild í athugasemdarreit við skráningu.)
Staður: Endurmenntun, Dunhaga 7.
Nánari upplýsingar og skráning hér eða í síma 525-4444.

5. febrúar

Stefnumótun í eigin lífi tilboð - ókeypis f félagsmenn

Stefnumótun í eigin lífi - snúðu vörn í sókn
- Aukanámskeið (SSF greiðir fyrir félagsmenn sem misst hafa atvinnu)
Námskeiðið er fyrir þá sem vilja kanna möguleika stefnumótunar á eigin lífi, leggja mat á eigin veikleika og styrkleika, stíga út fyrir hefðbundna ramma og auka völd sín og áhrif. Námsfyrirkomulag er í formi fyrirlestra, umræðu og þátttöku nemenda með heimaverkefnum og umræðum í tímum. Einnig verður eftirfylgni eftir þrjá mánuði þar sem þátttakendur hittast og fara yfir stöðuna og setja sér ný markmið. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist þekkingu á eigin veikleikum og styrkleikum, setji sér markmið að bættum árangri í lífi og starfi og kynni sér þau viðhorf og þá hegðun sem einkennir þá sem ná árangri. Kynntar verða ýmsar kenningar sem settar hafa verið fram um leiðtogafærni í eigin lífi, ásamt því að fjalla um þá þróun og umræðu sem átt hefur sér stað um það hvernig einstaklingar geta beitt leiðtogafærni á sem árangursríkastan hátt á sjálfan sig sem og starfsumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að kynna ólík hugtök og sjónarhorn til að takast á við þau vandasömu verkefni sem stjórnendur þurfa að glíma við og sem við glímum við í sjálfum okkur. Þátttakendur setja sér markmið á öllum sviðum lífs síns en sérstaklega verður lögð áhersla á að skilja og þekkja hugtakið vald út frá þeirri hugmynd að taka völdin í eigin lífi og starfi. Að námskeiðinu loknu er gert ráð fyrir að þátttakendur hafi öðlast meiri þekkingu á eigin eiginleikum,komi betur auga á mögulegar hindranir sem á vegi þeirra verða og lært hvernig komast megi yfir þær. Þátttakendur gera stefnukort út frá eigin lífi eftir bók Árelíu; Móti hækkandi sól, lærðu að virkja kraft vonar og heppni í lífi þínu.
Kennari: Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir, lektor við viðskiptadeild HÍ.
Sjá nánar um kennara á www.areliaeydis.com
Tími: Þri. 24. feb., 3. og 10. mars kl. 8:30-11:30 auk eftirfylgni í maí.
Verð: 29.000 kr.
Staður: Endurmenntun, Dunhaga 7.
Nánari upplýsingar og skráning hér eða í síma 525-4444.

11. febrúar

Kröfur í gömlu bankanna vegna vangoldinna launa

Nú er óðum að skýrast meðferð skilanefnda á kröfum vegna vangoldinna launa sem SSF og starfsmannafélögin hafa krafist fyrir hönd þeirra sem störfuðu hjá Kaupþingi, Landsbanka og Glitni. Strax eftir helgi verða birtar hér á vefnum upplýsingar um hvernig hver banki hefur leyst þessi mál við sína starfsmenn.

17. febrúar

Staða á vangreiddum launum á uppsagnarfresti

SSF og starfsmannafélögin hafa allt frá í október unnið mikið starf við að fylgja eftir kröfum um að vangreidd laun á uppsagnarfresti verði útgreidd.
Eftirfarandi á bæði við þá sem misstu starf og eins þá sem voru endirráðnir til nýju bankanna.
Staðan er eftirfarandi:
Glitnir og Kaupþing: Launamunur fyrir fyrstu þrjá mánuðina verður gerður upp í febrúar og mars. Fyrir þá sem eru með lengri uppsagnarfrest verður launamunur greiddur mánaðarlega næstu þrjá mánuði.
Hjá báðum gildir: Kröfur um bónusa, sölulaun, launabreytingaloforð, eða annað sem starfsmenn telja sig eiga rétt á verður að sækja beint til Skilanefnda, sem þurfa að afgreiða þær.
Telji Skilanefndir innsendar kröfur ekki flokkast sem almennar launakröfur verður viðkomandi kröfuhafi að lýsa almennri kröfu í búið. Lögmaður SSF mun áfram vinna í þeim málum.
- Hjá Landsbankanum (NBI) er ennþá unnið að farsælli lausn málsins og verða fréttir birtar hér um leið og þeirri vinnu lýkur.

2009 - Mars

23. mars

Frá stjórn starfsmannafélags SPRON 23. mars

Stjórn starfsmannafélags SPRON vill koma því á framfæri til starfsfólks og fyrrverandi starfsfólks SPRON að stjórnin er enn að störfum og er til taks ásamt trúnaðarmönnum ef eitthvað er.
Ólafur Már Svavarsson s: 697-3254
Anna Björk Haraldsdóttir s: 899-4898
Gréta Kjartansdóttir s: 896-2717
Steinunn Sveinsdóttir s:822-5122
Kristín M Bjarnadóttir s:661-7235

Trúnaðarmenn SPRON eru:
Ágústa Hjartar, Ella Kristín Sigurðardóttir, Guðríður Birgisdóttir, Guðríður Gígja, Halla Hafliðadóttir, Jónína Gunnarsdóttir, Katrín Árnadóttir, Katrín Pálsdóttir, Líney Tryggvadóttir, Súsanna G. Antonsdóttir, Valgerður Friðriksdóttir, Þórey Jónína Jónsdóttir

27. mars

Til minnis fyrir þá félagsmenn SSF sem misst hafa starf

SSF hefur veitt margskonar aðstoð til félagsmanna sem hafa misst starf frá því í haust.
Hér er upptalning á nokkrum helstu þáttum:
- viðtal hjá Capacent eða Hagvangi – greitt af SSF
- sálfræðiaðstoð – gr með umsókn í styrktarsjóð SSF
- námskeið hjá EHÍ – stefnumótun í eigin lífi - greitt að fullu ef félagsmenn setja í aths að þeir eru félagar
- Menntunarsjóður SSF – réttindi í allt að 3 ár eftir starfslok ef án atvinnu
- Styrktarsjóður SSF – réttindi í 6 mán eftir síðustu launagreiðslu
- Prisma – námskeið á vegum Bifrastar og Listaháskólans gr 50%
- Nýttu kraftinn – leið til nýrra viðfangsefna – sjá á www.google.is
- Rauðakrosshúsið í Borgartúni – margskonar námskeið, fundir og samverustundir
- www.ssf.is rauður hnappur hægra megin – þar undir efsta tengli er allt sem SSF hefur sent til þeirra sem misst hafa starf – þar er vafalaust eitthvað sem er fróðlegt fyrir fólk í þessum aðstæðum
- www.ru.is háskólanám - tilvalið að skoða hvort hentar að skrá sig í nám – hægt að stunda nám í tveim greinum og halda greiðslum frá Vinnumálastofnun. Styrkt 50% úr Menntunarsjóði að hámarki 150þús á misseri
- www.bifrost.is margskonar nám sem hentar fólki með fjölbreytta menntun

30. mars

Nýttu kraftinn - mjög áhugavert

Hvatning og stuðningur fyrir atvinnulausa að ósekju Yfirlit yfir þróun hugmyndafræðinnar:· igríður Snævarr sendiherra & María Björk Óskarsdóttir viðskiptafræðingur hafa frá því í byrjun nóvember 2008 þróað Nýttu Kraftinn - hugmyndafræði til stuðnings og hvatningar fyrir einstaklinga sem missa atvinnu sýna að tilefnislausu í hópuppsögnum.
· Nýttu kraftinn miðar fyrst og fremst að því að hvetja atvinnulausa einstaklinga til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt - ganga til hvers dags sem vinnudagur væri. Hugmyndafræðin gengur út á að einstaklingar haldi virkni sinni og sjálfsmynd, geri sig samkeppnishæfari í atvinnuleitinni. Allir þátttakendur taka áhugasviðspróf til að víkka hugann með möguleg ný tækifæri í augsýn.
· Allir þátttakendur fá Mentora úr atvinnulífinu. Hlutverk þeirra er að veita hvatningu, ráðgjöf og aga sem og nýta sitt tengslanet ef hægt er. Mikil áskorun fyrir þann sem er Mentor og skjólstæðingurinn fær mikið út úr því að ræða við algjörlega hlutlausan aðila.
· Við héldum tilraunanámskeið í desember þar sem 10 manna hópur vann í 2 vikur eftir hugmyndafræði Nýttu Kraftinn. Tilraunin tókst virkilega vel, hópurinn gaf mjög góðar umsagnir og kom með uppbyggilegar ábendingar. Það sem mestu skipti var að hópurinn var sannfærður um að Nýttu Kraftinn virkaði og væri mjög jákvætt.
· Við erum því komnar að framkvæmdahluta verkefnisins. Tókum ígrundaða ákvörðun í janúar um að stofna fyrirtæki í kringum Nýttu Kraftinn enda tilbúnar til að styðja uppbyggingu á nýju Íslandi. Við vitum að Nýttu Kraftinn getur þar komið sterkt inn sem hvatning fyrir atvinnulausra einstaklinga sem og eytt fordómum á atvinnumarkaðnum gagnvart þeim sem atvinnulausir eru.
· Við höfum frá upphafi mótunar Nýttu Kraftinn fundað með ótrúlegum fjölda fólks og fyrirtækja og okkar vinna hefur spurst út. Við höfum orðið vitni að þeirri miklu og fjölbreyttu grósku sem er í gangi en vitum að ekki er um neina hugmyndafræði á við okkar sem snýr að einstaklingnum sjálfum. Nýttu Kraftinn passar hins vegar við allt það sem er í gangi "þarna úti",
· Fram til þessa dags höfum við unnið allt er tengist Nýttu Kraftinn í sjálfboðavinnu. Hins vegar eru ekki forsendur til þess að koma Nýttu Kraftinn "full force" á koppinn án utanaðkomandi fjárhagsaðstoðar enda ekki hægt að fara fram á mikla þóknun frá þeim sem atvinnulausir eru.
· tuðningur hins opinbera, sveitarfélaga, atvinnulífsins og stéttarfélaga er því lykilatriði fyrir framgang verkefnisins. Eftir áramótin höfum við því markvisst fundað með fjölmörgum fyrrgreindra forsvarsaðila til að kynna hugmyndafræðina með það að markmiði að leita eftir stuðningi og samstarfi. Stoltar segjum við hverjum sem heyra vill að hvar sem okkur hefur borið niður hefur jákvæðnin ein í garð Nýttu Kraftinn mætt okkur sem og vilji til samstarfs. Þó að þegar sé komið á samstarf við VR og Vinnumálastofnum erum við ekki enn búnar að tryggja rekstrargrundvöllinn að fullu vegna upphafsskrefanna en trúum því og treystum að það takist fyrr en síðar með góðra fyrirtækja / stofnanna hjálp – Við fórum formlega af stað í lok febrúar og eru nú 3 hópar í Nýttu Kraftinn á mismunandi stað í ferlinu, alls um 60 manns auk þess sem um 20 aðilar eru á biðlista. Ánægja og viðhorfsbreyting þátttakenda er mjög mikil – aukin virkni, bjartsýni og von sem og eru margir þegar komnir með verkefni og/eða vinnu
áhugasamir félagsmenn SSF hafi samband
María Björk Óskarsdóttir - - sími: 861 8112 - - mariabjorkoskars@gmail.com

Hvatning og stuðningur fyrir atvinnulausa að ósekju Yfirlit yfir þróun hugmyndafræðinnar:· igríður Snævarr sendiherra & María Björk Óskarsdóttir viðskiptafræðingur hafa frá því í byrjun nóvember 2008 þróað Nýttu Kraftinn - hugmyndafræði til stuðnings og hvatningar fyrir einstaklinga sem missa atvinnu sýna að tilefnislausu í hópuppsögnum. · Nýttu kraftinn miðar fyrst og fremst að því að hvetja atvinnulausa einstaklinga til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt - ganga til hvers dags sem vinnudagur væri. Hugmyndafræðin gengur út á að einstaklingar haldi virkni sinni og sjálfsmynd, geri sig samkeppnishæfari í atvinnuleitinni. Allir þátttakendur taka áhugasviðspróf til að víkka hugann með möguleg ný tækifæri í augsýn. · Allir þátttakendur fá Mentora úr atvinnulífinu. Hlutverk þeirra er að veita hvatningu, ráðgjöf og aga sem og nýta sitt tengslanet ef hægt er. Mikil áskorun fyrir þann sem er Mentor og skjólstæðingurinn fær mikið út úr því að ræða við algjörlega hlutlausan aðila. · Við héldum tilraunanámskeið í desember þar sem 10 manna hópur vann í 2 vikur eftir hugmyndafræði Nýttu Kraftinn. Tilraunin tókst virkilega vel, hópurinn gaf mjög góðar umsagnir

og kom með uppbyggilegar ábendingar. Það sem mestu skipti var að hópurinn var sannfærður um að Nýttu Kraftinn virkaði og væri mjög jákvætt. · Við erum því komnar að framkvæmdahluta verkefnisins. Tókum ígrundaða ákvörðun í janúar um að stofna fyrirtæki í kringum Nýttu Kraftinn enda tilbúnar til að styðja uppbyggingu á nýju Íslandi. Við vitum að Nýttu Kraftinn getur þar komið sterkt inn sem hvatning fyrir atvinnulausra einstaklinga sem og eytt fordómum á atvinnumarkaðnum gagnvart þeim sem atvinnulausir eru. · Við höfum frá upphafi mótunar Nýttu Kraftinn fundað með ótrúlegum fjölda fólks og fyrirtækja og okkar vinna hefur spurst út. Við höfum orðið vitni að þeirri miklu og fjölbreyttu grósku sem er í gangi en vitum að ekki er um neina hugmyndafræði á við okkar sem snýr að einstaklingnum sjálfum. Nýttu Kraftinn passar hins vegar við allt það sem er í gangi "þarna úti", · Fram til þessa dags höfum við unnið allt er tengist Nýttu Kraftinn í sjálfboðavinnu. Hins vegar eru ekki forsendur til þess að koma Nýttu Kraftinn "full force" á koppinn án utanaðkomandi fjárhagsaðstoðar enda ekki hægt að fara fram á mikla þóknun frá þeim sem atvinnulausir eru. · tuðningur hins opinbera, sveitarfélaga, atvinnulífsins og stéttarfélaga er því lykilatriði fyrir framgang verkefnisins. Eftir áramótin höfum við því markvisst fundað með fjölmörgum fyrrgreindra forsvarsaðila til að kynna hugmyndafræðina með það að markmiði að leita eftir stuðningi og samstarfi. Stoltar segjum við hverjum sem heyra vill að hvar sem okkur hefur borið niður hefur jákvæðnin ein í garð Nýttu Kraftinn mætt okkur sem og vilji til samstarfs. Þó að þegar sé komið á samstarf við VR og Vinnumálastofnum erum við ekki enn búnar að tryggja rekstrargrundvöllinn að fullu vegna upphafsskrefanna en trúum því og treystum að það takist fyrr en síðar með góðra fyrirtækja / stofnanna hjálp

31. mars

Vegna vangreiddra launa eftir bankahrun

þeir sem áttu inni ógreiddan launamismun hafa fengið úrlausn sinna mála. Aðrar greiðslur s.s. ógreiddir bónusar frá fyrri tíð eru enn óleyst viðfangsefni

31. mars

Bréf til þeirra sem misst hafa starf

Reykjavík 31.mars 2009

Ágætu félagsmenn SSF
Þetta bréf er sent á þann nafnalista sem samtökin hafa fengið frá starfsmannafélögum innan SSF. Einnig er rafræn útgáfa send á netfangalistann sem til er hjá SSF. Markmið þessarar sendingar er að fara yfir nokkur atriði sem gagnast gætu félagsmönnum sem eru án atvinnu eftir atburði þessa og síðasta árs.

Skrifstofa SSF er áfram að safna heimanetföngum þeirra félagsmanna sem eru án atvinnu og ef þú veist um einhvern sem ekki fær tölvupóst en vill vera með á þessum lista þá endilega benda fólki á að senda strax úr heimanetfanginu upplýsingar um nafn og fyrri vinnustað á ssf@ssf.is Það er mun auðveldara að senda ábendingar um tækifæri, tilboð eða laus störf með þeim hætti. Ljóst er að margir vilja fá einstaklinga úr þessum hópi til starfa og væntanlega mun það aukast með hækkandi sól. Til að minnka hættu á ruslpósti er allur tölvupóstur sendur út sem Bcc á þau heimanetföng sem borist hafa til skrifstofunnar.

Námskeið – menntun miðað við þínar þarfir
* Raunfærnimat – fyrir þjónustufulltrúa /bakvinnslufólk sem eiga að baki langan starfsaldur en litla formlega menntun senda inn stutta lýsingu og starfsaldur sigurdur@ssf.is
* Hagnýtt viðskipta og fjármálagreinanám í MK – hafa samband við Ingu Karlsd ik@mk.is eða 8244114
* þeir sem eru á atvinnuleysisbótum geta stundað nám á háskólastigi í 2 greinum án þess að missa bætur vegna þess. Endilega athugið að skráningarfrestur í nám í haust er nú á vordögum þannig að þeir sem hafa hugsað sér að stunda nám eins og fjarnám á Bifröst eða HMV nám í HR verða að sækja um bráðlega.- sama gildir um nám í HÍ og EHÍ.

* þeir sem ekki hafa lokið stúdentsprófi en t.d. tekið RV nám í EHÍ geta sótt um í HMV í HR – endilega hafa samband við hrefnab@ru.is og skoða möguleika sína

* fjölbreytt meistaranám á Bifröst – sjá www.bifrost.is

Gögn fyrir félagsmenn sem hafa misst starf: Á vefsíðunni www.ssf.is er undir rauðum hnapp á forsíðu "Tilboð og ábendingar" samsafn af gögnum sem hugsuð eru fyrir þá sem misst hafa starf. Þar verða áfram vistuð í tímaröð öll gögn sem ætluð eru þeim hópi. Þar eru m.a. ýmis tilboð - jafnvel um störf og valkostir í námi sem vert er að skoða. Ástæða er til að líta á þennan lista amk vikulega.

Námskeið: fyrir jól bauð SSF upp á námskeiðið "stefnumótun í eigin lífi" hjá Endurmenntun. Öll viðbrögð félagsmanna sem sóttu þetta námskeið eru framúrskarandi jákvæð, og nú verður aftur boðið upp á svona námskeið á sömu kjörum, frítt fyrir félagsmenn.Næsta námskeið byrjar 14. apríl. Skráning á vef EHI og merkja þar í aths að þú er félagsmaður SSF

Hefur þú hugmynd/tillögu um hvernig SSF getur stutt félagsmenn sem misst hafa starf eða lagt þeim lið? Okkur er ljóst að félagið á ekki sjóði til að leysa fjárhagsvanda einstakra félagsmanna. Hinsvegar er vafalaust eitthvað sem félagið getur gert sem eflir þennan hóp til dáða. Við tökum fagnandi við slíkum tillögum í tölvupósti á ssf@ssf.is .

Nýttu Kraftinn - Stuðningur og hvatning fyrir atvinnulausa. María Björk Óskarsdóttir (fv. Landsbankastm.) og Sigríður Snævarr sendiherra hafa mótað saman hugmyndafræði sem þær kalla Nýttu Kraftinn. Farvegur Nýttu Kraftinn snýst um að virkja og hvetja atvinnulausa einstaklinga til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt m.a. með því að ganga til hvers dags sem vinnudagur væri. Ferlið er hugsað heilstætt. Farið er yfir ákveðin grunngildi, umfjöllun um sorg og sorgarviðbrögð tengt atvinnumissi, markmiðasetning, skipulagning og markviss tímaskráning sem miðar að a.m.k. fjórum virkum klst. á dag, staðfestingar/vottanir á þeim verkefnum sem unnin eru. Áhugasviðspróf tekið til að víkka hugann og fylgt eftir með starfsráðgjöf. Hver og einn fær mentor úr atvinnulífinu sem viðkomandi hittir á tveggja vikna fresti. Ferlið miðar að því að efla þátttakendur svo þeir verði bæði samkeppnishæfari í atvinnuleitinni sem og öflugri og betur búnir fyrir vinnumarkaðinn sem fyrst. Nýttu Kraftinn hefur sannað sig sem sérlega markviss og árangursrík aðferðafræði Áhugasömum er velkomið að hafa samband við Maríu Björk í síma 861 8112 eða senda tölvupóst á mariabjorkoskars@gmail.com

Þú átt áfram réttindi hjá SSF eftir að uppsagnarfresti lýkur. SSF er áfram stéttarfélag þeirra starfsmanna sem hafa misst starf í fjármálafyrirtæki eftir að þeir hætta á launaskrá bankanna og þar til þeir fá annað starf. Ef félagsmenn verða atvinnulausir að loknum uppsagnartíma þá halda þeir réttindum í Menntunarsjóði SSF í allt að 3 ár og í styrktarsjóði SSF í 6 mánuði. Sjá reglur á www.ssf.is . Atvinnulausir félagsmenn SSF sem skrá sig hjá vinnumálastofnun merkja við SSF sem sitt stéttarfélag skv ákvörðun stjórnar SSF þurfa skráðir atvinnulausir ekki að greiða félagsgjöld til SSF af útgreiddum atvinnuleysisbótum.
Nokkuð hefur verið spurt um hvenær á að sækja um atvinnuleysisbætur. Svarið er að eftir að síðasta greiðsla er komin á uppsagnarfresti þá er rétt að skrá sig. Hægt er að skrá rafrænt á

www.vmst.is og þar eru jafnframt allar upplýsingar um þjónustu við þá sem eru án atvinnu.

Í haust þegar stór hópur félagsmanna missti starf í Kaupþingi, Glitni og Landsbanka birtist hér mÞröstur frá Sporthúsinu og gaf öllum þeim hópi þriggja mánaða gjafabréf í líkamsrækt.
Nú er hann kominn aftur færandi hendi og þeir sem misst hafa störf eftir áramót eiga von á samskonar gjafabréfi. Þessi bréf eru gefin út á nafn og kennitölu skv listum frá fyrirtækjunum og starfsmenn SSF skrá nafn á þau.
SSF þakkar Þresti fyrir hans frumkvæði og hlýhug til félagsmanna og hvetur þá sem fá þessi bréf til að nýta sér þetta höfðinglega boð.

Með verulega góðri félagskveðju
Stjórn og starfsmenn SSF

2009 - Apríl

30. apríl

Viðurkennt nám í hótelstjórnun - í samvinnu við erlendan háskóla

Hótelstjórnunarnám. Menntaskólinn í Kópavogi hefur nú í tvö ár kennt hótelstjórnunarnám í samstarfi César Ritz Colleges í Sviss. Um er að ræða fyrsta árið af þremur til BS gráðu í hótelstjórnun. Námið er kennt á ensku og eru sömu námsáætlanir og kennslubækur notaðar eftir forskrift skólans í Sviss. Kenndar eru tvisvar sinnum 18 einingar á tveimur önnum og að auki taka nemendur þátt í 1000 stunda starfsþjálfun að loknu skólanámi. Námið er lánshæft frá LÍN. Eftir fyrsta árið fá nemendur Certificate in Hotel & Restaurant Operations. Áfangar sem kenndir eru: Veitingageirinn
Introduction to Hospitality & Tourism management
2 ein Tölvur – Business Software Applications
2 ein Stærðfræði – Business Mathematics
2 ein Enska – English
3 ein Tungumál – Language 1- 2
3 ein Matvælagreinar og þjónusta – Food Service Studies & Operations
3 ein Matreiðsla – Culinary Studies
3 ein Gestamóttaka og umsjón með Herbergjum – Rooms Division Operations
3 ein Markaðssetning – Principles of Marketing
2 ein Bókfærsla – Accounting
2 ein Menningartengt efni – Intercultural Studies
2 ein Tungumál ÞÝS/FRA – Language 2 - 3
3 ein Samskipti/þjónusta – Communication
3 ein Drykkjarfræði – Beverage Studies
Nánari upplýsingar veitir Baldur Sæmundsson í síma 5944000 eða í gegnum netfangið: baldur.saemundsson@mk.is

2009 - Maí

27. maí

Viðskipta og fjármálagreinanám í MK

Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám
Fjarnám – Innritun er hafin
Ekki álag um mánaðamót
Menntaskólinn í Kópavogi býður starfsmönnum fjármálafyrirtækja námsleið sem er sérlega sniðin að þörfum þeirra hvað varðar samsetningu námsins. Um er að ræða fjarnám í hagnýtum viðskipta- og fjármálagreinum.Námið er í formi fjarnáms og einnar staðbundinnar kennslulotuá önn.Verkefnaskil eru ekki á álagstímum þannig að nemendur skila ekki verkefnum fyrstu fjóra virka daga í mánuði, ekki síðasta virka dag mánaðar og ekki þann fimmtánda. Að meðaltali eru þrjár námsgreinar á önn, alls eru annirnar fjórar. Kennslan hefst í september næstkomandi.
Skipting náms á annir

I . önn	II. önn
Upplýsingatækni	Upplýsingatækni
Viðskiptaenska	Viðskiptaenska
Bókhald	Bókhald
III. önn	IV. önn
Hagfræði	Stærðfræði
Viðskiptatengd íslenska	
Stjórnun	Stærðfræði
Fjármálamarkaðurinn	
Lögfræði	

Kennararnir eru allir vel menntaðir og áhugasamir og hafa góðar reynslu af kennslu fullorðinna námsmanna. Námið hefur unnið sér góða viðurkenningu í atvinnulífinu og þykja nemendur eftirsóttir starfsmenn.
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans mk.is eða hjá Ingu Karlsdóttur, fagstjóra. Netfang: inga.karlsdottir@mk.is eða í síma 594 4000/8244114.
n Samtals 36 ein Nánari upplýsingar veitir Baldur Sæmundsson í síma 5944000 eða í gegnum netfang baldur.saemundsson@mk.is

27. maí

Könnun meðal félagsmanna sem misst hafa starf

Könnun SSF meðal starfsmanna fjármálafyrirtækja sem sagt var upp störfum í kjölfar bankahruns Þessa dagana standa yfir úthringingar til rúmlega 800 manns sem sagt hefur verið upp störfum í fjármálafyrirtækjum í kjölfar bankahruns í október síðastliðnum. Öllum starfsmönnum fjármálafyrirtækja sem misstu vinnuna verður boðin þátttaka og eru þeir hvattir til þátttöku, óháð því hvort að þeir hafi fengið aðra vinnu eður ei. Listi yfir þátttakendur kemur frá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF). Rannsóknin er unnin í samvinnu SSF , Rannsóknarstofu í vinnuvernd og Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif atvinnumissis á heilsu og líðan og að kanna viðhorf þeirra sem misstu vinnuna til ýmissa þátta sem tengjast uppsögnunum og atvinnumissi. Í ljósi þess að fjöldi fólks hefur á undanförnum mánuðum misst vinnuna er gildi rannsóknarinnar mikið. Það er yfirvöldum, stéttarfélögum og öðrum þeim, sem koma að stefnumótum og áætlun um aðgerðir til að stemma stigu við atvinnuleysi og neikvæðum afleiðingum þess, mikilvægt að aflað sé ítarlegrar þekkingar á áhrifum atvinnumissis á líðan og heilsu. Niðurstöður þessarar rannsóknar munu veita okkur þekkingu á því hvernig hægt er að búa í haginn fyrir þá sem misst hafa vinnuna ásamt því þær hafa mikið forvarnarlegt gildi fyrir komandi ár. Kjósir þú að taka þátt í rannsókninni verður þér sendur rafrænn spurningalisti sem tekur þig allt að 20-30 mínútur að svara. Könnunin er þannig úr garði gerð að það er engin leið að rekja svör til þín. Persónueinkenni, svo sem nafn og kennitala verða ekki notuð í rannsókninni og í öllu er farið eftir gildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Rannsóknin er unnin með samþykki Vísindasiðanefndar og tilkynning hefur verið send til Persónuverndar. Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík. Sími: 551-7100, fax: 551-1444. Það er okkur kappsmál að sem flestir taki þátt í þessari rannsókn og hvetjum við alla sem boðin er þátttaka til að svara spurningalistanum sem allra fyrst eftir að hann hefur verið sendur. Þeir sem hafa þegar fengið aðra vinnu eru hvattir til að taka þátt en upplýsingar um atvinnuþátttöku þessa hóps eru afar mikilvægur þáttur í rannsókninni. Tekið skal fram að þeir sem svara könnuninni fyrir tiltekinn tíma eiga möguleika á því að vinna eitt af 10 gjafabréfum að andvirði 15 þúsund króna sem verða í boði . Hafir þú ekki þegar fengið símtal máttu búast við því á næstu dögum. Hafir þú áhuga á því að taka þátt í rannsókninni gefur þú upp netfang þitt í því símtali. Ef af einhverjum orsökum ekki næst í þig og þú færð ekki símtal, getur þú staðfest áhuga á þátttöku með því að senda upplýsingar um nafn, kennitölu og netfang á Helenu Jónsdóttur, sérfræðing hjá Rannsóknarstofu í vinnuvernd, á netfangið hej18@hi.is.

2009 - Júní

2. júní

laun á uppsagnarfresti Sparisjóðabanki

Þeir sem eru á uppsagnarfresti frá Sparisjóðabankanum fá launin sín væntanlega inn á reikning upp úr hádegi í dag skv upplýsingum frá launadeild þar

2. júní

Laun á uppsagnarfresti Straumur

Þeir sem eiga rétt á launum á uppsagnarfresti frá Straumi mega væntanlega reikna með þeim síðdegis í dag - drög að launagreiðslum fara fyrir skilanefnd nú á hádegi og eftir fund þar er niðurstöðu að vænta.

8. júní

Dagskrá 8. - 12 jun í Rauðakrosshúsinu í Borgartúni

Ókeypis námskeið og ráðgjöfEinkatímar í söng - Fullt. Tími: 12.00-14.00.Að fnna eigin styrk - Fjallað verður um áföll og þá þætti sem getaaukið á tilfinningalega upplifun. Einnig verður fjallað um bjargráð ogstuðning við þá sem eiga um sárt að binda. Námskeiðið er blanda affræðslu og æfngum sem geta hjálpað þér að finna eigin styrk. Það erí senn fræðilegt og skemmtilegt og gæti fyllt þig orku. Skráning nauðsynleg.Umsjón: María Ellingsen leikkona og Sigríður Björk Þormar úráfallateymi Rauða krossins. Tími: 13.00-15.30

Áhugasviðskönnun - Ef þú hefur ákveðið starf eða nám í huga,getur könnunin staðfest hugmyndir þínar. Ef ekki, gæti hún hjálpaðtil við að koma auga á fleiri möguleika. Skemmtilegt og gagnlegtnámskeið fyrir alla. Skráning nauðsynleg. Umsjón: Berglind HelgaSigurþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Tími: 13.00-14.30.

Kvikmyndirnar og lífð - Góð kvikmynd getur í senn verið listaverkog afþreying en hún getur jafnframt vakið okkur til umhugsunar umlífð sjálft. Skoðuð verða trúar- og siðferðismyndbrot í kvikmyndum ogsjónvarpsþáttum. Spjallað um hvernig nota má kvikmyndir, sjónvarpsþættiog tónlistarmyndbönd til að ræða um stórar spurningar á borðvið: Hver erum við? Fyrir hvað stöndum við? Hvert stefnum við?Umsjón: Árni Svanur Daníelsson, guðfræðingur. Tími: 15.30-16.10.

Qi – Gong - Æfngar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orkuum líkamann. Iðkun Qi Gong á uppruna sinn í Kína. Undirstaðan eragaður líkamsburður, öndun og hugsun eða einbeitni.Umsjón: Viðar H. Eiríksson. Tími: 16.10-17.00.

Einkatímar í söng - Fullt. Tími: 12.00-14.00.

Nokkrir góðir dagar í Japan....á íslandi - Viltu ferðast um Japan íhuganum? Toshiki Toma fjallar um sérkenni japansks samfélags, siðvenjurog hegðun, japanska tungu og margt fleira. Tími: 13.00-14.00.

Bingó - Veglegir vinningar í boði. Kaffi á könnunni og vöffur í boðihússins. Tími: 14.00-15.30.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífð af hlátri og gleði? Hláturjóga getur hjálpað til við að auðga lífð. Umsjón: Ásta Valdimarsdóttir,hláturjógakennari. Tími: 15.30-16.30.Borgartúni 25 Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is www.raudakrosshusid.is Opið virka daga kl. 12-17Mánudagurinn 8. júníFranska og frönsk menning - Framhald – fullt. Tími: 12.15-14.15.Föndur, skrapp myndaalbúm - Lærðu að búa til skrautleg ogskemmtileg albúm fyrir uppáhalds myndirnar þínar. Umsjón:Aðalheiður Einarsdóttir, skrapplistakona. Tími: 13.00-15.00.

Hugmyndafræði góðra húsráða - Langar þig að skilja betur þíneigin fjármál og læra að skoða þau á gagnrýnin hátt? Fjallað verðurum nokkur lykilhugtök, heildarmyndina og þann veruleika sem fólkbýr við. Umsjón: Jóhann Þór Halldórsson, MBA skrifstofustjóri áLýðheilsustöð Tími: 14.30-15.30.

Jóga - Viltu prófa jóga? Þú lærir léttar æfingar og teygjur og slakarsvo vel á í lokin. Gott er að mæta í þægilegum fatnaði og hafa létt teppimeðferðis. Umsjón: Janice Balfour, jógakennari. Tími: 15.00-16.00.

Franska og frönsk menning - Framhaldsnámskeið - fullt.Tími: 12.15-14.15.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkurka_ og hafa það notalegt. Allir velkomnir, bæði þeir sem vilja læra aðprjóna og þeir sem vilja deila reynslu sinni og hugmyndum með öðrum.Umsjón: Kolbrún Indriðadóttir. Tími: 13.00-15.00.

Að breyta lifnaðarháttum - Hvað gerist þegar fólk breytir lifnaðarháttumsínum? Fjallað verður um árangursríkar leiðir við að breytahegðunarmynstri sínu, algengar hindranir í breytingarferlinu og leiðirtil að homast hjá því að leita aftur í sama farið. Umsjón: SveinbjörnKristjánsson, verkefnisstjóri fræðslumála á Lýðheilsustöð.Tími: 14.15-15.10.Gítarnámskeið fyrir byrjendur - Láttu drauminn rætast ogdustaðu rykið af gítarnum sem er búinn að bíða eftir þér svo lengi.Sex vikna námskeið. Fimmti hluti af sex. Áframhaldandi æ_ngar og núerum við byrjuð að spila lög! - Úmbarassa. Skráning nauðsynleg.Umsjón: Ottó Tynes, gítarglamrari. Tími: 15.00-16.00.

Veisluhald í heimahúsi - Á námskeiðinu verður fjallað um nokkurgrundvallaratriði við undirbúning veislu og bent á hagkvæmar leiðir.Kynntir verða gómsætir grænmetisréttir frá Sollu sem auðvelt er að útbúaauk gómsætra kínverskra rétta. Góður tími til umræðna og spurninga.Umsjón: Vilhelm Wessman, hótelráðgjafi FCSI, Xin Shi kennari ogmatgæðingur. Tími: 12.30-14.30.

Tölvuaðstoð - Þarftu aðstoð við að læra á tölvur, vafra um netið eðasenda tölvupóst? Komdu í heimsókn og fáðu persónulega aðstoð.Tölvur á staðnum. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Lestu þér til yndisauka og spjallaðu við aðra uminnihaldið y_r ka_bolla. Spjallað verður um bókina Leiðin til lífshamingjueftir Dalai Lama.Tími: 14.00-15.00.

Englar og djöfar, leynihreyfngar og samsæriskenningar -Um þessar mundir er verið að frumsýna kvikmyndina Englar og djöflarsem byggir á samnefndri bók Dan Brown´s, höfundar Da Vinci lykilsins.Á þessu örnámskeiði verður spjallað um leynihreyfingar og samsæriskenningarbókarinnar, eins og Illuminati, New World Order, Frímúrara,töluna 666 og fleira. Góður tími gefst til spurninga.Umsjón: Sr. Þórhallur Heimisson. Tími: 14.30-16.00.

2009 - Ágúst

17. ágúst

Dagskrá rauða kross hússins 17. - 21. ágúst

Fastir dagskrárliðir Rauðakrosshússins eru að sjálfsögðu opnir öllum eins og annað í húsinu. Í hverri viku er fyrirlestur og umræður um
sálrænan stuðning, prjónahópur, Qi-Gong í hádeginu á þriðjudögum, einkatímar í söng, tölvuaðstoð á miðvikudögum sem og bókaklúbburinn þar sem
nú er verið að taka fyrir bækur eftir Einar Má Guðmundsson. Skrappið og jógað eru fastir liðir á fimmtudögum og svo er tekið hressilegt hláturjóga rétt
fyrir helgina.
Ein breyting er á föstu dagskránni, en kennsla og sýning á "Facebook" verður í hádeginu á mánudaginn í stað miðvikudags líkt og áður.

Í næstu viku munu ráðgjafar frá Lausinni fjalla um sporin 12 og mikilvægi þeirra til uppbyggingar og sjálfshjálpar. Að venju bjóða þeir einstaklingsráðgjöf að fyrirlestri loknum. Þórir Guðmundsson fræðir okkur um Genfarsamningana, innihald þeirra, þýðingu og þróun, en þann 12.ágúst voru liðin 60 ár frá undirritun samninganna. Farsímasérfræðingur frá Hátækni mun leiða gesti í notkun farsíma og hvernig ýmis atriði í símanum virka.

Á miðvikudaginn verður fyrirlestur og sýnikennsla um hvernig er hægt að gera heimilið umhverfisvænna á ódýran máta og kennt verður að útbúa
eigin hreinlætisvörur sem virka vel, eru ódýrar og umhverfisvænar. Í lok vikunnar verður svo verkleg kennsla í endurlífgun áður en búinn verður
til brjóstsykur.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins eru ávallt til staðar í Rauðakrosshúsinu og veita stuðning og ráðgjöf. Alla daga milli 15 og 16 er prestur eða djákni á staðnum.

2009 - September

29. september

Prisma- þverfaglegt nám - ath fyrir þá sem eru í atvinnuleit (okt09)

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Prisma Prisma er nýtt þverfaglegt diplómanám sem hentar þeim sem vilja skoða samtímann og skapa sér framtíð á gagnrýninn og skapandi hátt. Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skipulögðu námið í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna og til þessa hafa um það bil 90 nemendur útskrifast með diplóma í Prisma. SSF er eitt þeirra stéttarfélaga sem niðurgreitt hafa skólagjöld fyrir nemendur. Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Prisma á vorönn 2010. Fyrirhugað er að bjóða upp á 16 eininga (ECTS) nám í febrúar og mars, í samanlagt 8 vikur. Uppfærðar nánari upplýsingar um stundaskrá, kennara, aðsetur og skólagjöld verða tilkynntar kringum mánaðarmótin október/nóvember 2009 á heimasíðum www.lhi.is og www.bifrost.is. Kennt verður á höfuðborgarsvæðinu. Prisma er nýtt þverfaglegt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skipulögðu í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna. Eftirspurn eftir Prisma hefur verið mikil frá því námið hóf göngu sína 2. febrúar sl. Útskrifaðir hafa verið tveir nemendahópar til þessa með 12 og 16 eininga (ECTS) diplómagráður. Útskriftarnemar eru um það bil 90 talsins úr hinum ýmsu geirum, s.s. viðskiptum, þjónustu, myndlist, arkitektúr, leiklist, fjármálageira, stjórnunar- og menntastörfum, heilbrigðisgeira og svona mætti áfram telja. Skilyrði fyrir inngöngu er stúdentspróf eða jafngildi þess og hafa nemendur verið á aldursbilinu 19-67 ára. Prisma var sett á laggirnar sem viðbrögð Listaháskólans og Háskólans á Bifröst við því ástandi sem skapaðist hér á landi í kjölfar bankahruns. Námið hefur vakið athygli hér heima og erlendis enda er um nýsköpun í menntun að ræða. Fjöldi hugmynda og spennandi verkefna hafa sprottið upp í náminu og verið hrint í framkvæmd. Um 50 sérfræðingar víðsvegar að úr samfélaginu koma að kennslunni. Prisma námið nýtist sérstaklega þeim einstaklingum sem vilja horfa gagnrýnum og uppbyggilegum augum á samtímann, efla færni sína í að starfa á fleiri sviðum en áður og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Meginþáttur í aðferðafræði kennslu og fyrirkomulags er skapandi og gagnrýnin hugsun en burðargreinar eru listfræði og heimspeki. Mörgum tengdum fögum er fléttað saman við meginþátt námsins s.s. ímyndafræði, menningarstjórnun, frumkvöðlafræði, hönnun og tíðaranda, myndmálssögu, tónlistarsögu og –miðlun, skapandi skrifum, aðferðafræði myndlistar og leikhúss, arkitektúr og skipulagi, miðlunarfræði, mannfræði, markaðsfræði og stjórnun. Að auki er boðið upp á gestafyrirlestra einu sinni í viku þar sem sérfræðingar segja frá því sem er að gerast í stefnumótun, rannsóknum og nýsköpun í samfélaginu og utan landsteinanna.Yfir 40 sérfræðingar koma að náminu Yfir 40 sérfræðingar víðsvegar að úr samfélaginu hafa komið að kennslu í Prisma. Meðal þeirra eru Jón Ólafsson heimspekingur, Hallgrímur Helgason rithöfundur, Haukur Ingi Jónasson, guðfræðingur og sálgreinandi, Njörður Sigurjónsson, viðskiptafræðingur og heimspekingur, Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri, Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, Andri Snær Magnason rithöfundur, Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), prófessor við Listaháskólann, Sveinbjörn I. Baldvinsson, handritshöfundur, Viðar Hreinsson framkvæmdarstjóri ReykjavíkurAkademíunnar, Hjálmar Ragnarsson, rektor LHÍ og tónskáld, Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, Sigríður Ingvarsdóttir, rekstrarstjóri frumkvöðlaseturs hjá Nýsköpunarmiðstöð, Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur, Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, Dóra Ísleifsdóttir, fagstjóri í grafískri hönnun, Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auður Capital, Sigrún Birgisdóttir, arkitekt og lektor við LHÍ, Guðjón M. Guðjónsson frumkvöðull, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hönnuður ofl. Markmið með nám-

inu 1. Þverfagleg þekkingNemendur styrki þverfaglega menntun sína sem gerir þeim kleift að setja ólíkar starfsgreinar, fræðigreinar, hugmyndir og hluti í samhengi og starfa á fleiri sviðum en áður. 2. Fleiri verkfæri í verkfæratöskuna Nemendur öðlist þau verkfæri, þekkingu, reynslu og stuðning sem geta nýst þeim til að efla stöðu sína sem uppbyggilegir, skapandi og gagnrýnir þátttakendur í samfélaginu og láta framsæknar hugmyndir verða að raunverulegum verkefnum. 3. Menntun á háskólastigiAð námi loknu fá nemendur diplóma sem metið er til 16 eininga (ECTS) á háskólastigi. Nemendur sem ætla sér frekari menntun við Háskólann á Bifröst eða Listaháskóla Íslands geta fengið hluta námsins metið inn í nám á bakkálár- og meistarstigi, að gefnum ákveðnum skilyrðum. 4. UmbreytingLykilorðið í náminu er umbreyting. Nemendur fá tækifæri til að gaumgæfa þær umbreytingar sem eru að eiga sér stað í samfélaginu útfrá fjölbreyttum sjónarhornum undir leiðsögn sérfræðinga. Í slíku umhverfi verða vandamál að tækifærum, hindranir að flóðgáttum og hugmyndafræðilegt hrun að upphafi á nýjum og spennandi tímum. Skipulag námsins og fyrirkomulagKennsla fer fram á höfuðborgarsvæðinu en nákvæm staðsetning verður tilkynnt síðar. Heildarfjölda nemenda verður skipt niður í hópa sem hver hefur sinn „auðveldara" eða umsjónarkennara. Námið er á háskólastigi og ætlað fólki sem hefur að lágmarki stúdentspróf eða jafngildi þess. Nánari upplýsingar veitir:Hrund Gunnsteinsdóttir forstöðukona Prisma í síma 895 6371 eða á hrund@lhi.is. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um námið á heimasíðum skólanna: www.lhi.is og www.bifrost.is

30. september

NÝTTU KRAFTINN – árangursríkt ferli fyrir atvinnuleitendur 3ja mánaða hvatning og stuðningur við atvinnulausa, stútfull verkfærakista, tengslanet, áhugasviðspróf, mentorar úr atvinnulifinu o.fl.

Nýttu Kraftinn - Hvatning og stuðningur fyrir atvinnulausa að ósekju
SSF býður félagsmönnum að sækja námskeið/ferli á vegum NÝTTU KRAFTINN sér að kostnaðarlausu.
Sigríður Snævarr sendiherra og María Björk Óskarsdóttir viðskiptafræðingur hafa saman mótað hugmyndafræðina NÝTTU KRAFTINN sem miðar að því að hvetja atvinnulausa einstaklinga að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
Rauði þráðurinn er að ganga til hvers dags sem vinnudagur væri og gera sig þannig samkeppnishæfari í atvinnuleitinni.
Farið yfir markvissa skráningu tímans sem nemur a.m.k. 4 tímum á hverjum virkum degi, hvatt til fjölbreytilegra verkefna og útvegaðar vottanir viðurkenndar af atvinnulífinu. Boðið upp á áhugasviðspróf til að víkka hugann og skapa ný tækifæri sem og tengingu við vinnumarkaðinn en hver og einn fær Mentor úr atvinnulífinu sem hann hittir á 2ja vikna fresti í allt að 3 mánuði.
Nánari upplýsingar, tímasetning á næsta hópi og skráning er á www.nyttukraftinn.is
NÝTTU KRAFTINN ferlið:Nýttu Kraftinn ferlið spannar 3 mánuði með 5 samverufundum sem haldnir eru frá kl. 10-14 í hvert sinn. Alltaf er fundað á mismunandi og fjölsóttum stöðum og tekist á við mismunandi viðfangsefni sem öll kalla fram nýjar áherslur og hugmyndir sem geta styrkt atvinnuleitina. Mismunandi áheyrnar/stuðningsfulltrúar úr atvinnulífinu sitja flesta fundina og koma með sitt innlegg í umræðuna.Farið er af stað með 15-20 manna hópa í hvert sinn sem fylgjast þá að í ferlinu.
Upphafsfundir (1&2) - 2 dagar í röð
Kynning á hugmyndafræðinni og afhending gagna
Fyrirlestur um sorg og sorgarferli tengt atvinnumissi - prestur
"Verkfærakistan opnuð" , markviss tímaskráning o.fl.
Áhugasviðspróf, ferilskrá, tengslanetið, eftirfylgni - náms- og starfsráðgjafi
Mentorfyrirkomulagið kynnt
Fleiri stoðir undir lífið
Fundir hvers og eins með mentor komast í gang og verða reglubundið á 2 vikna fresti
Hópfundur 3 eftir 3 vikur
Farið yfir stöðuna og skipst á skoðunum
Utanaðkomandi innlegg/fyrirlestur
Æfing í atvinnuviðtölum
Hópfundur 4 eftir 6 vikur
Farið yfir stöðuna og skipst á skoðunum
Utanaðkomandi innlegg
Tengslanetið tekið fyrir
Æfing í að opna umræður og vekja athygli á sér
Hópfundur 5 í lok ferlisins – stundum 2 hópar saman
Farið yfir stöðuna og upplifun tímabilsins
Framtíðaráætlanir ræddar
Útskrift
Samskipti á milli funda eru töluverð og reglulega er upplýsingum um atvinnutækifæri, sjálfboðastörf, ráðstefnur og annað sem áhugavert gæti þótt miðlað til hvers hóps. Einnig myndast tengsl innan og á milli Nýttu Kraftinn hópanna sem er hvetjandi fyrir þátttakendur.

2009 - Október

5. október

Tveir fundir fyrir félagsmenn í atvinnuleit

Tveir fundir á vegum SSFAllir þeir félagsmenn sem fengu uppsögn í kjölfar bankahruns sl haust fengu í júní sl. tölvupóst þar sem þeir voru beðnir að svara nokkrum spurningum um líðan og aðstæður. Nú liggja niðurstöður fyrir og allir sem voru beðnir að taka þátt í þessari könnun boðaðir á fund í Setrinu á Grand Hótel við Sigtún þann
17. September kl 17.15 – 19.01.
Þar mun Helena Jónsdóttir Cand.Psych. kynna niðurstöður könnunarinnar og einnig fjalla um eftirfarandi:
Algengar afleiðingar atvinnumissis og tilfinningaleg viðbrögð.
· Helstu einkenni þunglyndis og kvíða og tengsl við atvinnuleysi.
· Nauðsyn þess að gera sér grein fyrir og skilja mögulegar afleiðingar til þess að geta byggt sig upp í kjölfar atvinnumissis.
· Leiðir til að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar atvinnumissis.
Þessi fundur sem nú er boðað til er sá fyrsti þar sem þessar niðurstöður eru kynntar. SSF lítur svo á að fyrsta skrefið í að vinna með þær upplýsingar sem þar koma fram sé að kynna þær fyrir þeim sem svöruðu könnuninni og gefa þeim kost á að spyrja nánar út í efni þeirra. Hafir þú hug á því að mæta á þennan fund ert þú beðin(n) um að skrá þig með því að senda tölvupóst á sigurdur@ssf.is(þannig að nóg verði til með kaffinu handa öllum)
Miðvikudaginn 23. september verður haldinn annar fundur fyrir þá félagsmenn sem eru í atvinnuleit. Fundurinn verður haldinn í setrinu á Grand hotel kl 17 – 19.
Fyrirlesari á þeim fundi er Andrés Jónsson almannatengill sem hefur að undanförnu haldið mörg slík námskeið fyrir fólk í sambærilegum aðstæðum.
Efni fundarins verður:
· Að virkja tengslanet þitt og annarra
· Að hugsa út fyrir kassann í atvinnuleitinni
· Að ná forskoti með því að nota netið og samfélagsmiðla
· Að koma þér og hæfileikum þínum á framfæri
· Að missa starfið og bera höfuðið hátt
· Að sækja um styrki og útvega sér aukaverkefni
Efni þessa fundar er hugsað bæði fyrir þá sem eru í atvinnuleit núna og einnig þá sem eru í starfi en hugsa sér að skipta um starf ef tækifæri gefst.

5. október

Fundarboð til þin - fundur 6. október

Efni: frá SSF - fundarboð til þín Ágæti viðtakandi Þessi póstur er sendur sem bcc á þann lista sem SSF hefur yfir félagsmenn sem eru í atvinnuleit.
Til að fylgja eftir niðurstöðum könnunar sem SSF lét framkvæma meðal félagsmanna sem sagt hefur verið upp er hér með boðað til kynningarfundar. Á fundinum munu Helena Jónsdóttir Cand Psych og Sigurbjörg Ludvigsdóttir sálfræðingur fjalla um aðferðir og leiðir til að takasjst á við atvinnumissi.
Fundarstaður og tími: Hjá SSF í Nethyl 2E þann 6. október kl 14.00 – 16.00
Ef þú eða einhver þér nákominn er í þessari stöðu er þessi fundur hugsaður til að kynna stuttlega hagnýtar aðferðir til að greina og takast á við þá líðan sem fylgir atvinnumissi. SSF hyggst fylgja eftir og vinna áfram úr niðurstöðum þessarar könnunar og er þessi fundur fyrsti áfangi í því verkefni. Framundan er að leita frekar leiða til að mæta þörfum þessa hóps.
SSF hvetur þig eindregið til að koma á fundinn og athuga nánar hvort umfjöllunarefnið hentar þér eða þínum Vinsamlega tilkynnið mætingu í tölvupósti til sigurdur@ssf.is

2009 - Nóvember

3. nóvember

Kvíðir þú fyrir að fara innan um fólk?

Námskeið við félagskvíða

Finnurðu fyrir kvíða og óöryggi innan um aðra?
Hefurðu áhyggjur af áliti annarra?
Er óöryggið að há þér í lífinu?
Tíu vikna námskeið við félagskvíða er að hefjast við Kvíðameðferðarstöðina. Kenndar eru leiðir til að draga úr kvíða í samskiptum og auka öryggi innan um aðra. Skráning fer fram á kms@kms.is eða í síma 822-0043 og lýkur 10. nóvember n.k. Nánari upplýsingar á heimasíðu Kvíðameðferðarstöðvarinnar: www.kms.is.

10. nóvember

Prisma aftur af stað - raunhæfur valkostur fyrir félagsmenn í atvinnuleit

Reykjavík 10. nóvember 2009
Fréttatilkynning frá Listaháskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst
Prisma aftur í vetur – skráning hafin!
· Prisma er nýsköpun í námi.
· Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skipulögðu námið í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna sem viðbrögð við efnahagshruninu.
· Til þessa hafa um það bil 90 nemendur útskrifast með diplóma í Prisma.Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Prisma á vorönn 2010 en umsóknarfrestur er til 3. desember.Boðið verður upp á 16 eininga (ECTS) nám í febrúar og mars, í samanlagt 8 vikur. Kennsla fer fram á Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík og skólagjöld eru áætluð á bilinu 160.000 – 195.000 krónur, en allt lesefni er innifalið í þeirri upphæð. Prisma er nýtt þverfaglegt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skipulögðu í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna. Eftirspurn eftir Prisma hefur verið mikil frá því námið hóf göngu sína 2. febrúar sl. Útskrifaðir hafa verið tveir nemendahópar til þessa með 12 og 16 eininga (ECTS) diplómagráður. Útskriftarnemar eru um það bil 90 talsins úr hinum ýmsu geirum, s.s. viðskiptum, þjónustu, myndlist, arkitektúr, leiklist, fjármálageira, stjórnunar- og menntastörfum, heilbrigðisgeira og svona mætti áfram telja. Skilyrði fyrir inngöngu er stúdentspróf eða jafngildi þess og hafa nemendur verið á aldursbilinu 19-67 ára.Dæmi um svör nemenda úr kennslukönnun í október 2009:„Prisma er mögnuð verkfærataska" „er að stofna fyrirtæki og láta draum rætast"„heimurinn hefur opnast og tækifærin eru óþrjótandi"„tjái mig skýrar og framkvæmi - finnst ég geta allt!"„hef fundið nýjar og óvenjulegar leiðir til að framkvæma og hugsa"„eftir Prisma stóð ég uppi sem sigurvegari gagnvart sjálfri mér"„allt annað sjónarhorn á heiminn og sjálfan mig"„hagnýt þekking fyrir líf og vinnu"Prisma var sett á laggirnar sem viðbrögð Listaháskólans og Háskólans á Bifröst við því ástandi sem skapaðist hér á landi í kjölfar bankahruns. Námið hefur vakið athygli hér heima og erlendis enda er um nýsköpun í menntun að ræða. Fjöldi hugmynda og spennandi verkefna hafa sprottið upp í náminu og verið hrint í framkvæmd. Prisma hefur átt í nánu samstarfi við ýmis fag- og stéttarfélög og Vinnumálastofnun. Umsækjendur geta sótt um námsstyrk til niðurgreiðslu á skólagjöldum frá stéttar- og fagfélögum og hjá Vinnumálastofnun. Vinnumálastofnun heimilar nemendum á atvinnuleysisbótum að stunda námið og halda bótum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og er þá gerður um það námssamningur. Umsækjendum um námið er bent á að snúa sér til ráðgjafa stofnunarinnar til að kanna málið. Prisma námið nýtist sérstaklega þeim einstakl-

ingum sem vilja horfa gagnrýnum og uppbyggilegum augum á samtímann, efla færni sína í að starfa á fleiri sviðum en áður og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Meginþáttur í aðferðafræði kennslu og fyrirkomulags er skapandi og gagnrýnin hugsun en burðargreinar eru listfræði og heimspeki. Mörgum tengdum fögum er fléttað saman við meginþátt námsins s.s. ímyndafræði, menningarstjórnun, frumkvöðlafræði, hönnun og tíðaranda, myndmálssögu, tónlistarsögu og –miðlun, skapandi skrifum, aðferðafræði myndlistar og leikhúss, arkitektúr og skipulagi, miðlunarfræði, mannfræði, markaðsfræði og stjórnun. Að auki er boðið upp á gestafyrirlestra einu sinni í viku þar sem sérfræðingar segja frá því sem er að gerast í stefnumótun, rannsóknum og nýsköpun í samfélaginu og utan landsteinanna.Yfir 40 sérfræðingar koma að náminu Yfir 40 sérfræðingar víðsvegar að úr samfélaginu hafa komið að kennslu í Prisma. Meðal þeirra eru Jón Ólafsson heimspekingur, Hallgrímur Helgason rithöfundur, Haukur Ingi Jónasson, guðfræðingur og sálgreinandi, Njörður Sigurjónsson, viðskiptafræðingur og heimspekingur, Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri, Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, Andri Snær Magnason rithöfundur, Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), prófessor við Listaháskólann, Sveinbjörn I. Baldvinsson, handritshöfundur, Viðar Hreinsson framkvæmdarstjóri ReykjavíkurAkademíunnar, Hjálmar Ragnarsson, rektor LHÍ og tónskáld, Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, Sigríður Ingvarsdóttir, rekstrarstjóri frumkvöðlaseturs hjá Nýsköpunarmiðstöð, Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur, Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, Dóra Ísleifsdóttir, fagstjóri í grafískri hönnun, Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auður Capital, Sigrún Birgisdóttir, arkitekt og lektor við LHÍ, Guðjón M. Guðjónsson frumkvöðull, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hönnuður ofl.
Skipulag námsins og fyrirkomulagNámið er á háskólastigi og ætlað fólki sem hefur að lágmarki stúdentspróf eða jafngildi þess. Að gefnum ákveðnum skilyrðum geta nemendur fengið Prisma metið til 12 eininga (ECTS) í bakkálárnám á Háskólanum á Bifröst og til 6 eininga (ECTS) í meistaranám á Bifröst og Kennslufræðum í Listaháskóla Íslands, að gefnum ákveðnum skilyrðum.Nánari upplýsingar veitir:Hrund Gunnsteinsdóttir forstöðukona Prisma í síma 895 6371 eða á hrund@lhi.is. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um námið á heimasíðum skólanna: www.lhi.is og www.bifrost.is

11. nóvember

Skapaðu þína eigin framtíð námsbrautir - kynningarfundur

Skapaðu þína eigin framtíð - Sex námsbrautir á vormisseri 2010
Kynningarfundur miðvikudaginn 18. nóvember að Dunhaga 7.
Allar brautir klukkan 17 nema Fjölmenningarfræði klukkan 16:15
Umsóknarfrestur er til
1. desember 2009 Fjölmenningarfræði - málefni innflytjenda (á meistarastigi)Tveggja missera diplómanám á framhaldsstigi sem er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi. Lán fyrir skólagjöldum er veitt hjá LÍN.
Námið mun gagnast einstaklingum sem vinna með innflytjendum í sínum daglegu störfum víða í samfélaginu, sem og þeim sem hafa áhuga á málefninu og/eða vilja búa sig undir störf á nýjum vettvangi. 45 eininga (ECTS) nám sem er metið til eininga í meistaranám í lýðheilsuvísindum innan heilbriðgisvíndasviðs HÍ.
Nánari lýsing og skráning Gæðastjórnun Tveggja missera nám skipulagt í samstarfi við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands.
Námið hentar þeim sem bera ábyrgð á gæðamálum fyrirtækja og stofnana eða hyggjast hasla sér völl á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með háskólagráðu í viðskiptafræði, verkfræði, tæknifræði og skyldum fögum, en er annars opið umsækjendum með annan bakgrunn. 24 einninga (ECTS) nám.
Nánari lýsing og skráning
Verkefnastjórnun - LeiðtogaþjálfunTveggja missera nám skipulagt í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf.
Námið er fyrir áhugasamt og dugmikið fólk sem hefur vilja til verka og ánægju af að efla færni sína í starfi og leik og um leið kynnast nýjum hugmyndum og nýju fólki. Lögð er áhersla á að kenna verkefnastjórnun og þroska leiðtogahæfni nemenda með því að nota raunhæf verkefni. 24 einninga (ECTS) nám og nemendur undirgangast alþjóðlega D- vottun og fá að henni lokinni alþjóðlegan titil: "Certifed Project Management Associate".
Nánari lýsing og skráningRekstrar- og viðskiptanámTveggja missera nám sem er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi.
Námið hentar þeim sem vilja öðlast þekkingu í rekstrar- og viðskiptafræðum. Námið er enn fremur fyrir þá sem þegar hafa háskólagráðu, BA eða BS, en hyggja á MS-nám í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. 48 einninga (ECTS) nám sem er metið inn í viðskiptafræðideild HÍ.
Nánari lýsing og skráning

Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2010
MatsfræðiNámsbraut skipulögð í samstarfi við Matsmannafélag Íslands. Bakhjarlar eru verkfræði og náttúruvísindasvið, lagadeild og viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
Námið er ætlað verk- og tæknifræðingum, lögfræðingum, viðskiptafræðingum, byggingafræðingum, iðnfræðingum, löggiltum fasteignasölum og arkitektum. Auk þess er námið ætlað þeim sem hafa umfangsmikla reynslu af mannvirkjagerð og fasteignamarkaði og vilja afla sér frekari menntunar á þessu sviði. Námsbrautinni er skipt upp í þrjá meginlínur: Grunnnám (24 ECTS einingar) sem er undanfari hinna tveggja, Markaðsmat (50 ECTS einingar) og Kostnaðarmat (50 ECTS einingar).
Nánari lýsing og skráning Framkvæmdarferli mannvirkjagerðar - fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjörTveggja missera nám á vegum EHÍ. Bakhjarlar námsbrautarinnar eru verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ og lagadeild HÍ.
Námið er ætlað öllum þeim sem starfa við ráðgjöf og bera ábyrgð á ráðgjafasamningum, ráðningu hönnuða, útboðum, gerð útboðsgagna, samningum við verktaka, fjármögnum verkefna og áhættugreiningu innan fyrirtækja og stofnanna. Námið hentar tæknifræðingum, verkfræðingum, arkitektum, landslagshönnuðum og lögfræðingum ásamt öðrum ráðgjöfum í skyldum fögum sem og verktökum, verkkaupum sem hyggjast tileinka sér þetta sérsvið. 24 einninga (ECTS) nám.
Nánari lýsing og skráning
Umsagnir frá fyrrum nemendum Endurmenntunar má lesa hérHjá Endurmenntun starfar námsráðgjafi sem veitir aðstoð við námsval.

13. nóvember

námskeið vinnusálfræði hefst 17. nov

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað Ætlað öllum þeim sem í starfi sínu þurfa að takast á við samskipti og samskiptavanda. Á flestum vinnustöðum eru samskipti vandasöm og flókin. Á námskeiðinu er kennt samskiptalíkan til að auka samstarfshæfni þátttakenda og þjálfa viðbrögð sem leysa ágreining og auka vinnugleði. Farið er yfir aðferðir til að byggja upp sjálfsstyrk og auka á hæfni til að ráða við flókin samskipti. Samskiptalíkan er notað til að þátttakandi geti betur áttað sig á því hvaða viðbrögð hann þarf að styrkja í eigin persónuleika til að valda hlutverki sínu sem best og hvaða viðbrögð hann þarf að minnka til að komast hjá ágreiningi, óánægju og deilum. Gert er ráð fyrir að þátttakendur geti notað samskiptalíkan og aðferðir jafnt í starfi sem einkalífi. Námskeiðið er haldið dagana þri. 17., fim. 19. og þri. 24. nóv. kl. 9:00-12:00 og kostar 42.100.-

18. nóvember

HUGMYNDASMIÐJA KLAKS

HVERNIG GETUR ÞÚ BÚIÐ TIL VERÐMÆTI?
..... ÚR ÞVÍ SEM ÞÚ KANNT NÚ ÞEGAR!
Góð viðskiptahugmynd þarf ekki að vera flókin til þess að vera líkleg til árangurs.
Í Hugmyndasmiðju Klaks býrðu til þína eigin viðskiptahugmynd út frá ákveðnum
forsendum og forskrift. Þetta er fyrsta skrefið í að þú skapir þína eigin framtíð.
Í tilefni af Alþjóðlegu athafnavikunni er einstaklingum, hópum og fyrirtækjum boðið að
taka þátt í Hugmyndasmiðjunni þeim að kostnaðarlausu (takmarkaður sætafjöldi).
Í lok dags ættu allir þátttakendur að vera komnir með spennandi viðskiptahugmynd til
þess að vinna með.
Sérstök áhersla verður lögð á að skapa samfélagsábyrgar viðskiptahugmyndir.
STAÐUR: Klak – Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins,
Háskólinn í Reykjavík, Kringlunni 1 (gamla Morgunblaðshúsinu), stofu K-3.
STUND: Föstudaginn 20. nóvember klukkan 10:00 – 16:00.
SKRÁNING: Með tölvupósti á klak@klak.is
Vinsamlegast takið fram nafn og símanúmer.

20. nóvember

Dagskrá Rauðakrosshússins

Ókeypis námskeið og ráðgjöf Rauðakrosshúsið
Er menntasmiðja eitthvað fyrir þig? - Kynning á menntasmiðju semum stofnun menntasmiðju að akureyskri fyrirmynd á höfuðborgarsvæðinuog síðan fá þátttakendur innsýn í hvenig unnið er í menntasmiðju. Umjón:Félag um menntasmiðju.
Tími: 12:00-15:00
Markþjálfun fyrir atvinnuleitendur - Vilt þú setja þér há markmið ogmiða að því að ná þeim hratt og örugglega? Einkatímar. Skráning nauðsyn
Tími: 12:00-14:00
Facebook fyrir byrjendur - Langar þig að skilja hvað allir eru að talaum? Kynnstu samskiptavefnum og fáðu aðstoð við að opna eigin síðu. Umsjón: Sveinbjörn Fjölnir Pétursson.
Tími: 12:00-14:00
Prjónahópur - Við prjónum, heklum og höfum það notalegt saman. Lærðu og deildu kunnáttu og hugmyndum með öðrum.
Tími: 13:00 – 15:00
Origami. Japanskt handverk á blaðsneið - Origami er hefðbundinmenning í Japan og eins konar tákn japanskrar menningar. Origami skaparlistaheim úr blaðabútum. Sýnt verður hvernig Origami er búið til og gestumleiðbeint að njóta þessa framandi listaverks. Umsjón: Sayu Yamamoto.Kennt á ensku.
Tími: 15:00-17:00
Skákklúbbur -er bæði fyrir byrjendur og lengra komna.
Tími: 15:30 – 17:00
Lærðu að halda ódýrari hátíðarveislu -Kennarar frá Hótel- og matvælaskóla Menntaskólans í Kópavogiverða með alhliða sýningu og kennslu um veisluhald sem ekki tæmirbudduna. Skemmtilegar og hagkvæmar hugmyndir um veisluhald-réttum og drykkjum framreiddum af þeim bestu.
Tími: 13:30-17:00
Gönguhópur - Göngum saman frá Rauðakrosshúsinu.
Tími: 13:00 - 14:00
Skiptifatamarkaður - Úti- og spariföt barna
Tími: 13:30 - 17:00
Baujan sjálfstyrking -sjálfshjálpar. Aðeins örfáir komast að í einu. Fullt! Umsjón: Þóra Hinriksdóttir,félagsliði.
Tími: 15:00 - 16:30
Markþjálfun fyrir atvinnuleitendur - Einkatímar. Skráning nauðsyn
Tími: 12:00-14:00
Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlegalíðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Bent verður á hvað ermikilvægt fyrir fólk að gera í þessu sambandi. Umræður í lokin. Umsjón: Elín Jónasdóttir, sálfræðingur.
Tími: 12:00-13:30
Áhugasviðsgreining – Taktu áhugasviðskönnun og fáðu faglegaeinkaráðgjöf um framhaldið. Skráning nauðsynleg. Umsjón: Elín Júlíana
Tími: 13:00-15:00
Skokkhópur – Viltu bæta þolið? Gengið og skokkað til skiptis, farið í heita
Tími: 13:00-16:00
Tölvuaðstoð - Þarftu aðstoð við að læra á tölvu?
Tími: 13:30 - 15:30
Bókaklúbbur - Lestu þér til yndisauka og ræddu um innihaldið við aðra.
Tími:14:00 -15:00
Að takast á við frestunaráráttu - Ætlar þú að gera þetta seinna? Frestafrestunar ásamt áhrifaríkum leiðum til að sigrast á frestunaráráttu. Umsjón: Ingrid Kuhlman, Þekkingarmiðlun.
Tími: 14:00 - 15:00
Hefur þú reynt að hætta að reykja en gengið illa? Hversstoð við að undirbúa áramótaheitið, ekki er ráð nema í tíma tekið. Umsjón: Ingibjörg K. Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur.
Tími: 15:30-16:30
Markúsarguðspjall - Hefur þú alltaf ætlað að lesa Biblíuna en aldrei látiðverða af því? Hvaða fréttir færir Markúsarguðspjall? Við lesum og ræðumupphaf Markúsarguðspjalls. Umsjón: Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni.
Tími: 15:30-16:30
Uppeldi sem virkar - Fastar venjur og reglur - Börn þurfa öryggi ogramma utan um daglegt líf sem gerður er með föstum venjum. Reglur eigalestrum. Umsjón: Lone Jensen, uppeldisfræðingur.
Tími: 12:30 - 13:30
Hvað felst í því að vera Íslendingur - Opnar umræður - Viltu tjá þig?
Tími: 14:00 - 15:00
Föndur, skrapp myndaalbúm og jólakort - Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm fyrir uppáhalds myndirnar þínar eða byrjaðu á jólakortunum. Gott er að hafa skæri meðferðis. Umsjón: Aðalheiður Einarsdóttir, skrapplistakona.
Tími: 12:00 - 14:00
Saumasmiðjan -götótt bætt og alveg nýtt verður til. Komdu með saumavél ef þú getur. Umsjón: Ósk Óskarsdóttir, kjóla- og klæðskeri og Halldóra Guðmundsdóttir, hagsýn húsmóðir.
Tími: 13:00 - 15:00
Jóga -á í lokin. Gott er að mæta í þægilegum fatnaði og hafa létt teppi meðferðis. Umsjón: Janice Balfour, jógakennari.
Tími: 15:00 - 16:00
Endurlífgun - Stutt verklegt námskeið sem getur gert þér kleift að bjargastuðtækja, losun aðskotahlutar og grundvallareglur skyndihjálpar. Umsjón: Gunnhildur Sveinsdóttir leiðbeinandi í skyndihjálp.
Tími: 12:30 - 14:00
Gönguhópur - Göngum saman frá Rauðakrosshúsinu.
Tími: 12:30 - 13:30
Íslenskuspilið - Viltu læra meira í íslensku? Glænýtt spil sem nota má meðgóðum árangri í íslenskunámi útlendinga. Komdu og spilaðu með og bættu íslenskukunnáttu þína í leiðinni. Umsjón: Gentiana Collaku, verkefnastjóri Rauða kross Íslands.
Tími: 13:00 - 15:00
Bingó -
Tími: 14:00 - 15:00
Hláturjóga - hláturjógakennari.
Tími: 15:30 -16:30

2011

2011 - Apríl

5. apríl

Niðurstöður úr könnun meðal félagsmanna sem eru á skrá hjá VMST vor 2011

Settar hafa verið á vef SSF niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal þeirra félagsmanna SSF sem voru á skrá hjá VMST um miðjan febrúar 2011. Tilgangur með þessari könnun var að greina aðstæður þessa hóps og þar með hvort og með hvaða hætti félagið gæti stutt frekar við hann.

5. apríl

Markþjálfun í boði SSF, fyrir félagsmenn sem eru á skrá hjá VMST 5. apríl 2011

Allir sem þetta tilboð nær til fá sendan tölvupóst með beiðni um viðbrögð fyrir 8. apríl frá þeim sem hyggjast nýta sér tilboðið.

Markþjálfun fyrir félagsmenn SSF Þau hlutverk sem við tökum að okkur í gegnum lífið vega oft þungt í að móta sjálfsmynd okkar. Atvinnumissir getur haft áhrif á sjálfstraust okkar því fyrr en varir erum við komin út fyrir þægindahringinn og þurfum að endurmeta stöðuna og huga að nýjum starfstækifærum. Hugarfar okkar getur því skipt máli þegar við hugum að nýju starfi og hvernig við drögum fram styrkleika okkar og miðlum reynslu okkar og þekkingu. Markþjálfun er áhrifarík leið til að vinna með sjálfan sig og skipuleggja aðgerðir. Markþjálfun er samtalsaðferð sem miðar að því að skýra og skerpa það sem býr innra með viðkomandi með það að markmiði að gera framtíðarsýn, markmið og óskir þeirra að veruleika. Í boði er markþjálfun fyrir félagsmenn SSF sem misst hafa vinnuna og vilja þiggja stuðning og hvatningu við nýjar áskoranir.
Hvaða áskorunum stendur þú frammi fyrir?
Hvar sérðu þig?
Hverjir eru styrkleikar þínir?
Hvar liggur reynsla þín og þekking?
Hvernig er ferilskráin að endurspegla markmið þín?
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir er markþjálfi með MSc í mannauðsstjórnun frá HÍ og BA í uppeldis- og menntunarfræðum, með félagsráðgjöf sem aukagrein frá HÍ. Sigrún Edda býr yfir góðri reynslu sem ráðgjafi á sviði ráðninga auk fyrri reynslu sem trúnaðarmaður SSF. Nánari upplýsingar um markþjálfun má finna á vefsíðu Félags markþjálfa www.markthjalfun.is

6. apríl

Nýr hópur Nýttu kraftinn 13. apríl 2011 - í boði SSF

Ágæti viðtakandi
Þessi póstur er sendur sem bcc á þá félagsmenn SSF sem eru á skrá hjá VMST.
SSF greiðir kostnað beint til námskeiðshaldara vegna félagsmanna sem taka þátt í verkefninu.
Endilega athuga hvort þetta hentar þér :)
Með kveðju frá SSF,
Sigurður Albert
Atvinnuleitendur athugið! Miðvikudaginn 13. apríl byrjar nýr hópur í NÝTTU KRAFTINN sem hefur reynst atvinnuleitendum mjög árangursríkt fram til þessa - yfir 450 þátttakendur hafa farið í gegnum ferlið nú þegar og er endurráðningarhlutfall um 75% í hverjum hópi. Nokkur sæti laus í næsta hóp og því um að gera að skrá sig strax á www.nyttukraftinn.is Mjög mörg stéttarfélög, VMST, Félagsþjónustur og VIRK starfsendurhæfing greiða þátttökugjaldið fyrir þátttakendur sem eiga til þess tilskilin réttindi. Í Nýttu Kraftinn leitast stjórnendurnir Sigríður Snævarr og María Björk Óskarsdóttir markvisst að því að gera þátttakendur samkeppnishæfari í atvinnuleitinni með ýmsum ráðum, tækifærum og hvatningu. Unnið er með verkfærakistu fulla af hugmyndum sem fólk áttar sig kannski ekki alltaf á eitt í sínu horni auk þess sem mikill kraftur myndast í hverjum hópi en jákvæðni og gleði einkennir Nýttu Kraftinn. Hver hópur hittist á 5 fundum með stjórnendum á þeim 3 mánuðum sem Nýttu Kraftinn ferlið varir en þess á milli eru mikil samskipti. Hver og einn tekst á við ýmiss verkefni á sínum forsendum auk þess sem hóparnir hittast á sérstökum á millifundum. Tengslanet, tímaskráning, ferilskrá, styrkleikaæfingar, áhugasviðspróf, atvinnuviðtalsæfingar, tengingar við atvinnulífið, opnun umræðu, vellíðan o.fl. o.fl. er meðal þess sem tekist er á við. Margir þátttakendur hafa líst Nýttu Kraftinn sem "sparkið í rassinn" sem þá vantaði til að koma sér aftur út á vinnumarkaðinn. Allar nánari upplýsingar og skráning á www.nyttukraftinn.is. Tölvupóstur með fyrirkomulagi 2ja fyrstu fundardaganna (miðvikudagur 13/4 og fimmtudagur 14/4 frá kl. 10-15) verður sendur út í framhaldi af skráningu. Bestu kveðjur,
María Björk & Sigríður Snævarr
NÝTTU KRAFTINN hvatning og stuðningur við atvinnuleitendur.

∞